



# AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA

ALMENNUR HLUTI 2011

GREINASVIÐ 2013

Mennta- og menningarmálaráðuneyti



Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti 2011 – greinasvið 2013  
Mars 2013

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Sölvhólgötu 4  
150 Reykjavík  
Sími: 545 9500  
Bréfasími: 562 3068  
Netfang: [postur@mrn.is](mailto:postur@mrn.is)  
Veffang: [menntamálaráðuneyti.is](http://menntamálaráðuneyti.is)

Umbrot og textavinnsla: Plánetan / Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Kápuhönnun: Plánetan  
Prentun: Svansprent

© 2013 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

ISBN 978-9935-436-12-2



# AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA

ALMENNUR HLUTI 2011

GREINASVIÐ 2013

Mennta- og menningarmálaráðuneyti



Nr. 760/2011

1. júlí 2011

AUGLÝSING

**um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla.**

1. gr.

Með vísan til 24. og 25. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, með áorðnum breytingum, staðfestir mennta- og menningarmálaráðherra hér með að ný aðalnámskrá grunnskóla, sem birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, tekur gildi frá og með 1. ágúst 2011. Aðalnámskráin kemur til framkvæmda í skólum frá og með skólaárinu 2011-2012 eftir því sem við verður komið og skal að fullu vera komin til framkvæmda eigi síðar en að þremur árum liðnum frá gildistöku. Jafnframt fellur aðalnámskrá grunnskóla frá 20. desember 2006 úr gildi.

2. gr.

Aðalnámskrá grunnskóla lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um alla nemendur, kennara og stjórnendur skólans og annað starfsfólk. Hún er jafnframt viðmiðun við samræmt námsmat í grunnskólum, mat á skólum og skólastarfi, leiðarljós fyrir þá sem fást við námsefnisgerð og kennaramenntun, grundvöllur skólanámskrárgerðar og sjálfsmats skóla og stefnumörkunar sveitarfélaga. Aðalnámskrá er einnig upplýsing og viðmiðun fyrir foreldra svo að þeir geti fylgst með starfsháttum skólans, árangri skólastarfs, velferð og líðan nemenda. Aðalnámskrá veitir einnig nemendum margháttaðar upplýsingar um skólastarf.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 1. júlí 2011.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Ásta Magnúsdóttir.*

**Fylgiskjal.**

(sjá PDF-skjal)

**B deild - Útgáfud.: 27. júlí 2011**

**B deild - Útgáfud.: 24. september 2015**

Nr. 364/2013

15. apríl 2013

## AUGLÝSING

**um gildistöku greinasviða aðalnámskrár grunnskóla.**

## 1. gr.

Með vísan til 24. og 25. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, með áorðnum breytingum, staðfestir mennta- og menningarmálaráðherra hér með greinasvið aðalnámskrár grunnskóla, sem birt er á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytis. Aðalnámskrá grunnskóla hefur verið birt með auglýsingu nr. 760/2011.

## 2. gr.

Greinasvið grunnskólans skiptist í níu kafla. Fyrst er sérstakur kafli um lykilhæfni þvert á öll greinasvið og síðan eru átta kaflar um greinasvið fyrir námssvið og einstakar námsgreinar grunnskóla, í samræmi við ákvæði laga um grunnskóla. Jöfnum höndum er lögð áhersla á almenna lykilhæfni og sértæka hæfni fyrir viðkomandi grein eða svið. Í köflunum er fjallað um menntagildi og megintilgang, hæfniviðmið, kennsluhætti og námsmat. Birt eru hæfniviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar og matsviðmið við lok 10. bekkjar í flestum greinasviðum. Á grundvelli hæfniviðmiða velja kennarar og nemendur kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla. Greinasviðin bera þessi heiti:

Inngangskafli  
Lykilhæfni  
Íslenska  
Erlend tungumál  
List- og verkgreinar  
Náttúrugreinar  
Skólaíþróttir  
Samfélagsgreinar  
Stærðfræði  
Upplýsinga- og tæknimennt.

## 3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 15. apríl 2013.*

**Katrín Jakobsdóttir.**

*Ásta Magnúsdóttir.*

**B deild - Útgáfud.: 24. apríl 2013**



Nr. 838/2015

9. september 2015

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalnámskrá grunnskóla og greinasviðum með aðalnámskrá grunnskóla.**

1. gr.

Með vísan til 24. og 25. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, með áorðnum breytingum, staðfestir mennta- og menningarmálaráðherra hér með eftirfarandi breytingar á aðalnámskrá grunnskóla og greinasviða með aðalnámskrá grunnskóla:

- a. Í stað kafla 9.4. *Viðmið um námsmat í grunnskóla* og kafla 9.5. *Tengsl við hæfniprep í framhaldsskóla* í aðalnámskrá grunnskóla, sbr. auglýsingu nr. 760/2011, koma nýir kaflar með sama heiti, sem birtir eru sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
- b. Í stað kafla 18.4. *Matsviðmið í lykilhæfni við lok grunnskóla* í greinasviðum aðalnámskrár grunnskóla, sbr. auglýsingu nr. 364/2013, kemur nýr kafli með sama heiti, sem birtur er á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytis.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 9. september 2015.*

**Illugi Gunnarsson.**

*Ásta Magnúsdóttir.*

**Fylgiskjal.**  
(sjá PDF-skjal)

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalnámskrá grunnskóla og greinasviðum með aðalnámskrá grunnskóla.

#### 1. gr.

Með vísan til 24. og 25. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, með áorðnum breytingum, staðfestir mennta- og menningarmálaráðherra hér með eftirfarandi breytingu á aðalnámskrá grunnskóla og greinasviða með aðalnámskrá grunnskóla:

Í stað kafla 9.10 *Brautskráning úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið* í aðalnámskrá grunnskóla, sbr. auglýsingu nr. 760/2011, kemur nýr kafli með sama heiti, sem birtur er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 28. október 2016.*

**Illugi Gunnarsson.**

*Ásta Magnúsdóttir.*

### Fylgiskjal.

#### **9.10 Brautskráning úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið.**

Ef niðurstöður samræmdra könnunarprófa sýna að nemandi í 9. bekk hefur sýnt framúrskarandi (A) eða góða hæfni (B) samkvæmt hæfnikröfum 10. bekkjar og náð framúrskarandi árangri í öðrum greinum geta foreldrar óskað eftir því við skólustjóra grunnskóla að barn þeirra sé útskrifað úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið.

Skólustjóri skal ráðfæra sig við umsjónarkennara nemandans og sérfræðipjónustu sveitarfélagsins áður en hann tekur ákvörðun í málinu. Skólustjóri metur hvenær nemandi hafi lokið grunnskólanámi og ber ábyrgð á útskrift hans úr grunnskóla. Nemandi ber að ljúka öllu skyldunámi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla með framúrskarandi árangri áður en hann útskrifast þaðan, samanber eftirfarandi viðmið:

- Nemandi uppfylli viðmið með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár með framúrskarandi árangri.
- Nemandi hafi fengið náms- og starfsráðgjöf.
- Skólustjóri telji útskrift ráðlega.
- Nemandi hefur félagsþroska til að takast á við félagslegt umhverfi framhaldsskóla.

Nemendur sem ekki hafa lokið grunnskólanámi geta þó hafið nám í framhaldsskóla samhliða í samráði við foreldra, viðkomandi framhaldsskóla og viðkomandi sveitarfélag, þar sem ljóst sé hvernig námið er formlega metið. Samkvæmt grunnskólalögum er gert ráð fyrir að nánar sé samið um framkvæmd og fyrirkomulag milli hlutaðeigandi grunn- og framhaldsskóla.

Ákveði skólustjóri að synja foreldrum um útskrift úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið geta foreldrar kært þá synjun grunnskóla til mennta- og menningarmálaráðuneytis sem úrskurðar í málinu.

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalnámskrá grunnskóla.

1. gr.

Með vísan til 24. og 25. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, með áorðnum breytingum, staðfestir mennta- og menningarmálaráðherra hér með eftirfarandi breytingar á aðalnámskrá grunnskóla:

Leiðbeinandi regla um undanþágu frá skólaíþróttum á grunnskólastigi í kafla 16.8 *Undanþága frá skyldunámi* að „skólastjóri veiti nemendum í 1.-7. bekk grunnskóla ekki undanþágu frá skólaíþróttum vegna íþróttapjálfunar hjá íþróttafélagi“ er felld brott.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 9. apríl 2019.*

**Lilja D. Alfreðsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ásta Magnúsdóttir.*



## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalnámskrá grunnskóla.

1. gr.

Með vísan til 24. og 25. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, með áorðnum breytingum, staðfestir mennta- og menningarmálaráðherra hér með eftirfarandi breytingar á aðalnámskrá grunnskóla:

Nýjum kafla með leiðbeinandi matsviðmiðum fyrir 4. og 7. bekk, sem birtur er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, er bætt við með númerið 27 og heitið *Leiðbeinandi matsviðmið fyrir 4. og 7. bekk*.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 3. júlí 2019.*

**Lilja D. Alfreðsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Karitas H. Gunnarsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 29. júlí 2019

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalnámskrá grunnskóla.

#### 1. gr.

Með vísan til 24. og 25. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, með áorðnum breytingum, staðfestir mennta- og menningarmálaráðherra hér með breytingar á aðalnámskrá grunnskóla sem miða að því að tryggja börnum með annað tungumál en íslensku og öðrum fjöltungdum börnum betri menntun sem undirbýr þau undir önnur skólastig og virka þátttöku í samfélaginu.

Breytingar voru gerðar á undirkafla 19.3 ásamt því að viðbótarköflum var bætt við 7. kafla um nám og kennslu, eða kafla 7.12, 7.13 og 7.14 um menningarfærni, móttöku og fjöltyngi, sem birtar eru sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 30. september 2021.*

**Lilja D. Alfreðsdóttir.**

---

*Páll Magnússon.*



## EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	7
1 HLUTVERK AÐALNÁMSKRÁR	11
1.1 Sameiginlegur hluti aðalnámskrár	12
1.2 Hlutverk skóla	12
1.3 Fagmennska kennara	13
2 ALMENN MENNTUN	15
2.1 Grunnþættir menntunar	16
2.1.1 Læsi	18
2.1.2 Sjálfbærni	19
2.1.3 Lýðræði og mannréttindi	21
2.1.4 Jafnrétti	21
2.1.5 Heilbrigði og velferð	23
2.1.6 Sköpun	24
2.2 Hæfni	24
2.3 Námsþæfni	25
3 MAT OG EFTIRLIT	27
3.1 Námsmat	27
3.2 Mat á skólastarfi	28
3.2.1 Innra mat	29
3.2.2 Ytra mat	30
4 HLUTVERK GRUNNSKÓLA	31
5 ALMENN MENNTUN Í GRUNNSKÓLA	34
6 GRUNNÞÆTTIR Í MENNTUN OG ÁHERSLUÞÆTTIR Í GRUNNSKÓLALÖGUM	36
6.1 Þekking, leikni og hæfni	39
7 NÁM OG KENNSLA	42
7.1 Námið við hvern og einn	42
7.2 Jöfn tækifæri til náms	43
7.3 Námið í skóla án aðgreiningar	43
7.4 Nemendur njóti barnsku sinnar	44
7.5 Hlutverk kennara	44
7.6 Skólabragur	45
7.7 Samstarf heimila og skóla	45
7.8 Forvarnir	45
7.9 Tengsl skóla og nærsamfélags	46
7.10 Sérfræðiþjónusta í grunnskólum	46
7.11 Náms- og starfsráðgjöf	47
8 INNTAK OG SKIPULAG NÁMS	48
8.1 Kennsla	48
8.2 Námsgögn	49
8.3 Val og valgreinar	50
8.4 Námsgreinar og námssvið	50
8.5 Viðmiðunarstundaskrá	51
9 NÁMSMAT Í GRUNNSKÓLA	54
9.1 Markmið með námsmati í grunnskóla	54
9.2 Námsmat í skólanámskrá og starfsáætlun skóla	54
9.3 Fjölbreyttar matsaðferðir	55
9.4 Viðmið um námsmat í grunnskóla	55
9.5 Tengsl við hæfniþrep í framhaldsskóla	56

9.6	Námsmat þarf að fara fram jafnt og þétt á námstímanum . . . . .	57
9.7	Fjölbreytni í námsmati . . . . .	57
9.8	Samræmt námsmat í grunnskólum . . . . .	57
9.9	Stöðluð próf og skimunarpróf í grunnskóla . . . . .	58
9.10	Brautskráning úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið. . . . .	58
10	MAT Á GRUNNSKÓLASTARFI . . . . .	60
10.1	Innra mat í grunnskóla . . . . .	60
10.2	Ytra mat í grunnskóla . . . . .	61
11	SKÓLAÞRÓUN . . . . .	63
11.1	Skólastefna sveitarfélaga . . . . .	63
11.2	Stefna einstakra skóla . . . . .	64
12	SKÓLANÁMSKRÁ OG STARFSÁÆTLUN SKÓLA . . . . .	65
12.1	Skólanámskrá . . . . .	65
13	ÁBYRGÐ OG SKYLDUR NEMENDA, STARFSFÓLKS OG FORELDRA . . . . .	68
13.1	Ábyrgð nemenda og skyldur . . . . .	68
	13.1.1 Ábyrgð nemenda á eigin námi . . . . .	68
	13.1.2 Ábyrgð nemenda á framkomu og samskiptum . . . . .	69
	13.1.3 Tjáningarfrelsi. . . . .	69
13.2	Ábyrgð og skyldur starfsfólks . . . . .	70
	13.2.1 Fagmennska og alúð . . . . .	70
	13.2.2 Jákvæður skólabragur . . . . .	70
	13.2.3 Þagmælska. . . . .	70
13.3	Ábyrgð og skyldur foreldra. . . . .	70
14	TENGL HEIMILA OG SKÓLA . . . . .	71
14.1	Upplýsingamiðlun . . . . .	72
14.2	Foreldrafélög . . . . .	72
14.3	Skólaráð . . . . .	73
15	TENGL SKÓLASTIGA. . . . .	74
15.1	Tengsl leik- og grunnskóla . . . . .	74
	15.1.1 Upplýsingar á milli skólastiga . . . . .	75
	15.1.2 Samstarf. . . . .	75
15.2	Tengsl grunn- og framhaldsskóla . . . . .	75
16	UNDANÞÁGUR FRÁ AÐALNÁMSKRÁ . . . . .	77
16.1	Undanþága frá skólasókn. . . . .	77
16.2	Viðurkenning náms utan grunnskóla . . . . .	78
16.3	Samræmd könnunarpróf . . . . .	78
16.4	Þróunarskólar. . . . .	78
16.5	Heimakennsla . . . . .	79
16.6	Sjúkrakennsla. . . . .	79
16.7	Fjar- og dreifnám . . . . .	79
16.8	Undanþága frá skyldunámi . . . . .	80
17	GREINASVIÐ . . . . .	84
18	LYKILHÆFNI . . . . .	86
18.1	Menntagildi og megintilgangur lykilhæfni . . . . .	86
18.2	Hæfniviðmið fyrir lykilhæfni . . . . .	87
18.3	Kennsluhættir og námsmat í lykilhæfni . . . . .	91
18.4	Matsviðmið í lykilhæfni við lok grunnskóla . . . . .	91
19	ÍSLENSKA . . . . .	96
19.1	Menntagildi og megintilgangur íslensku . . . . .	97



19.1.1	Talað mál, hlustun og áhorf . . . . .	98
19.1.2	Lestur og bókmenntir . . . . .	98
19.1.3	Ritun . . . . .	99
19.1.4	Málfræði . . . . .	100
19.2	Hæfniviðmið fyrir íslensku . . . . .	100
19.3	ÍSLENSKA SEM ANNAÐ TUNGUMÁL . . . . .	106
19.4	Hæfniviðmið fyrir íslensku sem annað tungumál . . . . .	107
19.5	ÍSLENSKT TÁKNMÁL OG ÍSLENSKA . . . . .	109
19.5.1	Talað táknmál og tjáning með og án táknmálstúlks . . . . .	109
19.5.2	Lestur og bókmenntir . . . . .	110
19.5.3	Skráning táknmálstexta og ritun . . . . .	115
19.5.4	Málfræði . . . . .	115
19.6	Hæfniviðmið fyrir íslenskt táknmál og íslensku . . . . .	115
19.7	Kennsluhættir og námsmat í íslensku . . . . .	116
19.8	Matsviðmið fyrir íslensku við lok grunnskóla . . . . .	118
19.8.1	Matsviðmið fyrir íslensku og íslensku sem annað tungumál . . . . .	119
19.8.2	Matsviðmið fyrir íslenskt táknmál og íslensku . . . . .	120
20	ERLEND TUNGUMÁL . . . . .	122
20.1	Menntagildi og megintilgangur erlendra tungumála . . . . .	122
20.2	Hæfniviðmið fyrir erlend tungumál . . . . .	125
20.3	Kennsluhættir og námsmat í erlendum tungumálum . . . . .	132
20.4	Matsviðmið fyrir erlend tungumál við lok grunnskóla . . . . .	136
21	LIST- OG VERKGREINAR . . . . .	139
21.1	Menntagildi og megintilgangur list- og verkgreina . . . . .	140
21.2	Sameiginleg hæfniviðmið fyrir list- og verkgreinar . . . . .	142
21.3	Listgreinar . . . . .	143
21.4	Menntagildi listgreina . . . . .	143
21.5	Hæfniviðmið fyrir sviðslistir . . . . .	144
21.5.1	Hæfniviðmið fyrir dans . . . . .	144
21.5.2	Hæfniviðmið fyrir leiklist . . . . .	145
21.6	Hæfniviðmið fyrir sjónlistir . . . . .	147
21.7	Hæfniviðmið fyrir tónmennt . . . . .	150
21.8	Verkgreinar . . . . .	151
21.9	Menntagildi verkgreina . . . . .	152
21.10	Hæfniviðmið fyrir heimilisfræði . . . . .	152
21.11	Hæfniviðmið fyrir hönnun og smíði . . . . .	155
21.12	Hæfniviðmið fyrir textílmenn . . . . .	158
21.13	Kennsluhættir og námsmat í list- og verkgreinum . . . . .	160
21.14	Matsviðmið fyrir list- og verkgreinar við lok grunnskóla . . . . .	163
21.14.1	Matsviðmið fyrir listgreinar . . . . .	164
21.14.2	Matsviðmið fyrir verkgreinar . . . . .	165
22	NÁTTÚRUGREINAR . . . . .	167
22.1	Menntagildi og megintilgangur náttúrugreina . . . . .	167
22.2	Hæfniviðmið fyrir náttúrugreinar . . . . .	169
22.3	Kennsluhættir og námsmat í náttúrugreinum . . . . .	175
22.4	Matsviðmið fyrir náttúrugreinar við lok grunnskóla . . . . .	177
23	SKÓLAÞRÓTTIR . . . . .	181
23.1	Menntagildi og megintilgangur skólaþróttar . . . . .	181
23.2	Hæfniviðmið fyrir skólaþróttir . . . . .	183

23.3	Kennsluhættir og námsmat í skólaípróttum . . . . .	186
23.4	Matsviðmið í skólaípróttum við lok grunnskóla . . . . .	191
24	SAMFÉLAGSGREINAR . . . . .	194
24.1	Menntagildi og megintilgangur samfélagsgreina . . . . .	194
24.2	Hæfniviðmið fyrir samfélagsgreinar . . . . .	196
24.3	Kennsluhættir og námsmat í samfélagsgreinum . . . . .	203
24.4	Matsviðmið fyrir samfélagsgreinar við lok grunnskóla . . . . .	205
25	STÆRÐFRÆÐI . . . . .	208
25.1	Menntagildi og megintilgangur stærðfræði . . . . .	208
25.2	Hæfniviðmið fyrir stærðfræði . . . . .	210
25.3	Kennsluhættir og námsmat í stærðfræði . . . . .	218
25.4	Matsviðmið fyrir stærðfræði við lok grunnskóla . . . . .	220
26	UPPLÝSINGA- OG TÆKNIMENNT . . . . .	224
26.1	Menntagildi og megintilgangur upplýsinga- og tæknimenntar . . . . .	224
26.2	Hæfniviðmið í upplýsinga- og tæknimennt . . . . .	226
26.3	Kennsluhættir og námsmat í upplýsinga – og tæknimennt . . . . .	228
26.4	Matsviðmið fyrir upplýsinga- og tæknimennt við lok grunnskóla . . . . .	230
	VIÐAUKI YFIRLIT YFIR REGLUGERÐIR 2013 SEM BYGGJA Á LÖGUM . . . . .	
	UM GRUNNSKÓLA, NR. 91/2008, MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM . . . . .	233



## FORMÁLI

Í þessari námskrá má lesa um þann ramma og aðbúnað fyrir nám og kennslu sem mótask hefur í anda gildandi laga, reglugerða og alþjóðasamninga. Innan rammans hafa verið þróaðir sex grunnþættir sem mynda kjarna menntastefnunnar. Þeir varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum og skapa mikilvæga samfellu í íslensku skólakerfi. Þessir grunnþættir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Miklu skiptir að rækta með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Þessum grunnþáttum er m.a. ætlað að bæta úr því. Mennta þarf hinn almenna borgara nægilega vel til þess að hann geti veitt valdhöfum eðlilegt aðhald, hvort sem þeir eru í fjármálalífinu, stjórnmálum, fjölmiðum eða á öðrum sviðum. Skólar eru í raun einu stofnanir samfélagsins sem geta tryggt öllum uppvaxandi kynslóðum tækifæri til að búa sig undir þátttöku í virku lýðræði, þjálfa gagnrýna og skapandi hugsun og mæta ólíkum félagslegum og menningarlegum aðstæðum.

Það eru gömul sannindi og ný að engin raunveruleg þróun verður í skólastarfi nema fyrir tilstuðlan kennara og skólastjórnenda. Lengi má lagfæra menntastefnu, skipulag, námsgögn og skólabyggingar en ef breytingum er ekki fylgt eftir í skólunum skila þær ekki árangri. Innleiðing nýrrar hugsunar í skólastarfi byggist á góðri samvinnu menntayfirvalda við þá sem bera hitann og þungann af skólastarfinu.

Ég ber þá von í brjósti að þessi námskrá hafi farsæl áhrif á skólastarf í landinu á tímum endurreisnar samfélagsins og hvet starfsfólk skóla, foreldra, forráðamenn og nemendur til að kynna sér vel efni námskrárinnar og starfa í anda hennar.



*Katrín Jakobsdóttir*  
mennta- og menningarmálaráðherra





## INNGANGUR

Aðalnámskrár grunnskóla kveður á um markmið og fyrirkomulag skólastarfs í grunnskóla. Í námskránni er fjallað um hlutverk aðalnámskrár, almenna menntun og grunnþætti, mat á skólastarfi og fleira. Í námskránni er að finna nánari útfærslu á ákvæðum laga um grunnskóla og reglugerða um nám og kennslu í grunnskóla. Hún tekur til nemenda og starfsfólks skóla og setur sameiginleg markmið náms og kennslu í öllum grunnskólum landsins. Í aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um uppeldis- og menntunarhlutverk grunnskólans og sett fram meginstefna um kennslu og kennsluskipan. Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um námsgreinar og námssvið og segir til um áherslur og vægi. Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá. Hver grunnskóli ákveður hvort námsgreinar og námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt en jafnframt skal þess gætt að námið verði sem heildstæðast. Í aðalnámskrá eru skilgreindir hæfnipættir á hverju námssviði og innan hvernar námsgreinar. Nemendur skulu eiga þess kost að uppfylla hæfniviðmið einstakra námsgreina og námssviða með mismunandi hætti. Sett eru matsviðmið um það hvenær nemandi telst hafa lokið einstökum námsgreinum eða námssviðum. Sett eru viðmið vegna nemenda sem ljúka grunnskólanámi á skemmri tíma en tíu árum.

Aðalnámskrá er sett af mennta- og menningarmálaráðherra með sama hætti og reglugerðir og gegnir margvíslegu hlutverki. Hún er allt í senn, stjórnþæki til að fylgja eftir ákvæðum laga, fyrirmæli fræðslufirvalda um skólastefnu og safn sameiginlegra markmiða skólastarfs í landinu. Aðalnámskrá er ætlað að samræma nám og kennslu að því marki sem þörf er talin á og tryggja rétt allra nemenda til tiltekinnar lágmarksmenntunar og jafnrétti til náms.

Aðalnámskrá er ætlað að þjóna mörgum aðilum. Hún lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um alla nemendur, kennara og stjórnendur skólans og annars starfsfólks. Hún er jafnframt viðmiðun við samræmt námsmat í grunnskólum, mat á skólum og skólastarfi, leiðarljós fyrir þá sem fást við námsefnisgerð og kennaramenntun, grundvöllur skólanámskrárgerðar og sjálfsmats skóla og stefnumörkunar sveitarfélaga. Aðalnámskrá er einnig upplýsing og viðmiðun fyrir foreldra svo að þeir geti fylgst með starfsháttum skólans, árangri skólastarfs og velferð og líðan nemenda. Aðalnámskrá veitir einnig nemendum margháttadar upplýsingar um skólastarf.



## HLUTVERK AÐALNÁMSKRÁR

# 1

Aðalnámskrá byggir á lögum um leikskóla (nr. 90/2008), grunnskóla (nr. 91/2008) og framhaldsskóla (nr. 92/2008). Aðalnámskrá er rammi um skólastarfið á þessum skólastigum og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögunum.

Aðalnámskrá er ætluð stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki í skólakerfinu. Einnig veitir hún nemendum, foreldrum þeirra, opinberum stofnunum, félagasamtökum, aðilum atvinnulífsins og almenningi upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla. Segja má að aðalnámskrá sé samningur þjóðarinnar við sjálfa sig um menntamál.

### Hlutverk aðalnámskrár er margþætt:

- Aðalnámskrá birtir menntastefnu stjórnvalda, námsframboð og námskröfur og ber skólum og starfsmönnum þeirra að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu skólastarfs. Aðalnámskrá á því að tryggja börnum og ungmönnum góðar aðstæður til náms í samræmi við gildandi lög og menntastefnu.
- Aðalnámskrá er helsta stjórnþæki fræðslufirvalda til að tryggja samræmi og samhæfingu skólastarfs við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu. Námskráin er ein meginforsenda þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið geti gegnt lögboðnu hlutverki sínu við að annast yfirstjórn og eftirlit með gæðum og framkvæmd skólastarfs.

- Aðalnámskrá markar starfsframma stjórnenda, kennara og starfsfólks einstakra skóla við skipulagningu, framkvæmd og mat á skólastarfi sem þeim er skylt að útfæra, m.a. í skólanámskrá.
- Aðalnámskrá veitir nemendum og forráðamönnum þeirra upplýsingar um gæðakerfi og helstu viðmið sem starfsemi skóla byggist á. Hún er grundvöllur mats á skólastarfi og námsmats í skólum. Námskránni er ætlað að veita kennurum, nemendum og foreldrum þeirra upplýsingar um menntun barna og ungmenna á hverju skólastigi. Námskráin er einnig til hliðsjónar fyrir þá sem annast menntun kennara og annars starfsfólks skóla svo og þá sem vinna við gerð námsgagna, stunda rannsóknir og annast úttektir á skólastarfi.

## 1.1 Sameiginlegur hluti aðalnámskrár

Ýmsir þættir sem fjallað er um í aðalnámskrá eru sameiginlegir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Kaflar 1-3 eru sameiginlegir í námskrám skólastiganna þriggja en þar er fjallað um stefnumið menntakerfisins, um almenna menntun og markmið skólakerfisins, um grunnþætti menntunar og um mat á skólastarfi. Lögð er áhersla á sveigjanleika og samfellu í skólakerfinu, bæði í inntaki og starfsháttum. Jafnframt er lögð áhersla á skólaþróun og sameiginlega þætti í fagmennsku kennara á öllum skólastigum.

Í almennum hluta aðalnámskráa leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er lýst hlutverki hvers skólastigs og sérstakri áherslu í námi og kennslu á hverju þeirra; markmiðum, viðfangsefnum og starfsháttum. Í skólanámskrám sem gefnar eru út í einstökum skólum er stefna aðalnámskrár útfærð í samræmi við stefnu á hverjum stað, nemendahóp, faglega áherslu og sérkenni í hverju tilviki.

## 1.2 Hlutverk skóla

Skólar eru menntastofnanir og hlutverk þeirra er skilgreint í löggjöf um menntun. Skólar landsins mynda samstæða heild, skólakerfi, sem tryggja skal samræmi og samhengi í menntun frá leikskólum til háskóla og fullorðinsfræðslu. Lögð er áhersla á heildstæða menntastefnu en skýr skil á milli skólastiga þannig að nemendur geti flust eðlilega á milli leikskóla og grunnskóla og á milli grunnskóla og framhaldsskóla í samræmi við einstaklingsbundna námsstöðu og þroska. Einnig skulu nemendur eiga þess kost að stunda nám á tveimur skólastigum samtímis henti það námi þeirra. Á hverju skólastigi er stefnt að fjölbreyttum viðfangsefnum og starfsháttum til að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra einstaklinga og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Meginhlutverk leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er að stuðla að almennri menntun þegnanna. Skólarnir skulu leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi

við stöðu og þarfir barna og ungmenna. Skólastarfið miðar að virkri þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi innan skólans og utan.

Inntak og viðfangsefni skólastarfsins er sett fram í námssviðum, námsgreinum eða námsáföngum. Rétt er að hafa í huga að námssvið, námsgreinar og námsáfangar eru ekki markmið í sjálfu sér heldur hjálpartæki til að stuðla að merkingarbæru námi og ná markmiðum skólastarfsins. Í aðalnámskrám skólastiganna eru því skilgreind markmið í samræmi við sérkenni hvers skólastigs, aldur og þroska barna og ungmenna.

Í skipulagi og viðfangsefnum skólastarfsins og í starfsháttum skólanna skal lögð rækt við námsumhverfi og samskipti sem stuðla að almennri menntun. Almenn menntun er grundvöllur starfsmenntunar og annarrar sértækrar menntunar. Námi og menntun á sér stað víðar en í skólum. Menntun er ævilangt ferli. Mikilvægt er að skólarnir styðji við námshvöt nemenda sinna, rækti námsgleði og vinnuanda og stuðli þannig að menntun þeirra.

Starfshættir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og samskipti barna og ungmenna innbyrðis og við kennara sína eru ekki síður en viðfangsefni kennslustunda mikilvæg til að ná markmiðum skólanna og stuðla að velferð, námi og menntun. Starfshættir skólanna skulu mótast af umburðarlyndi og jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð.

### 1.3 Fagmennska kennara

Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi. Kennarastéttin spannar mörg hlutverk í skólakerfinu, s.s. kennslu, stjórnun, uppeldi, ráðgjöf, rannsóknir og þróunarstörf. Þannig teljast t.d. skólastjórnendur, sérkennarar og námsráðgjafar til kennarastéttarinnar. Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara á öllum skólastigum.

Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Markviss samskipti og góð kennsla stuðlar að námi og aukinni hæfni barna og ungmenna. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennarar leiðbeina börnum og ungmönnum í námi og mati á því og vinna að því að þeir tileinki sér heilbrigða lífshætti. Þeir leitast við að skapa góðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi.

Í upphafi 21. aldar hafa orðið gagngerar breytingar í íslensku samfélagi sem hafa bein og óbein áhrif á skólakerfið og þá um leið nám nemenda og störf kennara. Hvort sem litið er til efnahags og atvinnumála, félagsmála og fólksflutninga, tækni og samskipta má finna deiglu og breytingar sem hafa áhrif á menningarlíf og þekkingu, menntun



og uppeldi. Það má til sanns vegar færa að breytingar í íslensku samfélagi undanfarin ár hafi verið mjög hraðar og því aukast kröfur til skóla um að aðstoða samfélagið við að átta sig á breytingunum og takast á við nýjar aðstæður. Allt þetta eykur kröfur til kennarastéttarinnar, bæði til að greina samfélagsbreytingar og til að fella starfsemi skólanna að þeim á ábyrgan hátt.

Kennarar vinna í samráði við skólastjórnendur að þróun skólanámskrár í samræmi við aðstæður og sérstaka áherslu á hverju skólastigi. Það er á ábyrgð kennara að útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni og öðru skólastarfi fyrirmæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í aðalnámskrá.

## ALMENN MENNTUN

# 2

Skilgreining á almennri menntun er ekki einhlít. Hún er bundin við stund og stað og jafnvel einstaklingsbundin. Til forna mynduðu hinar sjö frjálsu listir umgjörð um almenna menntun yfirstéttarinnar. Miðaldakirkjan skilgreindi almenna menntun í Evrópu á miðöldum út frá sínum þörfum og með iðnbyltingunni kom fram ný tækni og fræðasvið sem lögðu grunn að almennri menntun í nútímasamfélagi. Á 21. öld er almenn menntun skilgreind út frá samfélagslegum þörfum og þörfum einstaklinganna.

Almenn menntun stuðlar á hverjum tíma að aukinni hæfni einstaklingsins til að takast á við áskoranir daglegs lífs. Almenn menntun miðar að því að efla skilning einstaklingsins á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Hún er hvort tveggja í senn einstaklingsmiðuð og samfélagsleg.

Almenna menntun öðlast fólk víðar en í skólakerfinu. Skólakerfið er þó mikilvægasti grundvöllur þess að samfélagið tryggi almenna menntun. Því er eðlilegt að skýra grunnþætti menntunar í aðalnámskrá og tengja þá meginsviðum þekkingar og leikni sem einstaklingum standa til boða í skólunum. Almenn menntun byggist á fjölbreyttu námi á meginsviðum menningar okkar, umhverfis og samfélags. Stefnt er að almennri menntun í heildstæðu skólastarfi og námi á námsgreinum, í námsgreinum og námsáföngum. Skilgreining á grunnþáttum er tilraun til að kortleggja þau meginsvið almennrar menntunar sem skólastarfið stefnir að.



## 2.1 Grunnþættir menntunar

Sú menntastefna sem birt er í þessari aðalnámskrá er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru leiðarljós við námskrárgerðina.

Þessir grunnþættir eru:

- læsi,
- sjálfbærni,
- heilbrigði og velferð,
- lýðræði og mannréttindi,
- jafnrétti,
- sköpun.

Grunnþættirnir eiga sér stoð, hver með sínum hætti, í löggjöf fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Einnig er sótt til annarrar löggjafar þar sem finna má ákvæði um menntun og fræðslu í skólakerfinu, svo sem í lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Enn fremur er stuðst við stefnu stjórnvalda í ýmsum málaflokkum, t.d. ritinu *Velferð til framtíðar* um áherslur í stefnu um sjálfbæra þróun. Einnig er tekið tillit til alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að, svo sem barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og stefnu alþjóðlegra stofnana sem Ísland er aðili að. Þar má nefna stefnumörkun UNESCO um almenna menntun og um sjálfbæra þróun og stefnumörkun Evrópuráðsins um lýðræði og mannréttindi. Við mörkun stefnunnar sem birtist í skilgreiningu grunnþáttanna er einnig höfð hliðsjón af hugmyndum um fagmennsku kennara og reynslu úr þróunarstarfi í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum í landinu.

### Til hvers grunnþættir?

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.

Grunnþættirnir byggjast á því viðhorfi sem kemur fram í löggjöf um skóla, að unnið sé bæði að samfélagslegum markmiðum og markmiðum er varða menntun sérhvers einstaklings. Þeir eru samfélagsmiðaðir þar sem þeim er ætlað að stuðla að auknu jafnrétti og lýðræði og að vinna að því að samfélagið fái vel menntað og heilbriggt fólk, bæði til þátttöku í að breyta samfélaginu til betri vegar og til þeirra starfa sem unnin eru í samtímanum. Grunnþáttunum er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfelli í öllu skólastarfi. Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvernig grunnþættirnir setja mark sitt á kennslu, leik og nám.

## Grunnþættirnir fléttast inn í allt skólastarf

Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða, bæði hvað varðar þá þekkingu og leikni sem börn og ungmenni skulu afla sér. Námsgvið geta verið sérhæfing í viðfangsefnum skólastarfs þvert á námsgreinar og skólastig.

Grunnþættirnir fléttast inn í aðalnámskrár á öllum skólastigum og fyrirmæli hennar um allt skólastarfið:

- Efnisval og inntak náms, kennslu og leiks skal mótast af grunnþáttunum.
- Starfshættir og aðferðir, sem börn og ungmenni læra, eru undir áhrifum hugmynda sem fram koma í umfjöllun um grunnþættina.
- Vinnubrögð kennara og annarra, sem starfa í skólum, eiga að mótast af grunnþáttunum þannig að stuðlað sé að sjálfstæði, frumkvæði og þróun í skólastarfi.
- Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvort og hvernig grunnþættirnir hafi sett mark sitt á nám, kennslu og leik og skólastarfið í heild.

Aðalnámskrár leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er grunnur að heildstæðri námskrárgerð í skólakerfinu. Skipulag hvers dags, viku, mánaðar og starfsárs skóla þarf að endurspeгла þá heildarsýn sem grunnþættirnir móta. Nauðsynlegt er að nálgast viðfangsefnin á heildstæðan hátt af faglegri víðsýni og eftir atvikum samfaglega. Það getur kallað á óhefðbundna kennsluhætti og nýstárlega nálgun í skólastarfi.

## Tengsl og eðli grunnþáttanna

Grunnþættir menntunar eru settir fram sem sex þættir. Þeir tengjast þó innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum. Með því að hugsa út frá þeim má skapa meiri heildarsýn um skólastarfið. Þeir byggjast á þeirri hugmynd að ekki geti orðið virkt lýðræði án læsis á hvers konar táknerfi og samskiptakerfi samfélagsins. Þeir eru einnig byggðir á því að virkt lýðræði þrífist aðeins ef jafnframt er stuðlað að hvers konar jafnrétti milli einstaklinga og hópa í samfélaginu. Mannréttindi allra verða ekki tryggð nema stuðlað sé að heilbrigði og velferð hvers og eins og baráttu gegn mismunun og hvers konar ofbeldi, þar með töldu einelti.

Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti, ekki bara í nútíma heldur og gagnvart komandi kynslóðum. Þannig er óhugsandi að unnt sé að stuðla að mannréttindum án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins. Sjálfbærni er einnig háð því að hugað sé að jafnrétti

þjóðfélagshópa. Lýðræði og mannréttindi og heilbrigði og velferð felast þannig í sjálfbærni en eru jafnframt sjálfstæðir grunnþættir menntunar.

Menntun til sjálfbærni, jafnréttis, lýðræðis- og mannréttinda miðar að því að börn og ungmenni skilji samfélagið eins og það er og hefur þróast. Jafnframt miðar þessi menntun að því að börn og ungmenni verði fær um að taka þátt í að móta samfélagið og öðlist þannig sýn til framtíðarinnar og hugsjónir til að beita sér fyrir. Með því að nota orðin og orðasamböndin sjálfbærni, lýðræðis- og mannréttindamenntun og jafnréttismenntun er ekki endilega verið að mótað nýjar námsgreinar eða ný námssvið heldur eru orðin notuð til vísbendingar um námsefni og viðhorf sem leggja skal áherslu á.

Sköpun er nauðsynlegur þáttur í allri menntun og nær þannig til allra annarra grunnþátta. Sköpun er mikilvægur þáttur í öllu námi og starfi, ekki einungis í listmenntun. Allir grunnþættirnir eiga sér rætur í gagnrýninni hugsun, ígrundun, vísindalegum viðhorfum og lýðræðislegu gildismati.

Þótt grunnþættirnir séu samtvinnuðir hefur hver þeirra sín sérkenni. Þá má þannig nota til að halda utan um markmið skólakerfisins í heild og sérstakar áherslur hvers skóla eða skólastigs. Grunnþættirnir eru þó ekki nýtt flokkunarkerfi námsþátta heldur skilgreindir til þess að skerpa markmið skólanna og tengja þau saman. Flest atriði skólastarfs má fella undir fleiri en einn grunnþátt og mörg þeirra undir hvern þeirra sem er.

### 2.1.1 Læsi

Læsi hefur löngum verið tengt við þá kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur (ritað) og skilið prentaðan texta (lesið). Það hefur snúist um eitt kerfi tákna, prentmálið, og þá menningu og þau tjáningarform sem tengdust því. Í skólum hafa menn litið svo á að færni á þessu sviði væri fyrst og fremst bundin við einstaklinga og hægt væri að mæla hana, sumir væru fluglæsir en aðrir treglæsir eða jafnvel ólæsir.

Með tímanum hafa hugmyndir manna um læsi breyst enda hefur fræðafólk í ýmsum greinum varpað á það ljósi með rannsóknum sínum. Þótt kunnáttumenn séu ekki sammála um allt sem lýtur að læsi má nefna nokkur mikilvæg atriði sem þeir hafa bent á: Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. Læsi krefst skriffæra, efnis til að skrifa á og miðils, t.d. bókar, til að koma ritsmíðinni á framfæri og snýst því að hluta til um tæknimiðla og verkunnáttu.

Þrátt fyrir að læsi snúist um kerfisbundin tákni og miðlunartækni ber að undirstrika að það snýst fyrst og fremst um sköpun merkingar og sú merkingarsköpun á sér aldrei stað í tómarúmi. Tvær manneskjur kunna til dæmis að skilja tiltekinn texta á ólíkan máta

Þótt lestrartækni þeirra, hljóðkerfisvitund og orðaforða svipi mjög saman. Ekki er hægt að segja í þessu tilviki að þær séu misvel læsar heldur ræðst merkingarsköpun þeirra af þeirri reynslu sem þær hafa og ótal aðstæðubundnum þáttum sem orka á túlkun þeirra og skilning. Sumt er jafnframt erfitt að skilja án þess að þekkja til umræðuhefðar og orðanotkunar sem er við lýði í ýmsum hópum samfélagsins.

Það eru ekki aðeins rannsóknir á læsi sem hafa breytt afstöðu fólks til þess heldur hefur stafræn tækni breytt því umhverfi þar sem ritun og lestur eiga sér stað. Tölvur og stafræn samskiptatæki teljast víða ómissandi þáttur í daglegu lífi fólks, heima jafnt sem á vinnustað, og þykja orðið sjálfsgöð verkfæri í skólastarfi. Þar skiptir það höfuðmáli að tölvurnar eru ekki aðeins öflug ritvinnslu- eða reikningsverkfæri heldur tól sem má nota til fjölþættrar merkingarsköpunar, t.d. með notkun myndmáls. Nemendur og kennarar þurfa því ekki að binda sig við prentmálið heldur býður tölvutækni upp á að þeir noti fleiri mál við nám og kennslu. Nú geta þeir rætt það, við undirbúning athugunar eða verkefnavinnu af ýmsu tagi, með hvaða hætti sé skynsamlegt að afla efnis og vinna úr því. Á að miðla því í stuttmynd eða bæklingi, útvarpsþætti eða á vef?

Við þessar aðstæður hafa orðið til heiti á borð við stafrænt læsi, miðlamennt og miðlalæsi. Hið stafræna læsi vísar til þeirrar kunnáttu sem fólk þarf að tileinka sér til þess að geta notað tölvu- og nettækni til samskipta og efnissköpunar af ýmsu tagi. Það snýst um orð jafnt sem ljósmyndir, prentað mál jafnt sem tónlist, og það varðar allt litróf efnisumsýslunnar, þ.e. aðföng, úrvinnslu og miðlun.

Hugtakið miðlamennt vísar til skólastarfs þar sem nemendur nota ýmsa miðla við nám sitt og læra í leiðinni sitthvað um notagildi þeirra og áhrif á menningu og lýðræði. Markmiðið er að þeir læri að leggja mat á miðlað efni en fái einnig þjálfun í að nota ýmsa miðla við efnisgerð og þekkingarsköpun. Orðið miðlalæsi er haft um þá færni og kunnáttu sem þeir öðlast við það nám sem í þessu felst.

Þótt þeim verkfærum, sem nota má í skólastarfi hafi fjölgað, dregur það þó engan veginn úr mikilvægi ritunar og lesturs í hefðbundnum skilningi. Sem fyrr skiptir það miklu máli að börn nái tökum á tiltekinni lestrar- og ritunartækni en athyglin beinist nú jafnframt að allri þeirri tækni sem nemendur geta notað í samskiptum, námi og merkingarsköpun – í þágu sjálfra sín og samfélagsins.

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

### 2.1.2 Sjálfbærni

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags.

Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Hér er einnig stuðst við þá skilgreiningu að sjálfbærni sé jafnvægisástand og sjálfbær þróun sé breytingarferlið þegar verið er að breyta þjóðfélagi, eða minni einingu, og færa það til sjálfbærni. Munur á hefðbundinni skilgreiningu og skilgreiningunni, sem hér er notuð, er fremur áherslumunur en merkingarmunur. Þessi áherslumunur hefur þó þá þýðingu í skólastarfi að leggja má áherslu á að margt smátt gerir eitt stórt, ekki þarf að bíða eftir stóru breytingunum til að geta fagnað þeim smærri.

Umhverfið og þar með náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Sjálfbær þróun getur ekki átt sér stað nema innan þeirra takmarka sem vistkerfi jarðar setja okkur. Því er skilningur á þeim takmörkum, ásamt ferlum, lögmálum og hringrásum í náttúrunni, mikilvægur grundvöllur þess að okkur takist að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Þannig þurfa nemendur að þekkja, skilja og virða náttúruna, bæði vegna sjálfgildis hennar og þeirrar þjónustu sem hún innir af hendi við mannfélagið. Umhverfisvernd, loftslagsbreytingar og lífbreytileiki eru dæmi um úrlausnarefni.

Í samfélagslegu tilliti snýst hugmyndafræðin um jöfnuð, innan kynslóðar og á milli kynslóða. Til þess að ná jöfnuði þurfum við að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð, hafa skilning á fjölbreytileika mannlífs og tryggja að fjölbreyttri menningu mismunandi hópa sé gert jafn hátt undir höfði. Í margbreytileika felst styrkur sem getur unnið bug á fátækt, stuðlað að friði og tryggt lífsskilyrði og lífsgæði fyrir alla hvar í heiminum sem þeir búa. Að gera sér grein fyrir mikilvægi eigin velferðar og annarra er forsenda sjálfbærrar þróunar.

Efnahagslegur þáttur sjálfbærrar þróunar er nátengdur bæði umhverfis- og samfélagsþættinum. Efnahagskerfi samfélaga skipa stórt hlutverk þegar kemur að skynsamlegri nýtingu auðlinda og sanngjarnri skiptingu þeirra. Þannig er mikilvægt að efnahagsvöxtur byggist hvorki á, né leiði til, óhóflegs ágangs á náttúruna. Framleiðsla og neysla eru órjúfanlegir þættir samfélags og um leið efnahags hvers einstaklings. Skilningur á eigin vistspori, vistspori samfélaga og þjóða stuðlar að sjálfbærri þróun og hófsemi. Neytendafræðsla og fjármálalæsi eru því mikilvæg forsenda þess að geta metið þarfir okkar í nútíð og framtíð.

Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og heilbrigði; og efnahagsþróun og framtíðarsýn.

Í sjálfbærnimenntun felst einnig að börn og ungmenni takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni. Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við

Það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börnin og ungmennin taki þátt í samfélaginu.

### 2.1.3 Lýðræði og mannréttindi

Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna og ungmenna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun jafnframt því sem þau atriði fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar. Skólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn.

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna og ungmenna biður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.

Mikilvægt er að í öllu námi, viðfangsefnum skólastarfsins og aðferðum sé tekið tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi. Einnig þarf að efla þekkingu á grundvallarréttindum barna og fullorðinna með hliðsjón af íslenskri löggjöf og alþjóðasamningum. Samfélagsgreinar og lífsleikni eru kjölfesta þekkingar á lýðræði og mannréttindum og viðhorfa til sömu þátta. Lýðræðislegur hugsunarháttur á þó við í öllum námsgreinum. Lýðræðislegt gildismat verður ekki mótað nema allar námsgreinar og öll námssvið séu notuð til þess. Umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum.

Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýninni hugsun og ígrundun um grunnildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggja skóla engu síður en samstarfi í skólanum. Þannig þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og ungmenna og við æskulýðs- og íþróttastarf. Gera þarf ráð fyrir virku samstarfi við grenndarsamfélag innan sveitarfélags eða hverfis en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum sjálfbærni. Áhersla er lögð á að lýðræðislegir skólar geti þannig tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.

### 2.1.4 Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin

forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.

Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru skýr ákvæði um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins. Mikilvægt er að í öllu skólastarfi, jafnt í kennslustundum sem í öllum samskiptum, séu þessi ákvæði jafnréttislaga höfð að leiðarljósi. Jafnframt er mikilvægt að draga fram að ýmsir búa við margþætta mismunun þegar fleiri slíkir þættir tvinnast saman, til dæmis kyn og fötlun, kynhneigð og þjóðerni, aldur og búseta. Í þessu skyni er eðlilegt að nýta sér í skólastarfinu þekkingu sem nýjar fræðigreinar, svo sem kynjafræði, hinseginfræði, fjölmenningsfræði og fötlunarfræði, hafa vakið athygli á.

Undir jafnréttismenntun fellur m.a. nám um kyn og kynhneigð. Með grunnþættinum jafnrétti er einnig lögð áhersla á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir. Eitt af viðfangsefnunum er þróun Íslands sem fjölmenningsamfélags. Með jafnrétti er einnig lögð áhersla á félagslegan skilning á því hvað felst í fötlun. Áskoranir fólks með fötlun eiga ekki síður rætur í umhverfinu en í skerðingu einstaklings. Leggja skal áherslu á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfinu.

Mikilvægt er að skapa meðvitund um mismunandi félagsstöðu og vægi ungra og aldraðra til samanburðar við þá sem eru nær miðjum aldri. Nota má staðalmyndir, einkenni og sögulega þróun mismunandi aldurskeiða, þ.e. barnæsku, unglingsára, fullorðinsára og elliára og ólíka merkingu þessara aldurskeiða á mismunandi tímum og í ólíkum menningarheimum. Einnig má skoða ólíkt aðgengi að samfélagslegum gæðum eftir stétt, búsetu og fjárráðum. Skoða má áhrif stéttar og búsetu á heilsu, náms- og atvinnumöguleika og aðgengi að valdastöðum í samfélaginu.

## 2.1.5 Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla.

Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

Skólastjórnendur, kennarar og annað starfsfólk skóla þarf að vera meðvitað um hvað felst í heilsutengdum forvörnum og geta nýtt sér áreiðanlegar upplýsingar um þætti sem hafa áhrif á heilbrigði. Í skólum þarf að skapa börnum og ungmennum aðstæður til heilbrigðra lífshátta. Efla þarf færni þeirra í samskiptum, uppbyggingu sjálfsmyndar, ákvarðanatöku, markmiðasetningu og streitustjórnun. Nauðsynlegt er að þau öðlist skilning á þeim áhrifum sem menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan. Markmið þess er meðal annars að styðja börn og ungmenni svo að þau geti tekið upplýstar og ábyrgar ákvarðanir í tengslum við eigið heilbrigði.

Í skóla, sem leggur áherslu á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi, er lagður grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til lífstíðar. Veita þarf fræðslu um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar. Taka þarf mið af þessu í íþróttakennslu og öllu öðru skólastarfi. Í skólaumhverfinu þarf á sama hátt að stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat. Leggja þarf áherslu á uppeldis- og félagslegt gildi máltíða meðal annars með því að gefa nægan tíma til að nærast.

Mikilvægt er að skólinn taki mið af þörfum allra barna og ungmenna á einstaklingsbundinn hátt. Allir þurfa tækifæri til að njóta styrkleika sinna sem er lykilþáttur í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Mörg áhugamál barna og ungmenna stuðla að heilbrigði og geta nýst í þessu samhengi. Með því að gefa áhugasviðum þeirra rými í skólastarfinu gefst tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga, byggja upp jákvæða sjálfsmynd og efla þannig heilbrigði.

Til að mæta áherslum um heilbrigði þurfa allir sem í skólum starfa að skoða störf sín með hliðsjón af heilbrigði og vinna í sameiningu að skýrum markmiðum sem styðja jákvæðan skólabrag, bættan námsárangur og vellíðan. Þar gegnir starfsfólk skóla miklu hlutverki sem fyrirmyndir. Einnig þarf að vinna náið með foreldrum, heilsugæslu og aðilum úr nærumhverfinu því að slík samvinna er forsenda þess að góður árangur náist.



## 2.1.6 Sköpun

Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Þannig er menntun í rauninni sjálfssköpun, leið upplýsts einstaklings til að verða „meira í dag en í gær“. Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra.

Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit. Glíman við viðfangsefnið og það að finna lausn getur verið umbun sköpunarinnar í sjálfu sér. Sköpun brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir nýja sýn á fyrirbæri og viðteknar hugmyndir.

Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Að skapa er að fara út fyrir mengi hins þekktu og þar með auka þekkingu sína og leikni. Þótt sköpun í almennum skilningi sé vissulega nátengd listum og listnámi er sköpun sem grunnþáttur ekki bundin við listgreinar fremur en aðrar námsgreinar og námssvið. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að í grundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi.

Sköpunarkraftur og innsæi eru lykilorð í þessu samhengi. Gagnrýnin hugsun er lykilþáttur í læsi og sköpun og fléttast saman við hlutverk gagnrýnnar hugsunar í lýðræði. Í sköpuninni felst hagnýting hugmynda og mótun viðhorfa, gildismats og hæfni. Vinnubrögð í listsköpun og vísindum einkennast oft af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika. Þannig vinnubrögð er æskilegt að sjá í öllu námi og skólastarfi. Sköpun snýst ekki eingöngu um nýtt og frumlegt heldur og hagnýtingu þess sem fyrir er. Hún snýst þannig um lausnir viðfangsefna og leit að nýjum möguleikum. Þetta fléttast vel saman við menntun til sjálfbærni og læsi í víðum skilningi.

Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild. Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess.

## 2.2 Hæfni

Nútímasamfélag gerir margar og oft mótsagnakenndar kröfur til þegnanna. Hlutverk skólakerfisins er m.a. að búa einstaklinginn undir áskoranir og verkefni daglegs lífs og hjálpa honum að fóta sig í flóknu samhengi náttúru og samfélags, hluta og hugmynda.

Almenn menntun miðar að því að efla sjálfsskilning einstaklingsins og hæfni hans til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Nemendur þurfa að vita hvað þeir vita og hvað þeir geta og vita hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Hæfni er þannig meira en þekking og leikni, hún felur einnig í sér viðhorf og siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt, félagsfærni og frumkvæði.

Nemandinn þarf ekki einungis að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni heldur skal hann einnig geta aflað sér nýrrar þekkingar, leikni og hæfni, greint hana og miðlað. Nám þarf að taka til allra þessara þátta. Slíkt nám byggist á námssamfélagi sem einkennist af grunnþáttum menntunar: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.

Við skipulag skólastarfs skal lögð áhersla á nám og menntun barna og ungmenna og hæfni þeirra að námi loknu. Kennsluaðferðir og samskiptahættir, námsgögn og kennslutæki beinast fyrst og síðast að því að styðja nemendur í námi sínu. Námsmarkmið snúa að þeirri hæfni sem nemandinn öðlast í námsferlinu og býr yfir að námi loknu.

Skólastarfi og námi, sem skilgreint er út frá grunnþáttum menntunar, er sinnt innan námssviða, námsgreina og námsáfanga. Á hinn bóginn krefjast mörg viðfangsefni þess að þau séu unnin á samfaglegan og heildstæðan hátt. Í aðalnámskrá hvers skólastigs eru grunnþættirnir útfærðir nánar. Þar er svigrúmi í skólastarfinu lýst og greint frá hlutverki kennara á hverju skólastigi. Þar er einnig rætt um samstarf skóla við heimilin.

Grunnþættir menntunar eru útfærðir á hverju skólastigi í samræmi við markmið laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Í aðalnámskrá leikskóla eru grunnþættir fléttaðir saman við námssvið leikskólans, í grunnskólum tengjast grunnþættirnir námsgreinunum og á framhaldsskólastigi eru grunnþættir menntunar útfærðir í námsáföngum á mismunandi námsbrautum. Grunnþættirnir eru því útfærðir með ólíkum hætti á mismunandi skólastigum. Í námskrám skólastiganna er fjallað nánar um samfellu og viðfangsefni, stígandi í námi, hæfniröfur og þrepaskiptingu í samræmi við sérkenni og starfshætti á hverju skólastigi.

## 2.3 Námshæfni

Nemendur þurfa að kunna að sækja sér nýja þekkingu og leikni, jafnframt því að geta beitt þekkingu sinni. Þeir skulu einnig vera meðvitaðir um mikilvægi þess að vera ábyrgur og skapandi í þekkingarleit sinni, ígrunda og rökstyðja. Til að öðlast fjölbreytilega hæfni á nemendum að gefast tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengjast menningu samfélagsins, umhverfi barna og ungmenna og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði innan kennslustunda og utan, þarf að styrkja börn og ungmenni til að temja sér námshæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.



Námshæfni er þannig undirstöðuþáttur í öllu skólastarfi og byggist á sjálfsskilningi og áhuga. Námshæfni felur einnig í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Námshæfni byggist á eðlislægri forvitni barna og ungmenna, áhugahvöt þeirra, trú á eigin getu og hæfileika til að beita hæfni sinni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt.

Þetta kallar á örvandi námsumhverfi í skólum. Gæta verður þess að nemandinn samþætti þekkingu sína og leikni, samtímis því sem hann þjálfast í samskiptum sem byggjast á virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemandinn æfist í að tjá skoðanir sínar og útskýra verklag sitt á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

## MAT OG EFTIRLIT

# 3

Mat er órjúfanlegur þáttur í starfi skóla og námi barna og ungmenna. Námsmat veitir upplýsingar um árangur barna og ungmenna við að uppfylla markmið náms, örvar þau til frekari dáða og nýtist kennurum og starfsfólki við að stuðla að frekari framförum í námi. Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna og ungmenna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

### 3.1 Námsmat

Mat á árangri og framförum barna og ungmenna er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa.

Námsmat miðar að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi sem má hafa að leiðarljósi við skipulagningu náms. Til að geta gegnt þessu margþætta hlutverki

þarf námsmat að uppfylla þau skilyrði að vera réttmætt og áreiðanlegt. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem það á að meta á áreiðanlegan hátt.

## Námsmat í skólanámskrá og starfsáætlun skóla

Gera skal grein fyrir viðmiðum námsmats og umsagna í skólanámskrá þannig að nemendum, foreldrum og öllum starfsmönnum skóla sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar og hvernig skólinn hyggst meta hvernig þær eru uppfylltar. Nemendur, foreldrar, kennarar og aðrir starfsmenn skóla þurfa að geta skilið niðurstöður námsmats á svipaðan hátt. Það er forsenda þess að unnt sé að nýta upplýsingarnar til að bæta nám og kennslu.

## Fjölbreyttar matsaðferðir

Markmið skólastarfs eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim. Því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar. Þær skulu vera í samræmi við hæfniviðmið, endurspeglar áherslur í kennslu og taka mið af nemendum. Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt. Meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá.

Kennarar þurfa að hjálpa börnum og ungmönnum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat þar sem nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.

Tilhögun námsmats þarf að vera fjölbreytt og í samræmi við áherslur í skólastarfi og höfða til sem flestra námsþátta. Þannig skal meta munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, myndræn, stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir, einstaklingsverkefni og hópverkefni, verkefni sem unnin eru á afmörkuðum tíma og óafmörkuðum og próf af ýmsu tagi. Mappa eða vinnubók, þar sem safnað er saman verkefnum og úrlausnum, t.d. með rafrænum hætti, getur hentað vel til að fá yfirsýn yfir það hversu vel nemandinn hefur unnið og gefið vísbendingar um ástundun, virkni, vinnubrögð, framfarir nemenda og félagsfærni. Námsmat þarf að taka tillit til þarfa nemenda og sértækra námsörðugleika þeirra. Skólum ber að gera það sem unnt er til þess að koma til móts við þarfir hlutaðeigandi í þessu efni. Þessir nemendur skulu eiga kost á frávikum frá almennu námsmati, t.d. lengri próftíma, sérhönnuð próf, notkun hjálpargagna, aðstoð og munnlegt námsmat.

## 3.2 Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi

við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Skólarnir bera sjálfir ábyrgð á innra mati sínu en ráðuneytið og eftir atvikum sveitarfélög annast ytra mat á skólum. Ytra mat felst m.a. í úttektum á skólastarfi í heild eða einstökum þáttum þess, stofnanaúttektum, úttektum á námsgreinum og námsþáttum og eftirliti með innra mati skóla. Ráðuneytið ber jafnframt ábyrgð á því að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum þar sem við á. Þá ber ráðuneytinu að fylgjast með stöðu og þróun menntakerfisins. Í þeim tilgangi safnar ráðuneytið margvíslegum upplýsingum um skólahlald, m.a. með þátttöku í alþjóðlegum könnunum á námsárangri og öðrum þáttum skólastarfs.

Ráðuneytið gerir áætlun um úttektir á öllum skólastigum og birtir þær á vef sínum. Einnig gefur ráðuneytið út ítarlegar leiðbeiningar um innra mat sem skólar geta nýtt sér kjósi þeir það.

Aðalnámskrá myndar grunn viðmiða sem mat á skólastarfi hvílir á en í skólanámskrá útfærir skólinn nánar þau markmið og viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá og eftir atvikum í skólanámskrám. Mikilvægt er að innra og ytra mat á skólum nái til allra lögbundinna markmiða skólastarfsins, þ.m.t. hlutverks skóla að styrkja nemendur til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, efla frumkvæði og sjálfstæða hugsun nemenda, samskiptahæfni og fleiri atriði sem m.a. tengjast grunnþáttum menntunar.

### 3.2.1 Innra mat

Í vinnu við innra mat skal gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá. Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hefur verið náð. Aðferðir við innra mat taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni.

Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan kennslustofunnar. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Þær upplýsingar og þau gögn, sem eru lögð til grundvallar matinu, taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni.

Leggja þarf mat á markmið og leiðir með reglubundnum hætti. Innra mat veitir upplýsingar um styrkleika í starfi skólans og það sem betur má fara. Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats eru umbætur síðan skilgreindar og skipulagðar. Skóli birtir opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur. Persónulegar upplýsingar eru þó undanþegnar birtingu.

### 3.2.2 Ytra mat

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og eftir atvikum sveitarfélög bera ábyrgð á ytra mati leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, samkvæmt sérstakri reglugerð. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerir áætlanir til þriggja ára um ytra mat, kannanir og úttektir, sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd skólahalds í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Áætlanirnar eru endurskoðaðar árlega og eru birtar á vef ráðuneytisins.

Ráðuneytið gerir áætlun fyrir hverja úttekt þar sem fram kemur tilgangur úttektar, helstu viðmið og áherslur. Það fær óháða sérfræðinga til að sjá um framkvæmd úttekta og fer val á þeim samkvæmt verklagsreglum ráðuneytisins. Skólum, og eftir atvikum sveitarstjórnunum, er gert viðvart skriflega um væntanlega úttekt með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Ytra mat skal byggjast á fjölbreyttum gögnum og upplýsingum, svo sem niðurstöðum innra mats og öðrum skriflegum gögnum frá skólum, heimsóknum í skóla og viðtölum eftir því sem við á og athugun á kennslu. Skólum ber að upplýsa úttektaraðila sem best um þá þætti skólastarfsins sem úttektin beinist að.

Úttektaraðilar skila ráðuneytinu skýrslu með niðurstöðum sínum. Áður en úttektarskýrsla er send ráðuneytinu fær viðkomandi skóli tækifæri til að gera efnislegar athugasemdir. Athugasemdir skóla skal birta sem viðauka með skýrslu ef þess er óskað. Ytra mat er opinbert og skulu niðurstöður þess birtar á vefsvæðum skólans og ráðuneytisins eða með öðrum opinberum hætti. Jafnframt skal, eftir því sem við á, birta áætlanir sveitarstjórnar og skóla um úrbætur í kjölfar úttekta, á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Niðurstöðum ytra mats skal fylgt eftir með markvissum hætti. Ráðuneytið óskar eftir viðbrögðum grunnskóla og sveitarfélaga við niðurstöðum ytra mats. Á grundvelli þeirra viðbragða ákveður ráðuneytið til hvaða aðgerða verður gripið.

## HLUTVERK GRUNNSKÓLA

# 4

Árin sem barn stundar nám í grunnskóla eru mikilvægt mótunarskeið þess sem einstaklings og þjóðfélagsþegns. Skólanum er ætlað að gefa nemendum tækifæri til að tileinka sér þekkingu, leikni og hæfni sem býr þá undir nám að loknum grunnskóla og ævilangt. Í grunnskóla er lögð undirstaða að þátttöku einstaklinga í lýðræðisþjóðfélagi og þau manngildi ræktuð sem styðja eiga alhliða þroska þeirra, efla vitund um íslenska menningu og virðingu fyrir menningu annarra þjóða.

Samkvæmt lögum nr. 91/2008, um grunnskóla, er grunnskólinn 10 ára skóli. Almennt er gert ráð fyrir að nemendur hefji nám árið sem þeir verða sex ára. Lögin heimila þó að nemendur geti byrjað fyrr í skóla eða seinna og einnig lokið honum fyrr. Langflestir nemendur hefja grunnskólanám á sjötta aldursári og ljúka því á sextánda aldursári. Nemendur færast sjálfkrafa milli árganga frá 1.-10. bekk óháð námsárangri eða stöðu að öðru leyti. Í lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, er markmið grunnskóla skilgreint í 2. gr.



## 2. gr.

### *Markmið.*

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífellndri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfna hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Af markmiðsgrein laganna má sjá að markmið skólstarfs tekur til fjölmargra þátta. Margir þessara þátta standa ofar einstökum námsgreinum og námssviðum grunnskóla. Í því felst að það er á ábyrgð hvers skóla að ákvarða með hvaða hætti þeim er best fundinn staður í viðfangsefnum nemenda og vinnulagi. Áherslan er jöfnum höndum á starfshætti skólans og inntak námsins og þurfa þessir tveir meginþræðir að mynda órofa heild í skólastarfi. Mikilvægt er að hver skóli geri grein fyrir því í skólanámskrá hvernig þessum markmiðum verði náð. Velferð barna er grundvallaratriði í starfi grunnskóla, í samvinnu við heimilin og forsenda náms. Heilbrigði og hollar lífsvenjur eru grundvallaratriði í velferð nemenda. Grunnskólinn tekur við af leikskóla og leggur grunn að áframhaldandi námi og lífi í sjálfbæru samfélagi. Skólinn er vinnustaður nemenda um tíu ára skeið á mikilvægu þroska- og mótunarskeiði þeirra. Grunnskólinn er því mikilvægur liður í ferli einstaklingsins til alhliða þroska og almennrar menntunar. Í grunnskóla þarf að skapa skilyrði fyrir nemendur svo að þeir fái notið bernsku sinnar og efla með sér sjálfstraust og félagsfærni, virki sköpunarkraft sinn og rækti skilning á manngildi.

Sveitarfélög bera meginábyrgð á skólalagði og framkvæmd grunnskólalaga. Grunnskólinn er skyldunám og er hverju sveitarfélagi skylt að sjá öllum börnum á aldrinum 6–16 ára, sem þar eiga lögheimili, fyrir skólavist. Á það einnig við um börn, sem ráðstafað hefur

verið í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Í grunnskólalögum er kveðið á um það að skólaárið skuli að lágmarki ná yfir níu mánuði og að nemendur skuli árlega njóta 180 skóladaga að lágmarki.

Grunnskólum er skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum, bæði bóklegu námi, verk- og listnámi og sveitarfélögum er skylt að sjá nemendum fyrir viðeigandi námstækifærum hvernig sem á stendur um atgervi þeirra til líkama og sálar, félagslegt og tilfinningalegt ásigkomulag eða málþroska. Þetta á við um öll börn, fötluð og ófötluð, langveik, afburðagreind og börn með þroskaröskun, börn úr afskekktum byggðarlögum og börn úr minnihlutahópum sem skera sig úr hvað varðar mál, þjóðerni eða menningu.

Foreldrar bera ábyrgð á innritun barna sinna í grunnskóla og að þau sækji skóla. Foreldrar eiga rétt á því að velja grunnskóla innan sveitarfélagsins fyrir börn sín samkvæmt reglum sveitarfélagsins. Skólanefnd sveitarfélagsins fylgist með því að öll skólaskyld börn njóti lögboðinnar fræðslu. Einnig eru starfandi grunnskólar sem njóta viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðherra en eru reknir af öðrum aðilum en sveitarfélögum. Þessir skólar njóta fjárstuðnings frá sveitarfélögum og foreldrar geta einnig sótt þar um skólavist fyrir börn sín, samkvæmt reglum viðkomandi sveitarfélaga.

Skýr ábyrgð, réttindi og skyldur barna og foreldra stuðla að aukinni velferð nemenda. Því ber að leggja áherslu á þátttöku foreldra í skólastarfi og góð tengsl þeirra við stjórn skóla, kennara og skólasamfélagið. Auknum réttindum foreldra fylgir aukin ábyrgð sem gerist með virkri þátttöku foreldra og vönduðu ferli við val á fulltrúum í skólaráð ásamt virku flæði upplýsinga og samráði þeirra við aðra foreldra.

Lög um grunnskóla veita sveitarfélögum og skólum verulegt svigrúm og sjálfstæði til að skipuleggja nám í samræmi við þarfir og aðstæður á hverjum stað en meginstefnan, sem kemur fram í lögum og aðalnámskrá, er sú að allir nemendur eigi þess kost að stunda nám í heimaskóla sínum án aðgreiningar. Lögin ná einnig til sjálfstætt rekinna grunnskóla, sérskóla og sérúrræða, tilraunaskóla á grunnskólastigi og til viðurkennds náms á grunnskólastigi, s.s. heimakennslu, fjarkennslu eða dreifnáms.

## ALMENN MENNTUN Í GRUNNSKÓLA


# 5

Menntun í grunnskóla tekur einkum mið af lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, auk reglugerða sem settar hafa verið við lögin. Í 2. gr. laganna er gerð grein fyrir hlutverki grunnskólans og í 24. gr. er gerð grein fyrir inntaki náms og áhersluatriða sem tengjast ekki sérstaklega tilteknum námsgreinum eða námssviðum. Í 25. gr. segir að í aðalnámskrá skuli setja ákvæði um inntak og skipulag kennslu í tilteknum námsgreinum og námssviðum.

Markmið grunnskóla er samkvæmt lögum tvíþætt. Annars vegar almenn menntun sem stuðlar að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi og hins vegar það hlutverk að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Í því felst að nemandinn geri sér grein fyrir styrkleikum sínum, bæði þeim sem snúa að fræðilegri þekkingu og ekki síður þeim er snerta verkþekkingu og verklega færni. Almenn menntun styrkir þá hæfni einstaklingsins sem talin er nauðsynleg til að viðkomandi geti lifað og unnið í sátt við sjálfan sig, hafi möguleika á að þróast í og með umhverfi sínu og eigi möguleika á að bæta lífsskilyrði sín með því m.a. að geta tekið meðvitaðar ákvarðanir og haldið áfram námi.

Út frá markmiðsgreinum laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla hafa verið dregin fram grunnþættir menntunar. Þessir grunnþættir ásamt áhersluþáttum, sem tilgreindir eru í 24. gr. grunnskólalaganna, afmarka þá hæfni sem nemendur eiga að tileinka sér í grunnskóla. Tengsl þessara þátta eru skýrð í eftirfarandi mynd.

Í innsta hring er nemandinn sem menntun í grunnskóla snýst um. Næst honum er skilgreind sú hæfni sem stefnt er að nemandinn búi yfir við lok grunnskóla. Í framhaldi af því er fjallað um grunnþætti í íslenskri menntun og lögbundna áherslupætti grunnskólalaga sem skulu vera leiðarljós í allri menntun og starfsháttum skóla. Í þessum kafla verður fjallað nánar um hvern og einn þessara þátta.



## GRUNNÞÆTTIR Í MENNTUN OG ÁHERSLUÞÆTTIR Í GRUNNSKÓLALÖGUM

# 6

Í sameiginlegum inngangskafla fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eru skilgreindir grunnþættir í íslenskri menntun. Þessir grunnþættir eru:

- læsi,
- sjálfbærni,
- heilbrigði og velferð,
- lýðræði og mannréttindi,
- jafnrétti,
- sköpun.

Grunnþættir í menntun ásamt áhersluþáttum grunnskólalaga skulu vera leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum í grunnskóla. Þeir eiga að birtast í inntaki námsgreina og námssviða aðalnámskrár, í hæfni nemenda, námsmati, skólanámskrá og innra mati skólans. Grunnskólinn er eina skólastigið sem nemendum er skylt að sækja og er því mikilvægur vettvangur til að þroska með nemendum hæfni í anda grunnþáttanna og sem búa þau undir þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Í námi og kennslu ber samkvæmt ákvæði í 24. gr. laga um grunnskóla að leggja áherslu á ýmsa þætti í námi og kennslu. Þessir áhersluþættir eru nánari útfærsla á markmiðsákvæði laganna og grunnþáttum í íslenskri menntun. Þeir eiga það flestir einnig sammerkt að vera ekki bundnir við einstakar námsgreinar eða afmarkaða þætti skólastarfs heldur þurfa

þeir að vera almennt leiðarljós í allri menntun í grunnskóla, bæði formlegri og óformlegri og í starfsháttum skóla. Hér er fjallað í stuttu máli um hvern þessara mikilvægu þátta. Röðin fylgir stafliðum laganna. Í aðalnámskrá grunnskóla skal m.a. leggja áherslu á:

**Sjálfsvitund.** Í því felst að nemandi öðlist raunsæja og heilbrigða sjálfsmynd. Það felur í sér að nemendur þekki eigin tilfinningar, þekki sínar sterku og veiku hliðar og hafi trú á eigin getu og hæfni til að takast á við fjölbreytileg viðfangsefni daglegs lífs.

**Siðgæðisvitund** eða siðvit felur í sér að nemendur efli siðferðisþroska sinn og geti sett sig í spor annarra. Tilfinningar og reynsla nemenda gegna lykilhlutverki í þróun siðferðiskenndar þeirra sem felst í því að þeir tileinki sér hvað telst rétt og rangt, gott og slæmt í breytni fólks. Nemendur þurfa að læra að taka siðferðilega afstöðu til álitamála og virða rétt hvers og eins til að láta skoðanir sínar í ljós. Enn fremur að læra að gera greinarmun á jákvæðu og neikvæðu hegðunarmynstri í samskiptum og bera virðingu fyrir öðrum.

**Félagsvitund, borgaravitund.** Þessi hugtök fela í sér hæfni til að skynja, skilja og bregðast við tilfinningum annarra og hvað í því felst að búa í samfélagi með öðrum. Með borgaravitund er átt við viðhorf og hæfni fólks til að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi í samræmi við réttindi sín og skyldur.

**Félagsfærni** miðar að því að geta átt jákvæð og árangursrík samskipti við aðra. Heilbrigð sjálfsmynd er grundvöllur félagsfærni. Börn með góða félagsfærni eru líklegri til að eiga frumkvæði að samskiptum, viðhalda þeim og aðlaga sig breyttum aðstæðum. Þroskuð félagsfærni er grunnur að lífshamingju og lífsfyllingu hvers einstaklings.

**Líkamleg og andleg velferð hvers og eins.** Leggja þarf rækt við að leiðbeina nemendum um að temja sér heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi. Hreyfing, hollusta og heilbrigðir lífshættir eru mikilvæg viðmið í skólastarfi. Heilsa er skilgreind sem líkamleg, andleg og félagsleg velferð. Til að stuðla að góðri heilsu þarf, í samvinnu við heimilin, að leggja rækt við hollar lífsvenjur nemenda og að nemendur geri sér grein fyrir eigin ábyrgð og öðlist skilning á því að heilbriggt lífsemi stuðlar að almennri velferð. Góð heilsa er undirstaða velfarnaðar í námi og starfi og virkri þátttöku í samfélaginu.

Mikilvægt er að nemendur öðlist **færni í að nýta íslensku í námi**, leik og starfi. Leggja ber áherslu á að þjálfarar nemendur í íslensku í öllu námi. Þetta gildir jafnt um þá sem eiga íslensku að móðurmáli, þá sem eru af erlendu bergi brotnir og þá sem hafa táknmál að móðurmáli. Leggja ber áherslu á að nemendur þjálfist í að tjá þekkingu sína, skoðanir og tilfinningar á fjölbreyttan hátt, því ber m.a. að leggja áherslu á leikræna og listræna tjáningu og upplifun í skólastarfi.

Efla ber **rökhugsun og gagnrýna hugsun** nemenda sem og skapandi hugsun og lausnaleit. Nemendur eiga að þjálfast í að rökræða og rökstyðja mál sitt í ræðu og riti. Mikilvægt er að nemendur læri að ígrunda eigin hugsanir og geri sér grein fyrir hvaða áhrif tilfinningar hafa á hugsanagang þeirra, heilbrigða dómgreind og hæfileika til þess að bregðast við nýjum aðstæðum.

Leggja ber áherslu á að nemendur öðlist sem dýpstan skilning á þeim fyrirbærum sem þeir fást við í námi sínu. Það er m.a. gert með því að leggja áherslu á **frjótt, skapandi starf, verklega færni, nýsköpun og frumkvöðlanám** þar sem hvatt er til frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum og hagnýtingu í skólastarfi og daglegu lífi.

Gæta ber þess að **jafnvægi sé milli bóklegs náms og verklegs**. Bæði hugur og hönd hafa mikilvægu hlutverki að gegna þegar nemandi eflir með sér alhliða þroska. Þess skal gætt að ekki halli á verklegt nám þegar skólastarf er skipulagt. Þetta á bæði við um hlutfall bóklegra og verklegra greina en einnig um vinnulag og viðfangsefni innan hvernar námsgreinar frá upphafi til loka grunnskóla.

Börnum er **leikur** sjálfsprottin leið til náms- og þroska. Í grunnskóla er mikilvægt að viðhalda þessari aðferð í skólastarfi og þróa hana eftir því sem nemendur eldast. Leikur er 15 ára nemandi jafn árangursrík leið til þroska og skilnings og sex ára barni. Leikur má koma við innan allra námsgreina og námssviða í fjölbreyttu náms- og starfsumhverfi og í félags- og tólmundastarfi.

Nám á að gera nemandi kleift að takast á við **viðfangsefni daglegs lífs** og jafnframt að búa hann undir að frekara nám og starf að skyldunámi loknu. Áhersla á alhliða þroska er þó ætíð í fyrirrúmi. Nemendur þurfa að fá tækifæri til að nýta styrkleika sína og áhuga til menntunar og aukins þroska og tengja námið því sem nemendur þekkja heima hjá sér úr eigin nærsamfélagi og í hinum stóra heimi.

Leggja þarf áherslu á að nám **búi bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu**, bæði í einkalífi, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Kynjafræði og hugtök hennar eru mikilvægur þáttur í að gera nemendur meðvitaða um stöðu kynjanna í samfélaginu. Það varðar miklu að hvorki halli á pílta né stúlkur í þeim viðfangsefnum sem skólinn leggur þeim til. Öll viðfangsefni þeirra eiga að grundvallast á jafnræði og jafnrétti.

Námshæfni er undirstöðuþáttur í öllu skólastarfi og byggist á sjálfsskilningi nemandans og felur í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Námshæfni felst m.a. í hæfni til að **afla þekkingar og leikni eftir margvíslegum leiðum**. Nemendur þurfa að ná valdi á þessum leiðum, m.a. með því að ná tökum á tæknimiðlum, öðlast vald á að nýta upplýsinga- og samskiptatækni og kunna að nýta margvíslegar uppsprettur þekkingar með heimildaleit á söfnum og í gagnabönkum af margvíslegu tagi. Einnig þarf að nýta sér náttúruna og umhverfið sem vettvang náms og kennslu eftir föngum, s.s. með útikennslu en einnig mannaúð nærsamfélagsins, t.d. reynslu og þekkingu foreldra og fjölskyldu.

Nemendur verði búnir undir frekara nám og starf með markvissri **náms- og starfsfræðslu**, víðtækri kynningu á námi sem er í boði að loknu skyldunámi, kynningu á atvinnulífinu og hvernig nám býr fólk undir fjölþætt störf sem bjóðast í samfélaginu.

## 6.1 Þekking, leikni og hæfni

Eitt meginmarkmið náms í grunnskóla, frá upphafi skólagöngu til loka hans, er alhliða þroski og almenn menntun einstaklingsins. Sérhver nemandi þarf strax á unga aldri að búa sig undir að menntun er æviverk. Með því að skilgreina þá hæfni, sem að er stefnt frá upphafi skólagöngu, er lagður grunnur að heildstæðri almennri menntun. Hæfni snýr því að nemandanum sjálfum og er nemendamiðuð útfærsla á grunnþáttum og áherslupáttum.

Í grunnskóla er hæfni nemenda útfærð innan hvers námssviðs og námsgreinar og sem hæfniviðmið í mati við lok grunnskóla. Grunnskólar útfæra sjálfir hvernig hæfniþáttunum eru gerð skil í skólastarfi en vinnulag þarf að skýra í skólanámskrá.

Þekking, leikni og hæfni eru lykilhugtök í aðalnámskrá grunnskóla. Hugtakið hæfni felur í sér þekkingu og leikni og er samofið siðferðilegum viðhorfum nemenda. Nám í grunnskóla þarf að taka til allra þessara þátta þar sem tekið er mið af aldri og þroska nemenda. Í eftirfarandi skýringarmynd er að finna nánari skilgreiningu á hugtökunum þekking, leikni og hæfni og gerð grein fyrir tengslum þeirra innbyrðis.

### Skilgreining á hugtökunum þekking, leikni og hæfni

#### ÞEKING

er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.

- Þekkingar er aflað með því að horfa, lesa, hlusta á, ræða eða með upplifun og reynslu í gegnum athafnir.
- Þekking er greind með því að ræða, flokka og bera saman.
- Þekkingu er miðlað með fjölbreyttum tjáningaformum svo sem munnlega, skriflega eða verklega.

#### LEIKNI

er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum, verklagi og rökréttri hugsun.

- Leikni er aflað með notkun á aðferðum og þjálfun í verklagi.
- Leikni felur í sér greiningu með vali milli aðferða og skipulag verkferla.
- Leikni er miðlað með því að beita vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum mismunandi tjáningarforma.

#### HÆFNI

felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni.

- Hæfni gerir kröfur um ábyrgðartilfinningu, virðingu, víðsýni, sköpunarmátt, siðferðisvitund og skilning einstaklingsins á eigin getu. Einnig skiptir sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum máli.
- Hæfni felur í sér greiningu nemandans á eigin þekkingu og leikni með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir og rökstyðja. Hæfni til að greina byggist á gagnrýninni hugsun og faglegri ígrundun.
- Hæfni er miðlað með margvíslegum tjáningarformum þar sem vitsmunalegri, listrænni og verklegri þekkingu og leikni er fléttað saman við siðferðilegt og samfélagslegt viðhorf einstaklingsins. Hæfni gerir kröfu um sköpunarmátt, ábyrgð og virkni.





Í aðalnámskrá eru í sérstökum köflum sett ákvæði um inntak og skipulag náms í íslensku, íslensku sem öðru tungumáli og íslensku táknmáli, stærðfræði, ensku, dönsku eða öðru Norðurlandamáli, list- og verkgreinum, náttúrugreinum, skólaíþróttum, samfélagsgreinum, jafnréttismálum, trúarbragðafræði, lífsleikni og upplýsinga- og tæknimennt. Námsgreinar og námssvið grunnskólans eru hjálpartæki til að nemendur nái hæfniviðmiðum sem sett eru í aðalnámskrá. Það er ákvörðun hvers skóla hvort einstakar námsgreinar eða námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt en gæta skal þess að námið verði sem heildstæðast. Upplýsingar sem lúta að þessu eru birtar í skólanámskrá.

Kröfur um sértæka og almenna menntun nemenda eru settar fram sem hæfniviðmið. Námsmat í grunnskóla grundvallast á hæfni nemenda með hliðsjón af almennum hæfniviðmiðum og hæfniviðmiðum einstakra námssviða og námsgreina. Viðmiðin eru margvísleg. Þau varða bæði afmarkaða þætti þekkingar og leikni en einnig langtímamarkmið. Bæði þau sem skólum er ætlað að sinna og þau sem einstaklingar halda áfram að vinna að ævilangt. Hæfniviðmið vísa til þekkingar jafnt sem vinnubragða. Hæfniviðmiðum, sem lúta að félagsþroska, verður því aðeins náð að nemendur fái tækifæri til samvinnu og með lýðræðislegum vinnubrögðum í skipulagi náms og skólastarfs.

Á hverju námssviði eða innan hversrar námsgreinar skal tilgreina hvaða hæfni gera má ráð fyrir að nemandi búi yfir við lok grunnskóla.

## Lýsing á hæfni nemenda við lok grunnskóla og á fyrsta hæfniprepi framhaldsskóla

### ÞEKING

Nemandi býr yfir:

- fjölbreyttum orðaforða til að geta tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær,
- þekkingu á samfélagslegum gildum, siðgæði, mannréttindum og jafnrétti,
- þekkingu sem tengist því að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi,
- þekkingu sem tengist íslensku umhverfi í alþjóðlegu samhengi (s.s. menningu, samfélagi, náttúru og sjálfbærni),
- þekkingu sem nýtist til undirbúnings fyrir frekara nám,
- orðaforða til að geta tjáð sig á einfaldan hátt á erlendum tungumálum og innsýn í viðkomandi menningarheima,
- þekkingu og skilning á áhrifum fyrirmynda og staðalmynda á eigin ímynd og lífsstíl.

### LEIKNI

Nemandi hefur öðlast leikni til að:

- tjá sig á skýran, ábyrgan og skapandi hátt,
- taka þátt í samræðum, færa rök fyrir máli sínu og virða skoðanir annarra,
- vera verklega sjálfbjarga í daglegu lífi,
- beita skapandi hugsun í öllu starfi,
- vinna á sjálfstæðan, ábyrgan og skapandi hátt undir leiðsögn,
- nýta sér margvíslega tækni í þekkingarleit og miðlun þekkingar á ábyrgan og gagnrýninn hátt,
- nota fjölbreyttar námsaðferðir,
- umgangast umhverfi sitt með sjálfbærni í huga.

### HÆFNI

Nemandi:

- býr yfir hæfni til að tjá hugsanir sínar og tilfinningar í rökréttu samhengi,
- býr yfir hæfni á erlendum tungumálum til að tjá sig á einfaldan hátt,
- hefur skýra sjálfsmynd og gerir sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt,
- getur átt jákvæð og uppbyggileg samskipti og samstarf við annað fólk,
- ber virðingu fyrir lífsgildum, mannréttindum og jafnrétti,
- ber virðingu fyrir náttúru og umhverfi í alþjóðlegu samhengi,
- tekur ábyrga afstöðu til eigin velferðar, líkamlegrar og andlegrar,
- hefur tileinkað sér jákvætt viðhorf til náms,
- býr yfir hæfni til að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu nær- og fjærsamfélagi,
- býr yfir hæfni til að tengja þekkingu sína og leikni við daglegt líf, tækni og vísindi.

Í kaflanum um námsmat eru þessir þættir lagðir til grundvallar í viðmiðum fyrir þá lykilhæfni sem metin er við lok grunnskóla.

## NÁM OG KENNSLA

# 7

Í þessum kafla eru dregnar fram megináherslur um nám og kennslu sem eiga að stuðla að því að hver nemandi nái sem bestum árangri miðað við eigin forsendur. Þessi atriði eiga að vera leiðandi í skólastarfi og vera kennurum og stjórnendum skóla leiðsögn við skipulag náms og kennslu. Hver skóli útfærir þessi atriði nánar í skólanámskrá og kennarar í undirbúningi og framkvæmd kennslu.

### 7.1 Nám við hæfi hvers og eins

Í 2. grein laga um grunnskóla er lögð áhersla á það meginhlutverk grunnskólans að stuðla að alhliða þroska allra nemenda. Í þessu felst krafan um að nám sé á forsendum hvers og eins nemanda og fari fram í hvetjandi námsumhverfi þar sem hann finnur til öryggis og fær notið hæfileika sinna.

Nám í grunnskóla tekur mið af þroska, persónugerð, hæfileikum, getu og áhugasviði hvers og eins. Við allt skipulag skólastarfs og kennslu ber að leggja þessi atriði til grundvallar. Það gerir kröfur um að kennari leggi sig fram um að kynnast hverjum þeim nemanda sem hann kennir, meti stöðu hans í námi og hafi bæði nemanda og foreldra hans með í ráðum um þau markmið sem stefnt skal að hverju sinni. Leggja skal áherslu á að foreldrar fylgjist með námsframvindu barna sinna.

## 7.2 Jöfn tækifæri til náms

Í grunnskóla eiga allir nemendur rétt á að stunda nám við sitt hæfi. Tækifærin eiga að vera jöfn óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins. Þess er því gætt að tækifærin ráðist ekki af því hvort nemandi er af íslensku bergi brotinn eða af erlendum uppruna. Þau eru óháð því hvort um drengi eða stúlkur er að ræða, hvar nemandi býr, hvernig stéttar hann er, hvaða trúarbrögð hann aðhyllist, hver kynhneigð hans er, hvernig heilsufari hans er háttað eða hvort hann býr við fötlun eða hverjar aðstæður hans eru.

## 7.3 Nám í skóla án aðgreiningar

Á grunnskólastigi eiga allir nemendur rétt á að stunda skyldunám í almennum grunnskólum án aðgreiningar sem öll börn eiga rétt á að sækja. Með skóla án aðgreiningar er átt við grunnskóla í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir hvers og eins með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Í skóla án aðgreiningar er gengið út frá því að allir fái jöfn eða jafngild tækifæri til náms og að námið sé á forsendum hvers einstaklings. Í skóla án aðgreiningar ríkir ákveðið viðhorf sem einkennist af virðingu fyrir rétti allra nemenda til virkrar þátttöku í námssamfélagi heimaskóla óháð atgervi þeirra og stöðu. Þessi grundvallarhugmyndafræði í skólastarfi hér á landi felur í sér alhliða hlutdeild, aðgengi og þátttöku allra nemenda í skólastarfinu. Menntun án aðgreiningar er samfelld ferli sem hefur það að markmiði að bjóða upp á góða menntun fyrir alla. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda og leggja skal áherslu á að útrýma öllum gerðum mismununar og aðgreiningar í skólum.

Nemendahópur í grunnskóla er fjölbreyttur og þarfir þeirra mismunandi. Sveitarfélög skulu sjá til þess að skólaskyld börn, sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu eða eru vistuð hjá fósturforeldrum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu, fái sérstakan stuðning í skólastarfi í samræmi við sérþarfir þeirra eins og þær eru metnar. Nemendur með sérþarfir teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir. Bráðgerir nemendur og nemendur, sem búa yfir sérhæfileikum á vissum sviðum, eiga rétt á að fá námstækifæri við sitt hæfi. Þeir eiga að fá tækifæri til að þroska sérhæfileika sína og nýta tímann til hins ýtrasta með því að glíma við fleiri og flóknari markmið og krefjandi nám á eigin forsendum sem er þeim merkingarbært.

Ef foreldrar og sérfræðingar skóla meta aðstæður nemandans þannig að honum sé fyrir bestu að stunda nám í sérskóla geta foreldrar óskað eftir skólavistun í sérskóla tímabundið eða að öllu leyti. Í þessum efnum ráða hagsmunir barnsins.

## 7.4 Nemendur njóti bernsku sinnar

Skólinn á að vera griðastaður barna þar sem þau finna til öryggis, fá tækifæri til að þroska og nýta hæfileika sína og njóta bernsku sinnar. Bernsku- og æskuárin eru mikilvægt skeið í ævi hvers einstaklings. Hver skóladagur og hver kennslustund ber í sér þroskamöguleika sem nýta þarf til fulls. Mikilvægt er að halda við eðlislægri forvitni barnsins, hún er ein mikilvægasta forsenda alls náms. Leikurinn er leið ungra barna til að læra á heiminn og læra um heiminn. Miklu skiptir að leiknum sem námsaðferð sé gert hátt undir höfði í grunnskóla og sú áhersla einskorðist ekki við yngstu nemendurna. Í þessum rétti felst einnig að bernsku- og æskuárin hafa tilgang í sjálfu sér en eru ekki eingöngu undirbúningur frekara náms og starfa. Nemendur eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólstarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá. Taka skal tillit til sjónarmiða þeirra eftir föngum. Nemendur eiga að geta komið á framfæri sjónarmiðum sínum í öllu almennu skólstarfi, t.d. með reglulegum umræðum í kennslustundum undir stjórn umsjónarkennara þegar tilefni gefast til. Einnig eiga nemendur að geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri í gegnum fulltrúa sína í stjórn nemendafélags og skólaráði.

## 7.5 Hlutverk kennara

Meginhlutverk kennarans er kennslu- og uppeldisfræðilegt starf með nemendum, að vekja og viðhalda áhuga þeirra á námi, veita þeim handleiðslu á sem fjölbreytilegastan hátt og stuðla að góðum starfsanda og vinnufrið meðal nemenda. Þessu hlutverki má einnig lýsa sem forystuhlutverki; að vera leiðtogi í námi nemandans. Þetta felur í sér áherslu á að skapa nemendum frjóar og fjölbreytilegar námsaðstæður. Vönduð kennsla, sem lagar sig að þörfum og stöðu einstakra nemenda í skóla án aðgreiningar, eykur líkur á árangri. Mikilvægt er að kennarar vinni saman að menntun nemenda eftir því sem framast er kostur og að kennsla og uppeldi verði ekki aðgreind allt frá upphafi til loka grunnskóla.

Hver nemandi skal hafa umsjónarkennara. Umsjónarkennari tekur öðrum starfsmönnum fremur ábyrgð á námi nemenda sinna, þroska þeirra, líðan og velferð. Umsjónarkennari leggur sig fram um að kynnast nemendum sínum sem best, foreldrum þeirra og aðstæðum. Hann vinnur náið með þeim kennurum sem kenna nemendum í hans umsjá, safnar saman upplýsingum og kemur þeim áleiðis innan skóla og til foreldra í þeim tilgangi að gera foreldrum kleift að taka þátt í ákvörðunum sem varða barn þeirra og skólstarfið. Umsjónarkennari gegnir lykilhlutverki í farsælu samstarfi heimila og skóla og er megintengiliður milli skóla og heimila.

## 7.6 Skólabragur

Nemendur þurfa að tileinka sér í daglegu lífi ýmsa þætti til þess að vera virkir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi, þ. á m. samskiptahæfni, virðingu, umburðarlyndi og skilning á uppbyggingu lýðræðislegs þjóðfélags. Nemendur þurfa að læra að umgangast hvern annan og allt starfsfólk skóla í sátt og samlyndi og taka ábyrgð á eigin framkomu og hegðun og virða skólareglur. Leggja þarf áherslu á námsaga og sjálfsaga nemenda. Til þess að svo megi verða ber starfsfólki skóla í hvívetna að stuðla að góðum starfsanda og gagnkvæmri virðingu allra í skólanum í samstarfi við nemendur, foreldra og starfsfólk. Efla skal félagsfærni nemenda með því að skapa þeim tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfi. Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum.

## 7.7 Samstarf heimila og skóla

Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinn og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við skóla, veiti skólanum viðeigandi upplýsingar og taki þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi frá upphafi til loka grunnskóla. Upplýsingagjöf milli heimila og skóla og samráð kennara og foreldra um nám og kennslu er mikilvæg forsenda fyrir árangursríku skólustarfi. Skólar bera ábyrgð á að slíkt samstarf komist á og því sé viðhaldið alla skólagöngu barnsins. Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna.

## 7.8 Forvarnir

Grunnskólinn skal vinna markvisst að forvörnum og heilsueflingu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda skólans. Lögð skal áhersla á almennar forvarnir, s.s. gagnvart tóbaki, áfengi, öðrum vímuefnum og annars konar fíkn, t.d. net- og spilafíkn. Mikilvægt er að allir grunnskólar komi sér upp forvarnaráætlun sem birt er í skólanámskrá. Í forvarnaráætlun skal m.a. vera áætlun skólans í fíknivörnum og áfengis- og tóbaksvörnum, áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi, áætlun í öryggismálum og slysavörnum og stefna í agastjórnun. Einnig skal koma fram með hvaða hætti skólasamfélagið hyggst bregðast við ef mál koma upp. Kynna skal forvarnaráætlun skólans öllum aðilum skólasamfélagsins, starfsfólki skóla, foreldrum og nemendum og birta í skólanámskrá.

## 7.9 Tengsl skóla og nærsamfélags

Mikilvægt er að skólar byggi upp virk tengsl við nærsamfélag sitt og stuðli þannig að jákvæðum samskiptum og samstarfi við einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir. Þetta er mikilvægt til að auka fjölbreytni í námi, t.d. í valgreinum á unglingastigi og til þess að tengja nám nemenda veruleikanum í nærumhverfi þeirra svo það verði merkingarbærara. Þessi tenging snýr t.d. að umhverfi, menningu, listum, íþróttum, félags- og tómstundastarfi og atvinnulífi. Skólinn er oft hjarta byggðarlags þar sem kynslóðir mætast og má líkja við mannlífstorg borga og mikilvægt að skólar nýti möguleika sem bjóðast til að tengja saman ólíkar kynslóðir í samfélaginu. Það er því mikilvægt að virk og góð tengsl séu milli samfélagsins og skólans þar sem gagnkvæm virðing ríkir gagnvart þörfum og skyldum allra aðila. Í skólanámskrá skal gera grein fyrir því hvernig tengslum skólans við nærsamfélagið er háttað.

## 7.10 Sérfræðipjónusta í grunnskólum

Sérfræðipjónusta sveitarfélaga vegna grunnskóla beinist að því að efla grunnskóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og viðeigandi aðstoð við störf sín.

Sérfræðipjónusta tekur annars vegar til stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra með hagsmuni nemenda að leiðarljósi og hins vegar til stuðnings við nemendur í grunnskólum og foreldra þeirra. Markmið með sérfræðipjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Við framkvæmd sérfræðipjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á forvarnarstarf til að stuðla markvisst að almennri velferð nemenda og til að fyrirbyggja vanda. Snemmtækt mat á stöðu nemenda og ráðgjöf í kjölfarið er mikilvæg til að sem fyrst sé hægt að bregðast við námslegum, félagslegum og sálrænum vanda og skipuleggja kennslu og stuðning, með starfsfólki skóla, þannig að það hæfi hverjum nemanda í skóla án aðgreiningar. Sérfræðipjónustan á að mótast af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda óháð starfsstéttum sérfræðinga og hver veitir þjónustuna. Þannig skal velferð nemandans ávallt höfð að leiðarljósi.

Sérfræðipjónustan skal styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti í skólum, starfsfólk þeirra og foreldra með ráðgjöf og fræðslu. Viðeigandi tálkapijónusta er nauðsynleg til að tryggja að upplýsingar og ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum, því er mikilvægt að aðgengi að slíkri þjónustu sé gott.

Í lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er áhersla á samfellu í skólagöngu nemenda. Því er mikilvægt að við framkvæmd sérfræðipjónustunnar sé lögð áhersla á góða samfellu og heildarsýn sem birtist í markvissri upplýsingamiðlun um hagi nemenda þegar þeir fara á milli skólastiga. Nauðsynlegt er að ekki verði rof í menntun þeirra við tilfærsluna og tillit tekið til ákvæða laga um slíka upplýsingamiðlun milli skólastiga.

## 7.11 Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf er lögbundinn hluti af sérfræðipjónustu skóla. Náms- og starfsráðgjöf í grunnskóla felst í því að vinna með nemendum, foreldrum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Náms- og starfsráðgjöf felst í því að liðsinna nemendum við að finna hæfileikum sínum, áhugasviðum og kröftum farveg. Mikilvægt er að nemendur fái aðstoð við að leita lausna ef vandi steðjar að í námi þeirra eða starfi í skólanum. Náms- og starfsráðgjafar geta aðstoðað nemendur við að vinna úr upplýsingum um nám sitt og leiðbeint þeim við áframhaldandi nám og starf. Jafnrétti ber að hafa að leiðarljósi í náms- og starfsfræðslu með því að kynna piltum og stúlkum fjölbreytt námsframboð að loknum grunnskóla og störf af ýmsu tagi. Leitast skal við að kynna báðum kynjum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Nauðsynlegt er að kynna fyrir nemendum ný störf og þróun starfa sem fylgja breytingum í nútímasamfélagi.



### 7.12 Menningarfærni.

Ísland er lýðræðislegt samfélag þar sem *Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna* hefur verið lögfestur. Samkvæmt sáttmálanum skulu öll börn njóta sömu réttinda án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmalaskoðana, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra. Þessi ákvæði skulu endurspeglast í skólasamfélaginu þar sem réttur hvers og eins er virtur.

Skólasamfélagið skal einkennast af samvinnu, jöfnuði og lýðræði þar sem öllum líður vel, fjölbreytt menning fær að blómstra, hvatt er til virkrar þátttöku og raddir allra fá að heyrast. Leggja skal áherslu á að fjölmennningarleg gildi endurspeglast í verkefnavali, námsgögnum, náms- og kennsluáðferðum og vinnubrögðum í öllu skólastarfi. Eitt af meginhlutverkum grunnskólans samkvæmt markmiðsgrein laga um grunnskóla er að stuðla að alhliða þroska nemenda og þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

### 7.13 Móttaka nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Góð móttaka nýrra nemenda með íslensku sem annað tungumál skiptir sköpum við upphaf skóla-göngu. Skólum ber samkvæmt 16. gr. laga um grunnskóla að fylgja móttökuáætlun, sinni eigin eða sveitarfélagsins, sem byggir á bakgrunni nemenda, tungumálafærni og fyrri skólagöngu. Auk þess að taka mið af hæfni á ýmsum námssviðum og styrkleikum hvers og eins. Leggja skal fyrir stöðumat á þessum þáttum á sterkasta tungumáli nemandans. Í móttökuvíðtali skal lögð áhersla á heildræna móttöku nemenda og foreldra. Þar gefst nemandi og foreldrum tækifæri til að upplýsa skólann um þarfir, menningu og stöðu nemandans. Námsáætlun skal byggð á niðurstöðum þeirra upplýsinga og stöðumatsins. Ábyrgð á íslenskunámi nemandans hvílir á skólastjórnendum, umsjónarkennurum, íslenskukennurum, öllum öðrum kennurum og foreldrum og þessir aðilar þurfa að vinna saman til að námið verði markvisst. Eins er brýnt að annað starfsfólk sem kemur að námi eða frístundastarfi nemandans sé upplýst um hæfni hans í íslensku og taki þátt í að styðja við íslenskunámið og virkni nemandans í skóla- og frístundasamfélaginu. Óformleg menntun og þátttaka í skipulögðu frístunda-starfi stuðlar að því að styrkja hæfni nemenda í íslensku, efla félagsleg tengsl og auka virkni þeirra og hæfni.

Kennarar, skólastjórnendur og annað starfsfólk skólans skal gera sér far um að kynnast heimamenningu nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn: Skólakerfið í upprunalandinu getur verið að einhverju leyti ólíkt því íslenska og mögulega hefur orðið rof á skólagöngu nemandans um einhverj ár. Samskipti skólans við foreldra þurfa að vera regluleg og skýr og einkennast af trausti og gagnkvæmri virðingu og miðast að því að ná sameiginlegri sýn um menntun barna í íslensku skólakerfi.

Mikilvægt er að foreldrar með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn fái góða kynningu á skólanum og íslensku skólakerfi, t.d. væntingar um samstarf heimilis og skóla. Foreldrar skulu fá greinargóðar upplýsingar um námsstöðu barna sinna, framfarir og stuðning sem þeim er veittur. Einnig ber skólanum að fræða foreldra um kosti þess að halda við og rækta móðurmál barnanna. Þeir skulu upplýstir um leiðir sem þeir geta sjálfir farið til að styðja við nám barna sinna, lögum samkvæmt. Einnig fái þeir upplýsingar um rétt á tülkaþjónustu sem leið til að tryggja að allar upplýsingar skili sér milli skóla og heimilis.

Fjölbreyttur menningarbakgrunnur nemenda og foreldra þeirra skapar ýmis tækifæri til náms fyrir allt skólasamfélagið. Leita skal leiða til að kynna fyrir skólasamfélaginu mismunandi menningu og tungumál og stuðla þannig að gagnkvæmri aðlögun, víðsýni og þroska, til dæmis með aðkomu foreldra barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í skólastarfinu.

#### **7.14 – Fjölyngi.**

Tungumál eru auðlind og að viðhalda virku fjölyngi er hagsmunamál fyrir fjölyngd börn og sam-félagið í heild. Fjölyngi er lifandi og flókið félagslegt og persónulegt ferli sem snertir menningar-, félags-, vitsmuna- og námslega þætti tungumála. Tungumálaforði einstaklings er samofin heild og felur í sér alla færni í öllum tungumálum einstaklings. Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki við að styðja við tungumálaforða barna sinna og þar með talið að styðja við nám þeirra í íslensku. Foreldrar þurfa að vera upplýstir um að viðhorf þeirra til íslensku og náms skiptir máli fyrir námsframvindu barna þeirra.

Æskilegt er að skólar og frístundaheimili móti sér tungumálastefnu sem leiðarljós fyrir starfsfólk og nemendur í daglegu starfi og samskiptum. Taka skal mið af núgildandi lögum, stefnum, aðalnámskrám og alþjóðlegum skuldbindingum. Við mótun tungumálastefnu er mikilvægt að starfsfólk ígrundi í sameiningu hvernig unnið er með fjölbreytt tungumál og komi sér saman um þær áherslur sem eiga að vera ríkjandi. Í tungumálastefnu þarf að koma fram með hvaða hætti er unnið með tungumál í samskiptum og daglegu starfi og hvaða leiðir eru nýttar til að nýta tungumálaforða nemenda sem best ásamt því að virkja og viðhalda áhuga allra nemenda á fjölyngi.

## INNTAK OG SKIPULAG NÁMS

# 8

### 8.1 Kennsla

Kennsla beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf og öðlast þannig þá hæfni sem stefnt er að í menntun.

Í skóla án aðgreiningar á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja árangursríkustu leiðirnar til að ná sem bestum árangri í samræmi við hæfniviðmið sem stefnt er að hverju sinni. Við val á kennsluaðferðum og vinnubrögðum ber að taka tillit til aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga og eðlis viðfangsefnisins. Vönduð kennsla, sem lagar sig að þörfum og stöðu einstakra nemenda í skóla án aðgreiningar, eykur líkur á árangri.

Kennsluaðferðir og vinnubrögð í skólanum eiga að þjóna þeim hæfniviðmiðum sem stefnt er að. Sem dæmi má nefna að þau sem lúta að eflingu siðferðis- og félagsþroska, lýðræðislegri þátttöku og borgaravitund, verður t.d. því aðeins náð með því að efla siðfræði og félagsfærni nemenda á markvissan hátt og stuðla að jákvæðum skólabrag sem einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum, samstarfi og samvinnu.

Val á kennsluaðferðum og skipulag skólstarfs verður að miðast við þá skyldu grunnskóla að sjá hverjum nemanda fyrir bestu tækifærum til náms og þroska. Kennslan verður að taka mið af þörfum og reynslu einstakra nemenda og efla með nemendum áhuga og vinnugleði. Kennsluhættir skulu taka mið af jafnrétti og jafnræði og mega ekki mismuna

nemendum, t.d. eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

## 8.2 Námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Samkvæmt grunnskólalögum og lögum um námsgögn eiga nemendur í skyldunámi að fá námsgögn til afnota sér að kostnaðarlausu í þeim námsgreinum og námssviðum sem aðalnámskrá grunnskóla kveður á um. Óheimilt er að krefja nemendur í skyldunámi um greiðslu fyrir kennslu, námsgögn eða annað sem þeim er gert skylt að nota í náminu samkvæmt aðalnámskrá eða skólanámskrá. Einnig er óheimilt að krefja nemendur um greiðslu vegna vettvangsferða, sem eru hluti af skyldunámi þeirra, nema vegna uppihalds í slíkum ferðum, að höfðu samráði við foreldra.

Námsgögn, kennsluáferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Til námsgagna telst allt það efni sem notað er til að ná markmiðum náms og kennslu. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Sem dæmi um námsgögn má nefna prentað efni, s.s. námsbækur, þemahefti, handbækur og leiðbeiningar af ýmsu tagi, myndefni ýmiss konar, s.s. ljósmyndir, kvikmyndir, fræðslu- og heimildarmyndir, veggspjöld, hljóðefni eins og hljómdiska og stafrænar hljóðskrár, tölvuforrit, efni á Netinu, margmiðlunarefni, efni til verklegrar kennslu, útikennslu o.fl. Náttúran og menningarumhverfi skólans er einnig mikilvæg uppspretta náms og þroska.

Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsgögn skulu vera í samræmi við gildandi lög og aðalnámskrá á hverjum tíma. Námsgögn, sem valin eru til notkunar í grunnskólum, þurfa að höfða til nemenda, vera aðlaðandi og áhugavekjandi, efni þeirra skýrt og skipulega fram sett og taka mið af því sem ætla má að nemendur hafi áður tileinkað sér.

Við gerð námsgagna og val á þeim skal þess gætt að þau taki mið af grunnþáttum menntunar, þ.e. læsi, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð, menntun til sjálfbærni og skapandi starfa. Námsgögnin skulu höfða jafnt til beggja kynja og mismuna ekki einstaklingum eða hópum vegna kynferðis, kynhneigðar, búsetu, uppruna, litarháttar, fötlunar, trúarbragða eða félagslegrar stöðu.

## 8.3 Val og valgreinar

Val í námi er hluti af skólastefnu hvers sveitarfélags og skóla. Eitt af hlutverkum skólaráðs er að fjalla um stefnumótun og sérkenni skóla og þar með framboð valgreina í grunnskóla. Við ákvörðun um framboð og fjölbreytni valgreina er mikilvægt að taka mið af staðháttum, menningu og sögu nærsamfélagsins.

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla skal nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem svarar til allt að fimmtungi námstímans en skólar geta skipulagt mismunandi hlutfall valgreina eftir árgöngum og skal slíkt koma fram í árlegri starfsáætlun. Tilgangurinn með valfrelsi nemenda á unglingastigi er að hægt sé að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa.

Val í námi skal miða að skipulegum undirbúningi fyrir nám í framhaldsskóla og taka mið af undirbúningi fyrir bóknám, starfsmenntun, verknám og list- og tækninám. Í þessu skyni gefst nemendum kostur á að dýpka þekkingu sína á þeim námssviðum eða innan lögboðinna námsgreina. Einnig eiga nemendur að geta valið um viðfangsefni sem einkum miða að því að víkka sjónvildarhorning þeirra, stuðla að aukinni lífsfyllingu eða dýpka þekkingu, leikni og hæfni sína á tilteknum sviðum í samræmi við áhuga þeirra.

Skólar skulu gera grein fyrir tilhögun valgreina í starfsáætlun að fenginni umsögn skólaráðs og samþykki skólanefndar og kynna nemendum og foreldrum. Þar skal skilgreina markmið valgreina sem í boði eru, leggja fram kennsluáætlanir, yfirlit yfir námsefni og ákvarðanir um námsmat. Framboð valgreina skal koma fram í starfsáætlun skóla.

Að ósk foreldra er heimilt að meta sem nám tímabundna þátttöku nemenda í atvinnulífi og reglubundna þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi enda falli það að markmiðum skólastarfs. Einnig er heimilt að meta skipulagt nám, sem stundað er utan grunnskóla, til valgreina, t.d. nám við framhaldsskóla, listaskóla og málaskóla. Í hverju tilviki metur viðkomandi skóli umfang slíks náms og gæta þarf jafnræðis í afgreiðslu mála. Við það skal miðað að það nemi ekki meira en sem svarar 160 mín. vikulega á hverju skólaári á unglingastigi og er þá heimilt að meta slíkt til valgreina hjá viðkomandi nemendum.

## 8.4 Námsgreinar og námssvið

Grunnþættir í menntun skulu birtast í öllu skólastarfi. Þeir skulu koma fram í inntaki námsgreina og námssviða, bæði þeim aðferðum sem notaðar eru og þeirri þekkingu, leikni og hæfni sem nemendur skulu afla sér. Hugmyndirnar að baki þeim skulu því

endurspeglast í öllum námsgreinum. Til að öðlast fjölbreytilega hæfni þurfa nemendur að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Þetta kallar á námsaðferðir og verkefni sem krefjast þess að nemandinn samþætti þekkingu sína og leikni og tengi hana daglegu lífi, áhugamálum og samskiptum við annað fólk. Nefnd eru í greinanámskrám dæmi um hvernig grunnþættir og lykilhæfni fléttast inn í viðfangsefni og verklag einstakra námsgreina.

Námsgreinar eru mikilvægur hluti skólastarfs en ekki markmið í sjálfu sér. Það er ekki hlutverk skóla að kenna námsgreinar heldur að mennta nemendur og koma hverjum og einum til nokkurs þroska.

Í viðfangsefnum og aðferðum námsgreinanna kynnast nemendur ólíkum sviðum veraldarinnar; heimi hluta og hugmynda, náttúru og menningu. Þeir fræðast um nærumhverfi sitt og fjarlæg heimshorn, kynnast örheimi efnisagna og víðáttum geimsins. Námsgreinar gefa nemendum færi á að kynna sér og ræða siði og lífshætti, þekkingu og hugmyndir, kenningar og staðreyndir, lögmál og reglur sem gefa lífi þeirra og umhverfi merkingu og tilgang. Námsgreinarnar búa einnig yfir mismunandi aðferðum og verklagi, sem nýtast til náms og þroska. Inntak og verklag mismunandi námsgreina þarf að höfða til rökhugsunar jafnt sem tilfinninga og svara meðfæddri forvitni og sköpunarþrá nemenda. Aðferðafræði og verklag ólíkra námsgreina stuðlar að fjölbreyttu námi og almennri menntun. Í samfélaginu eru verkefni yfirleitt ekki sundurgreind og einangruð heldur samofin mörgum þáttum. Þetta er mikilvægt að hafa í huga við skipulag skólastarfs. Því ætti að vera áhersla á samþættingu námsgreina þar sem horft er til verkefna sem hafa snertifleti við margar námsgreinar. Þannig má nálgast það markmið að gera námið merkingarbærara fyrir nemendur, skýra fyrir þeim samhengi fræðigreina og nauðsyn þess að hafa innsýn í heim þeirra.

## 8.5 Viðmiðunarstundaskrá

Lög um grunnskóla ákvarða nánar námssvið og viðfangsefni skólastarfsins. Í 25. gr. laganna segir m.a. að setja skuli ákvæði um inntak og skipulag náms í íslensku, íslensku sem öðru tungumáli eða íslensku táknmáli, stærðfræði, ensku, dönsku eða öðru Norðurlandamáli, list- og verkgreinum, náttúrugreinum, skólaíþróttum, samfélagsgreinum, jafnréttismálum, trúarbragðafræði, lífsleikni og upplýsinga- og tæknimennt. Þar segir jafnframt að kveða skuli á um hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskóla. Þess skuli gætt að námið verði sem heildstæðast en hver grunnskóli ákveði hvort námsgreinar og námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt. Skólastjóri ber faglega ábyrgð á skipan kennslu. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir því að námsgreinar og námssvið grunnskóla dreifist eðlilega á námstímann og samkvæmt faglegum sjónarmiðum. Engu að síður veitir viðmiðunarstundaskráin sveigjanleika innan námssviða og á milli áfanga en útfærslu á því skal birta í starfsáætlun skóla.

Námssgreinar – Námssvið	1.-4. bekkur	5. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1. - 4. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Mínútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1.120	680	630	2.430	18,08%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	1.120	8,33%
Skólaíþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	300	160	870	1.330	9,90%
<b>Alls</b>	<b>4.800</b>	<b>4.200</b>	<b>4.440</b>	<b>13.440</b>	<b>100%</b>

### Skýringar við einstök námssvið í viðmiðunarstundaskrá.

**Erlend tungumál.** Undir þau heyrja enska og danska þar sem gert er ráð fyrir að enska sé fyrsta erlenda tungumálið og danska, norska eða sænska annað erlenda tungumálið.

**List- og verkgreinar.** Undir listgreinar heyrja tónmennt, sjónlistir og sviðslistir. Undir verkgreinar heyrja hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði. Þessi tvö svið skulu hafa jafnt vægi innan heildartímans.

**Náttúrugreinar.** Undir þetta svið heyrja m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, efnafræði, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt.

**Skólaíþróttir.** Undir þetta svið heyrja m.a. íþróttir og sund.

**Samfélagsgreinar.** Undir þær heyrja m.a. samfélagsfræði, saga, landafræði og þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði ásamt heimspeki.

**Upplýsinga- og tæknimennt.** Undir þetta heyrir m.a. miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni.

**Til ráðstöfunar/val.** Undir þetta heyrir ráðstöfunarstundir skóla, einkum í 1.–7. bekk og val nemenda í 8.–10. bekk. Út frá áherslupáttum námskrár í lögum skal hafa jafnvægi milli bóklegs náms og verklegs og þess gætt að ekki halli á verklegt nám þegar skólastarf er skipulagt. Það á einnig við um skipulag valnámskeiða. Því er gert ráð fyrir að allt að helmingur valstunda sé bundinn list- og verktengdu námi.

Hafa ber grunnþætti menntunar, áherslupætti í aðalnámskrá og lykilhæfni til viðmiðunar við útfærslu allra námssviða og námsgreina. Auk þeirra námsgreina og námssviða, sem tilgreind hafa verið í viðmiðunarstundaskrá, er gert ráð fyrir nokkrum þverfaglegum þáttum, s.s. nýsköpun, frumkvöðlamennt og nýmiðlun.

Mikilvægt er að horfa til þess við skipulag skólastarfs að viðmiðunarstundaskrá er rammi um vægi námsgreina og námssviða í tímaramma skólanna. Þar er ekki verið að taka ákvörðun um hve mikill tími fer í viku hverri í hverja námsgrein. Það er ákvörðun hvers skóla í samráði við skólasamfélagið hvernig stundaskrár líta út. Það er ekkert sem mælir gegn því að námsgreinar eða námssvið séu tekin fyrir á styttri tíma en heilum vetri þannig að þær hafi meira vægi í stundaskrá nemenda ákveðið tímabil og séu svo ekki í stundaskrá önnur tímabil. Hvað þetta varðar hafa skólar svigrúm.

Í sérstökum köflum í aðalnámskrá verða sett ákvæði um inntak og skipulag námsgreina og námssviða sem tilgreind eru í grunnskólalögum. Þar er fjallað um:

- Menntagildi greinarinnar og megintilgang. Tekið er mið af menntastefnu sameiginlegs inngangskafila aðalnámskrár og almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla, einkum grunnþáttum í menntun og áherslupáttum í grunnskólalögum.
- Kennsluaðferðir. Gerð er grein fyrir þeim kennsluaðferðum sem eru einkennandi fyrir greinina eða sviðið.
- Námsmat. Gerð er grein fyrir fjölbreyttum aðferðum við námsmat sem taka mið af megintilgangi og hæfniviðmiðum. Sett eru hæfniviðmið um námsmat með hliðsjón af ákvæðum aðalnámskrár.
- Hæfniviðmið. Gerð er grein fyrir hæfniviðmiðum sem fela í sér þekkingu og leikni innan hvernar námsgreinar eða námssviðs og lykilhæfni sem stefnt er að við:

Lok 4. bekkjar

Lok 7. bekkjar

Lok 10. bekkjar

- Önnur atriði sem varða sérstöðu greinarinnar eða greinasviðsins, t.d. tengingu við þverfaglega þætti, samþættingu, samstarf heimila og skóla og mögulega nýtingu nærumhverfis.



# NÁMSMAT Í GRUNNSKÓLA

# 9

## 9.1 Markmið með námsmati í grunnskóla

Mat á hæfni og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Námsmat á einnig að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir, sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms.

## 9.2 Námsmat í skólanámskrá og starfsáætlun skóla

Gera skal grein fyrir námsmatsviðmiðum og matskvarða í skólanámskrá þannig að nemendum, foreldrum og öllum starfsmönnum skóla sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar og hvernig skólinn hyggst meta hvernig þær eru uppfylltar. Þeir sem í hlut eiga; nemendur, foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skóla, þurfa allir að geta skilið niðurstöður námsmats á svipaðan hátt. Það er forsenda þess að unnt sé að nýta upplýsingarnar til að bæta nám og kennslu.

### 9.3 Fjölbreyttar matsaðferðir

Markmið skólstarfs eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim og því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar. Þær verða að hæfa hæfniviðmiðum, endurspeгла áherslur í kennslu og taka mið af nemendahópnum. Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt gagnvart nemendum. Það þýðir að meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af hæfniviðmiðum í aðalnámskrá.

### 9.4 Viðmið um námsmat í grunnskóla

Í aðalnámskránni eru sett fram matsviðmið við lok grunnskóla fyrir einstakar námsgreinar og námssvið. Einnig eru sett viðmið fyrir mat á lykilhæfni nemenda. Matsviðmiðin eru lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu. Lýsingarnar eru tengdar einkunnunum A, B og C og einungis skilgreindar fyrir 10. bekk. Matskvarðann ber að nota við brautskráningu nemenda úr grunnskóla.

Samhliða ákvæði í kafla 9.2 eru grunnskólar hvattir til að nota ofangreindan matskvarða þar sem við á, enda er hann nýttur eins og kostur er við stöðluð próf og skimunarpróf í grunnskóla. Ráðuneytið gefur út nánari leiðbeiningar um matsviðmið fyrir 4. og 7. bekk og nánari útfærslu á námsmati í grunnskóla í samræmi við ákvæði aðalnámskrárinnar.

Matskvarðinn er skilgreindur sem sex einkunnir: A, B+, B, C+, C og D. Lýsingar á matsviðmiðum standa á bak við einkunnirnar A, B og C. Matsviðmið fyrir B eru byggð á hæfniviðmiðum sem skilgreind eru í aðalnámskrá fyrir 10. bekk og framsetning þeirra er með þeim hætti að gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni. Einkunnina A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og einkunnina C fá þeir sem standast ekki þær kröfur sem gerðar eru í B einkunnar viðmiðum. D einkunn lýsir hæfni í námi sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C einkunn og er gert ráð fyrir að skóli geri þar grein fyrir hæfni nemanda út frá einstaklingsmiðaðri námskrá og áætlun.

Bókstöfunum B+ og C+ hefur verið bætt við námsmatskvarðann frá því að aðalnámskrá kom út árið 2011. Þær einkunnir lýsa hæfni nemenda sem náð hafa að hluta til viðmiðum sem lýst er í aðal-námskránni. Ekki eru útbúin ný matsviðmið heldur er einkunnin B+ notuð þegar hæfni nemenda er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B, þ.e. nemandi hefur náð öllum viðmiðum einkunnarinnar B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A. Sama á við um einkunnina C+. Þar hefur nemandi náð að hluta til þeim viðmiðum sem einkunnin B kveður á um en öllum viðmiðum einkunnarinnar C.

Nr. 838 9. september 2015

Viðmið um mat á lykilhæfni í grunnskóla eru sett fram í fimm liðum sem eru sameiginlegir öllum námssviðum:

- Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.
- Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að beita þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.
- Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
- Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnn hátt.
- Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Með því að skilgreina hæfniviðmið í lykilhæfni frá upphafi skólagöngu er dregið fram mikilvægi þess að grunnskólinn skapi vettvang til að efla með nemendum hæfni sem býr þá undir þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og endurspeglast víða í hæfni og matsviðmiðum námssviða. Gert er því ráð fyrir að unnið sé með lykilhæfni sérstaklega og á öllum námssviðum og lagt mat á hana í öllum árgöngum. Þar sem vandamt getur verið að meta suma þætti hennar, svo sem siðgæði og siðferðisleg viðhorf, jafnrétti, lýðræði, mannréttindi og borgaravitund getur hentað að tengja mat á lykilhæfni við námsmat einstakra námsgreina og námssviða. Hafa verður í huga að sum markmið eru þess eðlis að ekki kemur fram fyrr en síðar á lífsleiðinni hvort þeim var náð eða ekki. Ekki er gert ráð fyrir að einkunn í lykilhæfni sé birt á vitnisburðarskírteini nemenda við lok grunnskóla.

Við lok grunnskóla skal nemandi fá skírteini er vottar að hann hafi lokið námi í grunnskóla. Í skírteini skal skrá vitnisburð nemanda í öllu námi sem hann stundaði á lokaári í grunnskóla en æskilegt er einnig að hafa til hliðsjónar nám í 8.-10. bekk. Á vitnisburðarskírteini skal koma fram hvaða viðmið eru lögð til grundvallar námsmatinu.

## 9.5 Tengsl við hæfniprep í framhaldsskóla

Námi í framhaldsskóla er skipað á fjögur hæfniprep sem skarast annars vegar við grunnskólastig og hins vegar við háskólastig. Prepin lýsa stigvaxandi kröfu um þekkingu, leikni og hæfni nemenda. Mikilvægt er að nemandi hefji nám á því þrepi í framhaldsskóla sem hentar honum best. Sameiginleg viðmið í námsmati við lok grunnskóla og samræmdur matskvarði á að stuðla að því. Nemendur hefja nám í framhaldsskóla

ýmist á 1. eða 2. þrepi samkvæmt nánari útfærslu í aðalnámskrá framhaldsskóla og skólanámskrá viðkomandi skóla.

Námsmatskvarðinn A-D er skilgreindur þannig að nemandi sem fær B, B+ eða A hefur náð hæfniviðmiðum í 10. bekk. Má því gera ráð fyrir að þeir nemendur sem ná þeim viðmiðum búi yfir hæfni til þess að hefja nám í íslensku, ensku og stærðfræði í framhaldsskóla á öðru hæfniprepi. Mat á því hvaða þrep hentar best hverjum og einum er í höndum viðkomandi framhaldsskóla í samráði við nemendur og foreldra og er útfært nánar í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

Ávallt er um einstaklingsmiðað mat að ræða. Grunnskólinn er ábyrgur fyrir því að um réttmætt og áreiðanlegt mat sé að ræða við lok grunnskóla og að veita nemendum, foreldrum og framhaldsskólum sem besta leiðsögn um nám í framhaldsskóla.

## 9.6 Námsmat þarf að fara fram jafnt og þétt á námstímanum

Kennarar þurfa að hjálpa nemendum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skal stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.

## 9.7 Fjölbreytni í námsmati

Form námsmatsverkefna þarf að vera fjölbreytt og í samræmi við kennslutilhögun og höfða til sem flestra matsþátta. Þannig skal meta munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, myndræn, stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir, einstaklingsverkefni og hópverkefni, verkefni sem unnin eru á afmörkuðum tíma og óafmörkuðum og próf af ýmsu tagi. Mappa eða vinnubók, þar sem nemandi safnar saman verkefnum og úrlausnum, t.d. með rafrænum hætti, getur hentað vel til að fá yfirsýn yfir það hversu vel nemandinn hefur unnið, ástundun, virkni, vinnubrögð, framfarir nemenda og félagsfærni.

Námsmat þarf að taka tillit til sérparfa nemenda og sértækra námsörðugleika þeirra. Skólum ber að gera það sem unnt er til þess að koma til móts við þarfir hlutaðeigandi nemenda í þessu efni. Þessir nemendur eiga rétt á að námsmat sé lagað að þörfum þeirra, m.a. með lengri próftíma, sérhönnuðum prófum, notkun hjálpargagna, aðstoð og munnlegu námsmati. Eigi nemendur við lestrarörðugleika að stríða er æskilegt að leggja verkefni fyrir þá munnlega eða með öðrum viðeigandi hætti í samræmi við sérþarfir nemandans.

## 9.8 Samræmt námsmat í grunnskólum

Mennta- og menningarmálaráðuneyti stendur fyrir samræmdu námsmati í grunnskólum, leggur grunnskólum í því skyni til samræmd könnunarpróf og annast framkvæmd samræmds námsmats.

Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði eru lögð fyrir alla nemendur í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla. Nemendur í 10. bekk þreyta auk þess samræmt könnunarpróf í ensku. Önnur próf eru haldin samkvæmt ákvörðun ráðherra hverju sinni. Samræmdum könnunarprófum er einkum ætlað að mæla hvort markmiðum aðalnámskrár hefur verið náð og gefa nemendum, foreldrum, starfsmönnum skóla og fræðsluyfirvöldum upplýsingar og viðmiðanir á landsvísu. Skólastjóra er heimilt, ef gildar ástæður mæla með því og samþykki foreldra liggur fyrir, að veita nemendum undanþágu frá því að þreyta könnunarpróf í einstökum prófgreinum 4., 7. og 10. bekkjar. Hér er m.a. átt við nemendur af erlendum uppruna sem nýlega eru komnir til landsins og hafa takmarkaða íslenskukunnáttu, nemendur með sérþarfir og langveika nemendur.

Gefa skal út yfirlit yfir heildarniðurstöður samræmdra könnunarprófa og dreifa til grunnskóla, skólaráða við grunnskóla, skólanefnda og fræðsluyfirvalda. Heimilt er að láta öðrum í té upplýsingar um niðurstöður samræmdra prófa en ætíð skal gæta trúnaðar gagnvart einstökum nemendum.

## 9.9 Stöðluð próf og skimunarpróf í grunnskóla

Skólar skulu eiga aðgang að greinandi prófum og öðrum matstækjum sem auðvelda könnun á tilteknum þáttum náms og kennslu þar sem hægt er að nota niðurstöður til að veita nemendum leiðsögn og kennslu við hæfi. Stöðluð próf, t.d. lestrarpróf, lesskimunarpróf, málþroskapróf, stærðfræðipróf og hreyfiþroskapróf sem spá fyrir um hugsanlega námsörðugleika, staðlaðir spurningalistar og fleiri slík matstæki geta reynt afar gagnleg hjálpartæki til að greina erfiðleika snemma á skólagöngunni og auka líkur á að ráðin verði bót á þeim með skipulegum aðgerðum.

## 9.10 Brautskráning úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið

Ef niðurstöður samræmdra könnunarprófa sýna að nemandi í 9. bekk hefur sýnt framúrskarandi (A) eða góða hæfni (B) samkvæmt hæfnikröfum 10. bekkjar og náð framúrskarandi árangri í öðrum greinum geta foreldrar óskað eftir því við skólastjóra grunnskóla að barn þeirra sé útskrifað úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið.

Skólastjóri skal ráðfæra sig við umsjónarkennara nemandans og sérfræðipjónustu sveitarfélagsins áður en hann tekur ákvörðun í málinu. Skólastjóri metur hvenær nemandi

hafi lokið grunnskólanámi og ber ábyrgð á útskrift hans úr grunnskóla. Nemandi ber að ljúka öllu skyldunámi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla með framúrskarandi árangri áður en hann útskrifast þaðan, samanber eftirfarandi viðmið:

- Nemandi uppfylli viðmið með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár með framúrskarandi árangri.
- Nemandi hafi fengið náms- og starfsráðgjöf.
- Skólastjóri telji útskrift ráðlega.
- Nemandi hefur félagsþroska til að takast á við félagslegt umhverfi framhaldsskóla.

Nemendur sem ekki hafa lokið grunnskólanámi geta þó hafið nám í framhaldsskóla samhliða í samráði við foreldra, viðkomandi framhaldsskóla og viðkomandi sveitarfélag, þar sem ljóst sé hvernig námið er formlega metið. Samkvæmt grunnskólalögum er gert ráð fyrir að nánar sé samið um framkvæmd og fyrirkomulag milli hlutaðeigandi grunn- og framhaldsskóla.

Ákveði skólastjóri að synja foreldrum um útskrift úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið geta foreldrar kært þá synjun grunnskóla til mennta- og menningarmálaráðuneytis sem úrskurðar í málinu.

## MAT Á GRUNNSKÓLASTARFI

# 10

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Mat á skólastarfi í grunnskóla er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat (sjá einnig kafla 3).

### 10.1 Innra mat í grunnskóla

Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla. Í hverjum skóla skal móta skýra stefnu í samræmi við grunnþætti í menntun, markmið og áhersluþætti grunnskólalaga, ákvæða í aðalnámskrá grunnskóla

og skólustefnu viðkomandi sveitarfélags. Jafnframt tekur innra mat mið af starfsaðferðum og sérstöðu hvers skóla sem fram kemur í skólanámskrá. Í skólanámskrá skal gera grein fyrir áherslum og áætlunum um innra mat.

Í hverjum skóla ber að meta árangur og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti. Ýmsar leiðir eru færar við mat skóla á eigin starfi en mikilvægt er að það kerfi, sem unnið er eftir, henti skólastarfi viðkomandi skóla. Í vinnu við innra mat skal gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá. Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hefur verið náð. Aðferðir við innra mat taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður innra mats skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

## 10.2 Ytra mat í grunnskóla

### Mat og eftirlit sveitarfélaga

Skólanefnd skal í umboði sveitarstjórnar hafa eftirlit með því að skólastarf í grunnskólum samræmist grunnskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Þetta á bæði við um þá skóla sem reknir eru af sveitarfélaginu og þá sem reknir eru af öðrum aðilum. Skólanefnd ber ábyrgð á að skólastarf sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers skóla. Við matið má styðjast við margs konar upplýsingar. Þar má t.d. benda á upplýsingar um innra mat, mat á skólanámskrá og starfsáætlun skóla, framkvæmd skólustefnu sveitarfélagsins, tölulegar upplýsingar og önnur gögn eftir því sem við á. Skólanefnd ber einnig ábyrgð á því að grunnskólinn meti innra starf sitt með markvissum hætti. Mikilvægt er að skólanefnd fylgi því eftir að niðurstöður innra mats skólans stuðli að auknum gæðum og bættum árangri í öllu starfi hans.

Sveitarstjórn ber að tryggja að upplýsingum um skólastarf sé miðlað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, starfsfólks skóla, foreldra og nemenda. Sveitarstjórn skal einnig miðla viðeigandi upplýsingum innan sveitarfélags um úttektir og kannanir á starfsemi skóla.

Niðurstöðum úttekta og kannana skal fylgt eftir með markvissum hætti en eftirfylgni tekur mið af viðfangsefni og niðurstöðum.



## Mat og eftirlit mennta- og menningarmálaráðuneytis

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög um grunnskóla, reglugerðir og aðalnámskrá grunnskóla kveða á um. Reglubundið ytra mat ráðuneytisins felst í úttektum, könnunum og rannsóknum ásamt almenntri öflun, greiningu og miðlun upplýsinga. Ráðuneytið gerir áætlun til þriggja ára um ytra mat, kannanir og úttektir, sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd skólaihalds í grunnskólum.

Niðurstöður allra kannana og úttekta eru birtar á vef ráðuneytisins. Þar verða einnig birtar greinargerðir og umbótaáætlanir sveitarstjórna sem byggðar eru á niðurstöðum ytra mats. Áhersla er lögð á að kanna hvort skólastarfið samræmist ákvæðum laga og reglugerða og þeim markmiðum sem sveitarfélög og einstaka skólar hafa sett sér. Niðurstöðum ber að fylgja eftir og tekur eftirfylgni ráðuneytisins mið af niðurstöðum hverju sinni.

# SKÓLAÞRÓUN

# 11

Skólastarf þarf að vera í sífelldri mótun. Ný þekking á sviði uppeldis og menntunar kallar á endurskoðun, sama má segja um nýja þekkingu innan þeirra fræðasviða sem eru bakhjarlar námssviða og námsgreina. Breyttar þjóðfélagsaðstæður og tækninýjungar knýja einnig á um breytingar. Samstarf og samhæfing eru lykilatriði í farsælu þróunarstarfi á sviði skólamála. Yfirvöld menntamála, sveitarstjórnir, sérfræðipjónusta, skólastjórnendur og kennarar bera sameiginlega ábyrgð á því að skólastarf sé í stöðugri endurskoðun og umbótaviðleitni einkenni störf þeirra sem þar deila ábyrgð. Skólaþróun er skipuleg, markviss og stöðug viðleitni til umbóta í skólum. Öll skólaþróun hefur hag barna að leiðarljósi.

## 11.1 Skólastefna sveitarfélaga

Gert er ráð fyrir að sveitarfélög móti skólastefnu sem tekur mið af aðstæðum á hverjum stað og þeim áherslum sem þau vilja hafa að leiðarljósi. Miklu varðar að stefnumótun sveitarfélaga sé unnin í víðtæku samstarfi flestra þeirra sem málið varðar með beinum hætti. Má þar nefna skólanefnd, foreldra, nemendur, stjórnendur, kennara og annað starfsfólk skóla svo og aðra aðila sem skólastefna nær til og hefur áhrif á. Stefna sveitarfélags þarf að gefa einstökum stofnunum sem eftir henni starfa svigrúm til faglegra ákvarðana. Sjálfstætt reknir skólar hafa sínar eigin áherslur og leiðarljós til hliðsjónar við þróun skólastarfs innan þess ramma sem þjónustusamningur veitir.

## 11.2 Stefna einstakra skóla

Í skólanámskrá birtist menntastefna viðkomandi skóla. Þar er því lýst hvernig staðið er að þróunar- og umbótastarfi innan skólans. Menntastefna yfirvalda og stefna sveitarfélags marka einstökum skólum ramma til að starfa innan. Skólaþróun er samvinnuverkefni starfsmanna, foreldra og nemenda og vinnulag þarf að taka mið af því.

Innra mati skóla er ætlað að stuðla að umbótum. Innra mat dregur fram styrkleika og veikleika og á þeim grunni er unnt að forgangsraða þeim verkefnum sem brýnt er að unnið sé að. Niðurstöður innra mats geta einnig verið hvati að þróunarstarfi í skólum.

Ný þekking er önnur uppspretta þróunarstafs. Símenntun starfsmanna getur verið aflvaki slíkrar þekkingar sem á rætur í fræðilegri framvindu og rannsóknum. Stefna skóla og símenntunaráætlanir fyrir skólann í heild eða einstaka starfsmenn þurfa að vera í samræmi við umbótaáætlanir og styðja við þær.

Skólaþróun byggist bæði á viðhorfum og verklagi. Skóli, sem mótar áætlanir nokkur ár fram í tímann, á auðveldara um vik en ella að afmarka einstök viðfangsefni og fella þau að heildarstefnu skólans. Fagleg forysta og markviss leiðsögn er ein meginforsenda fyrir árangursríku þróunarstarfi.

## SKÓLANÁMSKRÁ OG STARFSÁÆTLUN SKÓLA

# 12

Hver skóli skal birta stefnu sína með tvennum hætti. Annars vegar er almenn stefnumörkun birt í skólanámskrá og hins vegar eru upplýsingar, sem eru breytilegar frá ári til árs, birtar í árlegri starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð skólanámskrár og starfsáætlunar og skal semja þær í samráði við kennara skólans og annað starfsfólk sem með því móti hafa skuldbundið sig til að framfylgja þeim. Í skólaráði skal fjalla um skólanámskrá og árlega starfsáætlun skóla. Skólanefnd staðfestir gildistöku þeirra þegar ljóst er að þær hafa verið unnar í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, skólastefnu, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Í næstu köflum eru viðmið um þætti sem þurfa að koma fram í skólanámskrá annars vegar og starfsáætlun hins vegar. Skólar hafa visst svigrúm um útfærsluna.

### 12.1 Skólanámskrá

Sérhver skóli semur skólanámskrá. Í skólanámskrá gerir skóli grein fyrir því hvernig hann nýtir það svigrúm til ákvarðana og athafna sem lög, reglugerðir, aðalnámskrá og skólastefna viðkomandi sveitarfélaga veita. Skólar sem eru einkareknir og tilheyra ekki tilteknu sveitarfélagi þurfa ekki að lúta ákvæðum skólastefnu sveitarfélaga.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár og í henni gefst kostur á að laga opinber fyrirmæli að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum og gera grein fyrir hvernig þær aðstæður eru nýttar til að efla nám og kennslu.

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggist á. Þar eru útfærð þau almennu viðmið sem sett eru í aðalnámskrá.

Í skólanámskrá skal m.a. birta upplýsingar um:

- starfsemi skólans frá stofnun hans og helstu atriði í þróun skólans frá upphafi,
- stefnu skólans; gildi, uppeldis- og kennslufræðilega stefnu og kennsluhætti,
- útfærslu skólans á grunnþáttum í menntun og áherslupáttum grunnskólalaga,
- markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár,
- námsmat skólans og vitnisburðarkerfi,
- innra mat á árangri og gæðum,
- áætlanir um umbætur og þróunarstarf,
- samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun,
- samstarf við leikskóla og framhaldsskóla, móttöku- og tilfærsluáætlun,
- tengsl skóla við nærsamfélagið og hvernig nýta má það til náms og þroska,
- áætlanir um:

móttöku nýrra nemenda,

áfengis- og fíknivarnir,

aðgerðir gegn einelti og öðru ofbeldi,

öryggis- og slysavarnir,

jafnrétti og mannréttindi,

viðbrögð við áföllum,

agamál.

## Starfsáætlun

Í árlegri starfsáætlun er gerð grein fyrir starfstíma skólans og mikilvægum dagsetningum. Í starfsáætlun kemur fram hvernig þeim 180 skóladögum, sem skóli hefur til ráðstöfunar, er varið. Í áætluninni er skóladagatal birt en þar sést hvenær kennsla hefst að hausti og hvenær henni lýkur að vori.

Í starfsáætlun skal m.a. birta upplýsingar um:

- stjórnskipulag skólans, þ.m.t. skipurit,
- starfsfólk skólans,
- skóladagatal, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa. Í skóladagatali skulu þeir 10 dagar, sem heimilt er að skerða viðveru nemenda auðkenndir, sérstaklega með skýringum,
- tilhögun kennslu, s.s. kennsluáætlanir,
- viðfangsefni innra mats,
- starfsáætlun nemenda, þ.m.t. upplýsingar um stundaskrá nemenda, foreldraviðtöl, helstu viðburðir skólaársins og vettvangsferðir,
- val nemenda í 8.–10. bekk,
- skólaráð, foreldrafélag og nemendafélag og starfsáætlanir þeirra,
- skólareglur,
- upplýsingar um stoðþjónustu, þ.m.t. skólaheilsugæslu og sérfræðiþjónustu,
- upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf,
- símenntunaráætlun,
- rýmingaráætlun,
- viðbrögð við vá, s.s. veikindafaraldri, óveðri, eldgosi, jarðskjálftum,
- annað sem varðar starfsemi skólans ár hvert, m.a. hagnýtar upplýsingar um opnunartíma skólans, viðveru sérfræðinga, mötuneyti, forföll og leyfi.

## ÁBYRGÐ OG SKYLDUR NEMENDA, STARFSFÓLKIS OG FORELDRA

# 13

Mikilvægt er að allir í skólasamfélaginu kappkosti í sameiningu að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag sem felur í sér gagnkvæmt traust, virðingu og samábyrgð þar sem öryggi, vellíðan, heilbrigðar og hollar lífsvenjur eru hafðar að leiðarljósi.

### 13.1 Ábyrgð nemenda og skyldur

Hér er fjallað um ábyrgð nemenda og skyldur en þessi hugtök eru nátengd. Ekki er hægt að fjalla um skyldur nemenda án þess að fjalla jafnframt um ábyrgð. Réttindum fylgja skyldur og ábyrgð fylgir hvoru tveggja. Bæði er um að ræða einstaklingsábyrgð og samábyrgð. Hér er bæði átt við að nemandinn sem einstaklingur beri ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum annars vegar og hins vegar samábyrgð þar sem hann er hluti af hópi/samfélagi og er þar með samábyrgur öðrum í hópnum/samfélaginu.

#### 13.1.1 Ábyrgð nemenda á eigin námi

Áhersla er lögð á að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og venji sig sem fyrst á gott vinnulag. Ábyrgðarkennd nemenda þroskast eftir því sem þeim gefst kostur á að velja viðfangsefni og taka ákvarðanir um eigið nám þannig að það verði þeim merkingarþætt. Það geta þeir gert innan þeirra marka sem aldur þeirra og þroski leyfir. Ætlast er til að nemendur í grunnskóla taki slíkar ákvarðanir, allt frá byrjun skólagöngu. Ábyrgð vex því aðeins að nemendur venjist á að taka ákvarðanir og standa við þær, bæði

ákvarðanir sem nemandinn tekur einn og í samráði við aðra. Sama á við um námsaðferðir sem þeir temja sér en nauðsynlegt er að nemendur eigi sem mest val um þær á öllum aldri. Nemendur skulu eiga möguleika á að beita mismunandi aðferðum við nám sitt og þjálfast jöfnum höndum í að vinna upp á eigin spýtur og í samstarfi við aðra. Það gera þeir með því að velja um viðfangsefni innan þeirra marka sem opinber markmið námsins setja í einstökum námsgreinum og námssviðum, hvort sem þau er að finna í aðalnámskrá eða í skólanámskrá viðkomandi skóla. Þá eiga nemendur samkvæmt grunnskólalögum og viðmiðunarstundaskrá val um námsgreinar og námssvið, einkum á unglíngastigi.

### 13.1.2 Ábyrgð nemenda á framkomu og samskiptum

Mikilvægt er að nemendur hafi ekki einungis skyldur gagnvart eigin námi heldur einnig allri framkomu sinni og hegðun í skóla. Þetta á við um ýmsa þætti í umgengni við félag, starfsfólk og fjölmarga aðra sem þeir umgangast innan skóla sem utan. Nemendur bera ábyrgð á framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska. Nemendum ber að hlíta fyrir mælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin. Við setningu skólareglna er mikilvægt að nemendur taki þátt í gerð skólareglna og tekið sé tillit til sjónarmiða þeirra og fá með því móti stuðning þeirra við settar reglur. Einnig þarf að leita eftir sjónarmiðum foreldra þegar skólareglur eru settar og ákvæði um viðbrögð við brotum á skólareglum ákveðin. Með þessu móti er stuðlað að góðum starfsanda, jákvæðum skólabrag og lýðræðislegu uppeldi nemenda.

Í skólanámskrá skal gerð nánar grein fyrir þeim þáttum sem skólinn telur skipta mestu máli til þess að skapa góðan skólabrag í skólanum. Nauðsynlegt er að samstaða skapist um jákvæðan skólabrag og allir þeir sem tengjast skólalastarfinu eigi hlut að því að móta hann. Mikilvægt er að nemandi í samræmi við aldur og þroska geri sér grein fyrir að hann ber sína ábyrgð á því hvernig skólabragur verður til, í hverju hann er fólgin og hver einstaklingur sé hluti af stærri heild sem hann ber ábyrgð á ásamt öðrum.

### 13.1.3 Tjáningarfrelsi

Nemendur eiga að geta tjáð sig um hvaðeina sem fram fer í skólanum hvort sem það snertir nám þeirra, líðan, aðbúnað eða félagslegar aðstæður. Réttmætt er að tekið sé tillit til skoðana þeirra allt eftir aldri og þroska og eðli máls.

Nemendafélag er mikilvægur vettvangur fyrir nemendur allt frá upphafi grunnskólans til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og til að vinna að hagsmunamálum sínum. Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði og mikilvægt er að þeir leiti eftir sjónarmiðum samnemenda og hafi tækifæri til að fylgja eftir hagsmunamálum þeirra í skólaráðinu. Miða þarf starfshætti í skólaráði við að nemendur geti tekið virkan þátt í starfi þess.



## 13.2 Ábyrgð og skyldur starfsfólks

### 13.2.1 Fagmennska og alúð

Í því felst að starfsfólk komi til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda og sinni þeim af alúð. Þetta gerir starfsfólk með því að ígrunda starfið reglulega, leita nýrra leiða, afla sér nýrrar þekkingar og sýna þannig stöðuga viðleitni til að læra og gera betur. Mikilvægt er að starfsfólk sýni nærgætni við nemendur, foreldra og samstarfsfólk í hvívetna.

### 13.2.2 Jákvæður skólabragur

Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemanda og öryggi að leiðarljósi. Stjórnendur skóla kosti kapps um að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum og taka sérstaklega mið af aldri og þroska nemenda í því sambandi.

Starfsfólk skóla skal leggja áherslu á námsaga og sjálfsaga nemenda, góða umgengni, jákvæð samskipti, sáttfýsi, umburðarlyndi og kurteisi. Einnig skal lögð áhersla á að styrkja sjálfsmynd nemenda, efla sjálfsvirðingu þeirra og virðingu gagnvart öðrum, eigum annarra og umhverfinu.

### 13.2.3 Þagmælska

Mikilvægt er að starfsfólk gæti fyllstu þagmælsku um hagi barna í öllum samskiptum við þau, foreldra þeirra og starfsfólk innanhúss sem utan. Starfsfólki ber að gæta trúnaðar um þau atriði sem það fær vitneskju um og snertir nemendur eða foreldra þeirra og hafa hag nemenda að leiðarljósi. Þessi þagmælska nær þó ekki til þeirra atvika sem ber að tilkynna lögreglu eða barnaverndaryfirvöldum samkvæmt lögum.

## 13.3 Ábyrgð og skyldur foreldra

Eins og fram kemur í grunnskólalögum bera foreldrar ábyrgð á uppeldi barna sinna og bera ábyrgð á að þau innritist í skóla þegar þau komast á skólaskyldualdur og sækja skóla. Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og eiga að stuðla að því að þau stundi nám sitt. Foreldrar fylgist með námsframvindu barna sinna í samvinnu við þau og kennara þeirra og eiga að greina skólanum frá þeim atriðum sem kunna að hafa áhrif á námsframvindu, ástundun og hegðun. Foreldrar fá jafnframt tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna, svo og í skólastarfinu almennt. Foreldrar skulu hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum.

## TENGLS HEIMILA OG SKÓLA

# 14

Starfsfólk skóla, nemendur og foreldrar mynda skólasamfélagið í hverjum skóla. Mikilvægt er að þessir hópar vinni vel saman að mótun þessa samfélags og þeirra umgengnishátta sem eiga að einkenna samskipti innan skólans og utan. Til þess að það gangi vel þarf að ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið.

Samkvæmt barnalögum teljast foreldrar þeir sem fara með forsjá barns. Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Á þeim hvílir sú skylda að börnin sæki skóla og að þau séu eins móttækileg fyrir þeirri menntun sem skólinn býður og framast er unnt. Skólinn aðstoðar foreldra í uppeldishlutverkinu og býður fram menntunartækifæri. Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti, og upplýsingamiðlun beggja aðila, sameiginlegum ákvörðunum og samábyrgð. Mesta áherslu ber að leggja á samstarf heimila og skóla um hvern einstakling, nám hans og velferð og að heimili og skóli séu vettvangur menntunar. Einnig ber að leggja áherslu á samstarf í einstökum bekkjardeildum, námshópum og árgöngum, bæði um nám, félags- og tólmundastarf, velferð nemenda, bekkjaranda og meginviðmiðanir í uppeldisstarfi skólans. Skólastjórnendur og umsjónarkennarar bera meginábyrgð á að halda uppi virku samstarfi með aðstoð annarra kennara. Þeir skulu kappkosta að skapa tækifæri til að auka hlutdeild foreldra í skólastarfi og stuðla að virku samstarfi á jafnréttisgrundvelli.

Foreldrar skulu eiga kost á að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt. Það er skylda foreldra að veita grunnskóla upplýsingar um barnið sem kunna að skipta

máli fyrir skólastarfið og velferð þess. Foreldrar bera ábyrgð á því að börn þeirra sinni því heimanámi sem skólinn og foreldrar hvers einstaks barns hafa orðið ásátt um og að frístundastarf og annað starf utan skóla komi ekki niður á námi barnanna.

Loks er mikilvægt að traust samstarf sé milli heimila og skóla um skólastarfið í heild, t.d. um meginviðmiðanir í hegðun og umgengni, skólabrag, áhersluatriði í skólastefnu hvers skóla eða sveitarfélags. Gert er ráð fyrir að foreldrar taki þátt í mótun skólasamfélagsins og vinni að því með stjórnendum skóla, kennurum og öðrum starfsmönnum skóla að koma markmiðum skólastarfs í framkvæmd og taki höndum saman til að tryggja sem best uppeldisskilyrði barna og almenna velferð þeirra.

Öflugt foreldrastarf og sterk samstaða um grundvallarviðmið er besta forvörnin gegn hvers kyns vá, t.d. neyslu fíkniefna og óæskilegri hegðun. Ef foreldrar nemenda í bekk eða skóla ná að stilla saman strengi um meginviðmiðanir í uppeldismálum aukast líkur á árangri í skólastarfinu, þ.e. námsárangri, almennri velferð nemenda og forvörnum.

## 14.1 Upplýsingamiðlun

Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf stuðlar að trausti milli foreldra og starfsfólks skóla og hjálpar þeim að deila ábyrgð og taka ákvarðanir sem lúta að velferð nemenda. Með auknum kynnum foreldra af daglegu starfi í skólanum og skipulegri samvinnu um skólastarfið aukast líkur á virkri þátttöku foreldra í tengslum við ákvarðanir og ábyrgð. Aukin hlutdeild foreldra stuðlar að bættum námsárangri barna og bættri líðan þeirra. Brýnt er að skólar gefi reglulega skýrar upplýsingar um skólastarfið og áætlanir sem liggja fyrir um starfsemi skólans. Þetta má gera með ýmsum hætti, t.d. í foreldraviðtölum, á sameiginlegum kynningarfundum með foreldrahópum, í skólanámskrá, gegnum rafræn samskiptaforrit og á vefsíðu skólans. Foreldrar skulu upplýsa skólann sem best um hagi barnsins og almennan þroska og greina frá þeim þáttum sem geta haft áhrif á líðan þess og frammistöðu í skólanum.

## 14.2 Foreldrafélög

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Ákvarðanataka í skólamálum hefur færst nær foreldrum en það undirstrikar þörf fyrir formlegan samstarfsvettvang þeirra. Vel rekin og virk foreldrafélög við hvern skóla gefa foreldrum kost á margvíslegum tækifærum til að stuðla að og viðhalda góðum skólabrag og kynnast öðrum foreldrum, nemendum og starfsfólki skóla. Foreldrar hafa þar vettvang til að ræða saman um skólagöngu barnanna og hvað eina sem varðar uppeldi og menntun.

Til að ná sem bestum árangri er nauðsynlegt að þeir sem hlut eiga að máli velti fyrir sér markmiðum félagsins og hvernig megi skipuleggja starfið svo að þau markmið náist. Með virkri starfsemi foreldrafélaga er hægt að stilla saman strengi í ýmsum hagsmunamálum og velferðarmálum með hagi barna að leiðarljósi. Foreldrafélög skulu leggja áherslu á sem virkast foreldrastarf í einstökum umsjónarhópum eða bekkjardeildum. Foreldrafélög skulu hafa sem best samstarf við skólaráð og nemendafélög.

### 14.3 Skólaráð

Lögum samkvæmt er skólaráð samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólastjóri ber ábyrgð á því að skólaráðið sé virkt og að það setji sér starfsreglur.

## TENGL SKÓLASTIGA

# 15

Meðal meginatriða nýrrar menntastefnu, sem mótuð var með gildistöku laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 2008, var að auka svigrúm, sveigjanleika og samfellu á milli skólastiga og innan hvers skólastigs. Lögð er áhersla á að grunnskólinn komi betur til móts við ólíkar þarfir barna en það kallar á að svigrúm í skipulagi náms sé aukið, þ.m.t. námslengd og skil milli skólastiga. Helstu markmið samstarfs og tengsla milli skólastiga eru að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu náms. Einnig er markmiðið að treysta gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara og námi nemenda og stuðla að vellíðan og öryggi barna þegar þau flytjast milli skólastiga.

### 15.1 Tengsl leik- og grunnskóla

Til þess að koma til móts við ólíkar þarfir barna þarf svigrúm í skipulagi náms, þ.m.t. námslengd. Börn geta, með heimild skólastjóra grunnskóla, hafið grunnskólanám fyrir 6 ára aldur. Áður en slík ákvörðun er tekin er brýnt að starfsfólk viðkomandi leikskóla og grunnskóla og foreldrar hafi fjallað um málið. Samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla ber sveitarfélögum að koma á samstarfi milli leik- og grunnskóla. Í skólanámskrám skal gera grein fyrir samstarfinu og hvernig standa skuli að aðlögun barna og færslu milli skólastiga. Skólaganga barna á að mynda samfellu þannig að reynsla og nám á fyrri skólastigum nýtist á þeim næstu. Þegar börn byrja í grunnskóla þarf að byggja á fyrra námi og reynslu þeirra úr leikskólanum. Sú hæfni, sem börnin öðluðust í leikskóla,

verður því þannig sá grunnur sem námið í grunnskóla byggist á. Farsæll flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla felur einnig í sér undirbúning og aðlögun. Leikskólabörn þurfa að fá tækifæri til að kynnast væntanlegum grunnskóla á meðan þau eru enn í leikskóla og líta skal á fyrstu vikur grunnskólagöngunnar sem tímabil aðlögunar og undirbúnings.

### 15.1.1 Upplýsingar á milli skólastiga

Við lok leikskóla liggja fyrir ýmsar upplýsingar um börnin. Til að tryggja að byggt sé á fyrra námi og reynslu leikskólabarna þegar þau koma í grunnskólann, og aðlögun þeirra verði eins og best verður á kosið, er gert ráð fyrir að tiltekna upplýsingar um hvert barn fylgi þeim í grunnskólann. Þetta getur t.d. verið í formi ferilmappa sem börnin hafa sjálf tekið þátt í að móta. Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiganna og miðla upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra. Þeir eiga jafnframt rétt á að fá vitneskju um þau gögn sem fylgja barninu úr leikskólanum í grunnskólann og gefast kostur á að bregðast við þeim.

### 15.1.2 Samstarf

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni foreldra og kennara beggja skólastiga þar sem velferð barnsins er í brennidepli. Kennarar á báðum skólastigum þurfa að kynna sér nám og starfsaðferðir hvers annars þannig að börn upplifi samfellu milli leikskóla og grunnskóla. Til þess að tryggja að svo verði þurfa leikskólar og grunnskólar að vinna áætlun sem felur í sér sameiginlegar áherslur beggja skólastiga samkvæmt aðalnámskrá sem og ákvarðanir um verkferla og ábyrgð á framkvæmdinni. Birta skal slíka áætlun í skólanámskrám skóla á báðum skólastigum.

## 15.2 Tengsl grunn- og framhaldsskóla

Langflestir nemendur hefja nám í framhaldsskóla strax að loknum grunnskóla. Mikilvægt er að nemendur fái traustar upplýsingar um framhaldsskólastigið í heild og einstaka skóla, einkum skóla í heimabyggð. Þessar upplýsingar eru á ábyrgð framhaldsskólans og eiga að vera öllum aðgengilegar.

Í grunnskóla skulu nemendur fá trausta náms- og starfsráðgjöf sem auðveldar þeim að velja nám við hæfi. Sveitarfélög koma á samstarfi grunn- og framhaldsskóla. Það samstarf er sameiginleg ábyrgð skólastjóra grunnskóla og skólameistara framhaldsskóla. Í samstarfinu felst ábyrgð á upplýsingagjöf milli skóla og til nemenda og foreldra um nám á framhaldsskólastigi og hvernig samstarfi verði best háttað.

Nemendum er heimilt að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi að loknu grunnskólanámi í viðkomandi greinum. Grunnskólanemendum er einnig heimilt að stunda slíkt nám samhliða grunnskólanámi enda hafi þeir sýnt til þess fullnægjandi hæfni. Í þeim tilvikum þarf traust samstarf að ríkja milli grunn- og framhaldsskóla.



Námið er á ábyrgð grunnskólans og vitnisburður um það því birtur á vitnisburðarblaði nemandans við lok grunnskóla. Nám á framhaldsskólastigi er skilgreint á hæfniprep. Framhaldsskóli sem í hlut á staðfestir að námið uppfylli þau skilyrði sem skólinn setur og fer um mat á náminu samkvæmt því.

Ef grunnskólanemandi stundar nám í framhaldsskóla, sem skilgreint er sem hluti náms í grunnskóla, þá fer um kostnað vegna kennslu á framhaldsskólastigi eftir ákvæðum laga um grunn- og framhaldsskóla. Um nánari framkvæmd og fyrirkomulag skal samið milli hlutaðeigandi grunn- og framhaldsskóla.

Þegar grunnskólanemandi stundar nám í sérskóla eða nýtur sérúrræða í grunnskóla, skulu kennarar og aðrir fagaðilar, ásamt nemanda og foreldrum hans, taka þátt í mótun og gerð tilfærsluáætlunar vegna fyrirhugaðs náms hans í framhaldsskóla og skal miða við að undirbúningur hennar hefjist í 9. bekk.

Ráðuneytið birtir reglur um innritun í framhaldsskóla hverju sinni. Eftirfarandi reglur gilda um innritun grunnskólanemenda í framhaldsskóla:

- Allir nemendur sem lokið hafa námi í grunnskóla eða náð 16 ára aldri eiga kost á að hefja nám við hæfi í framhaldsskóla.
- Nemendur, sem lokið hafa skyldunámi í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla, geta innritast á námsbrautir framhaldsskóla svo fremi að ekki séu gerðar sérstakar kröfur.
- Áhersla er lögð á að nemandur eigi kost á að njóta skólavistar í framhaldsskóla í nágrenni við heimili sitt eða í skilgreindum framhaldsskóla nálægt heimabyggð.

## UNDANÞÁGUR FRÁ AÐALNÁMSKRÁ

# 16

Nám samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er skyldunám og því ekki um undanþágur að ræða frá aðalnámskrá. Þó eru í grunnskólalögum nokkur ákvæði sem heimila undanþágur frá skyldunámi og fyrirmælum aðalnámskrár.

Meginreglan er sú að börn byrja í grunnskóla á því almanaksári sem þau ná sex ára aldri. Samkvæmt bæði leik- og grunnskólalögum má þó flýta eða seinka skólabyrjun. Skólastjóri grunnskóla getur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum heimilað að barn hefji skólagöngu fimm ára eða sjö ára.

Grunnskólalög heimila einnig að nemandi ljúki öllu námi grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum. Hér er átt við að bráðgerir nemendur geti útskrifast úr grunnskóla fyrr en aldur þeirra segir til um. Er það lagt í hendur skólans með aðstoð sérfræðipjónustu sveitarfélaga og að frumkvæði foreldra eða fengnu samþykki þeirra að meta hvenær og hvernig flýting af þessu tagi fer fram. Nemandur þurfa að ljúka öllu námi grunnskóla samkvæmt aðalnámskrá áður en þeir útskrifast úr grunnskóla á skemmri tíma en 10 árum. Þrátt fyrir heimild um að ljúka grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum ber grunnskólum að bjóða bráðgerum nemendum upp á að dýpka þekkingu sína í námssviðum grunnskólans eða á fjölbreytt val í öðrum greinum, allt eftir áhuga þeirra.

### 16.1 Undanþága frá skólasókn

Foreldrar skólaskylds barns geta sótt um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn og þá er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu í einstökum námsgreinum eða að öllu



leyti í samráði við umsjónarkennara, telji hann til þess gildar ástæður. Ekki eru settar í aðalnámskrá nákvæmar leiðbeiningar um hvað teljist gildar ástæður en í öllum tilvikum er ábyrgðin foreldra að sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur. Gildar ástæður geta t.d. tengst þátttöku í landsliðsverkefnum á sviði íþróttá á unglíngastigi, æskulýðsstarfi, ferðalögum fjölskyldu og sjálfboðastarfi.

## 16.2 Viðurkenning náms utan grunnskóla

Skólastjóra grunnskóla er heimilt samkvæmt lögum að viðurkenna nám, sem stundað er utan grunnskóla, sem jafngildi grunnskólanáms eða hæfni sem nemandi býr yfir, allt frá upphafi til loka grunnskóla. Sem dæmi um þetta má nefna að viðurkenna hæfni nemenda með annað móðurmál en íslensku í móðurmáli, hæfni íslenskra nemenda í öðrum erlendum málum í stað ensku og dönsku og nám við tónlistarskóla, aðra listaskóla eða málaskóla. Einnig er heimilt að meta þátttöku t.d. í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám í valgreinum á unglíngastigi.

## 16.3 Samræmd könnunarpróf

Grunnskólanemendum er skylt að þreyta samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk. Skólastjórum er heimilt að veita nemendum undanþágu frá því að taka samræmdu könnunarprófin í öllum námsgreinum eða hluta þeirra ef gildar ástæður mæla með því og kennarar og foreldrar eru því samþykkir. Heimild skólastjóra til undanþágu getur m.a. tekið til nemenda með annað móðurmál en íslensku sem eru nýlega fluttir til landsins, nemenda með sérþarfir í almennum skólum og sérskólum eða nemenda sem af óviðráðanlegum ástæðum geta ekki tekið prófin.

## 16.4 Þróunarskólar

Mennta- og menningarmálaráðherra getur veitt sveitarfélögum eða öðrum rekstraraðilum tímabundna heimild til að starfrækja tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs. Í slíkum tilvikum er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá aðalnámskrá grunnskóla. Getur slík undanþága t.d. varðað nám, starfstíma skóla, kennslutilhögun, stundafjölda, frávik frá viðmiðunarstundaskrá og frávik frá aðalnámskrá. Má þar nefna ef starfað er eftir viðurkenndum námskrám annarra landa eða alþjóðlegum námskrám og námsskipan. Slíkum tilraunum skal ávallt setja eðlileg tímamörk og mennta- og menningarmálaráðuneytið þarf alltaf að leggja mat á slíkar tilraunir þegar þeim lýkur. Hægt er að reka slíka tilraunaskóla sem almennan grunnskóla á vegum sveitarfélaga, sem deild innan grunnskóla eða sem sjálfstætt rekinn skóla sem nýtur viðurkenningar ráðuneytisins og þar með lögboðinna fjárframlaga frá sveitarfélögum.

## 16.5 Heimakennsla

Sveitarstjórn getur veitt foreldrum barns undanþágu til þess að annast sjálft menntun þess samkvæmt nánari fyrirmælum sem sett eru í reglugerð. Foreldrar, sem óska eftir undanþágu til að geta kennt börnum sínum heima, að hluta eða öllu leyti, skulu sækja um slíka heimild til síns sveitarfélags. Skólastjóri getur veitt undanþágu að höfðu samráði við skólanefnd og sérfræðipjónustu. Gert er ráð fyrir að a.m.k. annað foreldrið, sem fær heimild til að annast heimakennslu, hafi réttindi sem grunnskólakennari. Börn, sem hljóta heimakennslu, eru undanþegin skólaskyldu en skulu lúta eftirliti skóla í sveitarfélaginu og reglulegu mati. Þau skulu þreyta samræmd könnunarpróf og eiga aðgang að sérfræðipjónustu sveitarfélagsins og annarri stoðþjónustu. Sveitarfélagið tilnefnir tiltekinn grunnskóla til að annast tengsl við heimilið. Æskilegt er að nemendur í heimakennslu eigi kost á að taka þátt í félags- og tómskundastarfi á vegum skólans og tengjast skólanum eftir því sem óskað er. Taka skal tillit til óska nemenda sjálfra um þátttöku þeirra í almennu skólastarfi þótt þau séu í heimakennslu.

## 16.6 Sjúkrakennsla

Allir nemendur eiga rétt á kennslu við hæfi án tillits til líkamslegs eða andlegs atgervis. Nemendur, sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir, eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.

Nemendur, sem að mati læknis geta ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda, eiga rétt til sjúkrakennslu annaðhvort á heimili sínu eða á sjúkrastofnun. Eðlilegt er, sé þess nokkur kostur, að skólar nýti upplýsingatækni og fjarnám fyrir þessa nemendur til þess m.a. að þeir geti stundað nám sitt eftir bestu föngum og haldið tengslum við skóla og vini. Sjúkrakennsla tekur ekki til tilfallandi veikinda nemenda sem standa skemur en viku.

## 16.7 Fjar- og dreifnám

Meginmarkmið með fjar- og dreifnámi í grunnskóla ætti að vera að gefa þeim nemendum, sem það kjósa, tækifæri til að stunda nám óháð búsetu. Hér er einkum átt við nám sem ekki er í boði viðkomandi skóla, s.s. nám í tungumálum fyrir nemendur af erlendum uppruna og valnám af ýmsum toga. Einnig er um að ræða nemendur sem hafa til þess forsendur að taka staka áfanga í framhaldsskóla í fjar- og dreifnámi samhliða námi í grunnskóla. Til að stuðla að sveigjanleika á mörkum grunnskóla og framhaldsskóla er æskilegt að grunnskólanemendum standi til boða fjar- eða dreifnám í framhaldsskóla sem hluta af námi sínu í grunnskóla án þess að þurfa að greiða fyrir það sérstaklega. Gera skal grein fyrir fyrirkomulagi fjar- og dreifnáms í skólanámskrá.

## 16.8 Undanþága frá skyldunámi

Samkvæmt grunnskólalögum er skólastjóra heimilt að veita einstökum nemendum undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein ef gild rök mæla með því. Þá er t.d. átt við undanþágu nemenda með annað móðurmál en íslensku frá skyldunámi í dönsku. Þetta á einnig við um unglunga sem lengi hafa verið búsettir erlendis. Þá er hægt að veita nemendum með sérþarfir eða fötlun undanþágu frá tilteknum námsgreinum að höfðu samráði við sérfræðinga. Æskilegt er að nemendum sé boðið upp á önnur námstækifæri í staðinn, t.d. nám í eigin móðurmáli eða íslensku. Einnig er hægt að nýta þessa undanþáguheimild fyrir nemendur sem hafa sýnt afburðaárangur á ákveðnu sviði, t.d. eru í yngri landsliðum í íþróttum eða í listnámi, samanber leiðbeinandi reglur fyrir skóla um meðferð slíkra mála sem birtar eru hér að neðan.

Mikilvægt er að skólinn sýni nærgætni og skilning þegar fjallað er um málefni sem tengjast heimilum. Þetta á sérstaklega við um trúar- og lífsskoðanir. Með hliðsjón af sérstöðu þessara þátta, einkum trúfrelsi, er heimilt að veita einstökum nemendum undanþágu frá ákveðnum þáttum skyldunáms sem tengjast trúar- og lífsskoðunum, að beiðni foreldra, ef gild rök eru fyrir slíkri undanþágu. Grunnskólar skulu leitast við að haga störfum sínum þannig að nemendur þurfi ekki að fá undanþágu frá ákveðnum þáttum skólastarfs vegna trúar- og lífsskoðana sinna.

Hafi nemandi fengið undanþágu frá skyldunámsgrein í grunnskóla er eðlilegt að slík undanþága gildi áfram í sömu námsgreinum í framhaldsskóla.

Leiðbeinandi reglur um verklag grunnskóla vegna beiðni foreldra um undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein, samkvæmt 15. gr. grunnskólalaga:

- Umsókn verður að vera skrifleg. Foreldrar nemandans og skólastjóri verða að staðfesta umsókn. Í umsókn þarf að koma fram nafn, kennitala, heimilisfang og grunnskóli nemandans.
- Rökstuðningur og skýring á ástæðum þarf að koma fram í umsókn eða fylgja með. Skýringar og rök geta komið frá foreldrum, kennurum, sérfræðiþjónustu, sérfræðingum, læknum (læknisvottorð), allt eftir eðli máls.
- Aflað er nánari skýringa ef þess er talin þörf. Leitað er álits sérfræðinga eða annarra aðila ef þurfa þykir. Skólinn getur boðið nemanda annað nám í staðinn en ber ekki skylda til þess ef nemandi hefur fullnægt hæfniskröfum eða talin er ástæða til að draga úr námskröfum.
- Skólastjóri skal skrá umsókn sem sérstakt mál og svara formlega með bréfi.
- Leiðbeinandi reglur um undanþágu frá skólaíþróttum á grunnskólastigi, samkvæmt 15. gr. grunnskólalaga:

- Formleg undanþágubeiðni frá skólaípróttum skal berast skólustjóra undirrituð af foreldrum nemandans og viðkomandi nemanda. Fram skulu koma upplýsingar um nemandann, þ.e. nafn, kennitala, heimilisfang, grunnskóli, íþróttafélag og íþróttagrein með skýrum rökum fyrir undanþágubeiðninni.
- Meðfylgjandi skal vera staðfesting frá viðkomandi íþróttafélagi um íþróttaiðkun nemandans í viðkomandi íþróttagrein.
- Fylgja skal greinargerð frá viðkomandi þjálfara um stöðu nemandans. Við annarlok skili þjálfari mati á árangri og ástundun nemandans.
- Nemandi sem náð hefur framúrskarandi árangri í sundi hjá íþróttafélagi fær að öllu jöfnu einungis undanþágu frá skólasundi, ekki öðrum þáttum skólaíprótta.
- Nemandi sem náð hefur framúrskarandi árangri í íþróttagrein sinni (önnur grein en sund) fær að öllu jöfnu ekki undanþágu frá skólasundi.
- Skólustjóri veiti að öllu jöfnu einungis nemendum í 8.-10. bekk grunnskóla undanþágu frá skólaípróttum, sem náð hafa framúrskarandi árangri í þeirri íþróttagrein sem þeir stunda. Undanþága er ekki veitt ef íþróttaiðkun hefur verið metin sem hluti valgreina.
- Skólustjóri skal gæta jafnræðis við afgreiðslu undanþágubeiðna.
- Skólustjóri taki undanþágubeiðni ekki til afgreiðslu nema fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir.
- Skólustjóri grunnskóla hefur heimild, með vísan í 15. gr. laga um grunnskóla, til að veita einstökum nemendum tímabundna undanþágu frá skólaípróttum að hluta til. Foreldrar viðkomandi nemanda skulu sjá til þess að hann vinni upp það sem hann kann að missa úr námi á meðan á undanþágu stendur.

BAERNTIL  
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ  
JAFNBÉT





SKÖPUN

SJÄLVE

YDRE

## GREINASVIÐ


# 17

Í næstu níu köflum er fjallað um lykilhæfni, námssvið og einstakar námsgreinar í samræmi við ákvæði laga um grunnskóla. Jöfnum höndum er lögð áhersla á almenna lykilhæfni og sértæka hæfni fyrir viðkomandi grein eða svið. Í köflunum er fjallað um menntagildi og megintilgang, hæfniviðmið, kennsluhætti og námsmat. Birt eru hæfniviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar og matsviðmið við lok 10. bekkjar nema í erlendum tungumálum þar sem miðað er við stig í stað bekkja. Á grundvelli hæfniviðmiða velja kennarar og nemendur kennsluáferðir, námsefni og matsáferðir og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla.

Hæfnihugtakið er útskýrt í almennum hluta aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla. Það felur í sér þekkingu og leikni og er samofið siðferðilegum viðhorfum nemenda. Þekking er bæði fræðileg og hagnýt. Nemandinn þarf að læra að ræða þekkingu sína og leikni, flokka, bera saman og miðla með fjölbreyttum hætti, munnlega, skriflega, eða á verk- eða listrænan hátt. Leikni er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum, verklagi og rökréttri hugsun. Leikni er aflað í gegnum fjölbreyttar aðferðir og verklag. Hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni. Hún gerir kröfur um ábyrgðartilfinningu, virðingu, víðsýni, sköpunarmátt, siðferðisvitund, samskiptahæfni, virkni og skilning einstaklingsins á eigin getu. Hæfni er miðlað með margvíslegum tjáningarformum þar sem vitsmunaleg, listræn og verkleg þekking og leikni er samofin siðferðilegum og samfélagslegum viðhorfum einstaklingsins.

Þegar unnið er að því að efla hæfni nemenda er gott að hafa í huga að nemandinn gerir sér ekki alltaf grein fyrir því yfir hvaða hæfni hann býr. Einnig ber að hafa í huga að vissa

hæfni er erfitt að meta og að ekki kemur fram fyrir en síðar á lífsleiðinni hvort henni hefur verið náð eða ekki. Á skýringarmyndinni hér fyrir neðan er dæmi um ferli sem hafa má til hliðsjónar þegar unnið er að aukinni hæfni nemenda og mati á henni á öllum sviðum.





## LYKILHÆFNI

# 18

Gerð er grein fyrir lykilhæfni í grunnskóla í þessum kafla. Tekið er mið af þeim sex grunnþáttum sem fjallað er um í 2. kafla, áherslupáttum í námi í 6. kafla og lykilhæfni sem skilgreind er í kafla 9.4. Sett eru fram hæfniviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Í framhaldi er fjallað um kennsluhætti og námsmat og tekur sú umfjöllun mið af þeim áherslum sem birtast í hæfniviðmiðunum. Á grundvelli hæfniviðmiða velja kennarar og nemendur kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla. Í lok kaflans eru sett fram matsviðmið sem nýtt skulu eftir því sem við á, til að lýsa hæfni nemanda við lok grunnskóla.

### 18.1 Menntagildi og megintilgangur lykilhæfni

Í 6. kafla er fjallað um hvernig grunnþættir í menntun ásamt áherslupáttum grunnskólalaga skulu vera leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum grunnskóla. Jafnframt er rætt um mikilvægi þess að grunnskólinn skapi vettvang til að þroska með nemendum hæfni í anda grunnþáttanna sem búa þá undir þátttöku í lýðræðissamfélagi. Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Lykilhæfni tengist öllum námssviðum. Hún snýr að hæfni í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýninni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi.

Menntagildi lykilhæfni felst meðal annars í því að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi og getu til að nýta sér styrkleika sína til áframhaldandi náms og starfsþróunar þegar þar að kemur. Með því að

skilgreina hæfniviðmið í lykilhæfni í öllu námi frá upphafi skólagöngu er lagður grunnur að alhliða þroska nemenda. Hæfni til tjáningar, gagnrýnnar hugsunar, hæfni til samstarfs við aðra, sjálfsþekkingar, ábyrgðar og sjálfstæðis, frumkvæðis og skapandi hugsunar eru meðal þeirra þátta sem leggja grunn að heildstæðri almennri menntun alla ævi.

## 18.2 Hæfniviðmið fyrir lykilhæfni

Hæfniviðmiðin eru skilgreind við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Þau skiptast í fimm flokka í samræmi við viðmið um mat á lykilhæfni í kafla 9.4., þ.e. tjáning og miðlun, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi.

### Tjáning og miðlun

Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.

Tjáning og miðlun		
Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt,</li> <li>hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum,</li> <li>lagað tjáningu sína að viðmælendum og notað algengan orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni,</li> <li>gert grein fyrir hugsunum sínum, skoðunum og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum,</li> <li>hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdafærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða,</li> <li>tekið mið af og lagað framsetningu að kröfum eða þörfum viðmælenda og notað viðeigandi hugtök og orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni,</li> <li>gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt,</li> <li>brugðist með rökum við upplýsingum og hugmyndum sem eru á margvíslegu formi, tekið þátt í rökræðum um viðfangsefni og rökstutt mál sitt af yfirvegum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða,</li> <li>rætt á viðeigandi og skýran hátt um málefni þannig að áhugi viðmælenda sé vakinn,</li> <li>notað orðaforða á fjölbreyttan hátt og viðeigandi hugtök sem tengjast margskonar umfjöllunarefni,</li> <li>nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulegan og skýran hátt sem við á hverju sinni.</li> </ul>

## Skapandi og gagnrýnin hugsun

Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýnni hugsun og röksemdafærslu.

### Skapandi og gagnrýnin hugsun

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• skipulagt efnistöf og aðferðir við úrlausn verkefna,</li> <li>• tekið þátt í að skilgreina viðmið um árangur,</li> <li>• gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta það á skapandi hátt,</li> <li>• greint milli staðreynda og skoðana,</li> <li>• endurskoðað úrlausn viðfangsefna út frá mismunandi sjónarhornum á skapandi hátt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöf og úrlausn verkefna,</li> <li>• skilgreint viðmið um árangur,</li> <li>• lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt,</li> <li>• áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana með rökum,</li> <li>• vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• spurt rannsakandi spurninga skipulagt eigin áætlun og endurskoðað ferli við efnistöf og úrvinnslu verkefna,</li> <li>• skilgreint og rökstutt viðmið um árangur,</li> <li>• verið óhræddur að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýnni og skapandi hátt og séð í þeim nýja möguleika,</li> <li>• tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og skapað eigin merkingu,</li> <li>• beitt mismunandi sjónarhornum, gagnrýnni hugsun við mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.</li> </ul>

## Sjálfstæði og samvinna

Hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

Sjálfstæði og samvinna		
Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á,</li> <li>• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum,</li> <li>• unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla,</li> <li>• gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi,</li> <li>• tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu,</li> <li>• tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það,</li> <li>• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína,</li> <li>• unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla,</li> <li>• gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum,</li> <li>• haft á virkan hátt áhrif á skólasamfélag sitt með þátttöku í leik og starfi,</li> <li>• tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum,</li> <li>• gert sér grein fyrir hvernig hann nýtir styrkleika sína og hefur skýra sjálfsmynd,</li> <li>• unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla,</li> <li>• verið leiðandi í samstarfi og borið ábyrgð í útfærslu leiða að sameiginlegum markmiðum,</li> <li>• nýtt hæfni sína til að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi,</li> <li>• tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og að sama skapi sett eigin gagnrýni uppbyggilega fram.</li> </ul>

## Nýting miðla og upplýsinga

Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnninn hátt.

### Nýting miðla og upplýsinga

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>leitað sér upplýsinga í námi í ólíkum miðlum,</li> <li>notað miðla nokkuð sjálfstætt við nýsköpun, hugmyndavinnu og kynningu efnis,</li> <li>sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og verið meðvitaður um gildi ábyrgrar netnotkunar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám,</li> <li>notað ýmsa miðla við nýsköpun, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda,</li> <li>sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða verkefnavinnu og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi sínu,</li> <li>notað sjálfstætt og í samvinnu með öðrum fjölbreytta miðla við skipulag, nýsköpun og þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda,</li> <li>sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og heimilda og verið meðvitaður um siðferðislegt gildi ábyrgrar netnotkunar og tekur ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum.</li> </ul>

## Ábyrgð og mat á eigin námi

Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

### Ábyrgð og mat á eigin námi

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvar hann getur gert betur í námi,</li> <li>sett sér með aðstoð markmið í námi,</li> <li>tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi,</li> <li>sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim,</li> <li>skipulagt eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>gert sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt í námi og haft skýra sjálfsmynd,</li> <li>sett sér raunhæf markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist,</li> <li>skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár, skipulagt og endurskoðað með tilliti til mats á árangri.</li> </ul>

### 18.3 Kennsluhættir og námsmat í lykilhæfni

Fjölbreytilegt námsumhverfi og kennsluaðferðir, sem eru hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur eru meginforsendur þess að nemendur nái þeim hæfniviðmiðum sem stefnt er að. Á það jafnt við um kennsluhætti innan námsgreina og námssviða sem og það námsumhverfi sem skapast með góðum skólabrag og virku samstarfi heimila og skóla. Í hverri námsgrein er jöfnum höndum lögð áhersla á almenna lykilhæfni og sértæka hæfni fyrir viðkomandi grein eða svið. Góður skólabragur eflir samskiptahæfni nemenda og þroska þeirra til virðingar og umburðarlyndis, jafnréttis og umgengni við aðra, umhverfi og náttúru. Viðfangsefni sem tengja námið við daglegt líf og starfsvettvang efla læsi nemenda á umhverfi sitt. Þannig stuðla náms- og kennsluhættir námsgreina og lykilhæfni ásamt góðum skólabrag að alhliða þroska, velferð og lykilhæfni nemenda.

Hver og einn kennari og allir kennarar í sameiningu og annað starfsfólk skóla bera sameiginlega ábyrgð á að nemendur nái þeim hæfniviðmiðum sem lykilhæfni byggist á.

Mikilvægt er að skólastarf miði að því að gera nemendur virka og sjálfstæða í námi og færa um að afla sér þekkingar á eigin spýtur og veita tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á alhliða hæfni nemenda krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki.

### 18.4 Matsviðmið í lykilhæfni við lok grunnskóla

Í aðalnámskrá eru matsviðmið við lok grunnskóla sett fram bæði fyrir námsgreinar, námssvið og lykilhæfni. Matsviðmið eru lýsing á, hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni, á valdi sínu. Matsviðmiðin eiga einungis við um 10. bekk, til að styðja við námsmat, við lok grunnskóla. Gert er ráð fyrir að skólar setji matsviðmið fyrir aðra árganga og geri grein fyrir þeim í skólanámskrá. Matsviðmiðin við lok 10. bekkjar lýsa hæfni á kvarða sem birtur er í aðalnámskrá: Notaður er kvarðinn A, B, C, D, þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C.

Matsviðmið í flokki B eru byggð á hæfniviðmiðum fyrir 10. bekk og framsetning þeirra er með þeim hætti, að gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem þar er tilgreind. A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C fá þeir sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D, því sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda. Hvert matsviðmið er almenn lýsing á hæfni nemanda.

Við lokamat skiptir mestu að kennarar meti það sem til var ætlast samkvæmt hæfniviðmiðum, fullvissi sig um að matsniðurstöður séu byggðar á traustum gögnum og

noti fjölbreyttar aðferðir við söfnun gagna til þess að veita nemendum, foreldrum þeirra og skólanum sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra. Kennarar geta þannig fengið betri innsýn í nám hvers nemanda. Til að fá nákvæma niðurstöðu, svo sem úr samræðum eða vettvangsathugun, getur skipt máli að kennarar vinni saman við að skoða matsgögn nemenda og hafi til þess skýr viðmið.

Þennan matskvarða er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk. Skólar ákveða, að öðru leyti, hvernig þeir haga námsmati og einkunnagjöf eða vitnisburði nemenda í öðrum árgöngum. Vitnisburður við lok 10. bekkjar er hafður til hliðsjónar við innritun nemenda í framhaldsskóla og val á námsbrautum.

Eftirfarandi atriði geta komið að góðum notum til að auka áreiðanleika og réttmæti í mati.

- Setja skýr viðmið eða gera grein fyrir því hvað á að meta.
- Velja matsþætti sem hæfa vel hæfniviðmiðum, námsefni og kennsluaðferðum.
- Undirbúa lýsingu á því sem á að meta eða sýna dæmi um vel unnin verkefni.
- Huga vel að því að verkefni séu í samræmi við viðmið.
- Vera vakandi yfir atriðum sem geta skekkt niðurstöður.
- Hafa skýrar leiðbeiningar um matsaðferðir, úrvinnslu og túlkun gagna.

## Tjáning og miðlun

Nemandi getur:

# A

Tekið **virkan** þátt í samræðum og rökræðum af öryggi og gert grein fyrir skoðunum sínum á **skýran** og **greinagóðan** hátt. Notað ólíka miðla jafnan af hugkvæmni við að koma þekkingu sinni, leikni, skoðunum og tilfinningum á framfæri.

# B

Tekið **virkan** þátt í samræðum og rökræðum og gert **skýra** grein fyrir skoðunum sínum. Notað ólíka miðla af hugkvæmni við að koma þekkingu sinni, leikni, skoðunum og tilfinningum á framfæri.

# C

Tekið **virkan** þátt í samræðum og rökræðum og gert grein fyrir skoðunum sínum. Notað ólíka miðla á viðeigandi hátt við að koma þekkingu sinni, leikni, skoðunum og tilfinningum á framfæri.

## Skapandi og gagnrýnin hugsun

Nemandi getur:

Spurt gagnrýninna og rannsakandi spurninga og **farið eigin leiðir** við úrvinnslu verkefna. Gert **skýra** og vel **rökstudda** grein fyrir hvað liggur að baki árangri og nýtt sér á **skapandi** hátt möguleika sem felast í mistökum og óvæntum niðurstöðum. Unnið af **gagnrýni** með upplýsingar og dregið **rökstuddar** ályktanir, sýnt frumkvæði og beitt mismunandi sjónarhornum við mótun og miðlun viðfangsefna.

# A

Spurt rannsakandi spurninga og sýnt **sjálfstæði** við úrvinnslu verkefna. Gert **skýra** og **nokkuð vel** rökstudda grein fyrir hvað liggur að baki árangri og nýtt sér á **skapandi** hátt möguleika sem felast í mistökum og óvæntum niðurstöðum. Unnið af **gagnrýni** með upplýsingar, dregið ályktanir, skapað eigin merkingu, beitt **nokkuð vel** mismunandi sjónarhornum við mótun og miðlun viðfangsefna.

# B

Spurt spurninga og unnið **af nokkru** sjálfstæði við úrlausn verkefna. Gert grein fyrir hvað liggur að baki árangri og nýtt sér á **skapandi** hátt möguleika sem felast í mistökum og óvæntum niðurstöðum. Unnið með upplýsingar, skapað að **vissu marki** eigin merkingu, beitt mismunandi sjónarhornum við mótun og miðlun viðfangsefna

# C



## Sjálfstæði og samvinna

Nemandi getur:

# A

**Jafnan** sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Haft **frumkvæði** að, borið **ábyrgð á** og tekið **virkan** þátt í samstarfi á **uppbyggilegan** hátt. Af **öryggi** tekið á móti og sett fram **skipulagða** gagnrýni á **ábyrgan og uppbyggilegan** hátt og tekið virkan þátt í skólasamfélaginu á lýðræðislegan hátt.

# B

Sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Haft **frumkvæði** að, sýnt **ábyrgð** og tekið **nokkuð virkan** þátt í samstarfi. Tekið á móti og sett fram **skipulagða** gagnrýni á **ábyrgan og uppbyggilegan hátt** og tekið **nokkuð virkan** þátt í skólasamfélaginu á lýðræðislegan hátt.

# C

Sýnt **nokkurt** frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Haft **nokkurt frumkvæði**, sýnt vissa **ábyrgð** og tekið þátt í samstarfi. Tekið á móti og sett fram gagnrýni á **ábyrgan** hátt og tekið þátt í skólasamfélaginu á lýðræðislegan hátt.

## Nýting miðla og upplýsinga

Nemandi getur:

# A

**Af öryggi** nýtt sér á ábyrgan, gagnrýninn, skapandi og **uppbyggilegan** hátt ólíka miðla í námi sínu, aflað upplýsinga og lagt mat á gæði og trúverðugleika þeirra og miðlað þeim á gagnrýninn og skapandi hátt.

# B

**Af nokkru öryggi** nýtt sér á ábyrgan, gagnrýninn, skapandi og **uppbyggilegan** hátt ólíka miðla í námi sínu, aflað upplýsinga og lagt mat á gæði og trúverðugleika þeirra og miðlað þeim á gagnrýninn og skapandi hátt.

# C

Að **vissu marki** nýtt sér á ábyrgan, skapandi og uppbyggilegan hátt ólíka miðla í námi sínu, aflað upplýsinga og lagt mat á gæði og trúverðugleika þeirra og miðlað þeim á skapandi hátt.

## Ábyrgð og mat á eigin námi

Nemandi getur:

Með hliðsjón af styrkleikum sínum, nýtt sér **mjög vel** hæfniviðmið í námi, unnið sjálfstætt og jafnan sett sér skýr, **raunhæf** markmið. Borið ábyrgð á eigin námi og af öryggi metið frammistöðu og endurskipulagt aðferðir við nám í ljósi árangurs.

**A**

Með hliðsjón af styrkleikum sínum, nýtt sér **nokkuð vel** hæfniviðmið í námi og sett sér **raunhæf** markmið. Borið ábyrgð á eigin námi og metið frammistöðu og endurskipulagt aðferðir við nám í ljósi árangurs.

**B**

Með hliðsjón af styrkleikum sínum, að **vissu marki** nýtt sér hæfniviðmið og sett sér markmið. Borið **nokkra** ábyrgð á eigin námi og að **vissu marki** metið frammistöðu og endurskipulagt aðferðir við nám í ljósi árangurs.

**C**

## ÍSLENSKA

# 19

Þessi kafli skiptist í þrennt, íslensku, íslensku fyrir þá sem hafa annað mál að móðurmáli eða hafa lengi dvalið í öðru landi og hafa ekki nægilegt vald á íslensku, og íslenskt táknmál heyrnarlausra og heyrnarskertra. Í þriðja hlutanum er miðað við nemendur sem minnstar forsendur hafa til þess að læra talað íslenskt mál. Fyrir heyrnarskerta nemendur sem hafa forsendur til þess að ná hæfniviðmiðum í talaðri íslensku er gert ráð fyrir að í einstaklingsnámskrá verði bætt við þáttum úr námskrárkafla íslensku. Hið sama gildir um nemendur með annað mál en íslensku. Getið er um viðmið sem þá varðar en að auki vísað til hæfniviðmiða í íslensku þar sem það á við. Á það skal bent að það er réttur heyrnarlausra og heyrnarskertra barna samkvæmt lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls að öðlast þekkingu og leikni í tveimur málum, táknmáli og íslensku, þar sem málin eru jafnrétt há en gegna mismunandi hlutverki í lífi þeirra. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að nemendur með annað móðurmál en íslensku viðhaldi og rækti eigið móðurmál, en samkvæmt grunnskólalögum er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda.

Gerð er grein fyrir menntagildi og megintilgangi í þessum kafla. Tekið er mið af þeim sex grunnþáttum sem fjallað er um í 2. kafla, áhersluþáttum í námi sem fjallað er um í 6. kafla og lykilhæfni sem skilgreind er í kafla 9.4 og 18. kafla. Sett eru fram hæfniviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Í framhaldi er fjallað um kennsluhætti og námsmat. Tekur sú umfjöllun mið af þeim áherslum sem birtast í hæfniviðmiðunum. Á grundvelli hæfniviðmiða eru kennsluáferðir, námsefni og matsaðferðir valdar. Skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla. Í lok kaflans eru sett fram matsviðmið sem nýtt

skulu eftir því sem við á, til að lýsa hæfni nemanda við lok grunnskóla. Slík viðmið eru sett sérstaklega fyrir íslensku og íslenskt táknmál. Ekki eru sett sérstök matsviðmið fyrir íslensku sem annað tungumál en gert ráð fyrir að matsviðmið fyrir íslensku séu nýtt.

## 19.1 Menntagildi og megintilgangur íslensku

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemanda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu.

Börn hefja skólagöngu talandi á móðurmáli sínu, hvort sem um er að ræða á íslensku, íslensku táknmáli eða öðru tungumáli. Skólinn verður í upphafi virkur þátttakandi í máluppeldi barnsins ásamt heimili þess. Þetta veldur því að námsgreinin íslenska, ásamt íslensku táknmáli fyrir heyrnarlausu og heyrnarskerta, hefur ákveðna sérstöðu meðal annarra námsgreina skólans.

Hlutverk íslenskukennslu, kennslu í íslensku táknmáli og máluppeldis er viðtækt og margbrotið. Mál og bókmenntir eru menningararfur þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Sá arfur á eflaust drjúgan þátt í stöðu læsis þjóðarinnar og hve sjálfsgagt það þykir að læra að lesa, skrifa og beita máli svo skiljist. Kennslan hefur einnig það hlutverk að efla tjáningu og sköpun í töluðu máli og rituðu, nota málið og kynnast mætti þess. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu. Með þeim hætti meðal annars gegnir íslenskukennsla og kennsla í íslensku táknmáli því hlutverki að vera miðill hugsunar og eintal skrifara við sjálfan sig ef þörf er á því. Nám í málunum á að taka mið af þessu og þar á að fræða um mál og bókmenntir og ekki síst efla færni í málnotkun. Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli. Það skiptir einnig miklu að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana. Hið sama gildir um þann sem er heyrnarskertur eða heyrnarlaus. Íslenskt táknmál er ekki síður en íslenska lykill að samfélaginu og virkri þátttöku í því.

Margþætt hlutverk náms í íslensku kallar á samstöðu og samstarf innan skóla um máluppeldi. Mikilvægt er að grunnskólar marki sér málstefnu á grundvelli aðalnámskrár og íslenskrar málstefnu sem Alþingi hefur samþykkt og að henni sé fylgt í öllum námssviðum. Megintilgangi íslenskukennslu má skipta í fjóra þætti.

### 19.1.1 Talað mál, hlustun og áhorf

Í lýðræðisþjóðfélagi er brýnt að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi þar sem móðurmálið er mikilvægt samskiptatæki. Nauðsynlegt er að geta tjáð skoðanir sínar, hvort sem er í námi, starfi, félagslífi eða einkalífi. Þeir sem hafa gott vald á töluðu máli, framsögn og samræðum eru betur færir um að taka þátt í samfélagsumræðunni og eiga jafnan auðvelt með að miðla af þekkingu sinni.

Mikilvægt er að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum. Frá upphafi skólagöngu þarf að leggja áherslu á að þeir æfist í að tjá sig og fái leiðsögn um framsögn og skýran framburð. Gott vald á munnlegri tjáningu í móðurmáli er undirstaða tungumálanáms og nýtist í öllum öðrum námsgreinum. Þjálfunina má greina í tvo þætti, annars vegar framburðar- og framsagnarþátt og hins vegar frásagnar-, samræðu-, rökræðu- og umræðuþátt. Oft er þó vænlegt að samtvinna þá í kennslu. Nauðsynlegt er að eðlileg stígandi sé í náminu. Í upphafi er æskilegt að leggja áherslu á þjálfun í einföldum frásögnum og endursögnum, þátttöku í almennum samræðum og hlutverkaleikjum. Gæta þarf að eðlilegum framburði allra málhjóða. Síðar bætist við kennsla um einkenni talmáls og frekari þjálfun í leikrænni tjáningu og rökræðum.

Veigamikill þáttur í almennri menntun er að kunna að hlusta og horfa með athygli og á gagnrýninn hátt. Nauðsynlegt er að geta numið þær upplýsingar sem miðlað er með ýmiss konar hljóð-, mynd- og margmiðlun og túlkað og metið þær með gagnrýni í huga. Hlustun er stór þáttur í mannlegum samskiptum. Mikilvægt er að nemendur læri að hlusta á aðra og taka tillit til skoðana þeirra í umræðum og rökræðum. Kennsla í töluðu máli og hlustun beinist ekki einungis að því að efla samræður og samskipti í skólastofu, heldur einnig að styrkja hæfni nemanda í notkun ýmissa samskiptamiðla, til að mynda netmiðla þar sem töluðu máli og hlustun er beitt. Þar þarf m.a. að fjalla um siðferði í samskiptum og málnotkun.

### 19.1.2. Lestur og bókmenntir

Í hugtakinu læsi felst einkum tvennt, lestur og ritun. Hér er valin sú leið að fjalla einkum um lestur en minnt er á þetta samband lestrar og ritunar. Í traustu læsi felst m.a. sú hæfni að geta ráðið í letur, skilið og túlkað það sem texti hefur að geyma, lært af því og geta miðlað þekkingu sinni til viðmælanda eða lesanda.

Á undanförunum árum hefur orðið mikil breyting á þeim kröfum sem samfélagið gerir til lestrarfærni. Það felst einkum í því að sá texti sem ber fyrir augu lesanda er mun fjölbreytilegri en áður og birtist ekki einungis á pappír heldur einnig á rafrænu formi og þá oft samsettur úr rituðum texta, mynd, táknmynd, látbragði, hljóði og hreyfimynd. Þá skal minnt á að margt af því sem nemendur lesa er birt á vefmiðlum, án þess að það sé ritrýnt eða því ritstýrt á nokkurn hátt. Það gerir kröfu til þess að textinn sé lesinn með

gagnrýnum huga og lesandi ráði yfir ýmsum leiðum til skilnings og túlkunar og geti metið með gagnrýnum hætti áreiðanleika upplýsinga.

Það er mikilvægt markmið lestrarkennslu að leið nemandans liggi til sjálfstæðis þannig að smám saman fari hann að velja sér lesefni og geri sér grein fyrir gæðum þess og tengslum við nám, þörf og áhuga. Þá er mikilvægt að hann læri og geti beitt aðferðum við lestur og skilning sem hann velur í samræmi við tilgang lestrar. Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Leita þarf allra leiða til þess að bæta stöðu þeirra nemenda sem af einhverjum ástæðum gengur illa að læra að lesa og grípa þarf inn í sem allra fyrst.

Íslenskur menningararfur er að verulegu leyti bundinn bókum og þess vegna kynnast nemendur honum best með lestri ýmiss konar bókmennta. Í bókmenntum finna ungir lesendur fyrirmyndir og geta sett sig í spor persóna. Þannig getur bókmenntakennsla í skólum stuðlað að sterkari sjálfsmýnd nemenda og kennt þeim umburðarlyndi í garð ólíkra menningarsamfélaga og minnihlutahópa. Í eldri bekkjum grunnskóla er sjálfsagt að nýta bókmenntafræðileg hugtök og rýni til að skerpa skilning nemenda á bókmenntunum og eðli þeirra.

### 19.1.3 Ritun

Stöðugt aukast kröfur samfélagsins um að fólk geti skrifað margvíslega texta og tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Þeir sem hafa gott vald á rituðu máli hafa tök á að miðla efni til annarra. Þeir eru einnig líklegir til að njóta þess sem vel er gert og meta það sem aðrir birta. Með þessum hætti tengjast lestur og ritun. Þar hefur hvort gagn af öðru og því mikilvægt að kenna og þjálfva lestur og ritun samhliða, allt frá upphafi skólagöngu til loka hennar og byggja upp stigvaxandi hæfni í ritun.

Greina má þjálfun í ritun í tvo meginþætti þótt þeir séu oft samofnir í reynd. Annars vegar er textinn sjálfur, svo sem val á textagerð, skipan efnisþátta, málsnið, mál og stíll. Hins vegar eru tæknileg atriði, þ.e. skrift, stafsetning, uppsetning og frágangur texta.

Leggja ber mikla áherslu á að nemendur nái tökum á að setja eigið efni skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti, fyrir ólíka hópa lesenda og í mismunandi tilgangi, bæði handskrifað og á stafrænu formi. Við alla textagerð er nauðsynlegt að gæta að þeim tveimur meginþáttum sem að ofan greinir. Gildir þá einu hvort nemandinn er að skrifa bókmenntalegt efni, nytjatexta eða ritgerðir og hugleiðingar.

Nemendur þurfa að læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta og einnig að taka uppbyggilegri og faglegri gagnrýni frá öðrum og nýta sér hana til að bæta ritsmíðar sínar. Þeir þurfa jafnframt að eiga þess kost að umrita og bæta texta sína eftir því sem þurfa þykir og geta nýtt sér ýmis tiltæk hjálpartæki í því skyni.

#### 19.1.4 Málfræði

Færni í notkun tungumáls, bæði móðurmáls og annarra mála, er grundvallaratriði í mannlegum samskiptum. Markmið málfræðikennslu í grunnskóla er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Með umfjöllun um fjölbreytileika tungumála og tvítýngi má auka skilning nemenda á því hve móðurmálin eru mörg í íslenskum skólum og stuðla þannig að umburðarlyndi. Einnig er sjálfsagt að fjalla um skyldleika norrænu málanna og leyfa nemendum að spreyta sig á því að skilja mælt mál og ritmál annarra norrænna þjóða.

Málfræðihugtök koma að gagni þegar rætt er um mál og málnotkun. Þau eru nauðsynleg til þess að hafa full not af orðabókum, handbókum og öðrum gagnabrunnum um mál.

Í yngstu bekkjum grunnskóla er áhersla einkum lögð á orðaforða og að móta málbeitingu og máltilfinningu. Mikilvægt er að umfjöllun um málfræði styðjist við færni nemenda í máli og miði að því að efla sjálfstraust þeirra og vitund um eigin færni. Í nýyrðasmíð, skáldskap og alls kyns leikjum með tungumálið er verið að nýta sköpunarmátt og fjölbreytni málsins og vert að vekja athygli nemenda á því.

Mikilvægt er að grípa þau tækifæri sem gefast til að nota málfræðihugtök til nánari útskýringa, svo sem við ritun texta, í umfjöllun um bókmenntir og í málfarsumræðum. Málfræði og kennsla hennar má ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni heldur virk í athugun á texta og töluðu máli, ekki síst í umfjöllun um texta nemenda sjálfra.

### 19.2 Hæfniviðmið fyrir íslensku

---

Hæfniviðmið í íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum, talað mál, hlustun og áhorf mynda þann fyrsta, síðan lestur og bókmenntir, þá ritun og að síðustu málfræði. Í heildina sýnir taflan þá hæfni sem hver einstaklingur skal búa yfir við lok 4., 7. og 10. bekkjar.

## Talað mál, hlustun og áhorf

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt skýrum og áheyrilegum framburði,</li> <li>• tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu,</li> <li>• sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið,</li> <li>• hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni,</li> <li>• nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi,</li> <li>• átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar,</li> <li>• tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar,</li> <li>• tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum,</li> <li>• hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum,</li> <li>• nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt,</li> <li>• átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas,</li> <li>• gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu,</li> <li>• nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar,</li> <li>• hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni,</li> <li>• nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt,</li> <li>• átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.</li> </ul>



## Lestur og bókmenntir

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr,</li> <li>• nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi,</li> <li>• tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess,</li> <li>• valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrarargetu, sér til ánægju og skilnings,</li> <li>• lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum,</li> <li>• beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap,</li> <li>• beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu,</li> <li>• aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi,</li> <li>• lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað,</li> <li>• notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta,</li> <li>• greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta,</li> <li>• lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann,</li> <li>• lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum,</li> <li>• greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap,</li> <li>• beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap,</li> <li>• aflað sér upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga,</li> <li>• lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað,</li> <li>• skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi,</li> <li>• og m.a. valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur,</li> <li>• greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða,</li> <li>• gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því,</li> <li>• lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta,</li> <li>• beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákni og stílbrögð,</li> <li>• notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum,</li> <li>• leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess,</li> </ul>

- valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.

- valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.

- unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér,
- valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.

## Ritun

### Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

- dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega,
- nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi,
- samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð,
- beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi,
- nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis,
- skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu,

### Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur,
- valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni,
- samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa,
- beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim,
- lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun,
- skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda,

### Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

- skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær,
- beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar,
- tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun,
- beitt reglum um rétttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda,
- valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi,
- notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um,

- |   |  |   |
|---|--|---|
| <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann.</li> </ul> |
|---|--|---|

## Málfræði

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska,</li> <li>• þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein,</li> <li>• raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag,</li> <li>• gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða,</li> <li>• leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu,</li> <li>• búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta,</li> <li>• greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það,</li> <li>• notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun,</li> <li>• nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál,</li> <li>• áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra,</li> <li>• notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta,</li> <li>• beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins,</li> <li>• beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess,</li> <li>• valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun,</li> <li>• flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðaböngum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna,</li> <li>• áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra,</li> <li>• notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni,</li> <li>• gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállýskna,</li> <li>• áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt,</li> </ul>

- 
- |  |  |  |
|--|--|--|
| <ul style="list-style-type: none"><li>• leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki,</li><li>• gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.</li></ul> | <ul style="list-style-type: none"><li>• nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta,</li><li>• gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.</li></ul> | <ul style="list-style-type: none"><li>• áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap,</li><li>• gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og getur nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum.</li></ul> |
|--|--|--|

## **Breytingar á undirkafla 19.3, dags. 30. september 2021.**

### **19.3 Íslenska sem annað tungumál.**

Íslenska sem annað tungumál er ætluð nemendum sem eru að ná tökum á íslensku og eiga ekki íslensku að móðurmáli. Markmið með kennslunni eru að nemendur tileinki sér og læri íslensku þannig að þeir geti stundað alhliða nám í íslensku skólastarfi með jafnöldrum og tekið virkan þátt í samfélaginu. Gera má ráð fyrir að nemendur fylgi hæfniviðmiðum í íslensku sem öðru tungumáli í tvö til fjögur ár. Eftir það fylgja þeir aðalnámskrá í íslensku samkvæmt aldurstengdum viðmiðum.

Ábyrgð á íslenskunáminu hvílir á skólastjórnendum, umsjónarkennurum, íslenskukennurum og kennurum allra náms sviða sem þurfa að vinna saman til að námið verði markvisst. Eins er brýnt að allt starfsfólk sem kemur að námi eða frístundastarfi nemendanna sé upplýst um hæfni þeirra í íslensku og taki þátt í að styðja við námið. Foreldrar bera ábyrgð á að styðja við íslenskunám barna sinna og að rækta og þróa eigið móðurmál til að stuðla að virku fjöltyngi.

Hópur nemenda sem stundar nám í íslenskum skólum og lærir íslensku sem annað tungumál er fjölbreyttur. Ýmislegt getur haft áhrif á íslenskunámið sem nauðsynlegt er að taka mið af: Bakgrunnur hópsins er ólíkur, móðurmál eru mismunandi og reynsla af fyrri skólagöngu mismikil. Menningarbakgrunnur nemendanna er fjölbreyttur og hver einstaklingur hefur sinn sérstaka persónuleika, áhugasvið, þekkingu og námsgetu. Aðrir þættir sem geta skipt máli eru tilfinningaleg líðan, stuðningur heimilis, væntingar, áhugahvöt og hversu mikið nemandi leggur sig fram.

Kanna skal námslega stöðu nemenda meðal annars á sterkasta tungumáli hans. Námsáætlun nemandans byggir á því mati að höfðu samráði við foreldra. Nemendur sem hafa náð færni í móðurmáli og öðrum tungumálum skulu hvattir og þeim gefin tækifæri til að tengja málin við íslensku og byggja á hæfni sem þeir hafa öðlast í gegnum önnur tungumál, bæði færni og þekkingu.

Börn geta lært fleiri en eitt tungumál samtímis eða hvert á eftir öðru en til þess að ná færni í tungumálunum þurfa þau að fá góðan stuðning og málörvun. Þau þurfa að fá ríkuleg tækifæri til að efla íslenskufærni sína, ekki eingöngu í skólastarfi heldur líka í frístundum, félagsstarfi og samfélaginu almennt. Grundvallaratriði er að nemendurnir verði virkir málnotendur á íslenska tungu. Það felur í sér að þeir öðlist ekki eingöngu færni í að skilja talað og ritað mál heldur einnig að þeir geti tekið þátt

í umræðum sem tengjast viðfangsefni námsins og eflri stöðugt ritunarfærni sína á þann hátt sem nám gerir kröfur um á hverju stigi. Kennsluhættir og námsmat skal vera fjölbreytt og taka mið af öllum hæfniviðmiðum á öllum sviðum íslensku sem annars tungumáls.

Mikilvægt er að foreldrar séu reglulega upplýstir um stöðu og framfarir barna sinna og þarfir þeirra fyrir stuðning við námið. Hér er átt við bæði þann stuðning sem skólinn veitir og þann stuðning sem foreldrar geta veitt börnum sínum við námið og félagslega virkni þeirra. Einnig er mikilvægt að foreldrar fái tækifæri til að upplýsa skólann um þarfir, menningu og stöðu barnsins.

Við lok grunnskóla skal gefa nemendum lokaekinkunn í íslensku sem öðru tungumáli ef þeir hafa fylgt viðmiðum um hæfni samkvæmt hæfnirömmum íslensku sem annars tungumáls allt til loka grunnskóla. Á því mati skal áframhaldandi nám byggja. Þó ber að hafa í huga að nemendur þurfa markvissa kennslu og stuðning þegar þeir byrja að fylgja aldurstengdum viðmiðum í íslensku.

### Hæfniráttar

Hæfniráttarnir eru þrepaskiptir og lýsa stigvaxandi hæfni nemenda í íslensku sem öðru tungumáli. Römmunum er ætlað að lýsa hæfni sem krafist er í notkun íslensku á öllum sviðum tungumálanáms. Hæfniráttarnir miða ekki við aldur nemandans heldur stöðu hans í íslensku. Þó má gera ráð fyrir að yngri nemendur fylgi viðmiðum í íslensku sem öðru tungumáli í skemmri tíma en þeir eldri.

**Forstigi** er fyrir nemendur með litla sem enga þekkingu á íslensku tungumáli, þá sem eru ólæsir í móðurmáli sínu, þekkja ekki latneskt stafróf eða þurfa sérstaka þjálfun í íslenskum máhljóðum og að tengja þau við rittáknin. Áherslan er á lestur og íslenskt hljóðkerfi á þessu stigi. Þær hæfnilýsingar sem eiga við forstigi eru þau viðmið sem unnið skal að. Að loknu forstigi er miðað við að nemendur nái hæfni sem lýst er á 1. stigi að því gefnu að hæfniviðmiðum forstigs sé náð.

**1. stig** er fyrir nemendur sem teljast byrjendur í íslensku en eru vel læsir í móðurmáli, þekkja latneskt letur og eiga auðvelt með að tileinka sér íslensk máhljóð og íslensk rittákn. Áhersla er á grunnorðaförða, grunnþekkingu í íslenskri málfræði, einfaldar ritunarfæringar, mikinn lestur og hlustun auk markvissrar talþjálfunar í almennu, daglegu tali.

**2. stig.** Hér eru nemendur orðnir nokkuð færir í munnlegri tjáningu og hafa daglegan orðaförða nokkurn veginn á valdi sínu. Mikil orðaförðasöfnun á sér stað á þessu stigi og málfræðinotkun eflist samhliða. Kröfur um hæfni í rituðu máli aukast og áhersla er lögð á námsorðaförða eftir því sem kostur er. Nemendur fylgja aðlöguðum námsáætlunum í öllum bóklegum greinum.

**3. stig.** Hér eru nemendur komnir með góðan grunn í íslensku og geta einbeitt sér að því að safna orðaförða og þróa færni sína í námstengdri málnotkun á breiðum grunni á öllum hæfnisviðum. Þegar nemendur hafa náð þeirri hæfni sem lýst er á þriðja stigi eiga þeir að geta fylgt almennum aldurstengdum viðmiðum og námsáætlunum í öllum bóklegum greinum en með stuðningi ef þarf.

## 19.4 Hæfniviðmið í íslensku sem öðru tungumáli

### Skilningur – hlustun.

Forstigi	1. stig	2. stig	3. stig
<b>Nemandi:</b>			
Skilur einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan ef talað er hægt og skýrt, s.s. einfaldar spurningar og svör.	Skilur einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan, skólann, fjölskylduna og áhugamál ef talað er hægt og skýrt.	Skilur dagleg samtöl, og umræður sem tengjast kunnuglegum aðstæðum einkum ef talað er skýrt.	Skilur nokkuð auðveldlega daglegar samræður í tengslum við áhugasvið og annað í kunnuglegu umhverfi.

Forstig	1. stig	2. stig	3. stig
Skilur mjög einfaldar leiðbeiningar með stuðningi mynda, látbragðs o.fl.	Skilur að nokkru leyti leiðbeiningar og það mál sem notað er í kennslustofunni ef talað er hægt.	Skilur nákvæmar leiðbeiningar og fyrirmæli tengd námsgreinum.	Skilur megininntak í umræðum og fræðslu um viðfangsefni ýmissa námsgreina.
Greinir einstök orð og tölustafi sem kenndir hafa verið í einföldu hljóð- og myndefni.	Fylgir meginþræði og greinir upplýsingar í einföldum, kunnuglegum frásögnum með sjónrænum stuðningi og orðaforða sem hefur verið kenndur.	Skilur helstu atriði í kynningum, fræðslu og útskýringum með sjónrænum stoðum og skýrum dæmum.	Skilur megininntak kynninga og fræðslu í ýmsum námsgreinum og efni í fjölmiðlum sem höfðar til hans og er á skýru máli.
Skilur grunnorðaforða, orð á 1. þrepi <sup>1</sup> : orð yfir hluti, fólk og dýr, tölustafi og daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.	Skilur grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: orð yfir hluti, fólk og dýr, tölustafi og daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.	Hefur öðlast grunnskilning á mikilvægum orðaforða námsgreina, þ.e. orðaforða á 2. og 3. <sup>2</sup> þrepi (t.d. í náttúru- og samfélagsgreinum).	Er kominn með nokkuð góða þekkingu á námsorðaforða á 2. og 3. þrepi, til skilnings sem samsvarar aldri barnsins og því sem gera má ráð fyrir að jafnaldrar hafi þekkingu á.

### Skilningur – Lestur.

Forstig	1. stig	2. stig	3. stig
<b>Nemandi:</b>			
Tengir íslensk málljóð við rittákn þeirra. Byrjar að þjálfá sig í umskráningu og nær byrjunarfærni í lesfimi.	Þekkir íslenska stafrófið og íslensku málljóðin.	Getur lesið og skilið texta almenns eðlis með orðaforða sem kemur oft fyrir í námi í skólanum.	Getur fylgt meginhugmynd og rökum í texta almenns eðlis og getið sér til um merkingu orða út frá samhengi texta.

<sup>1</sup> Á fyrsta þrepi orðaforðans eru algengustu orð tungumálsins, grunnorðaforðinn. Dæmi um slík orð eru *strákur*, *stelpa*, *fara*, *koma*, *borða*, *sofa*, *vera* o.s.frv.

<sup>2</sup> Á öðru og þriðja þrepi orðaforðans eru orð sem tilheyra tungumáli skólustarfsins. Það er hinn svokallaði **námsorðaforði**. Öðru þrepi má skipta upp í nokkra undirflokk:

- samheiti algengra orða með einfalda merkingu: t.d. *piltur* í stað *strákur*
  - orð með flóknari merkingu: t.d. *orsakir* og *afleiðingar*, *framvinda* og *velgengni*
  - tengiorð, sem tengja saman málsgreinar og textahluta: *af því leiðir*, *í fyrsta lagi*, *þess vegna*
  - orð sem tengjast áhugamálum eða ýmsum daglegum störfum: t.d. *skíðasvæði*, *naglbítur*, *piparkvörn*
  - safn merkingarlega skyldra hugtaka: t.d. *leikföng*, *verkfæri* og *matvæli*
  - orðasambönd: t.d. *fara á fætur*, *taka djúpt í árinni*
- Þriðja þrep er orðaforði tiltekinn námsgreina: t.d. *spendýr* og *ljóstíllifun*, *landbúnaður* og *iðnaður*.

Forstig	1. stig	2. stig	3. stig
Getur lesið og skilið einföld orð og einfaldar lykilsetningar sem honum hafa verið kenndar og eru algengar eða eru studdar myndefni.	Getur lesið og skilið einföld orð og setningar sem hafa verið kenndar.	Getur lesið og skilið texta úr námsefni með stuðningi lykilhugtaka, orðalista, mynda og annarra hjálpargagna.	Getur lesið texta námsbókanna með viðeigandi stuðningi (orðalista, orðabóka og mynda).
Nýtir sér myndir og tákn til að skilja og skýra merkingu orða.	Nýtir sér myndir og tákn til að skilja og skýra merkingu orða.	Getur getið sér til um merkingu einstakra orða út frá samhengi og áætlað merkingu setningar, ef hann þekkir efnið sem um ræðir.	Getur fundið lykilupplýsingar í texta og safnað upplýsingum úr ýmsum textahlutum til að leysa verkefni.
Getur lesið mjög einfalda texta með stuðningi t.d. mynda.	Getur lesið og skilið einfalda texta af nokkurri lipurð.	Getur fylgt söguþræði í stuttum sögum og frásögnum á einföldu máli.	Getur lesið einfaldar skáldsögur í fullri lengd.

### Tjáning – Talað mál, samskipti og frásögn.

Forstig	1. stig	2. stig	3. stig
<b>Nemandi:</b>			
Getur, með stuðningi, tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum.	Getur, með stuðningi, tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum.	Getur tekið þátt í flestum daglegum samtölum án mikils stuðnings.	Getur tekið þátt í tiltölulega löngum samtölum um efni sem er til umræðu ef viðmælandi gerir sér far um að sýna skilning og koma til móts við nemandann.
Getur beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga.	Getur beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga.	Getur spurt einfaldra spurninga og nýtt til þess orð og setningar úr námsefninu og átt samskipti við sammendur um námsefnið.	Getur tekið þátt í umræðum um viðfangsefni hinna ýmsu námsgreina.
Getur kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig.	Getur kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig.	Getur sagt frá áætlunum, venjum, daglegum athöfnum, liðnum atburðum og persónulegri reynslu.	Getur tekið þátt í samræðum um áhugamál og frístundir í raun- og netheimum, tjáð skoðanir og rökstutt þær.



Forstigi	1. stig	2. stig	3. stig
Kann grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.	Kann grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.	Getur flutt undirbúna kynningu um efni sem hann þekkir vel og svarað spurningum áheyrenda en gæti þurft að biðja um endurtekningu.	Getur útbúið og flutt kynningu á efni sem hann þekkir og svarað spurningum ef þær eru orðaðar skýrt.
Getur á einfaldan hátt tjáð hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni.	Getur á einfaldan hátt tjáð hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni.	Getur auðveldlega tjáð sig um það sem honum líkar/mislíkar.	Getur að mestu tjáð skoðanir sínar á skýran hátt.
Getur stafað nafnið sitt og gefið upp símanúmer.	Getur með takmörkuðum orðaforða lýst hlut eða mynd með því að hafa undirbúið sig fyrir fram.	Getur lýst fólki, stöðum og hlutum á einfaldan hátt.	Getur sagt í smáatriðum frá atburðum, viðbrögðum við þeim og lýst reynslu.

### Tjáning – Ritun.

Forstigi	1. stig	2. stig	3. stig
<b>Nemandi:</b>			
Getur skrifað íslenska stafrófið eftir fyrirmynd.	Getur skrifað stök orð og einfaldar setningar um sjálfan sig.	Getur skrifað einfalda texta sem tengjast daglegum athöfnum, persónulegum högum, líðan, áhugamálum og viðhorfum með stuðningi hjálpargagna.	Getur skrifað samfelldan texta um margvísleg efni og tengt efnisgreinar í línulega, rökrétta heild með viðeigandi tengiorðum, (þótt textinn sé ekki málfræðilega réttur).
Þekkir íslenska ritátt.	Getur skrifað nafn sitt, heimilisfang og nafn skólans.	Getur skrifað stuttar lýsingar á atburðum, fyrri viðfangsefnum og reynslu.	Getur skrifað óformlegan og formlegan texta t.d. á samfélagsmiðlum. Getur hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang.

Forstig	1. stig	2. stig	3. stig
Getur afritað orð og setningar.	Getur skrifað orð og orðasambönd til að lýsa hversdagslegum hlutum (t.d. lit eða stærð).	Getur svarað spurningum tengdum náminu skriflega með viðeigandi stuðningi orðalista og lykilorðavinnu.	Getur tjáð skriflega skoðun sína á námsefni, kvikmyndum, bókum eða sjónvarpsþáttum með viðeigandi orðaforða.
Getur skrifað einföld orð og einfaldar setningar sem hann hefur lært.	Getur skrifað einfaldar setningar til að lýsa atburðum í myndasögu.	Getur búið til stutta kynningu í skýrslu eða á veggspjaldi um efni tengt náminu með myndum og stuttum textum.	Getur skrifað námsritgerðir og notar námsorðaforða með viðeigandi stuðningi orðalista og orðabóka.
Getur skrifað nafnið sitt.	Getur fært dagbók sem lýsir daglegum athöfnum, fólki og stöðum í stuttum setningum.	Getur skrifað stuttar, einfaldar frásagnir, t.d. inngang að sögu eða framhald af sögu með stuðningi hjálpargagna.	Getur gert grein fyrir reynslu, lýst tilfinningum og viðbrögðum í samfelldum texta. Getur skrifað samfellda sögu, með upphafi, atburðarás og sögulokum.
Getur teiknað röð mynda og með aðstoð skrifað stök orð eða setningar til að lýsa því sem er að gerast á myndunum (t.d. einföld dagbók).	Hefur grunnþekkingu á íslensku málfraði og beitir henni í ritun.	Hefur grunnþekkingu í íslensku málfraði og beitir henni í ritun.	Hefur öðlast breiðan grunn í íslensku málfraði og beitir henni í ritun.

### Matsviðmið í íslensku sem öðru tungumáli.

Þar sem nemendur í íslensku sem öðru tungumáli eru á ýmsum aldri þegar þeir hefja skólagöngu sína á Íslandi og þar með nám í íslensku sem öðru tungumáli eru ekki gerð aldurstengd matsviðmið í íslensku sem öðru tungumáli við lok grunnskóla. Í staðinn skal ákvarða hæfnistig nemanda við lok grunnskóla og meta stöðu hans eftir matsviðmiðum sem eiga við viðkomandi hæfnistig. Nota skal viðeigandi ramma og gefa nemanda einkunn fyrir frammistöðu á því hæfnistigi sem hann hefur verið staðsettur á með eftirfarandi einkunnaskala í huga:

- A: Nemandi sýnir framúrskarandi hæfni og frammistöðu.
- B: Nemandi sýnir góða hæfni og frammistöðu.
- C: Nemandi sýnir sæmilega hæfni og frammistöðu.
- D: Hæfni og frammistöðu er ábótavant.

<b>Forstigi</b>		
<b>C</b>	<b>B</b>	<b>A</b>
<b>Skilningur: Hlustun</b>		
<b>Við lok forstigs getur nemandi:</b>		
Skilið að nokkru leyti einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan ef talað er mjög hægt og skýrt. Greint að einhverju leyti stök máhljóð, orð og tölustafi sem kenndir hafa verið í einföldu hljóð- og myndefni.	Skilið að mestu leyti einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan ef talað er hægt og skýrt. Greint stök máhljóð, orð og tölustafi sem kenndir hafa verið í einföldu hljóð- og myndefni.	Skilið vel einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan ef talað er hægt og skýrt. Greint stök máhljóð, orð og tölustafi sem kenndir hafa verið í einföldu hljóð- og myndefni á auðveldan hátt.
<b>Skilningur: Lestur.</b>		
<b>Við lok forstigs getur nemandi:</b>		
Áttað sig að mestu leyti á tengslum bókstafa og hljóða og lesáttinni, fyrsta stig umskráningar. Lesið og skilið einföld orð og einfaldar lykilsetningar sem honum hafa verið kenndar og eru algengar eða eru studdar myndefni. Getið sér til að einhverju leyti um merkingu orða út frá mynd eða tákni.	Áttað sig á tengslum bókstafa og hljóða og lesáttinni, kominn af stað í umskráningu. Lesið og skilið einföld orð og einfaldar lykilsetningar sem honum hafa verið kenndar og eru algengar eða eru studdar myndefni. Getið sér til um merkingu orðs út frá mynd eða tákni.	Sýnt fram á að hafa náð tókum á tengslum bókstafa og hljóða og lesáttinni, kominn með umskráningarfærni. Lesið og skilið einföld orð og einfaldar lykilsetningar sem honum hafa verið kenndar og eru algengar eða eru studdar myndefni. Lesið orð sem hann hefur ekki lært áður. Getið sér til um merkingu orðs út frá mynd eða tákni.
<b>Tjáning: Talað mál – samskipti og frásögn.</b>		
<b>Við lok forstigs getur nemandi:</b>		
Tekið að nokkru leyti þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum. Svarað mjög einföldum spurningum. Beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt mjög einfaldra spurninga.	Tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum. Svarað einföldum spurningum. Beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga.	Tekið nokkuð auðveldlega þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum. Svarað einföldum spurningum á nokkuð lipran hátt. Beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga. Getur hafið einfaldar samræður við kennara og börn.

<b>Tjáning: Ritun.</b> <b>Við lok forstigs getur nemandi:</b>		
Afritað að nokkru leyti stafi, orð og setningar eftir fyrirmynd. Skrifað einföld orð og einfaldar setningar sem hann hefur lært.	Afritað stafi, orð og setningar eftir fyrirmynd. Skrifað einföld orð og einfaldar setningar sem hann hefur lært.	Afritað stafi, orð og setningar eftir fyrirmynd á nokkuð lipran hátt. Skrifað einföld orð og einfaldar setningar sem hann hefur lært.
<b>1. stig</b>		
<b>C</b>	<b>B</b>	<b>A</b>
<b>Skilningur: Hlustun.</b> <b>Við lok 1. stigs getur nemandi:</b>		
Skilið að mestu leyti einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan ef talað er hægt og skýrt. Fylgt meginþræði í einföldum, frásögnum um kunnugleg efni sem studd eru með sjónrænum gögnum.	Skilið nokkuð vel einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan ef talað er hægt og skýrt. Fylgt meginþræði í einföldum, frásögnum um kunnugleg efni sem studd eru með sjónrænum gögnum.	Skilið mjög vel einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan ef talað er hægt og skýrt. Fylgt auðveldlega meginþræði í einföldum, frásögnum um kunnugleg efni sem studd eru með sjónrænum gögnum.
<b>Skilningur: Lestur.</b> <b>Við lok 1. stigs getur nemandi:</b>		
Lesið/farið með íslenska stafrófið að mestu leyti og áttað sig á íslenskum máhljóðum. Lesið og skilið einföld orð og setningar sem hafa verið kenndar. Lesið og skilið einfalda texta hægt og með stuðningi. Getið sér til, að einhverju leyti, um merkingu orðs út frá mynd eða tákni.	Lesið/farið með íslenska stafrófið og íslensku máhljóðin. Lesið og skilið einföld orð og setningar sem hafa verið kenndar. Lesið og skilið einfalda texta af nokkurri lipurð. Getið sér til um merkingu orðs út frá mynd eða tákni.	Lesið/farið með íslenska stafrófið og íslensku máhljóðin af mikilli lipurð. Lesið og skilið einföld orð og setningar sem hafa verið kenndar. Lesið og skilið einfalda texta af mikilli lipurð. Getið sér auðveldlega til um merkingu orðs út frá mynd eða tákni.
<b>Tjáning: Talað mál – samskipti og frásögn.</b> <b>Við lok 1. stigs getur nemandi:</b>		
Tekið nokkuð auðveldlega þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga. Tjáð hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni á einfaldan hátt.	Tekið nokkuð auðveldlega þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga. Tjáð hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni á einfaldan hátt.	Tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan af nokkurri lipurð, sé talað hægt og skýrt, beðið um aðstoð og spurt einfaldra spurninga. Tjáð hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni á einfaldan hátt.

<b>Tjáning: Ritun.</b> <b>Við lok 1. stigs getur nemandi:</b>		
Skrifað stök orð og einfaldar setningar um sjálfan sig og hversdagslega hluti og atburði með stuðningi. Nýtt sér að einhverju leyti einfaldar reglur í íslenskri málfræði og beitt þeim í ritun en þarf mikinn stuðning og hjálpargögn.	Skrifað stök orð og einfaldar setningar um sjálfan sig og hversdagslega hluti og atburði. Nýtt sér einfaldar reglur í íslenskri málfræði og beitt þeim í ritun með hjálpargögnum.	Skrifað stök orð og einfaldar setningar um sjálfan sig og hversdagslega hluti og atburði, á lipran og sjálfstæðan hátt. Nýtt sér einfaldar reglur í íslenskri málfræði og beitt þeim í ritun af nokkurri lipurð.
<b>2. stig</b>		
<b>C</b>	<b>B</b>	<b>A</b>
<b>Skilningur: Hlustun.</b> <b>Við lok 2. stigs getur nemandi:</b>		
Skilið nokkuð vel dagleg samtöl og umræður, sem tengjast kunnuglegum aðstæðum einkum ef talað er mjög skýrt. Skilið námstengd viðfangsefni, með miklum stuðningi.	Skilið vel dagleg samtöl og umræður, sem tengjast kunnuglegum aðstæðum einkum ef talað er skýrt. Skilið námstengd viðfangsefni, með stuðningi.	Skilið auðveldlega dagleg samtöl og umræður, sem tengjast kunnuglegum aðstæðum einkum ef talað er skýrt. Skilið námstengd viðfangsefni, með stuðningi.
<b>Skilningur: Lestur.</b> <b>Við lok 2. stigs getur nemandi:</b>		
Lesið og skilið að mestu auðlesna texta almenns eðlis. Lesið og skilið texta úr námsefni með stuðningi lykilhugtaka, orðalista og annarra hjálpargagna. Fylgt að mestu einföldum söguþræði í sögum á einföldu máli, með miklum stuðningi.	Lesið og skilið auðlesna texta almenns eðlis. Lesið og skilið texta úr námsefni með stuðningi lykilhugtaka, orðalista og annarra hjálpargagna. Fylgt söguþræði í sögum á einföldu máli með stuðningi.	Lesið og skilið auðlesna texta almenns eðlis auðveldlega. Lesið og skilið texta úr námsefni með stuðningi lykilhugtaka, orðalista og annarra hjálpargagna. Fylgt söguþræði í sögum á einföldu máli án mikils stuðnings.
<b>Tjáning: Talað mál – samskipti og frásögn.</b> <b>Við lok 2. stigs getur nemandi:</b>		
Tekið þátt í flestum daglegum samtölum með einhverjum stuðningi. Spurt einfaldra spurninga og nýtt til þess orð og setningar úr námsefninu, með stuðningi. Sagt frá áætlunum, venjum, daglegum athöfnum, liðnum atburðum og persónulegri reynslu, með stuðningi.	Tekið þátt í flestum daglegum samtölum án mikils stuðnings. Spurt einfaldra spurninga og nýtt til þess orð og setningar úr námsefninu án mikils stuðnings. Sagt frá áætlunum, venjum, daglegum athöfnum, liðnum atburðum og persónulegri reynslu án mikils stuðnings. Tjáð sig auðveldlega um það sem honum líkar/mislíkar.	Tekið þátt í flestum daglegum samtölum án stuðnings. Spurt einfaldra spurninga og nýtt til þess orð og setningar úr námsefninu á lipran hátt. Sagt frá áætlunum, venjum, daglegum athöfnum, liðnum atburðum og persónulegri reynslu án stuðnings. Tjáð sig á lipran hátt um það sem honum líkar/mislíkar.

Tjáð sig nokkuð auðveldlega um það sem honum líkar/mislíkar.		
<b>Tjáning: ritun.</b>		
<b>Við lok 2. stigs getur nemandi:</b>		
Skrifað einfalda texta sem tengjast daglegum athöfnum, áhugasviði, persónulegum högum, líðan og viðhorfum með miklum stuðningi hjálpargagna. Skrifað stuttar, einfaldar ritgerðir um efni sem unnið er í námsgreinum með miklum stuðningi. Nýtt sér einfaldar reglur í íslenskri málfræði og beitt þeim í ritun, með stuðningi hjálpargagna.	Skrifað einfalda texta sem tengjast daglegum athöfnum, áhugasviði, persónulegum högum, líðan og viðhorfum með stuðningi hjálpargagna. Skrifað stuttar, einfaldar ritgerðir um efni sem unnið er í námsgreinum með viðeigandi stuðningi. Nýtt sér einfaldar reglur í íslenskri málfræði og beitt þeim í ritun, án mikils stuðnings.	Skrifað einfalda texta sem tengjast daglegum athöfnum, áhugasviði, persónulegum högum, líðan og viðhorfum með stuðningi hjálpargagna. Skrifað stuttar, einfaldar ritgerðir um efni sem unnið er í námsgreinum án mikils stuðnings. Nýtt sér einfaldar reglur í íslenskri málfræði og beitt þeim í ritun.
<b>3. stig</b>		
<b>C</b>	<b>B</b>	<b>A</b>
<b>Skilningur: Hlustun.</b>		
<b>Við lok 3. stigs getur nemandi:</b>		
Skilið að mestu daglegar samræður, umræður og fræðslu um almenn efni í kunnuglegu umhverfi. Skilið að mestu megininntak í umræðum og fræðslu um viðfangsefni ýmissa námsgreina.	Skilið nokkuð auðveldlega daglegar samræður, umræður og fræðslu um almenn efni í kunnuglegu umhverfi. Skilið nokkuð auðveldlega megininntak í umræðum og fræðslu um viðfangsefni ýmissa námsgreina.	Skilið auðveldlega daglegar samræður, umræður og fræðslu um almenn efni í kunnuglegu umhverfi. Skilið auðveldlega megininntak í umræðum og fræðslu um viðfangsefni ýmissa námsgreina.
<b>Skilningur: Lestur.</b>		
<b>Við lok 3. stigs getur nemandi:</b>		
Fylgt að mestu meginhugmynd og rökum í texta almenns eðlis og getið sér til um merkingu orða út frá samhengi texta. Lesið texta námsbókanna með miklum stuðningi (orðalista, orðabóka og mynda). Lesið og skilið (einfaldar) skáldsögur í fullri lengd með miklum stuðningi hjálpargagna.	Fylgt meginhugmynd og rökum í texta almenns eðlis og getið sér til um merkingu orða út frá samhengi texta. Lesið texta námsbókanna með viðeigandi stuðningi (orðalista, orðabóka og mynda). Lesið og skilið (einfaldar) skáldsögur í fullri lengd með stuðningi hjálpargagna.	Fylgt auðveldlega meginhugmynd og rökum í texta almenns eðlis og getið sér til um merkingu orða út frá samhengi texta. Lesið texta námsbókanna með viðeigandi stuðningi (orðalista, orðabóka og mynda). Lesið og skilið (einfaldar) skáldsögur í fullri lengd.

<p><b>Tjáning: Talað mál – samskipti og frásögn.</b></p> <p><b>Við lok 3. stigs getur nemandi:</b></p>		
<p>Tekið þátt í tiltölulega löngum samtölum um ýmis efni ef viðmælandi gerir sér far um að sýna skilning og koma til móts við nemandann.</p> <p>Að mestu fylgst með samræðum og tjáð skoðanir sínar og skilning á námsefni í öllum námsgreinum en gæti þurft stuðning og endurtekningu. Flutt með stuðningi einfalda, undirbúna kynningu um efni sem hann þekkir vel.</p>	<p>Tekið þátt í tiltölulega löngum samtölum um ýmis efni ef viðmælandi gerir sér far um að koma til móts við nemandann. Fylgst að mestu leyti með samræðum og tjáð skoðanir sínar og skilning á námsefni í öllum námsgreinum. Flutt einfalda undirbúna kynningu um efni sem hann þekkir vel.</p>	<p>Tekið þátt í tiltölulega löngum samtölum um ýmis efni ef viðmælandi gerir sér far um að koma til móts við nemandann. Fylgst auðveldlega með samræðum og tjáð skoðanir sínar og skilning á námsefni í öllum námsgreinum. Flutt undirbúna kynningu um efni sem hann þekkir vel.</p>
<p><b>Tjáning: Ritun.</b></p> <p><b>Við lok 3. stigs getur nemandi:</b></p>		
<p>Skrifað samfelldan texta um margvísleg efni og tengt efnisgreinar í línulega, rökrétta heild, með stuðningi hjálpargagna.</p> <p>Skrifað námsritgerðir og notað mikilvægan námsorðaförða með stuðningi orðalista og orðabóka.</p> <p>Nýtt sér reglur í íslenskri málfræði og stafsetningu og beitt þeim í ritun, með stuðningi hjálpargagna.</p>	<p>Skrifað samfelldan texta um margvísleg efni og tengt efnisgreinar í línulega, rökrétta heild án mikils stuðnings.</p> <p>Skrifað námsritgerðir og notað mikilvægan námsorðaförða með stuðningi orðalista og orðabóka.</p> <p>Nýtt sér reglur í íslenskri málfræði og stafsetningu og beitt þeim í ritun.</p>	<p>Skrifað samfelldan texta um margvísleg efni og tengt efnisgreinar í línulega, rökrétta heild.</p> <p>Skrifað námsritgerðir og notað mikilvægan námsorðaförða með stuðningi orðalista og orðabóka.</p> <p>Nýtt sér reglur í íslenskri málfræði og stafsetningu og beitt þeim í ritun. Sýnt fram á mikla færni við beitingu málsins í rituðu máli.</p>

## 19.5 ÍSLENSKT TÁKNMÁL OG ÍSLENSKA

Traust kunnátta í íslensku táknmáli og íslensku er ein meginundirstaða staðgóðrar menntunar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Námsgreinin tvítýngi íslensks táknmáls og íslensku er skipulögð sem heildstæð námsgrein á sama hátt og íslenskan sem móðurmál. Auk þess er þjálfun í táknmáli, íslensku ritmáli og jafnvel talmáli, þegar börnin nota það til samskipta, felld inn í allar námsgreinar grunnskóla. Í þessum kafla eru sett fram hæfniviðmið fyrir talað táknmál og tjáningu með og án táknmálsstúlks, íslenskt táknmál og íslensku, lestur og bókmenntir, skráningu táknmálstexta og ritun og loks málfræði. Ekki eru hér sett fram sérstök hæfniviðmið vegna táknmáls í öðrum námsgreinum eða námssviðum, en hafa verður í huga sérstakar þarfir táknmálsnemenda þegar þeir leggja stund á aðrar námsgreinar, ekki síst í námi í erlendum tungumálum. Táknmálsnemendur eiga að fá tækifæri til að nota íslenskt táknmál við nám í öllum námsgreinum, eftir því sem við verður komið og fá viðeigandi táknmálsstúlkun.

Litið er svo á að íslenska táknmálið sé hið daglega samskipta- og kennslumál en einnig íslenska eða að minnsta kosti íslenskt ritmál. Leggja ber áherslu á öflugt samstarf við heimilin um þjálfun í íslensku táknmáli og íslensku á öllum stigum grunnskóla. Þetta er mikilvægt samstarfsverkefni heimila og skóla og fjölskyldan gegnir veigamiklu hlutverki í að skapa virðingu fyrir báðum málunum, styrkja þau og rækta og viðhalda áhuga nemenda, ekki síst hvað varðar þjálfun í lestri myndefnis á táknmáli, lestri íslensku og tjáningu og almennri málrækt.

### 19.5.1 Talað táknmál og tjáning með og án táknmálsstúlks

Í lýðræðisþjóðfélagi er jafn brýnt fyrir nemendur í tvítýngi íslensks táknmáls og íslensku og aðra nemendur að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi. Þeim er nauðsynlegt að geta tjáð skoðanir sínar í námi, starfi, félagslífi og einkalífi skýrt á táknmáli og vera færir um að nota þjónustu táknmálsstúlka við allar þessar aðstæður. Mikilvægt er að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir kunnáttu sinni og skoðunum með og án táknmálsstúlks. Frá upphafi skólagöngu þarf að leggja áherslu á að nemendur fái leiðsögn um skýran framburð og framsögn á táknmáli.

Veigamikill þáttur í almennri menntun er að kunna að hlusta og horfa með athygli og á gagnrýninn hátt. Nauðsynlegt er að geta numið með eða án táknmálsstúlkunar þær upplýsingar sem miðlað er og túlkað og metið þær á gagnrýninn hátt. Mikilvægt er að nemendur með tvítýngi táknmáls og íslensku læri að hlusta á aðra og taka tillit til skoðana þeirra í umræðum og rökræðum. Til þess þarf nemandinn að læra að nota táknmálsstúlk við samræður og samskipti í skólastofu og við notkun ýmissa samskiptamiðla, til að mynda netmiðla þar sem töluðu máli er beitt.

Gott vald á íslensku táknmáli er undirstaða náms í íslensku og annars tungumálanáms og nýtist í öllum öðrum námsgreinum. Í upphafi er æskilegt að leggja áherslu á



Þjálfun í einföldum frásögnum og endursögn, þátttöku í almennum samræðum með táknaðstúlkun og hlutverkaleikjum. Síðar bætist við kennsla um einkenni málanna, þýðingar á milli þeirra og frekari þjálfun í leikrænni tjáningu og rökræðum. Notkun túlkabjónustu í skólastarfinu þarf að vera eðlilegur þáttur og með aukinni stígangi.

### 19.5.2 Lestur og bókmenntir

Bókmenntakennslu barna með tvítyngi táknaðs og íslensku er, umfram það sem almennt gildir, ætlað að stuðla að sterkari sjálfsmynd nemenda með lestri táknaðsbókmennta sem

#### Talað táknað og tjáning með og án táknaðstúlks

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>talað táknað skýrt, hefur áferðarfallegan framburð og getur nýtt sér leiðbeiningar og aðstoð við að bæta framburð og framsögn,</li> <li>tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og túlkað á táknaði eða leikið texta af ýmsum gerðum,</li> <li>sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri og endursagt efni sem hlustað hefur verið á, horft á eða lesið,</li> <li>hlustað og horft með athygli og skilningi á upplestur á táknaði, túlkað leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni,</li> <li>nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð sig skýrt og skilmerkilega með og án táknaðstúlks og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar,</li> <li>staðið fyrir máli sínu, tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar,</li> <li>flutt mál sitt skipulega með viðeigandi áherslum og túlkun og tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum, með og án táknaðstúlks,</li> <li>hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem tjáð er á ólíkan máta og kann að bregðast við á viðeigandi hátt,</li> <li>nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýnninn hátt,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>flutt mál sitt skýrt og skilmerkilega með og án táknaðstúlks og hefur tileinkað sér viðeigandi talhæða og fas,</li> <li>gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, látbrigði, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu,</li> <li>nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar,</li> <li>hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar sem eru túlkaðar af töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, túlkaðs upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni,</li> <li>nýtt sér fjölmiðla, svo sem sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt,</li> </ul>

- |  |  |   |
|--|--|---|
| <ul style="list-style-type: none"> <li>• átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• átt góð samskipti, hlustað, sýnt viðeigandi kurteisi og gætt að máli sínu.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi og gert sér grein fyrir því hvað er viðeigandi við mismunandi aðstæður.</li> </ul> |
|--|--|---|

## Lestur og bókmenntir

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• notið þess að horfa á frásagnir og lestur á táknmáli og tileinkað sér efni þeirra,</li> <li>• nýtt góðan táknsforða við að skilja táknaástandstexta,</li> <li>• beitt aðferðum við umskráningu orða í táknaástandmyndir og tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess og samhengi í einföldum texta á íslensku,</li> <li>• valið sér bækur á íslensku ætlaðar börnum og lesið sér til ánægju,</li> <li>• nýtt orðaforða íslensku við að skilja texta úr námsefni sem nemandinn þekkir,</li> <li>• gert sér nokkra grein fyrir eðli og samsetningu táknaástandsljóða, þekkt ljóð á prenti og gert sér grein fyrir rími og samhverfu,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tileinkað sér efni úr bókum og fræðsluefni sem flutt er á táknaástand og lagt mat á það og túlkað,</li> <li>• notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum táknsforða, þ.m.t. döfftákni, við skilning á táknaástandstextum,</li> <li>• greint og fjallað um aðalatriði og helstu efnisorð í texta og notað efnisorð við endursögn á táknaástandi,</li> <li>• lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir innihaldi texta,</li> <li>• notað þekkingu og reynslu ásamt orðaforða íslensku við lestur og skilning á texta við hæfi,</li> <li>• beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða á báðum málunum,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• áttað sig á mismunandi leiðum til að koma boðskap á framfæri í táknaástandstexta,</li> <li>• skilið mikilvægi þess að efla eigin skilning á mismunandi mállyskum og framsetningu á táknaástandi hjá fólki á öllum aldri, með ólíka félagslega stöðu, menntun og menningarlegan bakgrunn,</li> <li>• lesið með gagnrýnu hugarfari og greint aðalatriði frá aukaatriðum, dregið ályktanir af efni táknaástandstexta, táknaástandsfréttu og ritaðs texta,</li> <li>• notið bókmennta, gert grein fyrir þeim tilfinningum og áhrifum sem þær vekja og hefur kynnst fjölbreyttum bókmenntum,</li> <li>• skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi með lestri mismunandi texta, s.s. bókmenntatexta, fræðsluefni og námsefni,</li> <li>• fjallað um bundið mál og óbundið, táknaástandsljóð og táknaástandsfrásögn lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og áttað sig á myndmáli í bundnu og óbundu máli,</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>• þekkt og beitt hugtökunum söguþráður, sögulok, sögupersónur og boðskapur,</li> <li>• tekið þátt í flutningi bókmenntatexta á táknmáli,</li> <li>• lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum,</li> <li>• aflað sér myndrænna upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• notað hugtök í bókmenntafræði við að gera grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekið bókmenntaverk eða táknáfrásögn hefur á hann,</li> <li>• þýtt einfalda íslenska texta á táknmál,</li> <li>• lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær,</li> <li>• safnað upplýsingum úr bókum eða á rafrænu formi og unnið úr þeim.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtt helstu hugtök í bókmenntafræði í umræðu um bókmenntir,</li> <li>• þýtt íslenska bókmenntatexta við hæfi og fræðslufni á táknmál,</li> <li>• unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér,</li> <li>• aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum svo sem bókum, tímaritum og efni á rafrænu formi.</li> </ul>
---	--	--

### Skráning táknmálstexta og ritun

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• skráð eigin táknmálstexta á myndrænt form,</li> <li>• dregið rétt til stafs og skrifað íslensku skýrt og læsilega,</li> <li>• nýtt, í samningu táknmálstexta og ritun, þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi,</li> <li>• samið táknmálstexta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð sig skýrt og af öryggi og beitt myndrænni tækni við skráningu táknmálstexta,</li> <li>• skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu,</li> <li>• valið textategund, skipulagt og orðað texta bæði á íslensku táknmáli og íslensku, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni,</li> <li>• samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veita öðrum hlutdeild með því að kynna efnið eða leyfa öðrum að horfa á eða lesa,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt myndrænni tækni og margmiðlun við birtingu á efni á táknmáli og íslensku,</li> <li>• skrifað skýrt og greinilega og öðlast persónulega rithönd, beitt ritvinnslu af öryggi, gengið frá texta og notað orðabækur og önnur tiltæk hjálpargögn,</li> <li>• beitt skipulegum vinnubrögðum við skráningu táknmálstexta og í ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar,</li> <li>• tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í táknmálstexta eða rituðu máli,</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtt sér fyrirmyndir í gerð táknmálstexta og ritun, svo sem með því að horfa á útgefið táknmálsefni, lestri bóka, blaða eða rafræns efnis,</li> <li>• beitt svipbrigðum og öðrum látbrigðum við greinarmerkjasetningu í táknmáli, beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi,</li> <li>• byggt upp skipulega frásögn og skrifað minnispunkta á íslensku fyrir frásögn flutta á táknmáli,</li> <li>• skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun,</li> <li>• beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar,</li> <li>• gengið frá texta og nýtt sér orðabækur, leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn við ritun,</li> <li>• skrifað texta á tölvu og beitt allmörgum aðgerðum í ritvinnslu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi táknaforða og fjölbreytilegu myndmáli í táknmáli og þýtt á íslensku með mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi,</li> <li>• beitt reglum um rétttritun og hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að góð stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda,</li> <li>• viðhaft skipuleg vinnubrögð við ritun,</li> <li>• valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá, svo sem reglur kveða á um.</li> </ul>
---	---	--

## Málfræði

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• skilið mikilvægi hlutverkaskipta og augnsambands í frásögnum, skilið notkun rýmis og beitt próformasögnum og látbrigðum í táknmáli,</li> <li>• ráðið í mun á sögnum, nafnorðum/táknum og lýsingarorðum/táknum og áttað sig á mismunandi hlutverki þeirra í báðum málunum,</li> <li>• talað táknmál af öryggi og ræður yfir orðaforða og mál-skilningi sem hæfir þroska. Þekkir döfftákn og getur beitt þeim,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt hlutverkaskiptum, rými og látbrigðum á skapandi hátt,</li> <li>• fundið próformasögn/sagnlið, nafntákn, lýsingartákn og látbrigði í táknmálstexta og fundið tölu og áttbeygingar í táknmáli og kyn, tölu og fall í íslensku,</li> <li>• nýtt og hefur öðlast góðan orðaforða á íslensku og íslensku táknmáli,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt hugtökunum próformasögn, hlutverkaskipti, rými og látbrigði í umræðum um málið,</li> <li>• nýtt sér grundvallarþekkingu um málfræðilegar formdeildir táknaforða og orðflokka íslensku í umfjöllun um táknmál, raddmál og ritað mál,</li> <li>• glöggvað sig á mikilvægi orða- og táknaforða, gert grein fyrir uppbyggingu orðasafns/ táknaforða íslensku og íslensks táknaforða og gert sér grein fyrir ólíkum uppruna orða og tákna og mismunandi notkun þeirra eftir aðstæðum,</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt fingrastöfun af leikni, raðað í stafrófsröð og áttar sig á mun sérhljóða og samhljóða,</li> <li>• áttað sig á byggingarhluta tákna og þekkir hugtökin fingrastöfun, tákni, samsett tákni, bókstafur, orð, samsett orð og málsgrein,</li> <li>• gert grein fyrir helstu reglum við myndun nafnatákna, áttað sig á mun samnafna og sérnafna og getur nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu,</li> <li>• fundið samheiti og andheiti í báðum málum,</li> <li>• gert sér grein fyrir ólíkri uppbyggingu íslensks tákn máls og íslensku.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• flett upp orðum sem raðað er í stafrófsröð,</li> <li>• nýtt hugtökin bókstafur, grunnbreyta, hljóð, sérhljóð, samhljóð, atkvæði, orð, tákni og málsgrein í umræðu um tungumálin,</li> <li>• nýtt þekkingu á orðhlutum og samsetningu orða í stafsetningu og umræðu um ritaðan texta og á grunnbreytum og samsetningu tákna í tákn málstexta,</li> <li>• stigbreytt með látbrigðum á tákn máli, þekkir samsvarandi stigbreytingu á íslensku og getur greint tímalínur í tákn máli og fundið nútíð, þátíð og nafnhátt sagna í íslensku,</li> <li>• gert sér grein fyrir notagildi málfræði íslenska tákn málsins við nám í íslensku og erlendum málum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðaböngum og nýtt þekkingu sína á málfræði til að bæta málnotkun, stafsetningu og tungumálanám,</li> <li>• beitt hugtökunum grunnbreyta, handform, myndunarstaður, hreyfing og afstaða í umræðum um íslenska tákn málið,</li> <li>• nýtt sér þekkingu sína á málfræði til að bæta málnotkun, stafsetningu og tungumálanám og gert sér grein fyrir mikilvægi þess að vanda mál, bæði tákn máli og íslensku, og nauðsyn þess að öðlast trú á eigin kunnáttu í málunum,</li> <li>• gert grein fyrir því hvernig málin nota ólíkar leiðir til að tjá tíð og stigbreytingu,</li> <li>• nýtt þekkingu sína á málfræði við nám í íslensku og erlendum málum.</li> </ul>
--	--	--

endurspegla veruleika og sögu tákn málstalandi fólks. Haldgóð þekking á döfmenningu er nauðsynleg til sjálfsskilnings og til þess að öðlast virðingu fyrir íslenska tákn málinu.

Íslenskt tákn máli og íslenska hafa mismunandi hlutverk í lífi barnanna. Íslenska tákn málið er fyrst og fremst til samskipta sem tengjast stað og stund en þar sem íslenska tákn málið á sér ekki ritmál gegnir íslenskan hlutverki rit máls. Læsi tákn málstalandi heyrnarlausra barna felst bæði í að geta nýtt sér tákn málstexta og ritaðan texta á íslensku.

Byrjað er á því að styrkja grunn nemandans og orðaforða í tákn máli samhliða því að kenna orðaforða og efla skilning á íslensku. Það er mikilvægt að nemandinn öðlist sjálfstæði og öryggi í lestri. Þannig getur hann smám saman farið að velja sér efni á tákn máli og lesefni á íslensku og gera sér grein fyrir gæðum þess og tengslum við nám, þörf og áhuga.

Góð lestrarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera nemandanum kleift að taka virkan þátt í báðum menningarheimum.

### 19.5.3 Skráning táknmálstexta og ritun

Fyrir utan það sem segir um ritun íslensku ber að leggja áherslu á að nemendur nái tökum á að setja eigið efni skýrt og skipulega fram á táknmáli, bæði tengt stað og stund, á stafrænu formi og með ýmsum hætti fyrir ólíka lesendur. Nemendur eiga að geta miðlað margvíslegu efni til annarra með skráningu á myndrænt form á táknmáli og með ritaðri íslensku í námi, félagslífi og einkalífi. Nemendur þurfa að læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta, bæði á táknmáli og íslensku og einnig að taka uppbyggilegri og faglegri gagnrýni frá öðrum og nýta sér hana til að bæta verk sín.

### 19.5.4 Málfræði

Markmið málfræðikennslu fyrir nemendur með táknmál og íslensku eru, auk þeirra markmiða sem sett eru fram í kaflanum um íslensku, að glæða áhuga þeirra á íslensku táknmáli og íslensku. Fjallað er um íslenskt táknmál og íslensku samhliða og með stöðugum samanburði og þýðingum á milli málanna. Einnig er sjálfsgagt að fjalla um norræn táknmál og leyfa nemendum að spreyta sig á því að skilja táknmál annarra norrænna þjóða.

Málfræðihugtök eru nauðsynleg þegar rætt er um málin og þekking á málfræði íslenska táknmálsins er nauðsynleg til þess að skilja og geta lært íslensku og önnur mál. Börn heyrnarlausra foreldra og heyrnarskertir nemendur, sem nota íslensku til daglegra samskipta og fá tækifæri til að læra málfræði íslenska táknmálsins samhliða málfræði íslenskunnar, geta byggt á málfræði þess máls sem þau skilja betur við nám í öðrum tungumálum. Börnin velja ekki á milli málanna heldur geta þau nýtt sér bæði málin til að auka skilning sinn á uppbyggingu þeirra.

Mikilvægt er að umfjöllun um málfræði styðjist við færni nemenda í máli og miði að því að efla sjálfstraust þeirra og vitund um eigin færni. Í upphafi eru notaðir alls kyns leikir með grunnbreytur táknmálsins, s.s. handformaleikir og samhverfuleikir sem nýta sköpunarmátt málsins. Síðar fá grunnbreyturnar nafn og þá er hægt að skoða og leika með sambærilega málfræðiþætti í íslensku. Að lokum eiga nemendur að hafa náð valdi á hugtökum málfræðinnar og hæfni í að tala um bæði málin af skilningi.

## 19.6 Hæfniviðmið fyrir íslenskt táknmál og íslensku

Hæfniviðmið í íslensku táknmáli eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum með sambærilegum hætti og í íslensku, þ.e. talað táknmál og tjáning með og án táknmálstúlks, lestur og bókmenntir, skráning táknmálstexta og ritun og málfræði. Í heildina sýnir taflan þá hæfni sem hver einstaklingur skal búa yfir við lok 4., 7. og 10. bekkjar.

## 19.7 Kennsluhættir og námsmat í íslensku

Það er hlutverk íslenskukennara að stuðla að því að nemendur öðlist þekkingu á tungumálinu og leikni í að nota það við sem fjölbreytilegastar aðstæður. Nemendur þurfa að fá tækifæri til þess að láta reyna á mál sitt við að leysa viðfangsefni og tjá hugsun sína og skoðanir. Vekja þarf athygli þeirra á einkennum málsins, töfrum þess og mætti. Skólastofan á að vera vettvangur umræðu, samskipta af ýmsu tagi, lestrar og ritunar þar sem mikilvæg og áhugaverð verkefni eru krufin.

Allir nemendur hafa fengið máluppeldi af einhverju tagi. Flestir eru aldir upp við íslensku, vaxandi hópur hefur annað mál en íslensku að móðurmáli og allmargir hafa alist upp við táknmál. Þessi margbreytileiki kallar á kennsluhætti þar sem allir fá að njóta sín og miðla þekkingu sinni, reynslu og skapandi hugsun á þann hátt sem hverjum er fær. Mikilvægt er að viðfangsefni höfði til nemenda og miði að því að auka þekkingu þeirra á máli og styrki málnotkun í ræðu og riti og almenna hæfni sem málnotendur.

Nauðsynlegt er að kenna um mál og gildi þess, þjálfna málnotkun í sem flestum myndum og beita gagnrýninni hugsun við lestur, ritun, í tali og hlustun. Nemendur ættu að gera sér smám saman grein fyrir því að málið er þeirra og þegar skóla sleppir er mikilvægt að þeir séu færir um að nota aðferðir og leiðir til að efla sig sem málnotendur og rækta þannig eigið mál. Læsi er lykill að bókmenntum og alls kyns upplýsingum og efniviður í nýja hugsun, ný orð og hugtök og sýn á lífið. Nemandi þarf að geta lesið og skilið margs konar texta og lagt mat á gildi þeirra. Samræður og tjáning í ræðu og riti ásamt hugrekki til að tjá skoðanir sínar, færa rök fyrir þeim og taka þátt í umræðu eru mikilvæg atriði fyrir lýðræði og getu til að taka afstöðu til siðferðilegra álitamála. Það er forsenda þess að standa vörð um mannréttindi, ásamt ýmsum öðrum viðfangsefnum sem eiga þátt í að skapa gott samfélag jafnréttis, heilbrigði og sjálfbærni. Þess vegna er mikilvægt að rækta þær leiðir sem stuðla að hæfni til þátttöku og þar skiptir miklu traust og lifandi mál.

Tungumálið er eitt af mikilvægustu tækjum mannsins til að afla sér þekkingar. Það á ekki einungis við um nemendur í skóla heldur einnig ævinám mannsins. Af þeim sökum er mikilvægt að búa nemendur vel úr garði svo þeir geti valið upplýsingar í samræmi við markmið sín, væntingar og þrár úr þeim gagnabrunnum sem tiltækir eru á hverjum tíma. Upplýsinga- og samskiptatækni veitir nemendum færi á að afla sér upplýsinga í meira mæli en þekkst hefur. Því fylgir að meiri ábyrgð er sett á herðar notenda miðlanna en áður. Þeir þurfa að vera færir um að spyrja markvissra spurninga og meta þau svör sem þeir fá. Þeir verða að leitast við að meta heimildir sínar og jafnvel leggja siðferðilegt og gagnrýnið mat á það sem fyrir augu og eyru ber. Þessar breytingar gera auknar kröfur til kennara, ekki síst íslenskukennara, um að búa nemendur undir það að nýta sér þessar upplýsingaveitur á jákvæðan, uppbyggjandi og skapandi hátt.

Hæfniviðmiðum íslensku er skipt í 4 flokka, talað mál, hlustun og áhorf; lestur

og bókmenntir; ritun og málfræði. Þessir flokkar eru ekki einangraðar deildir íslenskukennslunnar heldur hlutar af samofinni heild. Þar getur hver haft gagn af öðrum og mikilvægt að hafa það í huga í kennslu.

Megintilgangur námsmats í íslensku og íslensku táknmáli er að kanna stöðu nemenda, nota niðurstöður til að leiðbeina þeim um námið og laga kennslu að þörfum þeirra. Námsmat þarf ætíð að vera í gangi og það er órjúfanlegur hluti náms og kennslu. Mat verður að vera nátengt hæfniviðmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár og vera með þeim hætti að niðurstöður nýtist sem best nemendum, foreldrum, kennurum og skólastjórn. Mikilvægt er að nemendur fái vitneskju um forsendur námsmats, til hvers sé ætlast af þeim og hvernig metið.

Við mat á námi skal leitast við að fá sem gleggstar upplýsingar um það sem nemendur kunna eða geta og þegar niðurstöðum er miðlað þarf að leggja áherslu að þeir fái tilfinningu fyrir því sem áunnist hefur og hvert ætti að vera næsta skref í náminu. Þetta beinist að því að nemendur þrói með sér raunhæft sjálfsmat sem, ásamt annars konar námsmati, elur af sér gleggri sýn á námið og markvissari vinnubrögð.

Íslenska og íslenskt táknmál eru margþættar námsgreinar og námsmat verður því einnig að vera með fjölbreyttu sniði. Námið sem felst í því að læra um málið kallar á annars konar mat en þegar til að mynda á að meta stöðu í lestri og hæfni til að semja texta. Meta þarf lestrarhraða en þó ekki síður skilning á því sem lesið er og hve fjölbreytta texta nemendur ráða við að lesa. Þá er nauðsynlegt í ritun að meta stafsetningu, frágang og uppsetningu texta en einnig, og ekki síður, er mikilvægt að meta hvernig til tekst að semja textann og gera efninu skil þannig að lesandi skilji og það sé vænlegt til að vekja áhuga hans. Hið sama gildir um framsögn, framburð og tjáningu. Þar þarf að huga að málnotkun og skýrleika en einnig hve vel er sagt frá og hvernig nemendum tekst að koma efninu til skila og vekja áhuga viðmælanda eða áheyrenda.

Það er mikilvægt að meta fjölbreytta hæfni nemenda en hafa ekki einungis fá atriði í huga. Þar koma meðal annars til greina einstaklingsverkefni, hópverkefni, sjálfsmat, jafningjamat á viðbrögðum lesenda, hlustenda eða viðmælanda við því sem nemandi fjallar um. Próf, svo sem skimunarpróf, eru til að greina hvort um vanda sé að ræða, t.d. í lestri eða ritun, viðtöl og samræður við nemendur, mat til langs tíma svo sem ferilmappa þar sem kennara og nemendum gefst kostur á að meta framfarir í námi eða þróun vinnubragða til lengri tíma.

Móðurmál, hvert svo sem það er, er órjúfanlegur hluti persónu, miðill til að afla sér vitneskju, miðla öðrum af þekkingu sinni og taka þátt í samfélaginu. Það er mikilvægt að kanna viðhorf nemenda til málsins og kennslunnar, m.a. með það að markmiði að finna hvaða viðhorf nemandi hefur og hvar áhugi hans eða áhugaleysi liggur. Mat af þessu tagi ýtir undir vitund um málið og gildi þess og á sinn þátt í að efla sjálfstraust og gera námið markvissara.



## 19.8 Matsviðmið fyrir íslensku við lok grunnskóla

Í aðalnámskrá eru matsviðmið við lok grunnskóla sett fram bæði fyrir námsgreinar, námssvið og lykilhæfni. Matsviðmið eru lýsing á, hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni, á valdi sínu. Matsviðmiðin eiga einungis við um 10. bekk, til að styðja við námsmat, við lok grunnskóla. Gert er ráð fyrir að skólar setji matsviðmið fyrir aðra árganga og geri grein fyrir þeim í skólanámskrá. Matsviðmiðin við lok 10. bekkjar lýsa hæfni á kvarða sem birtur er í aðalnámskrá: Notaður er kvarðinn A, B, C, D, þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C.

Matsviðmið í flokki B eru byggð á hæfniviðmiðum fyrir 10. bekk og framsetning þeirra er með þeim hætti, að gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem þar er tilgreind. A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C fá þeir sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D, því sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda. Hvert matsviðmið er almenn lýsing á hæfni nemanda.

Við lokamat skiptir mestu að kennarar meti það sem til var ætlast samkvæmt hæfniviðmiðum, fullvissi sig um að matsniðurstöður séu byggðar á traustum gögnum og noti fjölbreyttar aðferðir við söfnun gagna til þess að veita nemendum, foreldrum þeirra og skólanum sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra. Kennarar geta þannig fengið betri innsýn í nám hvers nemanda. Til að fá nákvæma niðurstöðu, svo sem úr samræðum eða vettvangsathugun, getur skipt máli að kennarar vinni saman við að skoða matsgögn nemenda og hafi til þess skýr viðmið.

Þennan matskvarða er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk. Skólar ákveða, að öðru leyti, hvernig þeir haga námsmati og einkunnagjöf eða vitnisburði nemenda í öðrum árgöngum. Vitnisburður við lok 10. bekkjar er hafður til hliðsjónar við innritun nemenda í framhaldsskóla og val á námsbrautum.

Eftirfarandi atriði geta komið að góðum notum til að auka áreiðanleika og réttmæti í mati.

- Setja skýr viðmið eða gera grein fyrir því hvað á að meta.
- Velja matsþætti sem hæfa vel hæfniviðmiðum, námsefni og kennsluaðferðum.
- Undirbúa lýsingu á því sem á að meta eða sýna dæmi um vel unnin verkefni.
- Huga vel að því að verkefni séu í samræmi við viðmið.
- Vera vakandi yfir atriðum sem geta skekkt niðurstöður.
- Hafa skýrar leiðbeiningar um matsaðferðir, úrvinnslu og túlkun gagna.

## 19.8.1 Matsviðmið fyrir íslensku og íslensku sem annað tungumál

Ekki eru sett sérstök matsviðmið fyrir íslensku sem annað tungumál en gert ráð fyrir að matsviðmið fyrir íslensku séu nýtt.

### Matsviðmið

Nemandi getur flutt mál sitt **mjög** skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni. Hlustað af **athygli** og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu. Getur notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram á **sjálfstæðan** hátt **rökstutt** mat á viðkomandi efni.

A

Lesið **mjög vel** og **af öryggi** almenna texta, með **mjög góðum** skilningi og túlkun á efni þeirra, fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir á **gagnrýninn** hátt og gert sér **góða** grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.

Beitt **skipulegum** og **mjög góðum** vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í **röklegt** samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar **af öryggi** og á **skýran** hátt. Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af **öryggi** og fylgt **mjög vel** viðmiðum um uppbyggingu texta.

Beitt **mjög vel** og **af öryggi** málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess, þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér **mjög góða** grein fyrir hlutverki þeirra.

Nemandi getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni. Hlustað og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu, og notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram **rökstutt** mat á viðkomandi efni.

B

Lesið almenna texta, með **góðum** skilningi og túlkun á efni þeirra, fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér **góða** grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.

Beitt **skipulegum** og **góðum** vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar á **skýran** hátt. Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af **nokkru öryggi** og fylgt vel viðmiðum um uppbyggingu texta.

Beitt málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess, og beitt af **nokkru öryggi** þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér **góða** grein fyrir hlutverki þeirra.

**C** Nemandi getur flutt mál sitt **sæmilega** skýrt og **nokkuð** áheyrilega, með áherslum sem hæfa efni og tilefni. Hlustað og nýtt sér að **nokkru leyti** upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu, og notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram **sæmilegt** mat á viðkomandi efni.

Lesið almenna texta, með **sæmilegum** skilningi og túlkun á efni þeirra, fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.

Beitt að **vissu marki góðum** vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar, beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu **sæmilega** og **fylgt viðmiðum** um uppbyggingu texta.

Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins. Beitt að **nokkru leyti** þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér **sæmilega** grein fyrir hlutverki þeirra.

## 19.8.2 Matsviðmið fyrir íslenskt táknmál og íslensku

Um námsmat í íslensku og íslensku táknmáli gilda sömu aðferðir og lögmál en við bætist mat á færni nemenda í að nota íslenska táknmálið í tjáningu og skilningur og þekking nemandans á því. Unnt er að sinna matinu með ýmsum verkefnum sem krefjast tjáningar á táknmáli eða íslensku, með og án táknmálstúlks.

### Matsviðmið

**A** Nemandi getur flutt mál sitt **mjög** skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni og hefur **af öryggi** tileinkað sér viðeigandi talhraða. Hustað **af öryggi**, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu táknmáli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu, og notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram á **sjálfstæðan** hátt **rökstutt** mat á viðkomandi efni

Lesið **af öryggi** almennan texta á táknmáli, með mjög góðum skilningi og túlkun á efni þeirra, fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir á **gagnrýninn** hátt og gert sér **mjög góða grein** fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.

Beitt **skipulegum** vinnubrögðum við samningu táknmálstexta, skipað efnisatriðum í **röklegt** samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar af **öryggi** og á skýran hátt, beitt **mjög vel** stafsetningu og greinarmerkjasetningu og fylgt viðmiðum um uppbyggingu texta.

Beitt málfræðihugtökum **af öryggi** í umræðu um notkun táknmáls og ritmáls og þróun þess

Beitt **mjög vel** þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum formdeilda táknmáls og orðflokka íslensku og gert sér **góða** grein fyrir hlutverki þeirra.

## B

Nemandi getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða. Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu táknmáli til fróðleiks og skemmtunar, einnig með **aðstoð** táknmálsstúlks notið talaðs máls, myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og **gert grein fyrir** skoðun sinni á viðkomandi efni og sett fram **rökstutt mat** á viðkomandi efni

Lesið almennan texta, og sýnt **góðan** skilning og túlkað efni hans, fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér **góða** grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.

Beitt **skipulegum vinnubrögðum** við samningu táknmálsstexta og ritun, skipað efnisatriðum í **röklegt** samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar, beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af **nokkru öryggi** og **oftast** fylgt viðmiðum um uppbyggingu texta

Beitt málfræðihugtökum af **nokkru öryggi** í umræðu um notkun táknmáls og ritmáls og þróun þess

Beitt þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér **nokkuð góða** grein fyrir hlutverki þeirra.

## C

Nemandi getur flutt mál sitt **sæmilega skýrt** en **nokkuð skortir** á eðlilegan talhraða og áherslur.

**Hlustað, tekið eftir** og nýtt sér að **einhverju marki** talað táknmál til fróðleiks og skemmtunar með aðstoð táknmálsstúlks og einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og sett fram mat á viðkomandi efni.

Lesið almenna texta með **sæmilegum** skilningi og túlkun á efni þeirra, að **nokkru marki**, fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér **nokkra** grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.

Beitt **nokkuð skipulegum vinnubrögðum** við samningu táknmálsstexta og ritun, skipað efnisatriðum í samhengi **að vissu marki** og mótað málsgreinar og efnisgreinar, beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu **nokkuð vel** og fylgt viðmiðum um uppbyggingu texta að **nokkru leyti**.

Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og ritmáls og þróun þess

Beitt að **nokkru leyti** þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér **sæmilega grein** fyrir hlutverki þeirra

## ERLEND TUNGUMÁL

# 20

Gerð er grein fyrir menntagildi og megintilgangi erlendra tungumála í þessum kafla. Tekið er mið af þeim sex grunnþáttum sem fjallað er um í 2. kafla, áherslupáttum í námi sem fjallað er um í 6. kafla og lykilhæfni sem skilgreind er í kafla 9.4 og 18. kafla. Sett eru fram hæfniviðmið fyrir erlend tungumál á þremur stigum, en ekki við lok 4., 7. og 10. bekkjar eins og hjá öðrum greinasviðum. Ástæðan er sú að nemendur geta hafið málanám á ólíkum aldri eftir því hvaða grunnskóla þeir sækja. Í framhaldi af hæfniviðmiðum er fjallað um kennsluhætti og námsmat og tekur sú umfjöllun mið af þeim áherslum sem birtast í hæfniviðmiðunum. Á grundvelli hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla. Í lok kaflans eru sett fram matsviðmið sem nýtt skulu eftir því sem við á, til að lýsa hæfni nemanda við lok grunnskóla.

### **20.1 Menntagildi og megintilgangur erlendra tungumála**

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunarþroska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Umfjöllun um aðrar þjóðir og kynni af þeim opna gáttir að fjölbreyttum menningarheimum, auka víðsýni, skilning, umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum og ólíkum lífnaðarháttum og stuðla þar með að betri skilningi á eigin menningu. Við skipulagningu erlendra tungumála skulu öll hæfniviðmið höfð í huga og sá rammi sem námssviðinu er markaður í viðmiðunarstundaskrá í almennum hluta aðalnámskrár.

Enska gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum og viðskiptum. Sívaxandi samstarf og samvinna Íslendinga við aðrar þjóðir kallar á staðgóða enskukunnáttu sem getur skipt sköpum í viðskiptum og þegar þarf að koma íslenskum þekkingariðnaði, sjónarmiðum eða hagsmunum á framfæri á alþjóðamarkaði. Eftir því sem enskan styrkist í sessi sem alþjóðlegt samskiptamál, bæði í atvinnulífi og frístundum, verður gildi góðrar enskukunnáttu augljóst. Upplýsinga- og margmiðlunarheimurinn gerir einnig kröfur um enskukunnáttu. Ör þróun á sviði stafrænnar fjölmiðlunar og upplýsingatækni hefur í för með sér að Íslendingar hafa aðgang að alls kyns efni sem krefst skilnings á ýmsum afbrigðum enskrar tungu.

Enskukunnátta veitir innsýn í fjölbreyttan menningarheim þeirra þjóða sem hafa ensku sem fyrsta mál og þjóða þar sem enska hefur stöðu annars máls. Tengsl við engilsaxneska tungu, menningu og sögu standa á gömlum merg. Íslenska og enska eru af sama meiði og saga landanna hefur skarast á ýmsum tímum.

Enska er lykiltunga á sviði æðri menntunar og vísinda og mikilvægt að hafa gott vald á henni þegar í háskólanám er komið þar sem lesefni í íslenskum háskólum er að stærstum hluta á ensku. Margir íslenskir námsmenn stunda framhaldsnám í enskumælandi löndum og einnig í öðrum löndum þar sem kennsla fer fram á ensku.

Annað erlenda tungumálið sem nemendur læra í grunnskóla er danska eða annað Norðurlandamál. Gert er ráð fyrir að danska sé alla jafna það norræna tungumál sem kennt er í skólum hér á landi en kennsla í norsku eða sænsku stendur til boða nemendum sem hafa sérstök tengsl við Noreg eða Svíþjóð. Kennslan kemur í staðinn fyrir dönskukennslu og hefst á sama tíma og dönskukennsla hefst í grunnskólanum.

Nemendur, sem hafa rétt á að velja norsku eða sænsku, þurfa að búa yfir undirstöðukunnáttu í málunum. Þeir hafa því kynnst samfélaginu, þekkja tjáskiptareglur þeirra og siði. Sumir þessara nemenda hafa málfarslegar og menningarlegar rætur bæði á Íslandi og í Noregi eða Svíþjóð. Mikilvægt er að þessir nemendur fái hvatningu til að viðhalda og styrkja tengsl við land og þjóð. Undirstöðukunnátta, sem nemandi þarf að hafa til að geta stundað nám í norsku eða sænsku, er að skilja allvel talaða norsku/sænsku, geta lesið og skilið einfalda norska/sænska texta miðað við sinn aldurshóp og geta gert sig skiljanlegan á töluðu norsku/sænsku máli. Þessi lágmarkskunnátta er nauðsynleg til þess að nemendur geti nýtt sér það norskunám/sænskunám sem í boði er.

Norðurlandamál eru kennd vegna samskipta og menningartengsla við norrænar þjóðir. Saga okkar er samofin sögu þeirra og menningu. Menningararfurinn er sameiginlegur og tungumálin eru af sömu rót spröttin. Samfélagsgerð þjóðanna byggir á sömu gildum og grundvallast á lýðræði, samvinnu og jafnrétti. Ímynd Norðurlandanna er sterk á alþjóðavettvangi og með það í huga er norræn samvinna mikilvæg til að styrkja samnorræna ímynd og samkennd. Víðtækt norrænt samstarf er á sviðum stjórnsýslu,

menningar, vísinda og menntunar, auk mikilla vináttu- og fjölskyldutengsla. Stór hópur Íslendinga sækir einnig árlega nám og störf á Norðurlöndunum. Í lögum um grunnskóla er kveðið á um að í námskrá skuli sett ákvæði um inntak og skipulag náms í dönsku eða öðru Norðurlandamáli, sem lýsir vilja yfirvalda til að íbúarnir eigi þess kost að vera virkir þátttakendur á norrænum vettvangi.

Tilgangurinn með kennslu í norrænum tungumálum á Íslandi er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandabjóðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegum markaði menntunar og atvinnu á öllum Norðurlöndunum. Hæfni og kunnátta í norrænum tungumálum gerir Íslendingum kleift að vera áfram virkir þátttakendur í umfangsmiklu norrænu samstarfi, námi, starfi og leik. Jafnframt er takmark námsins að nemendurnir öðlist skilning á skyldleika norrænu tungumálanna og menningunni að baki þeim, þeir læri að greina hvað einkennir hvert tungumál og geti skilið og tjáð skoðun sína í norrænu samhengi. Það skiptir miklu að Íslendingar líti á Norðurlandamálin sem afbrigði af sama máli, enda tungumálin skyld. Mikilvægt er að nám og kennsla taki sem mest mið af því sem tungumálunum og menningunni er sameiginlegt og kynning á öllum málunum verði dregin inn í námið þegar færi gefst. Góð kunnátta í einu norrænu tungumáli er lykill að hvaða svæði sem er á Norðurlöndunum og greiðir fyrir öllum samskiptum.

Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum. Í tungumálanámi eiga nemendur að öðlast leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum, þannig að það hæfi tilgangi, aðstæðum og viðtakanda hverju sinni. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti.

Tungumálanám á að veita nemendum tækifæri til að rækta með sér skilning á ólíkum lífskjörum og tilfinningu fyrir félagslegum og menningarlegum aðstæðum hjá öðrum þjóðum. Námið á að stuðla að því að nemendur sjái sig sem hluta af og jafnoka í alþjóðasamfélagi og auka vitund þeirra um þau tækifæri sem felast í því að hafa vald á erlendum tungumálum.

Í tungumálanáminu eiga nemendur að tileinka sér vinnubrögð og aðferðir sem auðvelt er að yfirfæra á nám í öðrum tungumálum og verða þeim veganesti út í lífið. Nemendur eiga að fá þjálfun í að vinna saman að úrlausn verkefna og temja sér gagnrýna notkun margs konar hjálparmiðla. Námið þarf að miða að því að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi, þeir setji sér markmið, ígrundi og meti eigin námsframvindu og greini þar með veikar og sterkar hliðar sínar. Þannig má örva trú nemenda á eigin getu og efla þroska þeirra og sjálfsmýnd.

## 20.2 Hæfniviðmið fyrir erlend tungumál

Í viðmiðunarstundaskrá er skilgreindur heildartími í ensku, dönsku eða öðru Norðurlandamáli. Skólar skipuleggja framkvæmd tungumálakennslu innan þess ramma, s.s. hvenær enskukennsla og dönskukennsla hefst og hvernig heildartíminn skiptist milli tungumálanna. Þar sem munur getur verið milli einstakra skóla á því hvenær tungumálanám hefst er hæfniviðmiðunum skipt upp í þrjú stig með jafna tímaskiptingu að baki í stað þess að þau miði við hæfni við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Gert er ráð fyrir að við lok grunnskóla hafi nemendur náð hæfni á 3. stigi bæði í ensku og dönsku eða öðru Norðurlandamáli.

Hæfniviðmiðin eru þannig upp sett að efst eru nokkurs konar yfirviðmið sem síðan eru útfærð nánar. Þessi þriggja stiga rammi á að auðvelda skipulag á einstaklingsmiðuðu námi, þar sem hæfni nemenda í færniþáttunum er mismikil, byrjunarreitur ekki sá sami hjá öllum og námshraði mismunandi. Sé tekið mið af Evrópska tungumálarammanum, er miðað við að þorri nemenda hafi við lok 3. stigs náð flestum hæfniviðmiðum sem þar er lýst í B1 sjálfsmatsrammanum.

Hlustun		
1. stig Við lok 1. stigs getur nemandi:	2. stig Við lok 2. stigs getur nemandi:	3. stig Við lok grunnskóla (3. stigs) getur nemandi:
<p><i>skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum,</li> <li>• fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni,</li> <li>• fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglinga og greint frá því helsta.</li> </ul>	<p><i>skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti,</li> <li>• fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt,</li> <li>• hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.</li> </ul>	<p><i>fyrirhafnarlítið tileinkað sér talað mál um margvísleg mál-efni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt,</li> <li>• án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr,</li> <li>• hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.</li> </ul>



## Lesskilningur

<b>1. stig</b> <b>Við lok 1. stigs</b> <b>getur nemandi:</b>	<b>2. stig</b> <b>Við lok 2. stigs</b> <b>getur nemandi:</b>	<b>3. stig</b> <b>Við lok grunnskóla</b> <b>(3. stigs) getur nemandi:</b>
<p><i>lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum,</li> <li>• fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu,</li> <li>• lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglunga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.</li> </ul>	<p><i>lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra,</li> <li>• fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu,</li> <li>• lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.</li> </ul>	<p><i>lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölbættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu,</li> <li>• lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt,</li> <li>• lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.</li> </ul>

## Samskipti

1. stig Við lok 1. stigs getur nemandi:	2. stig Við lok 2. stigs getur nemandi:	3. stig Við lok grunnskóla (3. stigs) getur nemandi:
<p><i>haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaforða og kann að beita algengustu kurteisvenjum,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst,</li> <li>• skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu,</li> <li>• tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.</li> </ul>	<p><i>sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisvenjur og kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf,</li> <li>• bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum,</li> <li>• notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.</li> </ul>	<p><i>sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi, notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og kann að beita viðeigandi kurteisis- og samskiptavenjum, hikorðum og ólíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan og skilja aðra, t.d. með því að umorða,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í</li> <li>• tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum,</li> <li>• tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.</li> </ul>

## Frásögn

<b>1. stig</b> <b>Við lok 1. stigs</b> <b>getur nemandi:</b>	<b>2. stig</b> <b>Við lok 2. stigs</b> <b>getur nemandi:</b>	<b>3. stig</b> <b>Við lok grunnskóla</b> <b>(3. stigs) getur nemandi:</b>
<p><i>í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt,</li> <li>• endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.,</li> <li>• flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.</li> </ul>	<p><i>tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á vel skiljanlegu máli hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur og orðaval,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum,</li> <li>• greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.,</li> <li>• flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</li> </ul>	<p><i>tjáð sig áheyrilega um mál-efni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum,</li> <li>• flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi,</li> <li>• samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</li> </ul>

## Ritun

<b>1. stig</b> <b>Við lok 1. stigs</b> <b>getur nemandi:</b>	<b>2. stig</b> <b>Við lok 2. stigs</b> <b>getur nemandi:</b>	<b>3. stig</b> <b>Við lok grunnskóla</b> <b>(3. stigs) getur nemandi:</b>
<p><i>skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista,</li> <li>• lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi,</li> <li>• skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst,</li> <li>• samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.</li> </ul>	<p><i>skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda,</li> <li>• sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt,</li> <li>• lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.,</li> <li>• samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.</li> </ul>	<p><i>skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum,</li> <li>• skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við,</li> <li>• tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu,</li> <li>• leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.</li> </ul>

## Menningarlæsi

<b>1. stig</b> <b>Við lok 1. stigs</b> <b>getur nemandi:</b>	<b>2. stig</b> <b>Við lok 2. stigs</b> <b>getur nemandi:</b>	<b>3. stig</b> <b>Við lok grunnskóla</b> <b>(3. stigs) getur nemandi:</b>
<p><i>sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða,</li> <li>• sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglíngamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra,</li> <li>• sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.</li> </ul>	<p><i>sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis sem snúa að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og getur sett sig í þeirra spor,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu,</li> <li>• sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.</li> </ul>	<p><i>sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni,</li> <li>• sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma,</li> <li>• getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska.</li> </ul>

## Námshæfni

<b>1. stig</b> <b>Við lok 1. stigs</b> <b>getur nemandi:</b>	<b>2. stig</b> <b>Við lok 2. stigs</b> <b>getur nemandi:</b>	<b>3. stig</b> <b>Við lok grunnskóla</b> <b>(3. stigs) getur nemandi:</b>
<p><i>sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki,</li> <li>• beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur,</li> <li>• tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu,</li> <li>• tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja,</li> <li>• nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.</li> </ul>	<p><i>sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt lyklnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram,</li> <li>• beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara,</li> <li>• nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu,</li> <li>• tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi,</li> <li>• nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppfléttirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.</li> </ul>	<p><i>sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða,</li> <li>• beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf,</li> <li>• nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi,</li> <li>• unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja,</li> <li>• nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.</li> </ul>

## 20.3 Kennsluhættir og námsmat í erlendum tungumálum

Til þess að nemendur nái hæfniviðmiðum þarf að tryggja að starfshættir, viðfangsefni, skipulag og aðstæður laði fram sem bestan námsárangur. Nemendur þurfa að þekkja hæfniviðmiðin og fá tækifæri til að ræða þau. Stuðla þarf að því að allir nemendur fái nám við hæfi, þannig að þeir öðlist sjálfstraust og þroska til að takast á við sífellt nýjar áskoranir í náminu. Huga þarf sérstaklega vel að því að viðfangsefni og kennsluhættir hæfi aldri og þroska nemenda. Mikilvægt er að nemendur líti á tungumálanám sem hluta af alhliða menntun til lífstíðar, sem bæði er hagnýt og menntandi. Námið þarf að vera heildstætt og endurspeгла raunverulega málnotkun. Í töflunni með hæfniviðmiðunum eru færniþættirnir aðgreindir til að auðveldara sé að hafa yfirlit yfir þá. Í daglegri málnotkun eru færniþættirnir samofnir og tengjast athöfnum og þannig á það einnig að vera í kennslustofunni. Sem dæmi má nefna að við hlustum eða lesum og vinnum úr því, annaðhvort í samræðum eða með því að skrifa um efnið eða myndgera það. Við skrifum og segjum frá því sem við höfum skrifað. Við tölum saman og endursegjum, annaðhvort í nýjum samræðum eða rituðum texta. Þemaverkefni eru m.a. vel til þess fallin að samþætta færniþættina og þá er vinnuferlið ekki síður mikilvægt en afraksturinn. Viðfangsefni þurfa að vera fjölbreytt þar sem hæfileikar nemenda liggja á mismunandi sviðum. Einnig þarf að huga vel að því að grunnþættirnir sex og lykilhæfnin fléttist með sem eðlilegustum hætti inn í námið. Það á bæði við um inntak og starfshætti. Nemendur eru ekki byrjendur þegar kemur að námi í erlendum tungumálum. Því er mikilvægt að námið taki mið af forsendum þeirra og stöðu sem málnotenda, almennri reynslu, skilningi á nærumhverfi, umheiminum og menningarlegum margbreytileika.

Hvað skipulag kennslunnar varðar þarf að hafa fjölbreytni í huga, s.s. einstaklingsnám, samvinnunám, paravinnu, hópvinnu, félagakennslu, ferilnám, hringekju, söguaðferðina, útikennslu og stöðvavinnu. Í skólastofunni þarf að skapa notalegt umhverfi og aðstæður til náms þar sem nemendur finna til öryggis. Þar á að vera rými fyrir alla nemendur til að taka út faglegan og félagslegan þroska og þjálfast í lýðræðislegum vinnubrögðum í samvinnu við skólasystkini og kennara. Nemendur eiga að fá tækifæri til að spreyta sig á ögrandi viðfangsefnum sem gefa þeim kost á að þroska sjálfstæði sitt og hæfni til að skipuleggja eigið námsferli. Einnig þarf að skapa svigrúm fyrir leik og sköpun nemenda í tengslum við tungumálanám. Það veltur mjög á kennaranum að skapa það andrúmsloft og umhverfi sem hér er lýst.

Nemendur þurfa frá upphafi tungumálanáms að venjast því að heyra málið og skilja hvernig það er notað við raunverulegar aðstæður og fá næg tækifæri til að spreyta sig á notkun þess í merkingarbæru samhengi og á eigin forsendum. Þeir þurfa að hlusta á mismunandi textagerðir og algengustu afbrigði máls eftir málsvæðum. Hafa ber í huga að það er eðlilegur hluti máltökufærlisins að nemendur geri villur, þó að vissulega beri

að leggja áherslu á að þeir nái með tímanum valdi á að nota rétt mál og viðeigandi. Frá upphafi þarf að leggja áherslu á eðlilegan framburð, áherslur og hrynjandi og að nemendur hafi vald á föstum orðasamböndum sem einkenna daglegt mál. Eðlilegast er að kennari og nemendur noti erlenda málið í öllum venjulegum samskiptum í kennslustundum. Einnig þarf að hvetja nemendur til að nota málið utan kennslustunda eftir því sem tækifæri gefast. Mikilvægt er að fjölbreyttar aðferðir séu notaðar til að þjálfa nemendur í töluðu máli og má þar nefna margs konar samskiptaleiki, leikræna tjáningu og skapandi málnotkun.

Eðlilegt er að í upphafi náms sé aðaláherslan á talað mál og hlustun. Eftir því sem ofar dregur eykst vægi lesturs og ritunar. Lestur eykur orðaforða og tilfinningu fyrir málinu og því skiptir máli að nemendur lesi sem mest. Mikilvægt er að nemendur lesi sér til fróðleiks, gagns, ánægju og þroska margs konar gerðir af textum og tileinki sér smám saman þær námsaðferðir sem nauðsynlegar eru til að ná sem bestum lesskilningi. Leggja þarf áherslu á efni sem höfðar til aldurs, þroska og áhugasviðs, en einnig ber að sjá til þess að nemendur vikki sjóndeildarhring sinn og lesi efni sem tengist málefnum líðandi stundar, menningu og lífnaðarháttum í öðrum löndum og efni sem endurspeglar grunnþætti menntunar sem greint er frá í almennum hluta námskrárinnar. Nemendur þurfa smám saman að þjálfast í að nýta eigin reynsluheim og lesa með gagnrýnum huga, lesa á milli línanna og túlka, m.a. texta sem fjalla um álitafni. Vert er að hafa í huga, sérstaklega varðandi nemendur sem eiga í erfiðleikum með lestur, að hlustun eykur einnig orðaforða og málskilning, t.d. samhliða lestri eða með myndastuðningi.

Ritun er sá þáttur sem flestum reynist erfiðast að ná tökum á. Þess vegna skiptir máli að byrja á einföldum viðfangsefnum og tengja ritunina öðrum færniþáttum. Það skiptir máli að nemendur tjái sig um það sem stendur þeim næst og noti þann orðaforða sem unnið er með en smátt og smátt verður að gera meiri kröfur um uppsetningu, málfar, stafsetningu, orðaforða og inntak. Það er mikilvægt að nemendur skrifi sem flestar gerðir texta og að ritunin hafi tilgang, þ.e. að skrifað sé með lesanda í huga. Flestar gerðir ritaðs texta krefjast ákveðins ytra sniðs og nákvæmni í málfari. Þarna þarf þó að fara milliveg og gefa nemendum tíma og gæta þess að nákvæmniskröfur dragi ekki úr þeim kjarkinn. Þarna gildir að sníða verkefni við hæfi hvers og eins. Í fyrstu er hægt að styðja við ritfærni nemenda, t.d. með gátlistum og hugtakakortum en draga síðan úr þeirri aðstoð þegar nemendur fara að fóta sig. Það er nauðsynlegt að nemendur fái líka tækifæri til að vinna á skapandi hátt með tungumálið, skrifa frjálst þar sem fyrst og fremst er horft á inntak, stíl og frumleika.

Undirstöðupættir hvers tungumáls eru málkerfið og orðaforðinn. Þar sem þeir eru undirliggjandi og samofnir öllum færniþáttum fer best á því að þeir þjálfist í samhengi við þá og viðfangsefni dagsins til þess að nemendur sjái hvernig málkerfið og orðaforðinn virka í heildrænu, merkingarbæru samhengi. Málfræðin er ekki markmið í sjálfru sér á þessu skólástigi, heldur er hún hluti af stóra samhengi tungumálsins og þjónar



málnotkuninni á sama hátt og orðaforðinn. Málvitund nemenda eykst með markvissri notkun málsins við margvíslegar aðstæður og í fjölbreyttum viðfangsefnum. Einnig má láta nemendur skoða og kanna hvernig málfræði og orðaforði fléttast inn í texta og gefa honum líf, lit og lögun. Það þarf að vekja athygli nemenda á skyldleika tungumála, vekja forvitni þeirra og benda á sameiginlegan uppruna orðaforðans. Þegar nemendur hafa náð nokkru valdi á erlenda málinu, geta þeir einnig skoðað hvað er líkt eða ólíkt í formgerð tungumála. Skrifleg tjáning er talin ein besta leiðin til að ná leikni í að beita málkerfinu rétt og nota orðaforðann markvisst. Þess vegna er mikilvægt að ritað mál sé eðlilegur þáttur í viðfangsefnum og að nemendur fái þannig mörg tækifæri til að tjá sig skriflega í merkingarbæru samhengi, án þess að textinn þurfi að vera langur og viðamikill í hvert skipti. Benda má á gagnsemi þess að nemendur semji texta saman og þjálfist í að skrifa í skrefum eða ferilritun.

Varanlegur námsárangur til framtíðar byggist á því að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi, skipuleggja nám sitt og meta eigin stöðu og framvindu á markvissan og skipulegan hátt. Í því samhengi má benda á Evrópsku tungumálamöppuna sem hagnýtt hjálpartæki, auk stuðnings kennara og notkunar matsramma og gátlista. Námsaðferðir eru skilgreindar sem sérstakar aðferðir sem nemandi beitir til að verða sjálfstæðari í námi sínu og til þess að námið verði auðveldara, ánægjulegra, árangursríkara og yfirfæranlegra á ný svið. Námsaðferðir eru margs konar, margar eru meðvitaðar, aðrar lærðar en enn aðrar eru ómeðvitaðar. Meðal námsaðferða í tungumálanámi má nefna lestraraðferðir, aðferðir við að hlusta og skilja, aðferðir við að gera sig skiljanlegan og taka þátt í samræðum, ritunaraðferðir, minnisaðferðir auk aðferða við að sjá og meta eigin árangur. Það er augljós ávinningur í því fólgin að ná tökum á árangursríkum námsaðferðum. En til þess þurfa nemendur stuðning frá kennara og skólafélögum og sérstaka þjálfun í því að vita hvaða aðferðir skila hverjum og einum bestum árangri. Evrópska tungumálamappan kemur einnig að gagni hér.

Tungumál og menning eru samofin. Tungumálið endurspeglar menninguna og menningin varpar ljósi á tungumálið. Mikilvægt er að vekja forvitni nemenda á öðrum þjóðum, hvernig lífi fólks er háttað og hvernig það þróast í margs konar umhverfi og menningarheimum. Með því að fá innsýn í kjör, lífnaðarhætti, menningararf, viðhorf og gildi annarra þjóða, víkka nemendur sjóndeildarhring sinn og fá tækifæri til að öðlast nýja sýn á sjálfa sig og eigin aðstæður. Slíkar áherslur ættu að vera til þess fallnar að vinna bug á fordómum og staðalmyndum. Bókmenntir, söngvar, þjóðsögur og annað úr menningararfinum varpar ljósi á líf fólks fyrr og nú, kvikmyndir og annað myndefni færir umheiminn nær. Til þess að gera kynni af öðrum þjóðum raunverulegri er tilvalið að stofna til samskipta við ungmenni í öðrum löndum.

Í tungumálakennslunni er mikilvægt að nýta fjölmörg tæki upplýsinga- og samskiptatækninnar sem hafa á síðustu áratugum orðið virkur hluti af lífi barna og unglinga. Skólinn er einn þeirra staða þar sem unglingar nota rafræna miðla og erlend

tungumál til að afla sér upplýsinga og ætla má að nemendur noti miðlana á ólíkan hátt í skólanum og í eigin frítíma. Gegnum netið á samtíminn greiða leið inn í kennsluna sem námsefni, hvort sem er í gegnum texta, hljóð eða mynd. Samskiptatæknin auðveldar samskipti nemenda þvert á landamæri og krefst af nemendum að þeir bregðist við án lítils umhugsunartíma. Þeir þurfa að læra að þekkja öruggar og áreiðanlegar upplýsingar, nýta sér leiðréttingarforrit, veforðasöfn og fjölfræðisíður. Einnig þurfa þeir að læra á ýmis örugg tæki og forrit til að skila og taka á móti viðfangsefnum rafrænt, ásamt því að læra um höfundarrétt. Þeir þurfa að fá þjálfun í að nýta miðlana á ábyrgan hátt, læra að umgangast skrif og sköpun annarra og sín eigin af virðingu og fara eftir settum reglum.

Erlend tungumál eru vel til þess fallin að samþættast öðrum námssviðum þar sem inntak og viðfangsefni í tungumálanámi snerta öll námssvið. Sem dæmi um þverfaglega vinnu má nefna að söguaðferðin á vel við í samþættingu við samfélagsgreinar og samþætting við náttúrufræði getur falið í sér að skoða náttúruvernd og sjálfbærni í erlendum samfélögum. Í samþættu námi dýpka nemendur þekkingu sína á ákveðnu efni, auka skilning sinn á hugtökum vísinda, lista og þjóðlífs og beita málsniði sem hæfir viðfangsefninu.

Nám, kennsla og námsmat eiga að haldast í hendur. Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem kennsluhættir og námsmat byggjast á. Mikilvægt er að námsmat sé alhliða, nái til allra færniþátta og endurspegli hæfniviðmiðin og viðfangsefni námsins. Nauðsynlegt er að námsmat sé fjölbreytt og að horft sé sem mest til heildstæðrar málnotkunar, frekar en að verið sé að meta afmarkaðar einingar tungumálsins. Námsmat á að þjóna þeim tilgangi að vera leiðbeinandi, hvetjandi og upplýsandi, bæði fyrir nemendur, kennara og forráðamenn og vera bæði sanngjarnt, réttmætt og áreiðanlegt. Það skiptir máli að matsaðferðirnar séu með þeim hætti að þær séu boðskapur til nemenda um hvað er mikilvægt í tungumálanáminu.

Matsviðmið þurfa að vera skýr og nemendur þurfa að vita hver grundvöllur námsmatsins er hverju sinni og þeir eiga að vera virkir þátttakendur í námsmatinu. Í námsmati ber að ganga út frá því sem nemendur geta gert, veita uppbyggilega endurgjöf um það sem þarf að bæta og gefa þeim innsýn í eigið námsferli og stöðu. Endurgjöf þarf að vera með þeim hætti að nemendur skilji að framlag þeirra sé einhvers virði.

Tungumálanám er þess eðlis að símat á vel við, reglubundið mat í tengslum við viðfangsefni sem nemendur fást við hverju sinni. Leiðsagnarmat þjónar vel þeim tilgangi þar sem fylgst er jafnt og þétt með stöðu og framförum nemenda og á grundvelli þess tekin ákvörðun um næstu skref. Mikilvægt er að nýta fjölbreyttar aðferðir og gögn við leiðsagnarmat, s.s. sjálfsmat, jafningjamat, vinnumöppur, leiðarbækur, Evrópsku tungumálamöppuna, endurgjöf, matsblöð, matskvarða, gátlista, samtöl og kynningar.

Ef formleg lokapróf eru haldin þurfa þau að endurspeгла hæfniviðmiðin, viðfangsefni

og inntak námsins og alla færniþætti, sem æskilegt er að samþætta eftir því sem kostur er. Mikilvægt er að skriflegi þátturinn dragi fram hæfni nemenda og að prófin séu aðgengileg hvað varðar uppsetningu, framsetningu og innihald. Munnlegi þátturinn getur t.d. verið í formi samtala, kynninga, hlutverkaleikja, á staðnum eða á rafrænu formi. Þegar um unga byrjendur er að ræða er eðlilegt að nota aðferðir leiðsagnarmats sem samþætt er daglegum viðfangsefnum.

Kennarinn getur notað námsmatið til að móta og bæta heildarskipulag kennslunnar, kennsluáætlanir og samskipti við nemendur og forráðamenn. Þeir geta notað námsmatið til að ákvarða hvaða skref nemendur geta tekið næst, hvernig best er að styðja nemendur og víkka námssvið þeirra. Námsmat á að vera hluti af daglegu starfi og stuðla að því að auka gæði náms. Með markvissu námsmati, athugunum og ígrundun öðlast kennarinn skilning á námsferli nemenda og eigin starfskenningu.

## 20.4 Matsviðmið fyrir erlend tungumál við lok grunnskóla

Í aðalnámskrá eru matsviðmið við lok grunnskóla sett fram bæði fyrir námsgreinar, námssvið og lykilhæfni. Matsviðmið eru lýsing á, hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni, á valdi sínu. Matsviðmiðin eiga einungis við um 10. bekk, til að styðja við námsmat, við lok grunnskóla. Gert er ráð fyrir að skólar setji matsviðmið fyrir aðra árganga og geri grein fyrir þeim í skólanámskrá. Matsviðmiðin við lok 10. bekkjar lýsa hæfni á kvarða sem birtur er í aðalnámskrá: Notaður er kvarðinn A, B, C, D, þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C.

Matsviðmið í flokki B eru byggð á hæfniviðmiðum fyrir 10. bekk og framsetning þeirra er með þeim hætti, að gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem þar er tilgreind. A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C fá þeir sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D, því sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda. Hvert matsviðmið er almenn lýsing á hæfni nemanda.

Við lokamat skiptir mestu að kennarar meti það sem til var ætlast samkvæmt hæfniviðmiðum, fullvissi sig um að matsniðurstöður séu byggðar á traustum gögnum og noti fjölbreyttar aðferðir við söfnun gagna til þess að veita nemendum, foreldrum þeirra og skólanum sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra. Kennarar geta þannig fengið betri innsýn í nám hvers nemanda. Til að fá nákvæma niðurstöðu, svo sem úr samræðum eða vettvangsathugun, getur skipt máli að kennarar vinni saman við að skoða matsgögn nemenda og hafi til þess skýr viðmið.

Þennan matskvarða er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk. Skólar ákveða, að öðru leyti, hvernig þeir haga námsmati og einkunnagjöf eða vitnisburði nemenda í öðrum árgöngum. Vitnisburður við lok 10. bekkjar er hafður til hliðsjónar við innritun nemenda í framhaldsskóla og val á námsbrautum.

Eftirfarandi atriði geta komið að góðum notum til að auka áreiðanleika og réttmæti í mati.

- Setja skýr viðmið eða gera grein fyrir því hvað á að meta.
- Velja matsþætti sem hæfa vel hæfniviðmiðum, námsefni og kennsluaðferðum.
- Undirbúa lýsingu á því sem á að meta eða sýna dæmi um vel unnin verkefni.
- Huga vel að því að verkefni séu í samræmi við viðmið.
- Vera vakandi yfir atriðum sem geta skekkt niðurstöður.
- Hafa skýrar leiðbeiningar um matsaðferðir, úrvinnslu og túlkun gagna.

## Matsviðmið

Nemandi getur sýnt fram á að hann skilur **mjög vel** og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni í aðstæðum sem hann þekkir. Hefur tileinkað sér **mjög fjölbreyttan** orðaforða og getur **fyrirhafnarlítið** lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga um margvísleg málefni. Er **mjög vel** samræðuhæfur, beitir **eðlilegu** máli, framburði, áherslum og hrynjandi **af öryggi**. Notar **markvisst** algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og getur tjáð sig **lipurlega** og **áheyrilega** um málefni sem hann þekkir. Getur **skrifað skýran og skilmerkilegan** samfelldan texta um efni sem hann þekkir, **fylgt af öryggi** reglum um málnotkun og hefðir varðandi uppbyggingu texta og hagnýtt sér **markvisst** þann orðaforða sem unnið hefur verið með. Sýnir fram á að hann þekkir **mjög vel** til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér **mjög góða** grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum.

# A

Nemandi getur sýnt fram á að hann skilur **vel** og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni í aðstæðum sem hann þekkir. Hefur tileinkað sér **nægilega góðan** orðaforða til að geta lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga um margvísleg málefni. Er **vel** samræðuhæfur, beitir eðlilegu máli, framburði, áherslum og hrynjandi. Notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og getur tjáð sig **nokkuð áheyrilega** um málefni sem hann þekkir. Getur skrifað **lipran**, samfelldan texta á um efni sem hann þekkir, sýnt fram á **góð** tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar, **fylgt hefðum** varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi. Þekkir **vel** til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér **góða** grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum.

# B

**C** Nemandi getur sýnt fram á að hann skilur **sæmilega vel** og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni í aðstæðum sem hann þekkir. Hefur tileinkað sér **viðunandi** orðaforða til að geta lesið sér til gagns og ánægju, með **nokkurri fyrirhöfn** þó, almenna texta af ýmsum toga og um margvísleg málefni. Er **sæmilega** samræðuhæfur og beitir reglum málsins, framburði, áherslum og hrynjandi á **viðunandi** hátt og kann að nota algengustu föstu orðasamböndin úr daglegu máli og getur tjáð sig **sæmilega** um málefni sem hann þekkir. Getur skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, **fylgt grunnreglum** um málnotkun og helstu hefðum varðandi uppbyggingu texta og **hagnýtt** sér þann orðaforða sem unnið hefur verið með, sýnt fram á að hann þekkir til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum.

## LIST- OG VERKGREINAR

# 21

Gerð er grein fyrir menntagildi og megintilgangi list- og verkgreina í þessum kafla. Tekið er mið af þeim sex grunnþáttum sem fjallað er um í 2. kafla í aðalnámskránni, áherslupáttum í námi í 6. kafla og lykilhæfni sem skilgreind er í kafla 9.4 og 18. kafla.

List- og verkgreinar eru margar, ólíkar námsgreinar. Þótt ýmislegt tengi þessar greinar saman þá er margt sem greinir þær að. Það sem sameinar er áhersla á verkunnáttu, tækni, sköpun, fagurfræði og gildi, efnisþekkingu, líkamsbeitingu, túlkun og tjáningu. Hins vegar er um ólíka miðla og aðferðir að ræða eftir greinum og því ólíkar nálganir og mismiklar áherslur á framantalda þætti. Því er farin sú leið að setja fyrst fram umfjöllun um list- og verkgreinar almennt, menntagildi þeirra og megintilgang og almenn hæfniviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar.

Í kjölfarið kemur undirkafla um listgreinar. Í honum er fjallað um menntagildi og megintilgang listgreina og eru sett fram hæfniviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar, fyrir hverja grein innan listgreina, þ.e. sviðslistir, (dans, leiklist) sjónlistir og tónmennt. Í framhaldi kemur eins uppbyggður undirkafla um verkgreinar; þ.e. heimilisfræði, hönnun og smíði og textílmennt.

Í framhaldi af hæfniviðmiðum er fjallað um kennsluhætti og námsmat og tekur sú umfjöllun mið af þeim áherslum sem birtast í hæfniviðmiðum. Á grundvelli hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla. Í lok kaflans eru sett fram matsviðmið fyrir listir annars vegar og verkgreinar hins vegar og skulu þau nýtt eftir því sem við á, til að lýsa hæfni nemanda við lok grunnskóla.

Í viðmiðunarstundaskrá er skilgreindur heildartími í list- og verkgreinum á þremur aldursstigum grunnskóla. Skólar skipuleggja framkvæmd kennslunnar innan þess ramma, s.s. hvernig heildartíminn skiptist milli greinanna. Hver grunnskóli ákveður hvort námsgreinar og námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt. Aftur á móti er kveðið á um í kafla 8.5 að listgreinar og verkgreinar skuli hafa jafnt vægi innan heildartímans sem gefinn er upp í viðmiðunarstundaskrá grunnskóla. Jafnframt er tekið fram að við skipulagningu tíma sem skilgreindur er í viðmiðunarstundaskrá til ráðstöfunar/vals á unglingastigi skuli þess gætt að ekki halli á verklegt nám. Það á einnig við um skipulag valnámskeiða. Því er gert ráð fyrir að allt að helmingur valstunda sé bundinn list- og verktengdu námi. Innan vals á unglingastigi gefst möguleiki á að dýpka hæfni nemenda á ýmsum sviðum list- og verkgreina, kynna starfsnám og búa nemendur undir það á markvissan hátt (sjá kafla 8.3).

## 21.1 Menntagildi og megintilgangur list- og verkgreina

Listir og handverk eru svo sterklega samtvinnuð daglegu lífi okkar að oft á tíðum erum við ekki meðvituð um tilvist þeirra og áhrif. Afrakstur lista og handverks einskorðast ekki við listviðburði, sýningar og verkstæði heldur er allt umhverfi okkar og daglegt líf mótað af listum og handverki. List- og verkgreinar geta auðveldað nemendum við lok grunnskóla að gera sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur og átta sig á atvinnu- og námstækifærum innan starfs- og listnáms.

Í list- og verkgreinum þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat þar sem lögð er áhersla á að kynnast og njóta list- og verkmenningar. Þátttaka og þjálfun í gagnrýnni umræðu um handverk og listir veitir nemendum einnig aðgang að menningarorðræðu samfélagsins. Í skapandi starfi og lausnaleit getur nemandinn haft áhrif á umhverfi sitt og tekið þátt í að móta menninguna.

Að tjá sig myndrænt, í handverki, hreyfingu, leik og tónum er mannum eðlislægt. Afrakstur þess má finna í mannkynssögunni og hefur mótað hana til dagsins í dag. Einstaklingar þurfa að vera meðvitaðir um þessi mótunaröfl innan hvers samfélags til að geta notið þeirra á uppbyggjandi og gagnrýnni hátt samhliða því að nýta þau og þróa áfram, sér og komandi kynslóðum til góðs.

Allir hafa hæfileika til að skapa. Í list- og verkgreinum fá nemendur aðstæður og margvísleg tækifæri til að þroska þann hæfileika, dýpka hann og tileinka sér leiðir til að koma sköpun sinni í verk. Í skapandi starfi fá nemendur tækifæri til að virkja og efla ímyndunaraflið sitt, þjálfast í að taka ákvarðanir þar sem þeir veita og meta mismunandi valkosti og sjá afleiðingar af vali sínu. Nemendur þroskast í samvinnu við aðra, efla sjálfstæði sitt og sjálfsþekkingu og finna hæfileikum sínum farveg.

Í list- og verkgreinum tileinka nemendur sér læsi á menningu, ferla, myndir, heilsu, hreyfingu, líkamstjáningu og tilfinningar annarra, svipbrigði, blæbrigði í tungumáli og tónum, tækni og hið manngerða umhverfi.

Listir og verkþekking mynda stóran og fjölskrúðugan atvinnuvettvang. Framfarir á sviði tækni og vísinda eru byggðar á þekkingu og færni sem á rætur í verkmenningu. Þótt tæki og vélar hafi leyst manninn af hólmi við ýmis störf er þekking á verkferlum, táknfræði, skipulagi og verkaskiptingu nauðsynleg undirstaða tæknilegrar og listrænnar þróunar. Slík verkfærni samhliða listfengi er því nauðsynleg undirstaða í allri þróun, fagurfræði og hönnun véla, húsa, fatnaðar og allra hluta og listaverka sem við notum og njótum í daglegu lífi. Sú færni og þekking getur nýst á skapandi hátt bæði í starfi sem og tómstundum. Mikilvægt er að nemendur geti tengt nám í list- og verkgreinum við þá fjölmörgu atvinnumöguleika sem þeim tengjast.

Nemendur fá einstakt tækifæri til að kynnast og viðhalda eigin menningu og verklagi fyrri tíma, hlúa að menningararfleifð sinni samhliða því að kynnast öðrum menningarheimum. Þar er kjörinn vettvangur til að skoða ólíka menningarheima út frá sögu þeirra, lýðræði og mannréttindum og auka þannig umburðarlyndi og skilning á fjölbreytileika heimsins.

Menntun í list- og verkgreinum getur stuðlað að bættu siðferði og þjóðfélagslegri ábyrgð nemenda. Þær eru vettvangur menntunar til sjálfbærni þar sem nemendur vinna með samábyrgð, tilfinningar sínar og annarra, samhengi við aðra menningarheima og eigið umhverfi og náttúru. Er það grunnur að velferð þeirra og virkni í mótun samfélagsins.

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum í grunnskóla er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar, ólíkar tjáningarleiðir. Þar fá þeir tækifæri til að skapa hluti í handverki, vinna með tákni, tóna, matarmenningu og líkamann í tíma og rúmi og tengja þannig milli hugmyndar, verka og hluta. Allt þetta þroskar og eykur hæfni fólks til að tengja milli hlutbundinnar og óhlutbundinnar hugsunar og takast á við síbreytilegan heim á persónulegan, gagnrýninn og skapandi hátt. Jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms stuðlar að jafnrétti nemenda til að finna hæfileikum sínum farveg.



## 21.2 Sameiginleg hæfniviðmið fyrir list- og verkgreinar

### Menningarlæsi

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar,</li> <li>• hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum,</li> <li>• unnið einföld verkefni í hópi,</li> <li>• útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið,</li> <li>• gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans,</li> <li>• fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín,</li> <li>• tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt,</li> <li>• gengið frá eftir vinnu sína,</li> <li>• lagt mat á eigin verk.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar,</li> <li>• hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni,</li> <li>• tekið tillit til annarra í hópinnu og sýnt frumkvæði,</li> <li>• haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni,</li> <li>• beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir,</li> <li>• gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina,</li> <li>• gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans,</li> <li>• sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði,</li> <li>• lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna,</li> <li>• hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði,</li> <li>• tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi,</li> <li>• skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga,</li> <li>• beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt,</li> <li>• sett verkefni sín í menningarlegt samhengi,</li> <li>• tjáð sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir,</li> <li>• sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði,</li> <li>• metið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem viðkomandi námsgrein býr yfir.</li> </ul>

## 21.3 Listgreinar

Listgreinum er skipt í sviðslistir, þ.e. dans og leiklist, sjónlistir og tónmennt. Eins og áður segir skipuleggur hver skóli kennslu listgreina og ákveður hvort námsgreinar og námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt, aðgreind námskeið í styttri tíma þannig að þær hafi meira vægi í stundaskrá nemenda ákveðið tímabil eða dreift jafnt yfir allan veturinn. Að jafnaði skal miða við að sviðslistir, sjónlistir og tónmennt séu kennd á öllum aldurstigum eins og viðmiðunarstundaskrá segir til um.

Hafa skal í huga að í kafla 8.5 er kveðið á um að listgreinar og verkgreinar skuli hafa jafnt vægi innan heildartímans sem gefinn er upp í viðmiðunarstundaskrá og að við skipulagningu tíma sem skilgreindur er í viðmiðunarstundaskrá til ráðstöfunar/vals á unglíngastigi skuli þess gætt að ekki halli á verklegt nám. Það á einnig við um skipulag valnámskeiða. Gert er ráð fyrir að allt að helmingur valstunda á unglíngastigi sé bundinn list- og verk tengdu námi.

Hæfniviðmið einstakra listgreina skulu höfð til hliðsjónar við skipulagningu þeirra ásamt sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina. Matsviðmið taka mið af hæfni í listgreinum sem heild.

## 21.4 Menntagildi listgreina

Með listum getur maðurinn tjáð og dýpkað tilfinningar sínar og öðlast skilning og reynslu sem ekki verður færð í orð.

Listsköpun opnar einstaklingum fjölbreyttar leiðir til að vinna með hugmyndir, varpa fram spurningum, endurspegla og túlka eigin reynslu og annarra. Þannig þroska nemendur hæfileika sinn og getu til að vega og meta gjörðir sínar og umhverfi með gagnrýnum hætti. Við listsköpun opnast oft ný og óvænt sjónarhorn á hugmyndir og hluti, það losnar um hömlur og kímigáfa nemenda fær gjarnan notið sín í óvenjulegum og ögrandi verkefnum. Við slíkar aðstæður koma leyndir hæfileikar gjarnan fram og nemendur tengjast innbyrðis á annan hátt en í öðrum greinum.

Listir í sinni fjölbreyttustu mynd í fortíð og nútíð fást við hugtök, hugmyndir og hluti sem tengjast manneskjunni og nánasta umhverfi hennar. Þær hreyfa við okkur á margvíslegan hátt, næra ímyndunarafli og efla fegurðarskyn.

Listupplifun opnar farveg til að skoða og meta eigin gildi og viðhorf, á beinan eða óbeinan hátt, út frá margvíslegum leiðum og miðlum. Í listum geta nemendur rýnt í gildi samfélagsins á ólíkum tímum og mismunandi menningarsvæðum og einnig persónuleg gildi, s.s. gagnvart einstaklingum, fjölskyldu, samfélaginu, vinnu og leik, náttúru og umhverfi, fegurð, ljótleika, ofbeldi og ást.

Menntun í listum á að stuðla að því að nemendur öðlist hæfni til að:

- takast á við ófyrirséða framtíð á skapandi hátt,
- sjá ný mynstur og hugsa í lausnum,
- þroska persónulega tjáningu og smekk.

## 21.5 Hæfniviðmið fyrir sviðslistir

Sett eru fram hæfniviðmið fyrir tvær tegundir sviðslista, þ.e. dans og leiklist.

### 21.5.1 Hæfniviðmið fyrir dans

Dans hefur margþætta merkingu í menningarlífi okkar. Hann er mikilvægur hluti af listaflóru landsins, hefur félagslegu- og sögulegu hlutverki að gegna og er að auki órjúfanlegur hluti af hreyfimenningunni. En þótt dansinn hafi mörg og ólík andlit eiga þau það öll sameiginlegt að örva og þroska líkamsvitund, líkamslæsi og hreyfigreind einstaklingsins.

Mikinn hluta þeirrar þekkingar sem börn tileinka sér í lífinu öðlast þau í gegnum líkamlega hreyfingu. Dansinn er mikilvæg leið til að hlúa að og örva hreyfi- og rýmisgreind og félagsþroska og veita einstaklingum þannig aukið tækifæri til þroska og mennta.

Í líkamanum býr þekking og skilningur á veruleikanum sem í sumum tilfellum er eingöngu hægt að tjá í gegnum hreyfingu. Skapandi og listræn vinna í dansi veitir nemendum tækifæri til að koma þessari þöglu þekkingu á framfæri og fyrir suma er líkamstjáning nærtækasta leiðin til að tjá sig almennt. Í skapandi dansi takast nemendur á við mismunandi verkefni á eigin forsendum óháð stöðu og þroska þeirra að öðru leyti.

Mikilvægt er að styrkja hreyfigreind nemenda í gegnum dans og hvetja þá til að hreyfa sig daglega og stuðla þannig að því að nemendur taki ábyrgð á eigin heilbrigði. Í þessum efnum helst dansmenntun í hendur við íþróttakennslu, en bætir við þekkingu á sköpun og líkamlegri tjáningu.

Dansar sem dansaðir eru í félagslegum tilgangi, eins og paradansar, hringdansar og hópðansar hafa alltaf verið hluti af daglegu lífi í mismiklu mæli og í mismunandi formi. Dansinn hefur því mikið sögulegt- og menningarlegt gildi og er hluti þeirrar arfleifðar sem hver nemandi ber með sér. Hæfni í félagslegum dönsum veitir möguleika á samveru innan ákveðins ramma þar sem þátttakendur geta átt samskipti innan tiltekinna leikreglna. Félagslegt gildi dansins felst ekki síður í möguleikum hans til að brjóta niður múra tengda tungumáli, þroska eða milli kynja. Dans, sem skilgreint og skapandi form, byggir að miklu leyti á samvinnu og er því í sjálfu sér þjálfun í félagslegri færni.

Hæfniviðmið í dansi koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina.

Dans		
Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama,</li> <li>• dansað einföld hreyfimyndur og notað þau í paradönsum, barnadönsum og einföldum þjóðdönsum,</li> <li>• tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara,</li> <li>• tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi og virt samskiptareglur,</li> <li>• tekið tillit til jafningja í samstarfi,</li> <li>• hlustað á hugmyndir þeirra og lagt fram eigin,</li> <li>• rætt um hreyfingu í takt við tónlist út frá persónulegri upplifun.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt líkama sínum markvisst í dansi og hreyfingu sjálfum sér til ánægju,</li> <li>• dansað grunnspar í paradönsum og einföldum þjóðdönsum,</li> <li>• geti sett saman einfalt dansverk, sýnt það og valið undir leiðsögn kennara umgerð (t.d. tónlist og rými) við hæfi,</li> <li>• tjáð sig í dansi, tengt saman hreyfingu, túlkun og tónlist og beitt kurteisvenjum í dansi,</li> <li>• unnið sjálfstætt og með öðrum að dansverkefnum, bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana í dansi,</li> <li>• rætt um dans út frá persónulegri upplifun.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• samhæft tónlist og hreyfingu með góðri líkamsvitund og líkamsbeitingu og dansað mismunandi dansform sér til ánægju,</li> <li>• sýnt öryggi og færni til að dansa einn eða sem hluti af pari eða hópi,</li> <li>• tekið þátt í skapandi vinnuferli í dansi, sett saman einfalt dansverk og valið umgerð við hæfi,</li> <li>• dansað fyrir framan áhorfendur með tilfinningu fyrir þáttum eins og túlkun, augnsambandi, rými, líkamsbeitingu og kurteisvenjum,</li> <li>• valið milli ólíkra dansstíla, prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í túlkunar- og sköpunarferli út frá eigin þekkingu og leikni í dansi,</li> <li>• tjáð og túlkað hugmyndir sínar og rætt dans á gagnrýninn hátt, beitt við það viðeigandi orðaforða og sett það í menningar- og sögulegt samhengi.</li> </ul>

### 21.5.2 Hæfniviðmið fyrir leiklist

Menntun í leiklist snýst um að þjálfarar nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi í skólanum. Hún styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Leiklist reynir auk þess stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu. Allt fer þetta fram í gegnum leik og sköpun. Nemendur beita töluðu máli bæði í spuna og í meðferð skrifaðs leiktexta.

Tilraunir með mismunandi frásagnaraðferðir, málfar, málsnið og blæbrigði tungumálsins eru mikilvægur hluti af sköpunarferlinu í leiklist. Í listforminu er hið óyrta þó ekki síður mikilvægt en hið talaða mál og þannig reynir það á tjáningu í víðasta skilningi þess orðs.

Leiklist er list augnabliksins. Leiklistarkennslan getur tekist á við þau mál sem efst eru á baugi í samfélaginu hverju sinni og brenna á nemendum. Þannig skerpist samfélagsvitund þeirra og þeir virkjast til lýðræðislegrar þátttöku. Leiklist er einnig í eðli sínu samþætt listform þar sem allar listgreinar koma saman. Hún nýtist vel til þess að auðga og styrkja kennslu í greinum eins og móðurmáli, samfélagsfræði, sögu og erlendum tungumálum og getur þannig gegnt lykilhlutverki í samþættingu námsgreina og námssviða. Leiklistin felur einnig í sér fjölda leikja og æfinga sem geta krafist mikillar líkamlegrar virkni og útrásar.

Þótt sköpunarferlið sé ekki síður mikilvægt en afurðin í leiklist, er mikilvægt að reglulega gefist tækifæri til þess að hampa afrakstri vinnunnar í formi kynninga og leiksýninga. Þegar allir leggjast á eitt við uppsetningu leiksýningar styrkjast stoðir jafnréttis og lýðræðis í skólalastarfinu auk þess sem slíkir viðburðir hafa jákvæð áhrif á samkennd nemenda og skólaandann og gefa tækifæri til samstarfs heimilis og skóla.

Hæfniviðmið í leiklist koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina

## Leiklist

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	* Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skóla-systkinum tillitssemi,</li> <li>• sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi,</li> <li>• notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþátta,</li> <li>• nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu,</li> <li>• nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum,</li> <li>• bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist,</li> <li>• valið milli mismunandi aðferða við sviðssetningu, bæði hvað varðar frásagnarform og leikstíl, prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í sköpunarferlinu. Skrifað handrit að stuttu leikverki þar sem beitt er grunnreglum við uppsetningu leikhandrits fyrir svið og/eða myndmiðla,</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>• lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur,</li> <li>• sett sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik og tekið þátt í viðtali sem ákveðin persóna,</li> <li>• beitt einföldu formi leiklistar,</li> <li>• sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi eða á leiklistarviðburðum í skólanum,</li> <li>• bent á leikið efni og ólík hlutverk þess í mismunandi samhengi,</li> <li>• lýst leiknu efni á sviði og/ eða í myndmiðlum út frá söguþræði, innihaldi og persónum í verkinu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur,</li> <li>• skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd- og líkamsbeitingu,</li> <li>• sýnt fram á tók á fleiri en einum leikstíl í eigin sköpun, túlkun og greiningu,</li> <li>• beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum),</li> <li>• sagt frá ferlinu við uppsetningu leiksýningar, helstu störfum sem unnin eru baksviðs í leikhúsi og lýst algengum sviðsbúnaði,</li> <li>• rætt um leikið efni á sviði og myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónarhorni og sett það að einhverju leyti í samhengi við eigið líf og samfélag.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína á markvissan hátt,</li> <li>• prófað sig áfram og valið úr túlkunarleiðum á mismunandi tegundum leiktexta,</li> <li>• túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara. Beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína,</li> <li>• valið milli forma og stíls í eigin sköpun og rökstutt val sitt,</li> <li>• skrásett og rökstutt eigið vinnuferli í leiklist,</li> <li>• rökrætt leikið efni á sviði og í myndmiðlum á gagnrýninn hátt, beitt við það viðeigandi orðaforða og sett það að nokkru leyti í menningarlegt og sögulegt samhengi.</li> </ul>
---	--	--

## 21.6 Hæfniviðmið fyrir sjónlistir


Allir hlutir og öll verk byrja með hugmynd sem ekki verður virk nema henni sé miðlað á einhvern hátt. Í námsgreininni myndmennt er unnið með alla miðla sjónlista þar sem hugmyndum er fundinn farvegur. Frá fornöld hafa sjónlistir haft félagsleg, fagurfræðileg og tilfinningarleg áhrif á fólk. Að rýna í listaverk hjálpar okkur að skilja sögu, menningu og samfélagið í heild á sama tíma og það hjálpar okkur að eflast sem persónur.

Í myndmennt öðlast nemendur tækifæri til að læra og tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýninn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflið. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunarafslins.

Myndmennt er í eðli sínu skapandi námsferli. Mikilvægt ferli þar sem nemendur finna innri rödd, mynda tengingar, og þróa leikni í ólíkum nálgunum, s.s. í teikningu, málun,

mótun, þrykki, klippiaðferð og skjámiðlum. Að taka þátt í að skapa, greina og njóta listar stuðlar að því að nemendur þjálfast í að upplifa list jafnframt því að þróa með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýninn skilning á heiminum. Með markvissri myndmennt er hægt að viðhalda og þróa þann hæfileika sem börn nota frá unga aldri, að segja sögu myndrænt. Til þess að svo megi verða þurfa kennarar að veita nemendum tækifæri til að taka áhættu til að stuðla að þróun skapandi hugsunar og ímyndunarafls.

Þegar nemendur skapa sjónræn verk vinna þeir ýmist út frá eigin rannsóknum og greiningu eða með virkjun ímyndunaraflsins þar sem þeir tengja við fyrri reynslu, menningu og umhverfi. Í umræðum um myndlist skapast tækifæri til að þjálfar orðaforða myndlistar, samkennd og umburðarlyndi í tengslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum. Með því að tengja við eigin reynslu þjálfast nemendur í læsi á eigið umhverfi. Þessum tengslum er lýst myndrænt hér til hliðar.



Alls staðar í umhverfi okkar er sjónrænt áreiti sem mikilvægt er fyrir nemendur okkar að læra að lesa og greina. Eitt lykilhlutverk menntunar er að læra að skilja þann heim sem við búum í svo við verðum virkir, gagnrýnir samfélagsþegnar sem geta látið gott af sér leiða. Sjónlistir henta vel til þess, því í myndmennt er unnið markvisst með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að sjá það sem þeir horfa á, heyra það sem þeir hlusta á, finna það sem þeir snerta og skapa út frá reynslunni. Með því að leyfa nemendum að velja inntak verka eða miðil í myndmennt er hægt að efla frumkvæði þeirra. Það að þroska með sér gagnrýna og skapandi hugsun í gegnum sjónlistir þjálfar nemendur í að bera kennsl á vandamál samfélagsins og finna lausnir á þeim.

Hæfniviðmið í sjónlistum koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina

## Sjónlistir

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	* Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla,</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>• skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum,</li> <li>• tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt,</li> <li>• útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki,</li> <li>• unnið út frá kveikju við eigin listsköpun,</li> <li>• þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni,</li> <li>• fjallað um eigin verk og annarra,</li> <li>• þekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins,</li> <li>• greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka,</li> <li>• greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans,</li> <li>• skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun,</li> <li>• tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu,</li> <li>• unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk,</li> <li>• byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu,</li> <li>• beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni,</li> <li>• fjallað um eigin verk og verk annarra í virku samtali við aðra nemendur,</li> <li>• gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð,</li> <li>• greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margskonar listaverka,</li> <li>• greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu,</li> <li>• gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni,</li> <li>• tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið,</li> <li>• sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtali,</li> <li>• skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafl og / eða rannsókn, myndrænt og/ eða í texta,</li> <li>• notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sýnar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati,</li> <li>• gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu,</li> <li>• greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun, bæði á Íslandi og erlendis og tengt það við þá menningu sem hann er sprottinn úr,</li> <li>• greint hvernig samtímalist fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum sem oft fela í sér samþættingu listgreina,</li> <li>• túlkað listaverk og hönnun með tilvísun í eigin reynslu, nærumhverfi, samtímann, siðfræði og fagurfræði,</li> <li>• gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í persónulegt, menningarlegt og sögulegt samhengi,</li> <li>• greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat.</li> </ul>
---	---	--



## 21.7 Hæfniviðmið fyrir tónmennt

Tónlist er snar þáttur í lífi og starfi manna hvar sem er í heiminum. Hún er leið til sköpunar og tjáskipta, oft án orða, sem einstaklingar fara til að tjá tilfinningar sínar, skoðanir og gildi. Í tónlistariðkun felst hlustun, sköpun og flutningur. Hún er ferli þar sem einstaklingar skapa merkingu með því að bregðast við og vinna úr tónum, hljóðum og þögn, einir eða í samstarfi. Tónlistariðkun krefst líkamlegrar samhæfingar, greinandi hugsunar og tilfinningatengsla. Þá hefur tónlistariðkun sterka félagslega tilvísun enda verið notuð í gegnum tíðina sem afl til sameiningar eða aðgreiningar fólks.

Tónlist getur verið hluti skilgreindrar menningar eða sjálf skilgreinandi hluti menningar. Í síðara tilvikinu ræður ákveðin tónlistarstefna klæðaburði, framkomu og fleiru, sem myndar menningarheild. Tónlistarmenning vísar þannig til hvernig við tengjumst, notum, fremjum, semjum, og hugsum um tónlist.

Tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómmum, túlkun og formi, til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.

Í ljósi þessa margbrotna eðlis tónlistarinnar er mikilvægt að tónlistin sé tengd öllu skólastarfi óháð námsgreinum. Þannig kynnast nemendur fjölbreyttri tónlist og tengingu hennar við líf og starf með ólíkri og lifandi nálgun.

Hæfniviðmið í tónmennt koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina

Tónmennt		
Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	* Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun,</li> <li>greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna,</li> <li>leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>greint og valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun,</li> <li>beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra,</li> <li>notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>greint, valið og notað hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun,</li> <li>tekið þátt í tónsköpun af einhverju tagi, s.s. kórsöng eða samspili sjálfum sér og öðrum til ánægju,</li> <li>notað algeng tæki, hljóðfæri, rödd og forrit til að skapa eigin tónsmíð og / eða hljóðverk,</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/ hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt,</li> <li>• greint einföld stílbrigði í tónlist (t.d. íslenskt þjóðlög),</li> <li>• rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í samspili eða sam-söng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það,</li> <li>• greint ólíkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana,</li> <li>• greint og útskýrt samhengi tónlistar og ólík tónlistarstíl-brigði og tengt við þá menningu sem hann er sprottinn úr,</li> <li>• greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í að skapa og flytja eigin verk og annarra, gagnrýnt og rökstutt út frá eigin smekk, stíltegund tónlistar og fagurfræði,</li> <li>• greint, útskýrt og endurskoðað eigin sköpunarverk og sam-nemenda í tónlist af sanngirni og virðingu,</li> <li>• geta rökstutt skoðun sína á tónlist út frá eigin smekk og fagurfræði,</li> <li>• staðið með eigin tónsköpun eða tónlistarvali og rökstutt val sitt,</li> <li>• greint og útskýrt ólík tón-listarstílbrigði, hljóðfæri og hljóðgjafa og sett í persónulegt, sögulegt og menningarlegt samhengi.</li> </ul>
---	--	---

## 21.8 Verkgreinar

Verkgreinum er skipt í heimilisfræði, hönnun og smíði og textílmennt. Eins og áður segir skipuleggur hver skóli kennslu verkgreina og ákveður hvort námsgreinar og námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt, sem aðgreind námskeið í styttri tíma þannig að þær hafi meira vægi í stundaskrá nemenda ákveðið tímabil eða dreift jafnt yfir allan veturinn. Að jafnaði skal miða við að heimilisfræði, hönnun og smíði og textílmennt séu kennd á öllum aldurstigum eins og viðmiðunarstundatafla segir til um.

Hafa skal í huga að í kafla 8.5 er kveðið á um að listgreinar og verkgreinar skuli hafa jafnt vægi innan heildartímans sem gefinn er upp í viðmiðunarstundaskrá og að við skipulagningu tíma sem skilgreindur er í viðmiðunarstundaskrá til ráðstöfunar/vals á unglíngastigi skuli þess gætt að ekki halli á verklegt nám. Það á einnig við um skipulag valnámskeiða. Því er gert ráð fyrir að allt að helmingur valstunda sé bundinn list- og verk tengdu námi.

Hæfniviðmið einstakra verkgreina skulu höfð til hliðsjónar við skipulagningu þeirra ásamt sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina. Matsviðmið taka mið af hæfni í verkgreinum sem heild.

## 21.9 Menntagildi verkgreina

Verkgreinar í grunnskóla eiga það sameiginlegt að stuðla að alhliða þroska nemenda og búa þá undir daglegt líf og frekara nám á sviði verkgreina. Undir verkgreinar heyrja hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði. Í þeim fá nemendur tækifæri til að beita ímyndunarafli sínu, sköpunargáfu, þekkingu og verkfærni til að takast á við umhverfi sitt í markvissum tilgangi. Nemendur þjálfra hæfileika til að leita lausna á vandamálum, verða sjálfstæðir í verki, og læra að líta eigin verk og ákvarðanir gagnrýnum augum. Verkleg kunnátta hvílir á hefðum, tækni og verklagi sem mikilvægt er að nýjar kynslóðir tileinki sér. Nemandinn fæst við verkefni sem hæfa þroska hans, gerir tilraunir og nýtir tækni í vinnu sinni. Þetta eykur sjálföryggi og starfsánægju og gefur jafnframt tækifæri til sköpunar.

Verkgreinar sem kennslugreinar eiga sér langa sögu. Markmið þeirra hefur bæði verið að búa nemendur undir verkleg störf og einnig stuðla að alhliða þroska þeirra. Umhverfi okkar byggist að miklu leyti á tækni sem er einn af skapandi þáttum menningar og mótar ásýnd hennar, inntak, merkingu og tilgang. Í starfsumhverfi nútímans eru gerðar sífellt auknar kröfur til tækniþekkingar og skilnings. Í verkgreinum öðlast nemendur skilning á umhverfi sínu sem og grundvallarþekkingu. Verkfærni og skilningur, sem byggist á rótgrónum hefðum handverks, er einnig undirstaða að öflugri verkmenningu og nýsköpun. Að skilja og vera læs á umhverfið er forsenda þess að hafa áhrif á það.

Kennsla verkgreina er liður í því að skapa virðingu og jákvætt viðhorf til verklegrar vinnu og er einnig undirbúningur undir framhaldsnám í verklegum greinum. Hlutverk kennarans er að leiða nemandann þannig að hann verði sjálfstæður í verki, öðlist færni í að leysa vandamál, þjálfri eigið fagurskyn og skynhreyfifærni. Verkgreinar eru því hvoru tveggja góður undirbúningur undir lífið og frekara nám.

## 21.10 Hæfniviðmið fyrir heimilisfræði

Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Greininni er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, jafnrétti, hagsýni, fjármálalæsi, neytendavitund og verndun umhverfis. Í heimilisfræði gefst tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda með markvissri fræðslu um hollustu og holla matargerð. Til að vita hvað felst í hollustu og heilbrigði er nauðsynlegt að vera læs á upplýsingar í umhverfinu sem snerta heilsufar. Þannig stuðlar heimilisfræði að getu til að meta og greina áreiðanleika upplýsinga og hæfni til að taka sjálfstæðar ákvarðanir sem stuðla að heilsu og vellíðan. Mótun matarvenja hefst þegar í bernsku og árangursríkast er talið að leggja áherslu á jákvæða umfjöllun um hollt fæðuval. Að þessu ætti í kennsla í heimilisfræði að miða.

Þekking og leikni í heimilisstörfum er kjarni heimilisfræðinnar og honum tengjast allir þættir námsins, fræðilegir sem verklegir. Heimilisfræði er að upplagi verkgrein og í

henni eru órjúfanleg tengsl milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Til að styrkja þessi tengsl er mikilvægt að samþætta kennslu í matreiðslu og næringarfræði. Það auðveldar nemendum að átta sig á því hvaða næring er í matnum og hvernig best er að matreiða hann til að varðveita næringarefnin sem best. Góð þekking á næringarfræði er nauðsynlegur undirbúningur undir heimilishald og foreldrahlutverk síðar meir. Opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) um mataræði og næringu skulu hafðar til hliðsjónar við kennslu í matreiðslu og næringarfræði.

Góð leið til að kynnast menningu og siðum þjóða er að kynnast matarhefð þeirra. Félagslegt gildi matar er mikilvægt bæði í daglegu lífi og við tækifæri eins og veislur og hátíðarhöld þar sem matur gegnir jafnan stóru hlutverki.

Mikilvægt er að heimilisfræðin taki mið af umhverfissjónarmiðum og veiti innsýn í vistfræði og glæði áhuga á umhverfisvernd og sjálfbærum lífsháttum. Einnig er mikilvægt að nemendur verði upplýstir neytendur og læri að velja matvörur og aðrar neysluvörur með því að lesa á umbúðir og vera gagnrýnir á auglýsingar og upplýsingar sem þeim berast frá umhverfi og fjölmiðlum. Mikilvægt er að efla með nemendum kostnaðarvitund um heimilishald, ekki síst miðað við eigin neyslu og fjölskyldunnar og læri að gera innkaup á hagkvæman hátt.

Í hæfniviðmiðum í heimilisfræði eru dregin saman í flokka viðmið sem eru lík að upplagi. Þetta er gert til að auðvelda kennurum að hafa yfirsýn yfir þá námsþætti sem verið er að vinna með hverju sinni. Gert er ráð fyrir að unnið sé með þá samhliða eftir eðli og umfangi hvers námsþáttar. Hæfniviðmiðin eru opin og gefa kennurum tækifæri til að útfæra kennsluna eftir eigin höfði og velja sínar leiðir til að nálgast þau. Þetta gefur færi á að nota fjölbreytta kennsluhætti.

Hæfniviðmið í heimilisfræði koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina

## Matur og lífshættir

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti,</li> <li>valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan,</li> <li>farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif,</li> <li>tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar,</li> <li>tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar,</li> <li>farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi,</li> <li>gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð sig um heilbrigða lífshætti, tengsl þeirra við heilsufar og sett í samhengi við ábyrgð hvers og eins á eigin heilsufari,</li> <li>greint aðalatriði næringarfræðinnar og útskýrt tengsl næringarefna, hráefna og matreiðslu,</li> <li>farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu,</li> <li>greint helstu þætti sem hafa áhrif á útgjöld við heimilishald og geti tekið ábyrgð á eigin útgjöldum og skuldbindingum og þekkt rétt sinn og skyldur sem neytandi.</li> </ul>

## Matur og vinnubrögð

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir,</li> <li>farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld,</li> <li>sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi,</li> <li>nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsinga um einfaldar uppskriftir.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best,</li> <li>unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld,</li> <li>greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau,</li> <li>nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir úr algengu og nýstárlegu hráefni með áherslu á hagkvæmni og nýtni,</li> <li>beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld,</li> <li>greint frá viðbrögðum við slysum á heimilum,</li> <li>nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnninn hátt um næringarfræði, neytendamál, hagkvæmni í innkaupum, aukefni, geymslu og matreiðslu.</li> </ul>

## Matur og umhverfi

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni,</li> <li>• skilið einfaldar umbúðamerkingar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla,</li> <li>• skilið og rætt mismunandi umbúðarmerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í vítt samhengi við lýðræði og jafnrétti, hreinleika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun,</li> <li>• rætt þátt auglýsinga og upplýsinga um merkingar, verð og gæði neysluvara í tengslum við neytendavernd og tjáð sig um gæði, geymslu og aukefni í matvælum.</li> </ul>

## Matur og menning

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sagt frá íslenskri og erlendri matarmenningu og matreitt ýmsa þjóðarrétti</li> </ul>

## 21.11 Hæfniviðmið fyrir hönnun og smíði

Hönnun og smíði sem námsgrein á sér langa sögu. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfu einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Auk þess er lögð áhersla á handverk, menningu og tengsl við verklegt framhaldsnám. Námsgreinin byggir því í senn á rótgrónum handverkshefðum og almennum áherslum um uppeldi og menntun.

Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Hann öðlast þekkingu og færni sem hann getur yfirfært á starfsvettvang, tómstundir eða heimilishald. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Nemandinn hefur þannig áhrif á umhverfi sitt og er um leið hvattur til að sýna umhverfinu nærgætni og virðingu.

Í hönnun og smíði fléttast saman sköpun, læsi og sjálfbærni á ápreifanlegan hátt sem hjálpar nemandanum að skilja merkingu hugtakanna. Kennarar eru hvattir til að nota efni úr nærumhverfi og nýta íslenska skóginn þar sem þess er kostur. Nemandinn öðlast einnig innsýn í heim tækninnar sem eykur skilning og eflir læsi hans á manngert umhverfi.

Hæfniviðmiðum í hönnun og smíði er skipt upp í þrjá efnisflokkka og eru þeir megináherslusvið greinarinnar. Flokkarnir tengjast þó allir innbyrðis. Undir handverk falla markmið er miða að því að efla verkvit, þekkingu á efnum og færni í notkun verkfæra. Lögð er áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir hvenær frágangur telst vandaður. Undir hönnun og tækni falla markmið er lúta að hönnun og því að efla skilning nemenda á skipulagningu vinnu, hönnunarferli og gerð áætlana. Einnig er lögð áhersla á að efla tæknilegt innsæi nemenda og skilning. Undir umhverfi falla markmið er miða að því að efla skilning nemenda á tengsl umhverfisins við verkleg störf og kemur það m.a. fram í efnisvali. Lögð er áhersla á að nemendur læri rétta notkun hlífðarbúnaðar og þekki hugtakið vinnuvernd.

Hæfniviðmið í hönnun og smíði koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina

Handverk		
Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt,</li> <li>• gert grein fyrir nokkrum smíðaefnum sem unnið er með.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki,</li> <li>• gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra,</li> <li>• sagt frá mikilvægi verkþekkingar í nútíma samfélagi.</li> </ul>

## Hönnun og tækni

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar,</li> <li>unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit,</li> <li>framkvæmt einfaldar samsetningar,</li> <li>sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýtt virknipætti í smíðisgripum, s.s. vogarafli, gorma og teygjur,</li> <li>bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi,</li> <li>greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu,</li> <li>lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð,</li> <li>valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum,</li> <li>hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virknipættir eru að verki í ýmsum hlutum,</li> <li>lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu,</li> <li>greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu,</li> <li>unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað kostnað,</li> <li>framkvæmt flóknari samsetningar, s.s. samlímingu, töppun og skrufun,</li> <li>hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu,</li> <li>sagt frá hvernig tækni er nýtt í atvinnulífinu,</li> <li>gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt og samfélag.</li> </ul>

## Umhverfi

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>valið efni út frá umhverfis-sjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi,</li> <li>sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með,</li> <li>beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni,</li> <li>gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra,</li> <li>útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína, s.s. við efnisval,</li> <li>gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýja ýmsa hluti til að lengja líftíma þeirra,</li> <li>beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar.</li> </ul>



## 21.12 Hæfniviðmið fyrir textílmennt

Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þess að fela í sér þjálfun og verkfærni á fjölbreyttum sviðum. Textílmennt á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar, rætur sem liggja í heimi sögunnar, verkmenningu og listum. Námsgreinin byggir á rótgróinni handverkshefð, sem hefur þróast áfram og tekið inn nýjar áherslur í takt við þarfir breyttra tíma og breyttar áherslur í menntun og uppeldi.

Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegum veruleika þar sem einstaklingarnir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði í nánasta umhverfi sínu en auk þess læra þeir að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi. Í textílnámi er mikilvægt að nemendur greini, meti og setji textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar.

Í textílmennt er unnið með efni af ólíkum toga allt frá umhverfisvænum hráefnum til mengandi iðnaðarvöru. Þess vegna er mikilvægt að huga að umhverfisvernd og umhverfisvitund og stuðla að endurnýtingu og sjálfbærni.

Sköpun, læsi og sjálfbærni eru stoðir sem eru samofnar textílmenningu og í textílmennt er tækifæri til þess að vinna með þær á áþreifanlegan hátt og tengja við aðra þætti til að efla skilning nemenda.

Hæfniviðmiðum í textílmennt er skipt upp í þrjá efnisflokka þar sem megináherslusvið greinarinnar koma fram. Flokkarnir eru settir fram til að auðvela yfirsýn yfir námsþætti greinarinnar sem skarast og þætti sem vinna saman. Hæfniviðmiðin eru opin og gefa kennurum tækifæri til velja leiðir og nálgast viðfangsefnið með fjölbreyttum útfærslum og kennsluháttum. Undir handverk, aðferðir og tækni falla hæfniviðmið sem stuðla að þekkingu á fjölbreyttum efnum og aðferðum greinarinnar, auk þess að efla verkfærni og stuðla að notkun viðeigandi tækja. Flokkurinn sköpun, hönnun og útfærsla nær yfir þætti sem lúta að sköpun, hönnunar- og hugmyndavinnu, skilningi á vinnuferli og að nemendur geri sér grein fyrir gildi handverks. Menning og umhverfi er þriðji flokkurinn og undir þann þátt falla hæfniviðmið sem miða að því að efla skilning nemenda á menningu og umhverfi í tengslum við textílheiminn. Lögð er áhersla á umhverfisvernd og umhverfisvitund.

Hæfniviðmið í textílmennt koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina

## Handverk, aðferðir og tækni

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	* Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum,</li> <li>• unnið úr nokkrum gerðum textílefna,</li> <li>• unnið eftir einföldum leiðbeiningum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar,</li> <li>• fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum,</li> <li>• unnið með einföld snið og uppskriftir.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða,</li> <li>• rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði,</li> <li>• unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf.</li> </ul>

## Sköpun, hönnun og útfærsla

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	* Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu,</li> <li>• skreytt textílvinnu á einfaldan hátt,</li> <li>• gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni,</li> <li>• leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• þróað eigin hugmyndir í textílvork og unnið eftir ferli,</li> <li>• notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla,</li> <li>• útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum,</li> <li>• nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu,</li> <li>• skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt,</li> <li>• lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök,</li> <li>• nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnninn hátt um efni sem tengist textílsögu, hönnun og iðnaði.</li> </ul>

## Menning og umhverfi

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	* Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt,</li> <li>sagt frá nokkrum tegundum textílefna,</li> <li>fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna,</li> <li>Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni,</li> <li>gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruafna og gerviefna,</li> <li>sett textílvinnu og textílvörk í samhengi við sögu, samfélag og listir,</li> <li>gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>útskýrt tjáningarmáta og tákna textíla og tísku út frá mismunandi stíl, áferð og efniskennnd, í tengslum við sérkenni íslenskrar textílvinnu, handverks, textílsögu og menningararfs,</li> <li>fjallað um helstu tákna og merkingar vefjarefna,</li> <li>sagt frá textíliðnaði og starfsgreinum tengdum fatagerð og textílhönnun,</li> <li>sagt frá vinnslu textílefna við mismunandi aðstæður og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd.</li> </ul>

## 21.13 Kennsluhættir og námsmat í list- og verkgreinum

Námi í list- og verkgreinum má skipta í tvennt í grunnnámi nemenda. Annars vegar er um að ræða nám í greinunum sjálfum þar sem þær eru iðkaðar og hins vegar að list – og verkgreinar séu notaðar sem kennsluáferð og samþættar öllu almennu námi. Hvort sem er, eiga kennsluhættir í list- og verkgreinum að mótast af vinnulagi hvernar greinar. Þar takast nemendur á við verkleg og skapandi verkefni sem reyna á hagnýta og fagurfræðilega lausnaleit.

List- og verkgreinar í grunnskóla greinast í listgreinar, sem eru sviðslistir (dans, leiklist), sjónlistir og tónmennt, og verkgreinar; hönnun og smíði, heimilisfræði og textílmennt. Áherslur og hugmyndafræði list- og verkgreina í skólum eru byggðar á fjórum þáttum sem fléttast saman á órjúfanlegan hátt á mismunandi stigum.

- Þekkingaröflun / hugmyndavinna.
- Framkvæmd.
- Greining.
- Samhengi.



*Þekkingaröflun og hugmyndavinna* snýr að undirbúningsvinnu og tækniþjálfun. Nemendur viðá að sér upplýsingum og efni, kanna, rannsaka, prófa, ímynda sér, læra tækni, forma, taka áhættu sem skerpir eigið þor og traust bæði til viðfangsefnisins og eigin hugmynda.

*Framkvæmd* felur í sér að nemendur beita aðferðum þar sem þeir umbreyta, túlka, flytja, sýna, prófa, forma og framleiða.

*Greining* felur í sér að nemendur dýpka skilning sinn og upplifun með umræðu, tjáningu og mati. Nemendur greina, yrða, meta, virða, gagnrýna, bera saman, túlka, ígrunda og rannsaka.

*Samhengi* felur í sér að setja ferlið í sögulegt, menningarlegt, persónulegt og félagslegt samhengi. Nemendur yrða, meta, ígrunda, skipuleggja/endurskipuleggja, smíða kenningar, þroskast og breytast.

Hæfniviðmið í hverri námsgrein eru hugsuð út frá þessum fjórum órjúfanlegum þáttum þar sem þeir fléttast saman á öllum stigum námsins. Eftir því sem nemendur eldast verður meiri áhersla á samhengi þar sem reynir á þroska, reynslu og þekkingu þeirra.

Menntun í list- og verkgreinum felst í því að nemendur vinna verklega og skapandi vinnu þar sem reynir á huga, hjarta og hönd. Námið felur í sér kerfisbundna þjálfun út frá ofangreindum þáttum í hverri námsgrein fyrir sig þar sem reynir á ólíka þætti í mismiklum mæli eftir eðli verkefna. Þannig geta nemendur notað öll skilningarvitin og aflað sér þekkingar í gegnum lestur, hlustun, skoðun, hreyfingu, efniskönnun, leik, tjáningu, lykt og smökkun og prófa sig áfram með hugmyndir sínar. Undir leiðsögn kennara eiga þeir að fá tækifæri til að þróa þessar hugmyndir byggðar á þekkingu á fjölbreyttan hátt, þjálfast í að koma þeim í verk og á framfæri við ýmis tækifæri. Í ferlinu gefast margvísleg tækifæri til ígrundunar og greiningar bæði á verkferlum, samskiptum og inntaki verka í persónulegu, menningarlegu og sögulegu samhengi. Lokaafurð er mikilvæg, s.s. að flytja tón-, dans- eða leikverk, sýna smíðis-, textíl- eða myndverk eða smakka og bera fram mat en af ofangreindu má sjá að vinnuferlið hefur síst minna vægi en lokaafurðin og í vinnuferlinu gefast fjölmörg tækifæri til að efla almennan þroska nemenda og einnig félagslegan þroska.

Menntun í list- og verkgreinum á að lúta eðli greinanna og því mikilvægt að aðstaða og þekking sé fyrir hendi í skólunum. Er það fagleg forsenda þess að veita nemendum verklega og listræna þjálfun sem reynir á sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu nemenda, fjölbreyttar vinnuaðferðir og gagnaöflun ásamt aðstöðu til að koma hugmyndum í verk. Aðstaða og þekking felst í stærð nemendahópa þar sem verkfæri og verklag list- og verkgreina geta notið sín, viðeigandi tækjum og rými.

Hlutverk list- og verkgreinakennarans í hverri grein er að styðja nemandann við að þróa hugmyndir sínar, kenna honum verklag við hæfi, þjálfna hann í skapandi, greinandi og túlkandi vinnubrögðum og hjálpa þeim að raungera hugmyndir sínar, bæði í einstaklings- og hópverkefnum. Er það forsenda þess að nemendur geti fundið styrk sinn, tekið frumkvæði og þróað eigin útfærslur í vinnu með auknum þroska og aldri.

Nám í list- og verkgreinum þarf að vera merkingarbært og fela í sér stígandi eftir getu og þroska nemenda. Margir grunnskólanemendur leggja stund á list- og verknám í frístundastarfi þar sem þeir leggja stund á eina eða fleiri listgreinar. Því er eðlilegt og mikilvægt í einstaklingsmiðuðu námi að taka tillit til ólíkra þarfa nemandans og tengja verkefni sem unnin eru innan og utan skólans.

Í inngangi var bent á að listir og handverk eru sterklega samtvinnuð daglegu lífi okkar og móti það á margvíslegan hátt. Á sama hátt á í heildstæðri menntun, að flétta ætíð saman listir, verk- og bóknám. Þannig eiga list- og verkgreinar að skipa veglegan sess í öllu skólustarfi, skólasamfélögum og nemendum til heilla. Fyrir smærri skóla geta hæfniviðmið og námsmatsviðmið í greinum virst of sértæk en með ákveðnum kennsluháttum er hægt að ná þeim öllum hvort sem kennt er í tímakennslu eða lotum. Til þess þurfa kennsluhættir að mótast af virkni og sköpun þar sem verkefni nemenda eru áþreifanleg afurð og unnin út frá vinnulagi hvernar greinar. Það þýðir að ekki er nóg að lesa um og hlusta á upplýsingar um hönnun, sauma, matargerð, tónlist, dans, leiklist eða myndlist, heldur verður að iðka fagið. Þessu er hægt að ná meðal annars með samþættingarverkefnum þar sem unnið er með aðferðum list- og verkgreina. Slíkt nám dýpkar skilning, þekkingu og reynslu nemenda í mörgum námsgreinum. Sú nálgun veitir nemendum einnig tækifæri til að læra ýmsar námsgreinar á hlutbundinn hátt og gefur náminu aukna merkingu og dýpkar innihald.

Kennsla, nám og námsmat eru heildstætt ferli en misjafnt er hvaða kennsluhættir og námsmatsaðferðir eru notaðar hverju sinni. Mikilvægt er í öllum tilvikum að endurgjöf kennara sé leiðbeinandi, regluleg og markviss svo hún leiði til framfara nemandans. Námsmat tekur mið af hæfniviðmiðum fyrir hverja námsgrein sem og lykilhæfni sem sameiginleg er öllum námsgreinum grunnskólans. Það þarf að taka til allra þátta námsins svo bæði kennarinn og nemandinn geri sér grein fyrir framvindu námsins og hvort settum markmiðum sé náð. Námsmat skal útfært nánar í skólanámskrá.

Námsmatsaðferðir í list- og verkgreinum geta verið fjölbreyttar, s.s. frammistöðumat, sjálfsmat og jafningjamat. Hvaða aðferð er beitt fer eftir eðli verkefna hverju sinni. Frammistöðumat hentar vel í list- og verkgreinum. Þar er bæði hugað að námsferlinu og afrakstri námsins. Frammistöðumat er öflugt matstæki til að kanna hæfni nemenda við að beita þekkingu sinni og leikni. Í frammistöðumati er lögð áhersla á að meta fjölbreytt viðfangsefni nemenda og stuðst við tiltekin frammistöðuviðmið. Oft er um að ræða viðfangsefni sem eiga sér fleiri en eina góða lausn. Við frammistöðumat er mikilvægt

að nýta sér gátlista eða matskvarða við að meta færni nemenda eða gæði viðfangsefna þeirra.

Sjálfsmat nemenda þar sem nemandinn metur sjálfur hvernig honum hefur gengið í náminu eða ákveðnum verkþáttum er einnig mikilsverð matsaðferð í list- og verkgreinum. Þetta hjálpar nemandanum að ná markmiðum sínum, gera sér grein fyrir styrkleikum og á hvaða sviðum hann getur bætt sig. Jafningjamat er góður kostur þegar unnið er í hópvinnu svo sem í leiklist, dansi og tónlist. Þar fá nemendur tækifæri til að meta hvern annan, samvinnu, tillitssemi, hlustun og virkni. Með því að nota jafningjamat jafnt og þétt þjálfast nemendur í að veita og taka við mati skólafélaga og nota það á uppbyggilegan hátt. Í lokamati list- og verkgreina felst námsárangur í heild sinni í lok námstímanser það oft lokaafurð (tónverk, gripur, leik- eða danssýning, myndverk). Enn fremur getur nemandinn valið, safnað og metið fjölbreytt gögn s.s. þróunarvinnu, útfærslur á hugmyndum o.fl. um nám sitt á námstímanum í námsmöppu.

## 21.14 Matsviðmið fyrir list- og verkgreinar við lok grunnskóla

Í aðalnámskrá eru matsviðmið við lok grunnskóla sett fram bæði fyrir námsgreinar, námssvið og lykilhæfni. Matsviðmið eru lýsing á, hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni, á valdi sínu. Matsviðmiðin eiga einungis við um 10. bekk, til að styðja við námsmat, við lok grunnskóla. Gert er ráð fyrir að skólar setji matsviðmið fyrir aðra árganga og geri grein fyrir þeim í skólanámskrá. Matsviðmiðin við lok 10. bekkjar lýsa hæfni á kvarða sem birtur er í aðalnámskrá: Notaður er kvarðinn A, B, C, D, þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C.

Matsviðmið í flokki B eru byggð á hæfniviðmiðum fyrir 10. bekk og framsetning þeirra er með þeim hætti, að gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem þar er tilgreind. A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C fá þeir sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D, því sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda. Hvert matsviðmið er almenn lýsing á hæfni nemanda.

Við lokamat skiptir mestu að kennarar meti það sem til var ætlast samkvæmt hæfniviðmiðum, fullvissi sig um að matsniðurstöður séu byggðar á traustum gögnum og noti fjölbreyttar aðferðir við söfnun gagna til þess að veita nemendum, foreldrum þeirra og skólanum sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra. Kennarar geta þannig fengið betri innsýn í nám hvers nemanda. Til að fá nákvæma niðurstöðu, svo sem úr samræðum eða vettvangsathugun, getur skipt máli að kennarar vinni saman við að skoða matsgögn nemenda og hafi til þess skýr viðmið.

Þennan matskvarða er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk. Skólar ákveða, að öðru leyti, hvernig þeir haga námsmati og einkunnagjöf eða vitnisburði nemenda í öðrum árgöngum. Vitnisburður við lok 10. bekkjar er hafður til hliðsjónar við innritun nemenda í framhaldsskóla og val á námsbrautum.

Eftirfarandi atriði geta komið að góðum notum til að auka áreiðanleika og réttmæti í mati.

- Setja skýr viðmið eða gera grein fyrir því hvað á að meta.
- Velja matsþætti sem hæfa vel hæfniviðmiðum, námsefni og kennsluaðferðum.
- Undirbúa lýsingu á því sem á að meta eða sýna dæmi um vel unnin verkefni.
- Huga vel að því að verkefni séu í samræmi við viðmið.
- Vera vakandi yfir atriðum sem geta skekkt niðurstöður.
- Hafa skýrar leiðbeiningar um matsaðferðir, úrvinnslu og túlkun gagna.

Sameiginleg matsviðmið eru sett fram fyrir listgreinar og fyrir verkgreinar. Gefnar eru tvær einkunnir annars vegar fyrir listgreinar og hins vegar fyrir verkgreinar.

### 21.14.1 Matsviðmið fyrir listgreinar

# A

Nemandi getur sýnt **frumkvæði** og **þor**, gert tilraunir í listsköpun og valið og beitt **mjög vel** viðeigandi aðferðum og tækni. Beitt fjölbreyttu formi og stíl til þess að skapa á **sjálfstæðan** hátt verk byggðu á eigin hugmyndum, útskýrt og **rökstutt** vinnuferli frá hugmynd að lokaverki. Túlkað verk með **góðri** tilfinningu fyrir hrynjandi og blæbrigðum. Lýst, greint og rætt **mjög vel** inntak eigin verka og annarra, sett í menningarlegt, sögulegt og samfélagslegt samhengi og beitt **markvisst** orðaforða og hugtökum í listum. Gert **mjög vel** grein fyrir fjölbreyttu hlutverki lista í menningar- og atvinnulífi samfélagsins

# B

Nemandi getur sýnt **frumkvæði** og **þor**, gert tilraunir í listsköpun og valið og beitt viðeigandi aðferðum og tækni. Beitt fjölbreyttu formi og stíl til þess að skapa verk byggðu á eigin hugmyndum, útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki. Túlkað verk með **nokkurri** tilfinningu fyrir hrynjandi og blæbrigðum. Lýst, greint og rætt inntak eigin verka og annarra, sett í menningarlegt, sögulegt og samfélagslegt samhengi og beitt orðaforða og hugtökum í listum. Gert grein fyrir fjölbreyttu hlutverki lista í menningar- og atvinnulífi samfélagsins.

Nemandi getur sýnt **nokkurt** frumkvæði og þor, gert tilraunir í listsköpun og valið og beitt viðeigandi aðferðum og tækni á nokkurn hátt. Beitt **sæmilega** fjölbreyttu formi og stíl til þess að skapa verk byggðu á eigin hugmyndum, lýst vinnuferli frá hugmynd að lokaverki. Túlkað að **vissu marki** blæbrigði verka. Sagt frá inntaki eigin verka og annarra, sett að **einhverju leyti** í menningarlegt, sögulegt og samfélagslegt samhengi og notað að **vissu marki** orðaforða og hugtök í listum. Gert að **vissu marki** grein fyrir fjölbreyttu hlutverki lista í menningar- og atvinnulífi samfélagsins

C

### 21.14.2 Matsviðmið fyrir verkgreinar

Nemandi getur skipulagt vinnu sína **mjög vel** og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni í sjálfstæðri og skapandi vinnu. Tjáð sig á **sjálfstæðan** hátt með vinnuteikningu, útfært eigin hugmyndir og unnið **af öryggi** eftir hönnunarferli. Greint og rætt viðfangsefni sitt á **gagnrýninn** hátt með **rökstuðningi** og notað til þess viðeigandi hugtök. Valið af **öryggi** og **sjálfstæði** efni út frá umhverfissjónarmiðum, tengt vinnu sína við sjálfbæra þróun og sýnt það í verki. Greint af **nákvæmni** frá mismunandi efnum og tækjum sem notuð eru, sýnt **af öryggi** réttar vinnustellingar og mjög góða umgengni. Greint og **rökstutt** hagnýtingu og nýsköpun í verkefnum og rætt af innsæi og **sjálfstæði** mögulegar lausnir\*. Lýst af **nákvæmni** einkennum íslenskrar og erlendrar menningar í samhengi við verkgreinar og hvaða áhrif hún hefur á daglegt líf. Útskýrt af **nákvæmni** hvað felst í heilbrigðum lífsháttum, tengslum þeirra við heilsufar og sett í samhengi við ábyrgð hvers og eins á eigin heilsufari. **Greint** og **rætt** af nákvæmni inntak næringafræðinnar, tengslin milli næringarefna, hráefna, matreiðslu og heilsufars og rökstutt hvernig þessir þættir stuðla að heilbrigði.

A



**B** Nemandi getur skipulagt vinnu sína vel og beitt **nokkrum** aðferðum og tækni í **sjálfstæðri** og skapandi vinnu. Tjáð sig með vinnuteikningu, útfært eigin hugmyndir og unnið eftir hönnunarferli. Greint og rætt viðfangsefni sitt og notað til þess algeng hugtök. Valið efni af **sjálfstæði** út frá umhverfissjónarmiðum, tengt vinnu sína við sjálfbæra þróun og sýnt það í verki. Greint frá mismunandi efnum og tækjum sem notuð eru, sýnt réttar vinnustellingar og góða umgengni. Greint hagnýtingu og nýsköpun í verkefnum og rætt af **sjálfstæði** mögulegar lausnir. Lýst einkennum íslenskrar og erlendra menningar í samhengi við verkgreinar og hvaða áhrif hún hefur á daglegt líf. Útskýrt hvað felst í heilbrigðum lífsháttum, tengslum þeirra við heilsufar og sett í samhengi við ábyrgð hvers og eins á eigin heilsufari. Greint og rætt inntak næringafræðinnar, tengslin milli næringarefna, hráefna, matreiðslu og heilsufars og gert grein fyrir hvernig þessir þættir stuðla að heilbrigði.

**C** Nemandi getur skipulagt vinnu sína **nokkuð vel** og beitt **einföldum** aðferðum og tækni í sjálfstæðri og skapandi vinnu. Tjáð sig á **einfaldan** hátt með vinnuteikningu, útfært eigin hugmyndir og unnið með **leiðsögn** eftir hönnunarferli. Greint og rætt viðfangsefni sitt að **nokkru leyti** og notað til þess algeng hugtök. Valið með **leiðsögn** efni út frá umhverfissjónarmiðum, tengt vinnu sína við sjálfbæra þróun og sýnt það í verki. Greint að **nokkru leyti** frá mismunandi efnum og tækjum sem notuð eru, sýnt að **jafnaði** réttar vinnustellingar og sæmilega umgengni. Greint með **leiðsögn** hagnýtingu og nýsköpun í verkefnum og rætt mögulegar lausnir. Lýst **nokkrum** einkennum íslenskrar og erlendra menningar í samhengi við verkgreinar og hvaða áhrif hún hefur á daglegt líf. Útskýrt að **nokkru leyti** hvað felst í heilbrigðum lífsháttum og tengslum þeirra við heilsufar. Greint og rætt að **vissu marki** inntak næringafræðinnar og tengslin milli matreiðslu og heilsufars.

## NÁTTÚRUGREINAR

# 22

Gerð er grein fyrir menntagildi og megintilgangi náttúrugreina í þessum kafla. Tekið er mið af þeim sex grunnþáttum sem fjallað er um í 2. kafla, áhersluþáttum í námi sem fjallað er um í 6. kafla og lykilhæfni sem skilgreind er í kafla 9.4 og 18. kafla. Sett eru fram hæfniviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Í framhaldi er fjallað um kennsluhætti og námsmat. Tekur sú umfjöllun mið af þeim áherslum sem birtast í hæfniviðmiðunum. Á grundvelli hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla. Í lok kaflans eru sett fram matsviðmið sem nýtt skulu eftir því sem við á, til að lýsa hæfni nemanda við lok grunnskóla.

### 22.1 Menntagildi og megintilgangur náttúrugreina

Íslendingar þurfa, sem hluti af samfélagi þjóða, að vera meðvitaðir um að tækni, mannlegar ákvarðanir og gjörðir hafa áhrif á sameign allra jarðarbúa, nú og til framtíðar. Allir eiga að geta tekið virkan þátt í samfélagi, þar sem umræður og ákvarðanir hversdagsins grundvallast á upplýstum og gagnrýnum viðhorfum. Í náttúrugreinum þarf þekkingu, leikni og hæfni til að svo geti orðið.

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Námið fléttar saman efnisþætti náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, vinnubrögð og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða. Náttúrugreinar stuðla að þekkingu, virðingu, ábyrgð og einstakri upplifun nemenda. Við skipulagningu náttúrugreina

skulu öll hæfniviðmið höfð í huga og sá rammi sem námssviðinu er markaður í viðmiðunarstundaskrá í almennum hluta aðalnámskrár.

Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni, en einnig í viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Jafnframt er nemendum gert kleift að greina eigin stöðu og hæfni. efla eigið læsi, siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt. Nám í náttúrugreinum stuðlar að því að nemendur viti hvað þeir vita og hvað þeir geta, og viti hvernig best er að beita vitneskju sinni, þekkingu og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Mikilvægt er að verkleg færni og félagsfærni styrkist, frumkvæði og ábyrgð aukist með virkri þátttöku nemenda, t.d. við val á viðfangsefnum og verklagi. Nemendur þurfa að átta sig annars vegar á að þekking verður ekki eingöngu byggð á beinum athugunum heldur líka á upplifun, ímyndunarafli og sköpun og hins vegar, að vísindaleg þekking er aldrei algild, endanleg eða óyggjandi. Nemandi þarf að fá tækifæri til að upplifa, skoða náttúruna og umhverfið og læra að veita athygli, afla, vinna úr og miðla upplýsingum úr heimildum og athugunum, jafnframt að treysta á forvitni sína, til að þetta takist.

Mikilvægt er að vinna að jákvæðum viðhorfum og áhuga nemenda af báðum kynjum. Sérstaða íslenskrar náttúru felur í sér margbreytileg námstækifæri fyrir nemendur. Traustur skilningur á náttúrugreinum og hlutverki þeirra innan nútímasamfélags telst vera veigamikill þáttur í þroska og menntun barna og unglunga. Hann snýst um að viðhalda og efla forvitni og áhuga þeirra á sjálfum sér, umhverfi sínu og fyrirbærum náttúrunnar.

Áhersla er lögð á að nemendur séu vísindalæsir. Í því felst að þeir geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri. Auk þess geri þeir sér grein fyrir samspiili manns og náttúru og valdi mannsins yfir tækni. Þessi hæfni eflir skilning þeirra á nútímasamfélagi og hjálpar þeim að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum sem varða tengsl manns og náttúru. Nemendur fá tækifæri til að taka afstöðu til verndunar og nýtingar náttúruauðlinda og sjálfbærrar þróunar. Rökræða álitamál sem varða umgengni við náttúruna, tækni og nýjustu vísindi. Þannig eflist þekking og skilningur nemenda á grundvallarmarkmiðum sjálfbærrar þróunar, ásamt vilja til að starfa í anda þeirra.

Nám í náttúrugreinum á að einkennast af lýðræðislegum vinnubrögðum. Nemendur þurfa að geta tekið þátt í mótun umhverfis síns með ýmsum leiðum. Fá tækifæri til að kanna, hanna og framkvæma hugmyndir í þágu samfélagsins og prófa leiðir til upplýsingaöflunar og úrvinnslu. Þeir þurfa að sjá að þeir geti kannað hið óþekkt, eftt eigin þekkingargrunn, greint samspil umhverfis síns og samfélags og öðlast getu til aðgerða. Nám í náttúrugreinum er vel til þess fallið að ná viðmiðum um lykilhæfni sem eru sameiginleg öllum námssviðum (sbr. 18. kafla).

## 22.2 Hæfniviðmið fyrir náttúrugreinar

Í náttúrugreinum eru tveir flokkar hæfniviðmiða en nauðsynlegt er að viðmiðin tengist og fléttist saman. Þetta eru annars vegar hæfniviðmið um verklag og hins vegar hæfniviðmið úr völdum viðfangsefnum. Hæfniviðmið um verklag skiptast í:

- Geta til aðgerða.
- Nýsköpun og hagnýtingu þekkingar.
- Gildi og hlutverk vísinda og tækni.
- Vinnubrögð og færni í náttúrugreinum.
- Efling ábyrgðar á umhverfinu.

### Hæfniviðmið um viðfangsefni skiptast í:

- Að búa á jörðinni.
- Lífsskilyrði manna.
- Náttúra Íslands.
- Heilbrigði umhverfisins.
- Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu.

### Hæfniviðmið um verklag

Geta til aðgerða		
Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra,</li> <li>• tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum,</li> <li>• sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því,</li> <li>• greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra,</li> <li>• greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir,</li> <li>• rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi,</li> <li>• tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vege og meta ólíka kosti.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• greint hvernig þættir eins og tæknistig, þekking, kostnaður og grunnkerfi samfélagsins hafa áhrif á hvaða lausn viðfangsefna er valin hverju sinni,</li> <li>• greint stöðu mála í eigin umhverfi og aðdraganda þess, í framhaldi skipulagt þátttöku í aðgerðum sem fela í sér úrbætur</li> <li>• tekið þátt í og útskýrt reynslu sína og niðurstöðu af þátttöku í aðgerðum sem varða náttúru og samfélag,</li> <li>• tekið rökstudda afstöðu til málefna og komið með tillögur um hvernig megi bregðast við breytingum en um leið tekið mið af því að í framtíðinni er margvíslegt óvísst og flókið.</li> </ul>

## Nýsköpun og hagnýting þekkingar

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu,</li> <li>unnið eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að þörfum í daglegu umhverfi fólks, fundið lausn, hannað afurð,</li> <li>bent á störf sem krefjast sérþekkingar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru,</li> <li>unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi,</li> <li>fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>gert grein fyrir hvernig niðurstöður rannsókna hafa haft áhrif á tækni og atvinnulíf í nánasta umhverfi og samfélagi og hvernig þær hafa ekki haft áhrif,</li> <li>tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi,</li> <li>dregið upp mynd af því hvernig menntun, þjálfun, starfsval og áætlanir um eigið líf tengjast breytingum á umhverfi og tækni.</li> </ul>

## Gildi og hlutverk vísinda og tækni

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>í máli og myndum miðla hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum,</li> <li>notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum,</li> <li>útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra,</li> <li>gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri,</li> <li>lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum,</li> <li>útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks,</li> <li>tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>metið gildi þess að upplýsingum um vísinda- og tækniþróun sé miðlað á skýran hátt,</li> <li>beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingsstigsins,</li> <li>skýrt með dæmum hvernig náttúruvísindi, tækni, menning, heimsmynd mannsins og náttúran hafa áhrif hvert á annað,</li> <li>unnið með samþætt viðfangsefni með vinnubrögðum náttúrugreina og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta tengdum náttúru, umhverfi, samfélagi og tækni.</li> </ul>

## Vinnubrögð og færni

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni,</li> <li>• tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum,</li> <li>• aflað sér upplýsinga er varða náttúruna,</li> <li>• skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim,</li> <li>• notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga,</li> <li>• útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt,</li> <li>• hlustað á og rætt hugmyndir annarra.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni,</li> <li>• útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum,</li> <li>• aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr efni á öðru tungumáli en íslensku,</li> <li>• beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið,</li> <li>• kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur,</li> <li>• sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt,</li> <li>• hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni,</li> <li>• lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt,</li> <li>• aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum,</li> <li>• beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýnnan hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda,</li> <li>• kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur,</li> <li>• gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum,</li> <li>• dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn.</li> </ul>

## Ábyrgð á umhverfinu

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð,</li> <li>• skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð,</li> <li>• nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum,</li> <li>• rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns,</li> <li>• tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa,</li> <li>• lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni,</li> <li>• tekið þátt í og sýnt hæfni í samvinnu er lýtur að umbótum í heimabyggð,</li> <li>• gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama,</li> <li>• tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru, sýnt umhverfinu umhyggju og rökrætt eigin skoðun á því,</li> <li>• skoðað og skráð atburði eða fyrirbæri sem snerta samspil manns og umhverfis, í framhaldi tekið virkan þátt í gagnrýnni umfjöllun um málið og gert tillögur um aðgerðir til bóta,</li> <li>• sýnt fram á getu til að vinna að umbótum í eigin sveitarfélagi eða í frjálsum félagasamtökum,</li> <li>• rætt af skilningi eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélags og tekið dæmi úr eigin lífi,</li> <li>• tekið þátt í að skoða og skilgreina stöðu umhverfismála á heimsvísu og rætt um markmið til umbóta.</li> </ul>

## Hæfniviðmið um viðfangsefni

### Að búa á jörðinni

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í og sagt frá einföldum athugunum á jarðvegi, veðrun og rofi,</li> <li>• sagt frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum,</li> <li>• lýst landnotkun í heimabyggð,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• framkvæmt og lýst eigin athugunum á jarðvegi, veðrun, rofi og himingeimnum,</li> <li>• útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist,</li> <li>• rætt um hvernig ræktanlegt land er notað og ýmsar hliðar landnotkunar og verndunar gróðurs,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• skipulagt, framkvæmt og gert grein fyrir athugunum á námsþáttum að eigin vali er varða búsetu mannsins á jörðinni,</li> <li>• útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar,</li> <li>• útskýrt breytingar á landnotkun og tengsl þeirra við jarðvegseyðingu og orkuframleiðslu,</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>• fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð,</li> <li>• lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks,</li> <li>• notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar til að lýsa heimabyggð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi,</li> <li>• útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægraskiptum og því að tíminn líður,</li> <li>• notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar, til að lýsa heimabyggð, landinu í heild og völdum svæðum heimsins.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• útskýrt árstíðabundið veðurlag og loftslagsbreytingar, ástæður og afleiðingar,</li> <li>• gert grein fyrir stöðu jarðar í himingeimnum og áhrifum hennar á líf á jörðu,</li> <li>• rætt um notkun gervihnatta í samskiptum manna, rannsóknir og álitamál þeim tengdum.</li> </ul>
--	--	--

## Lífsskilyrði manna

<b>Við lok 4. bekkjar getur nemandi:</b>	<b>Við lok 7. bekkjar getur nemandi:</b>	<b>Við lok 10. bekkjar getur nemandi:</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>• útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans,</li> <li>• útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns,</li> <li>• bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi,</li> <li>• útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans,</li> <li>• rætt fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu,</li> <li>• lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og tengt hitastig við daglegt líf.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lýst helstu líffærakerfum mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum,</li> <li>• útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er,</li> <li>• útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu,</li> <li>• lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna,</li> <li>• gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun,</li> <li>• lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannlíkamans, gerðir frumna, líffæri þeirra og starfsemi,</li> <li>• útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun,</li> <li>• útskýrt hvað einkennir lífsskilyrði manna og hvað felst í því að taka ábyrgð á eigin heilsu,</li> <li>• útskýrt hvernig fóstur verður til og þroskast, hvað felst í ábyrgri kynhegðun og rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði, bæði sín og annarra,</li> <li>• rökrætt umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum, er tengjast vatni, vatnsnotkun og sjó,</li> <li>• lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni, útskýrt ljóstillíf og bruna og gildi þeirra.</li> </ul>



## Náttúra Íslands

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi,</li> <li>útskýrt einkenni lífandi vera, skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfi,</li> <li>lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu,</li> <li>útskýrt fæðukeðjur og rakið fæðu til frumframleiðenda,</li> <li>greint á milli algengustu orkugjafa á Íslandi,</li> <li>sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi,</li> <li>lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt,</li> <li>lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland,</li> <li>útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér,</li> <li>lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd,</li> <li>útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða, sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skiplögð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum,</li> <li>útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika, ein- og fjölfrumunga, að erfðir ráðast af genum og hvernig íslenskar lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu,</li> <li>útskýrt þarfir ólíkra lífvera í ólíkum vistkerfum,</li> <li>útskýrt hugmyndir um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika,</li> <li>lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku á Íslandi,</li> <li>tekið dæmi af og útskýrt forvarnir, sem eru skipulagðar vegna náttúruhamfara.</li> </ul>

## Heilbrigði umhverfisins

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>fjallað um samspil manns og náttúru,</li> <li>flokkað úrgang,</li> <li>gert grein fyrir þjónustu, sem náttúrulegir ferlar veita,</li> <li>sett í samhengi mismunandi ástand efna og eiginleika þeirra,</li> <li>rætt krafta sem koma við sögu í daglegu lífi manna.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>gert grein fyrir notkun manna á auðlindum,</li> <li>dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs,</li> <li>útskýrt þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita,</li> <li>gert grein fyrir og nefnt dæmi um efnabreytingar og hamskipti,</li> <li>lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun,</li> <li>rætt á gagnrýninn hátt framleiðslu, flutning og förgun efna,</li> <li>sagt fyrir um þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita,</li> <li>nýtt frumeindakennninguna og lotukerfið til að útskýra eiginleika efna, efnabreytingar og hamskipti,</li> <li>útskýrt krafta sem verka í daglegu lífi manna.</li> </ul>

## Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>flokkað gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra,</li> <li>rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum,</li> <li>lýst eiginleikum hljóðs og ljóss og ýmsum fyrirbærum með tilliti til hljóðs og lita,</li> <li>sagt frá þróun algengra rafmagnstækja og áhrifum segla,</li> <li>gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, notkun þeirra og áhrif á heilsu manna og umhverfi,</li> <li>lýst áhrifum tækni á íslenskar atvinnugreinar,</li> <li>lýst bylgjuhreyfingum og rætt nýtingu hljóðs og ljóss í tækni og atvinnulífi,</li> <li>lýst hvernig rafmagn verður til, eiginleikum segla og notkun þeirra,</li> <li>gert grein fyrir næringargildi ólíkrar fæðu og hvers konar fæða er framleidd á Íslandi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>fjallað á gagnrýnninn hátt um aukefni í mat og aðferðir til að auka geymsluþol matvæla,</li> <li>útskýrt forsendur vistvænnar hönnunar,</li> <li>útskýrt mismunandi tegundir geislunar og hvernig þær eru notaðar í fjarskiptum og lækningum,</li> <li>útskýrt einfaldar rafrásir og tengsl rafmagns og segulmagns,</li> <li>skýrt tengsl mannfjöldaþróunar við framleiðslu og dreifingu matvæla og þátt líftækninnar í þeim tengslum.</li> </ul>

### 22.3 Kennsluhættir og námsmat í náttúrugreinum

Nemendur þurfa, í námi sínu, að fá að skynja verklag og viðfangsefni sem samstæða heild og öðlast jákvætt viðhorf til náttúrugreina. Einnig er mikilvægt að þeir fái tækifæri til að móta og taka þátt í viðfangsefnum sem stuðla að umgengni þeirra við umhverfið af ábyrgð og virðingu.

Hlutverk kennara er að leiða nemendur sína inn í heima náttúrugreinanna með því að kynnast hugmyndum þeirra og hæfni, komast þannig að raun um hver raunskilningur þeirra er. Hlutverk kennarans er því fólgið í að hjálpa nemandanum, annars vegar til að þróa hugtök sín og hugmyndir um lífið og efnisheiminn, hins vegar að öðlast hæfni til að láta sig varða eigin velferð, annarra og umhverfisins, nær og fjær. Þetta er gert með fjölbreyttum kennsluháttum og námsmati sem styður nemendur í að átta sig á eigin skilningi og hvetur þá til að taka ábyrgð á eigin námi. Þannig fá nemendur, í gegnum kennslu og námsmat, tækifæri til að verða meðvitaðir um eigin hæfni og sýna hana í verki.

Megintilgangur námsmats er að afla leiðbeinandi upplýsinga um námið og hvernig nemendum gengur að ná settum markmiðum. Með námsmati er fylgst með því hvernig

nemendum tekst að ná þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í náttúrufræði og lögð áhersla á að bæði kennarar og nemendur fái reglulega upplýsingar um framvindu náms og hvort kennslan hafi skilað árangri. Matið þarf að vera í sem besta samræmi við áherslur í skólastarfi og höfða til sem flestra námsþátta. Mikilvægt er að matið sé byggt á fjölbreyttum aðferðum og feli í sér traustar heimildir um hæfni og leikni nemenda, auk þess að meta framfarir þeirra.

Námsmatsaðferðir geta verið verklegar, munnlegar og skriflegar, falið í sér sjálfsmat og jafningjamat. Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að byggja við fyrri reynslu, meðal annars í verkefnavinnu, samræðum, hópavinnu, verklegum athugunum inni og úti eða með því að skoða fyrirbærin í náttúrunni. Að lögð sé áhersla á leiðsagnarmat, þar sem nemendur velja reglulega fyrir sér námi sínu, þeim sé vel ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu og að hverju beri að stefna .

Áskoranir í náttúrufræðinámi eru margs konar og hæfni sem þarf til að takast á við þær krefst skipulagðrar vinnu en einnig skapandi ímyndunarafis. Nemendur þurfa að öðlast hæfni til að fylgjast með, afla gagna, mæla og meta það sem fengist er við en jafnframt að tjá sig um reynslu sína, vinnuaðferðir og niðurstöður. Niðurstöður má setja fram og miðla á ýmsan hátt, hvort sem er munnlega, með aðferðum leikrænnar tjáningar, skriflega, með tölum og orðum, með aðstoð rafrænna miðla eða myndrænt.

Fjölbreyttir kennsluhættir eru mikilvægir í náttúrugreinum, þar sem kennarinn hagnýtir bæði búnað og aðstæður á hverjum stað. Tækifæri felast í skipulagðri notkun tækja, nýtingu skólahúsnæðis, skólalóðarinnar og nærumhverfis skólans, þar sem sjónum nemenda er beint að samspili manns og náttúru. Val á viðfangsefnum gerir nemendum kleift að sinna því sem þeir hafa áhuga á eða eru forvitnir um og að ígrunda eigin reynslu. Þannig er mikilvægt að nýta nánasta reynsluheim og umhverfi barna og ungmenna. Tengja viðfangsefni við daglegt líf þeirra. Hæfni nemenda í náttúrugreinum má efla með því, að gefa þeim tækifæri til að taka þátt í rannsóknar- og þróunarstarfi. Skoða viðfangsefni í fjölbreyttu samhengi og í lifandi tengslum við samfélagið. Kennarar og nemendur hafi frumkvæði að slíku samstarfi hvort sem er við félög, stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga.

Nemendur í náttúrugreinum eiga að fá tækifæri til að byggja upp orðaforða sinn á hinu nýja sviði, þjálfast í notkun hans og beita honum. Til að efla læsi er mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að afla upplýsinga og vinna með þær. Kennarar þurfa að gera ráð fyrir notkun margmiðlunarefnis, gagnabanka, leitar- og samskiptavefja, til að stuðla að vísindalæsi. Með hjálp tækninnar og ýmissa forrita opnast nýir möguleikar, t.d. til að skrá niðurstöður athugana, til að fylgjast með og rýna í atburði sem hafa átt sér stað og eiga sér stað í samtíma. Nemendur fá þjálfun í vinnubrögðum, í námi í náttúrugreinum, við leit að skýringum og lausnum, við framkvæmd athugana og við mat á niðurstöðum. Mikilvægt er að nemendur framkvæmi einfaldar athuganir og fái með því tækifæri til að

upplifa og draga ályktanir af reynslu sinni. Þessar athuganir geta meðal annars farið fram í skólafundum, nánasta umhverfi skólans og á söfnum.

Náttúran er viðkvæm og hana þarf að umgangast af mikilli gát og virðingu. Náttúrufræðinám í grunnskóla þarf að taka mið af þessu. Íslendingar eru hluti af samfélagi þjóða og börn eiga að vera meðvituð um að mannlegar ákvarðanir og gjörðir hafa áhrif á sameign allra jarðarbúa. Umhverfismennt miðar að því að fólk gefi umhverfi sínu gaum og beri umhyggju fyrir því. Þörf er á að skerpa skynjun nemenda á umhverfinu og þjálf þá í að greina eigin aðstæður.

## 22.4 Matsviðmið fyrir náttúrugreinar við lok grunnskóla

Í aðalnámskrá eru matsviðmið við lok grunnskóla sett fram bæði fyrir námsgreinar, námssvið og lykilhæfni. Matsviðmið eru lýsing á, hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni, á valdi sínu. Matsviðmiðin eiga einungis við um 10. bekk, til að styðja við námsmat, við lok grunnskóla. Gert er ráð fyrir að skólar setji matsviðmið fyrir aðra árganga og geri grein fyrir þeim í skólanámskrá. Matsviðmiðin við lok 10. bekkjar lýsa hæfni á kvarða sem birtur er í aðalnámskrá: Notaður er kvarðinn A, B, C, D, þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C.

Matsviðmið í flokki B eru byggð á hæfniviðmiðum fyrir 10. bekk og framsetning þeirra er með þeim hætti, að gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem þar er tilgreind. A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C fá þeir sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D, því sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda. Hvert matsviðmið er almenn lýsing á hæfni nemanda.

Við lokamat skiptir mestu að kennarar meti það sem til var ætlast samkvæmt hæfniviðmiðum, fullvissi sig um að matsniðurstöður séu byggðar á traustum gögnum og noti fjölbreyttar aðferðir við söfnun gagna til þess að veita nemendum, foreldrum þeirra og skólanum sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra. Kennarar geta þannig fengið betri innsýn í nám hvers nemanda. Til að fá nákvæma niðurstöðu, svo sem úr samræðum eða vettvangsathugun, getur skipt máli að kennarar vinni saman við að skoða matsgögn nemenda og hafi til þess skýr viðmið.

Þennan matskvarða er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk. Skólar ákveða, að öðru leyti, hvernig þeir haga námsmati og einkunnagjöf eða vitnisburði nemenda í öðrum árgöngum. Vitnisburður við lok 10. bekkjar er hafður til hliðsjónar við innritun nemenda í framhaldsskóla og val á námsbrautum.

Eftirfarandi atriði geta komið að góðum notum til að auka áreiðanleika og réttmæti í mati.

- Setja skýr viðmið eða gera grein fyrir því hvað á að meta.
- Velja matsþætti sem hæfa vel hæfniviðmiðum, námsefni og kennsluaðferðum
- Undirbúa lýsingu á því sem á að meta eða sýna dæmi um vel unnin verkefni.
- Huga vel að því að verkefni séu í samræmi við viðmið.
- Vera vakandi yfir atriðum sem geta skekkt niðurstöður.
- Hafa skýrar leiðbeiningar um matsaðferðir, úrvinnslu og túlkun gagna.

## Matsviðmið

# A

Nemandi getur greint og útskýrt á sjálfstæðan og **greinagóðan** hátt, hvernig þættir eins og tæknistig, þekking, kostnaður og grunnkerfi samfélagsins hafa áhrif á hvaða lausn viðfangsefna er valin hverju sinni. Útskýrt og rætt á **gagnrýnn** hátt afstöðu sína og niðurstöður af aðgerðum er varða náttúru og samfélag.

**Skipulega og fyrirhafnarlítið** unnið eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að þörfum í umhverfi fólks, fundið lausn og hannað afurð, einn eða með öðrum.

Metið og greint á **skýran og sjálfstæðan hátt** upplýsingar um vísinda- og tækniþróun, útskýrt á **greinagóðan** hátt áhrif þeirra á daglegt líf fólks og tekið **gagnrýna** afstöðu til siðferðilegra þátta tengdum sjálfum sér, einstaklingum, samfélagi, náttúru, umhverfi og tækni. Á **greinagóðan** hátt beitt algengum hugtökum og heitum í náttúrugreinum í ólíku samhengi.

Framkvæmt **mjög vel** og útskýrt athuganir úti og inni. Gefið **greinagóðar** skýringar og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum. Dregið **skipulega og á skýran hátt** ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn. Greint og **útskýrt á skýran** hátt texta um náttúrufræði, umorðað hann, tjáð sig og túlkað á **sjálfstæðan hátt** myndefni sem tengist honum.

Greint og rökrætt dæmi í umhverfi sínu og gert góða grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru. **Rökrætt** af **góðum** skilningi, eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélagsins og **útskýrt** dæmi úr eigin lífi.

## B

Nemandi getur greint **vel** hvernig þættir, eins og tæknistig, þekking, kostnaður og grunnkerfi samfélagsins hafa áhrif á hvaða lausn viðfangsefna er valin hverju sinni. Útskýrt og **rætt** afstöðu sína og niðurstöður af aðgerðum er varða náttúru og samfélag.

Unnið **skipulega** eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að þörfum í umhverfi fólks, fundið lausn og hannað afurð, einn eða með öðrum.

Metið og **greint** á **skýran** hátt upplýsingar um vísinda- og tækniþróun, útskýrt áhrif þeirra á daglegt líf fólks og tekið **gagnrýna** afstöðu til siðferðilegra þátta tengdum sjálfum sér, einstaklingum, samfélagi, náttúru, umhverfi og tækni. Á **skýran** hátt beitt algengum hugtökum og heitum í náttúrugreinum í ólíku samhengi.

Framkvæmt vel og útskýrt athuganir úti og inni. Gefið **góðar** skýringar og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum. Dregið á **skýran** hátt ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn. Greint og **útskýrt** texta um náttúrufræði, umorðað hann, tjáð sig og túlkað á **skýran** hátt myndefni sem tengist honum.

Greint og rætt dæmi í umhverfi sínu. Gert **góða** grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru. Rætt af **góðum** skilningi eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélagsins. **Greint** og **rætt** dæmi í umhverfinu og útskýrt dæmi úr eigin lífi.

# C

Nemandi getur greint að **nokkru leyti** hvernig þættir, eins og tæknistig, þekking, kostnaður og grunnkerfi samfélagsins, hafa áhrif á hvaða lausn viðfangsefna er valin hverju sinni. Útskýrt **að vissu marki** afstöðu sína og niðurstöður af aðgerðum er varða náttúru og samfélag.

Unnið **nokkuð vel** eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að þörfum í umhverfi fólks, fundið lausn og hannað afurð **undir leiðsögn**.

Metið upplýsingar um vísinda- og tækniþróun, útskýrt áhrif þeirra á daglegt líf fólks og tekið afstöðu til siðferðilegra þátta tengdum sjálfum sér, einstaklingum, samfélagi, náttúru, umhverfi og tækni. Beitt **algengum** hugtökum og heitum í náttúrugreinum í ólíku samhengi.

Framkvæmt **nokkuð vel** og rætt athuganir úti og inni. Gefið skýringar og rætt valið efni úr athugunum og heimildum og dregið ályktanir af gögnum. Greint og rætt texta um náttúrufræði, umorðað hann, tjáð sig og túlkað myndefni sem tengist honum **nokkuð vel**.

Greint dæmi í umhverfi sínu og gert **nokkuð vel** grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru. **Sagt frá** eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélagsins og tekið dæmi úr eigin lífi.

## SKÓLAÍPRÓTTIR

# 23

Gerð er grein fyrir menntagildi og megintilgangi skólaíprótta í þessum kafla. Tekið er mið af þeim sex grunnþáttum sem fjallað er um í 2. kafla, áhersluþáttum í námi sem fjallað er um í 6. kafla og lykilhæfni sem skilgreind er í kafla 9.4 og kafla 18. Sett eru fram hæfniviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Í framhaldi er fjallað um kennsluhætti og námsmat og tekur sú umfjöllun mið af þeim áherslum sem birtast í hæfniviðmiðunum. Á grundvelli hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla. Í lok kaflans eru sett fram matsviðmið sem nýtt skulu eftir því sem við á, til að lýsa hæfni nemanda við lok grunnskóla.

### 23.1 Menntagildi og megintilgangur skólaíprótta

Í aðalnámskrá grunnskóla er fjallað um heilbrigði og velferð sem einn af grunnþáttum í skólastarfi. Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan sem ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Því skal skólastarf skipulagt til að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan nemenda, enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla. Námsgreinin skólaípróttir gegnir veigamiklu hlutverki í heilsuuppeldi og heilsurækt nemandans allan grunnskólann. Við skipulagningu íprótta skulu öll hæfniviðmið höfð í huga og sá rammi sem námssviðinu er markaður í viðmiðunarstundaskrá í almennum hluta aðalnámskrár.

Markviss hreyfing og notkun líkamans í skólaípróttum er mikilvægur hluti þeirrar heilsuræktar og heilsueflingar sem nemendur þurfa á að halda í grunnskólum. Hreyfing er skilgreind sem líkamleg virkni sem leiðir til orkunotkunar umfram grunnefnaskipti. Til að



hafa áhrif á þol barna og unglinga þarf þessi orkunotkun að ná að minnsta kosti sexfaldri grunnefnaskiptanotkun og standa í 30 mínútur í senn. Þetta er kallað meðalákefð. Ákefð í hreyfingu er hugtak yfir hve hratt er unnið á mínútu. Annar mælikvarði á ákefð er hjartsláttartíðni hvers einstaklings sem hlutfall af hámarkshjartslætti viðkomandi og er það kallað þjálfunarpúls.

Með samtengingu námsþátta í skólaíþróttum við aðrar námsgreinar og í skólasterfinu öllu skapast möguleikar til að fá fram jákvæðan skólabrag og það heilsueflandi umhverfi sem til þarf. Þannig má hlúa að þroska og heilbrigði hvers einstaklings frá sem flestum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja skal áherslu á eru: hreyfing, jákvæð sjálfsmynd, næring, hvíld, andleg vellíðan, skapandi hugsun, jákvæð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

Með áherslu á daglega hreyfingu og markvissa hreyfiþjálfun, er lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda til lífstíðar. Fræða skal nemendur um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar. Tekið er mið af þessu í íþróttakennslu og öllu öðru skólasterfi. Í skólaumhverfinu skal á sama hátt stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat. Leggja skal áherslu á uppeldis- og félagslegt gildi máltíða.

Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra. Með virkjun fleiri skynfæra eykst virkni heilastöðva um leið og aukin hreyfing eykur súrefnismettun blóðsins og blóðflæði til heilans. Þannig er hreyfing ein og sér mikilvæg öllum börnum. Mikilvægt er að leggja fyrir nemendur verkefni sem efla líkamlega þætti svo sem þol til að takast á við langtíma álag, líkamsstyrk til að takast á við hámarksátök og kyrrstöðuálag, liðleika sem tekur til hreyfanleika og hreyfividdar í liðamótum. Með kennslu íþróttagreina og kappleikja nást mörg markmið í einu bæði líkamleg, félagsleg og andleg. Það mikilvægasta er þó gleðin og löngunin til að taka þátt og hreyfa sig meira, bætt líkamsástand og aukið sjálfstraust. Með því að glíma við ögrandi verkefni lærist að þjálfun og ástundun gefur árangur jafnt í íþróttum sem öðru námi.

Í skólaíþróttum er tækifæri fyrir hvern nemanda að læra að þekkja eigin líkama og skynja möguleika hans til tjáningar og sköpunar. Þannig má efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmynd hvers einstaklings. Leikur með söng og dansi, leikræn tjáning og sköpun þarf að vera hluti af kennslunni, hvort sem þessi atriði eru tekin fyrir í kennslustundum skólaíþróttar, öðrum námsgreinum eða skipulögð sem samþætting tveggja eða fleiri námsgreina. Íþróttir eru vel til þess fallnar að efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda. Leikir og samvinnuverkefni gera þær kröfur til nemenda að þeir temji sér aga og tillitssemi. Þeir læra einnig að vinna með öðrum og hvetja félagas sína til dáða. Þá verða mörg verkefni eða leikir ekki leystir af hendi nema með samvinnu og samstillingu.

Skólaíþróttir eru mikilvæg námsgrein til að skapa börnum og ungmennum aðstæður til heilbrigðra lífshátta, efla færni þeirra í samskiptum, auka þrek, byggja upp sjálfsmynd,

styrkja ákvarðanatöku, kenna markmiðasetningu og streitustjórnun. Aukin sundfærni styrkir sjálfsmýnd og eykur sjálfssöryggi einstaklingsins. Sund er góð leið til heilsubótar enda er aðgengi að góðri sundaðstöðu almennt afar gott hér á landi. Hreinlæti, líkamlega umhirðu, fræðslu um kynímyndir og staðalmyndir og umræðu um einelti og annað ofbeldi er auðvelt að tengja þessari kennslu.

Til að auðvelda nemendum að taka ákvarðanir um eigið heilbrigði er nauðsynlegt að þeir öðlist skilning á þeim áhrifum sem menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu þeirra og líðan. Það er mikilvægur liður í að þeir verði gagnrýnir og meðvitaðir neytendur. Upplýsingatækni nýtist í þessu sambandi vel í skólaípróttum þar sem nemendur fá tækifæri til að afla sér upplýsinga, leggja mat á þær og nýta við verkleg verkefni.

Útikennsla gefur tækifæri til að nýta öll skynfæri með því að tengja viðfangsefni ýmsum þáttum námssviða og námsgreina samhliða hreyfipjálfun. Þannig er útikennsla góð viðbót við skipulega kennslu skólaíprótta ásamt því að vera samþætting við önnur námssvið. Fjölbreytt hreyfinám á sér stað við útiveru, einkum í náttúrulegu umhverfi. Útikennsla skólaíprótta gefur gott tækifæri til að tengja heilsuuppeldi og sjálfbærni í lífnaðarháttum. Nemendur þurfa að þekkja, skilja og virða náttúruna og næsta umhverfi sitt, manngert eða náttúrulegt. Nemendur læra að klæðast eftir veðri og undirbúa sig með nesti og öryggisbúnað. Ratvísi, skipulag og stjórnun eru mikilvægir þættir sem nást fram með útivistarferðum.

Í kennslu skólaíprótta skal gæta að jöfnum tækifærum nemenda til náms og taka mið af einstaklingsbundnum þörfum þeirra. Allir þurfa að njóta styrkleika sinna til að byggja upp jákvæða sjálfsmýnd. Í þessu samhengi má nýta mörg áhugamál nemenda og hvetja til hreyfingar og heilbrigðis. Tækifæri gefst til að íhuga stöðu mismunandi hópa út frá jafnréttissjónarmiðum og bregðast þannig við mismunandi þörfum einstaklinga. Þá gefast tækifæri við margvísleg verkefni í skólaípróttum til að iðka lýðræðisleg vinnubrögð þannig að nemendur læri um lýðræði í lýðræði. Tekið skal tillit til og borin virðing fyrir manngildi hvers og eins. Í skólaípróttum skal unnið gegn einelti með góðum forvörnum, eftirliti og eftirfylgni í samræmi við áætlanir viðkomandi skóla. Í skólaípróttum gefast fjölmörg tækifæri til virkrar þátttöku foreldra í tengslum við námið, bæði undirbúning framkvæmd og mat. Traust tengsl heimila og skóla skipta miklu máli til að skólaípróttir nái tilgangi sínum sem alhliða líkams- og heilsurækt.

## 23.2 Hæfniviðmið fyrir skólaípróttir

Taflan um hæfniviðmið í skólaípróttum sýnir þá hæfni sem stefnt er að og meginþorri nemenda ætti að geta náð. Hæfniviðmiðin eru sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir. Í heildina sýnir taflan þá hæfni sem hver einstaklingur skal búa yfir við lok 4., 7. og 10. bekkjar.

## Líkamsvitund, leikni og afkastageta

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• gert æfingar sem reyna á þol,</li> <li>• gert hreyfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi,</li> <li>• sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu,</li> <li>• sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum,</li> <li>• tekið þátt í stöðluðum prófum,</li> <li>• kafað, velt sér af kvið á bak og öfugt og tekið þátt í leikjum í vatni. Synt sporðtök, bringusund, skólabaksund, baksund og skriðsund með eða án hjálpartækja stuttar vegalengdir.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• gert æfingar sem reyna á loftháð þol,</li> <li>• gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols,</li> <li>• gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu,</li> <li>• sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum,</li> <li>• tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu,</li> <li>• synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol,</li> <li>• sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu,</li> <li>• gert liðleikaæfingar sem reyna á hreyfivídd og hreyfigetu, sýnt útfærslu flókinna hreyfinga þannig að þær renni vel saman, gert rytmískar æfingar og fylgt takti,</li> <li>• tekið þátt í hópíþróttum, einstaklingsíþróttum og heilsurækt innan og utan skólans,</li> <li>• nýtt sér stöðluð próf til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu,</li> <li>• sýnt leikni og synt viðstöðulaust í bringusundi, baksundi, skriðsundi, flugsundi og kafsundi auk þess að geta troðið marvaða.</li> </ul>

## Félagslegir þættir

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum,</li> <li>• skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum,</li> <li>• gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda,</li> <li>• skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt,</li> <li>• rætt líkamsvitund, kynheilbrigði, staðalímyndir í íþróttumfjöllun og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsanda og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitsemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum,</li> <li>• þekkt mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik, bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt,</li> <li>• rökrætt kynheilbrigði, kyn- og staðalímyndir, afleiðingar eineltis og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.</li> </ul>

## Heilsa og efling þekkingar

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun,</li> <li>• útskýrt líkamlegan mun á kynjum,</li> <li>• notað einföld hugtök sem tengjast sundiðkun, íþróttum og líkamlegri áreynslu,</li> <li>• þekkt heiti helstu líkamshluta, magn- og afstöðuhugtaka og hreyfinga,</li> <li>• sett sér einföld þjálfunarmarkmið í íþróttum og heilsurækt og unnið að þeim,</li> <li>• sótt og unnið úr einföldum upplýsingum varðandi íþróttir,</li> <li>• gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum,</li> <li>• tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum,</li> <li>• tekið þátt í útivist og búið sig til útiveru með tilliti til veðurs. Ratað um skólahverfi sitt og þekkt göngu- og hjólaleiðir nærumhverfis.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífarnis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun,</li> <li>• útskýrt misjafnan líkamlegan þroska einstaklinga og kynja,</li> <li>• notað hugtök sem tengjast sundiðkun og íþróttum,</li> <li>• tengt hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu,</li> <li>• nýtt niðurstöður prófa til að setja sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt og unnið að þeim,</li> <li>• sótt sér margvíslegar upplýsingar við undirbúning og úrvinnslu verkefna í skólaíþróttum og útivist,</li> <li>• notað mælingar með mismunandi mælinákvæmni við mat á afkastagetu.</li> <li>• tekið þátt í glímu og ýmsum leikjum,</li> <li>• tekið þátt á ábyrgan hátt í útivist með tilliti til aðstæðna og ratað um landsvæði eftir korti.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• skýrt helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans,</li> <li>• rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði bæði sínu eigin og annarra,</li> <li>• útskýrt þjálfunaraðferðir og notað hugtök sem tengjast sundiðkun og ýmsum íþróttum,</li> <li>• vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar líkamans hafa í tengslum við þjálfun líkamans,</li> <li>• sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt, gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa,</li> <li>• sótt og nýtt sér upplýsingar við alhliða heilsurækt og mat á eigin heilsu,</li> <li>• notað mælingar með mismunandi mælinákvæmni við mat á afkastagetu,</li> <li>• tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi,</li> <li>• sýnt ábyrgð í útivist. Skýrt tákna korta, tekið stefnu með áttavita og ratað um landsvæði eftir korti.</li> </ul>

## Öryggis- og skipulagsreglur

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>farið eftir öryggis-, skipulags- og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og tekið ákvarðanir á þeim grunni. Beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og bjargað jafningja á sunði stutta sundleið.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum. Framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar úr vatni og notkun björgunaráhalds. Bjargað jafningja á björgunarsundi.</li> </ul>

## 23.3 Kennsluhættir og námsmat í skólaíþróttum

Kennslu- og aðferðafræði skólaíþróttar, þar með talið skólasund, snýst um að koma til móts við þarfir nemenda sem eru að vaxa úr grasi á viðkvæmu en breytilegu vaxtarskeiði. Til að slíkt megi takast skal sérstaklega hugað að líkamlegri virkni hvers og eins í kennslutímum þó að aðrir þættir, eins og fræðileg innlög, fléttist inn í kennsluna. Verklegrir tímar skulu því skipulagðir þannig að hver nemandi sé virkur í verkefnum við hæfi.

Við skipulag stundatöflu þarf að ætla nemendum tíma til að koma sér til og frá kennsluáðstöðu og að hafa fataskipti án þess að það dragist frá virkum kennslutíma. Nægur tími og hæfilegur nemendafjöldi minnkar streitu og hávaða og ýtir þannig undir andlega vellíðan og heilbrigði. Of langur tími getur aftur á móti valdið óvirkni og einbeitingarleysi í tímum. Skólaíþróttatímarnir ættu því að dreifast á vikuna.

Í skólasundi er miðað við að nemendur fái a.m.k. einn sundtíma á stundaskrá skóla í hverri viku skólaársins. Þar sem slíku skipulagi verður ekki komið við skal kenna skólasund á árlegum námskeiðum. Á slíkum námskeiðum skal hver nemandi fá að lágmarki 20 kennslustundir. Þær stundir, sem eftir standa, skal nýta til skólaíþróttar.

Í samræmi við reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum skal skipulag sundkennslunnar miðast við að 15 nemendur séu að jafnaði í hverjum sundtíma. Til að tryggja öryggi nemenda í kennslustundum og tryggja að markmiðum kennslunnar verði náð skulu nemendur ekki vera fleiri en 15 þegar þeir eru 10 ára og yngri eða ósyndir. Í skipulagi sundkennslu þarf einnig að taka tillit til þeirrar aðstöðu sem fyrir hendi er, s.s. stærðar laugar og búningsaðstöðu. Niðurfellingu á skólasundi vegna kulda skal miða við aðstæður á sundstað. Kennari vegur og metur aðstæður á sundstað hverju sinni, s.s. skyggni og kulda. Miða skal við – 6°C í kyrru veðri. Í reglugerðinni er jafnframt fjallað um öryggi í skólasundi. Samkvæmt henni skal íþróttakennari í samvinnu við starfsmenn

sundstaða fara árlega, eða við upphaf hvers sundnámskeiðs, yfir helstu reglur sem gilda á sundstöðum og yfirfara vinnutilhögun í tengslum við sundkennslu þannig að fyllsta öryggis nemenda sé gætt. Íþróttakennari skal einnig gera nemendum grein fyrir þeim hættum sem geta fylgt sundiðkun.

Í ljósi mikilvægis sundkunnáttu í slysavörnum og heilsueflingu landsmanna er lögð áhersla á að allir nemendur verði syndir meðan á grunnskólagöngu þeirra stendur. Með fjölbreyttum æfingum í vatni í efri bekkjum sem auka á leikni, styrk og þol, eru meiri líkur á að nemendur nýti sér vatnið til þjálfunar á unglingsárum og síðar á lífsleiðinni.

Í skólaíþróttum er meiri hættu en í flestum öðrum kennslugreinum á að nemendur verði fyrir hnjaski eða meiðslum. Íþróttakennarar skulu því gæta öryggis nemenda í hvívetna og sjá til þess að nægt rými sé til kennslunnar miðað við aldur og þroska nemenda og verkefna hvers kennslutíma. Einnig skal þess gætt að áhöld og tæki, sem notuð eru séu í lagi og notuð á viðeigandi hátt. Við skipulag æfinga og leikja þarf einnig að taka tillit til aðstæðna þannig að sem minnst hættu verði á meiðslum. Það er oft á valdi íþróttakennara og starfsfólks íþróttá- og sundstaða að koma í veg fyrir slys. Í íþróttahúsum eru dæmi um að dýnur eða mörk séu ekki fest tryggilega, hlutum raðað upp þannig að hættu er á falli, að tæki séu ekki í lagi og að nemendum sé leyft að gera eitthvað sem getur skaðað þá eða aðra. Þetta á einnig við í sundlaug svo sem að hoppa út á fljótandi áhöld af háum bakka, sem síðan geta snúist og þau skolið í bakka, hlaup á blautum og hálum svæðum, hitastig potta eða of mikil eða löng köfun í leikjum. Kapp í köfun skal varast sérstaklega þar sem það getur leitt til oföndunar og drukkunar. Með góðu skipulagi og með því að brýna fyrir nemendum að fara eftir þeim reglum, sem í gildi eru hverju sinni, er hægt að koma í veg fyrir flest óhöpp og meiðsli.

Leikurinn er þungamiðja í kennslu á yngsta aldurstigi en er einnig ráðandi þáttur á öðrum stigum. Viðfangsefnið skiptast sérstaklega milli frjálsrar vinnu í leik og starfi og verkefna sem leyst eru af hendi með frjálsri aðferð eða eftir ákveðnum fyrirmælum. Frumleiki og sjálfstæði nemenda þarf að fá að njóta sýn og nemendur eiga að hljóta jákvæða hvatningu íþróttakennarans. Ýtt skal undir að nemandinn hafi frumkvæði að heilsurækt sinni og íþróttaiðkun utan skólans.

Í skólaíþróttum hentar vel að skipuleggja kennsluna þannig að skólalóðin og nærliggjandi svæði séu nýtt í viðfangsefnum dagsins. Mikilvægt er að leikir og fjölbreytt hreyfinám skipi ekki aðeins veglegan sess í kennslu skólaíþróttá heldur einnig í öllum skólanum meðan á skóladegi stendur, í öðrum námsgreinum og í frímínútum.

Leikurinn er leið til að efla áhuga nemandans. Tengsl íþróttakennslu við aðrar námsgreinar er því heppilegur vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf. Sem dæmi um slíkt má nefna tengingu sjálfbærni og útivistar eða fræðilega umfjöllun náttúrufræðinnar um starfsemi hjarta, lungna og blóðrásar við verklega þætti sem reyna á þol og afkastagetu. Mælingar

á vegalengdum, talning, tímamæling, taktur o.fl. í skólaíþróttum er upplögð tenging við aðrar námsgreinar svo sem stærðfræði og tónmennt. Verkefnavinna þar sem nemendur þurfa að nýta sér upplýsingatækni til undirbúnings skólaíþróttatíma er einnig aðferð sem ýtir undir þverfaglega vinnu í skólanum. Þetta er hægt að gera á öllum aldurskeiðum.

Keppni í kennslustundum skapast í leikjum, henni þarf að stjórna meðvitað til að nemandinn þroskist af þátttöku sinni. Nemendur eru miskappsamir, því þarf að gæta að jafnræði við val í lið, kenna háttvísi og beita leikreglum. Við val á leikjum þarf að taka tillit til mismunandi áhuga nemenda og gæta að því að bæði kyn hafi jöfn tækifæri. Þó að áhersla sé ekki á vægi keppni í kennslu skólaíþróttar, heldur aukið vægi heilsueflingar, má ekki gleyma því að mikilvægt er að kenna nemendum inntak keppni, s.s. að leggja sig fram, að kunna að taka tapi og sigrum.

Hætta er á að einhverjum nemendum líði illa í skólaíþróttum eða geti ekki fylgt hópnum. Ástæður geta verið margar en hafa þarf hugfast að þetta eru þeir einstaklingar sem þurfa mest á hvatningu og hreyfingu að halda. Kennari þarf því að finna þessum nemendum verkefni við hæfi í kennslustundum eða í sérstökum kennslustundum þeim til stuðnings. Vel hefur gefist að bjóða nemendum sem ekki finna sig í almennum íþróttatímum, til sérstakra æfingatíma í smærri hópum sem taka tillit til getu og stöðu hvers og eins. Útgáfa hreyfiseðla í samstarfi við skólaheilsugæslu og foreldra er dæmi um leið sem gefst vel fyrir þessa nemendur. Nemendur sem skara fram úr í íþróttum þurfa einnig að fá verkefni við hæfi í skólaíþróttum. Þeir gætu til dæmis tekið að sér jafningjafræðslu í bekknum og kynnt íþrótt sína fyrir öðrum skólafélögum. Valgreinar sem ætlast er til að nemendum í 8., 9. og 10. bekk bjóðist, henta vel til að mæta mismunandi áhugasviðum nemendanna um íþróttir og tómsundur. Samningur við íþróttafélag um þátttöku í íþróttakademíu, viðbótartímar í heilsurækt, útivist eða kynning á íþróttagreinum eru dæmi um valgreinar sem bæta hreyfitímum við skólaíþróttatímana.

## Aldurstengdar áherslur

Fyrstu skólaárin hafa börn yfirleitt mikla hreyfipörf, gleðjast yfir hverjum leik og hafa til að bera eðlislæga forvitni sem knýr þau áfram í könnun á umhverfi sínu. Við skipulagningu kennslunnar þarf að koma til móts við þessa þætti og viðhalda áhugahvöt þeirra. Skynhreyfileikir, hlutverkaleikir, hlaupaleikir og markvissar æfingar sem efla skynfæri líkamans og bæta gróf- og fínhreyfingar eiga að skipa stóran sess í skólaíþróttum fyrstu skólaárin. Áhersla er á virðingu og umburðarlyndi. Þá skal einnig tengja áður nefnda þætti við markvissa uppbyggingu á almennri líkamshreyfni og þreki. Helstu viðfangsefni í skólaíþróttum í 1. til 4. bekk eru hlaup, hopp, kast og grip, spyrnur og jafnvægi í kyrrstöðu og á hreyfingu. Kollhnísar og veltur, gripstyrkur, bókstyrkur og stöðugleiki, samhæfing augna og handa/fóta með og án bolta og þol í hlaupi.

Í skólasundi skal fyrstu tvö árin leggja megináherslu á aðlögun barnsins að vatninu í gegnum leik og æfingar sem efla skynfæri líkamans í vatni. Kynna sundaðferðir og þá sérstaklega fótatök, t.d. í skrið- og baksundi þar sem hreyfingar eru mun einfaldari en bringusunds fótatök. Mikilvægt er að nemendur fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Börn sem eru að hefja sundnám í 1. bekk grunnskóla hafa mjög misjafna reynslu og upplifun af vatni og því mikilvægt að sjá þeim fyrir verkefnum við hæfi með vel útfærðri áætlun í vatnsaðlögun, hreyfinámi og stigbundinni sundkennslu. Þau þurfa að upplifa vatnið sem þægilegt umhverfi og gera sér grein fyrir þeim öryggisþáttum sem skipta máli. Börn sem eru óörugg í vatni eiga í erfiðleikum með að læra sundhreyfingar og því er mikilvægt að skipuleggja hreyfinámið í gegnum leiki sem þau jafnvel kunna, t.d. úr íþróttum. Gott er að hefja hreyfinámið á því að vinna á skriðsundi og baksundi með og án áhalda Í 3. til 4. bekk er síðan aukin áhersla á grunnhreyfingar sundtaka í skriðsundi, bringusundi, skólabaksundi og baksundi. Þá er af öryggisástæðum einnig mjög mikilvægt að kenna nemendum að snúa sér af kvið yfir á bak. Nemendur sem ljúka 4. bekk þurfa að hafa öðlast nokkra kunnáttu í sundaðferðunum og getað bjargað sér á sundi, þar sem þeim er heimilt að fara í sund án fylgdarmanns eftir 1. júní það ár.

Í 5. til 7. bekk er aukin áhersla á heilsuuppeldi, líkamsvitund og upplifun nemandans á umhverfi sínu með kennslu utandyra og útivist. Samhliða verklegri kennslu skal á markvissan hátt auka þekkingu nemenda á gildi hreyfingar til heilsuræktar og eigin mati á stöðu sinni. Áhersla skal einnig aukin á öryggisþætti og viðbrögð við slysum í íþróttum og við sundiðkun. Með tilliti til þroska taugakerfis þessa aldurshóps eru nemendur mjög móttækilegir fyrir öllu hreyfinámi og námsáhugi þeirra er yfirleitt mikill. Því er einnig lögð áhersla á leiknimiðuð markmið af ýmsum toga svo sem í leikfimi, boltafærni, köstum eða stökkum. Lögð er áhersla á styrkjandi og liðkandi æfingar sem leggja grunn að þreki og líkamsreishvers nemandans. Klifur í kaðli er gott dæmi um æfingu sem bæði styrkir og samhæfir. Fjölbreyttar íþróttagreinar og leikir eru góð leið til að ná þessum markmiðum. Í skólasundi skal leggja megináherslu á leikniþætti og kennslu allra sundaðferða og byggja ofan á þann grunn sem fyrir er og gera nemendur þar með vel sundfæra. Aukin áhersla ætti einnig að vera á notkun vatnsins til heilsuefingar með margvíslegum æfingum bæði á sundi og við fjölbreyttar styrkjandi æfingar í vatninu þar sem það er notað sem mótstaða. Huga skal vel að verkefnum sem efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda og gefa kost á umræðu um kynheilbrigði, staðalímyndir í íþróttumfjöllum og hvernig vinna má gegn einelti og öðru ofbeldi.

Á unglingsstigi er nauðsynlegt að tengja skólaíþróttirnar í auknum mæli við fræðilega umfjöllun um markvissa ástundun heilsuræktar og hollra lífshátta, og þjálfar nemendur í því að taka ábyrgð á eigin heilsu. Tenging við þekkingu nemenda á byggingu og virkni líkamans skapar hér grunn sem nemandinn byggir á. Þjóða skal nemendum fjölbreytta þjálfun sem nær til alhliða heilsuræktar, almenningsíþróttar og íþróttagreina og gera þá



sem mest sjálfstæða við eigin þjálfun. Þjálfun í félagsfærni, samábyrgð og tillitssemi kemur á þessu aldurs skeiði sem sérstök áhersla í hópleikjum og í umræðum um samfélagsleg og siðferðileg málefni, staðaímyndir og kynímyndir. Áhersla á sjálfsaga tengist m.a. hæfni nemenda í að setja sér eigin markmið, skýra þjálfunaraðferðir og mæla eigin afkastagetu. Áhersla í skólasundi skal lögð á þátt upplifunar nemenda. Slík nálgun hefur það að markmiði að auka áhuga nemenda og koma í veg fyrir brottfall og slaka ástundun sem oft einkennir þetta tímabil. Þjóða skal nemendum fjölbreytta sundtíma þar sem vatnið er notað til alhliða heilsuræktar auk ýmissa leikja svo sem sundknattleiks eða annarra bolta- og áhaldaleikja. Þá ættu nemendur að kynnast aðferðum sundþjálfunar og annarra almenningisíþróttanna í vatni. Á unglingsáttum skal einnig auka vægi björgunarpátta svo sem þjálfun í að troða marvaða, bjarga félagum upp á flotsveig eða hring. Þá skal æfa björgunarsund með félagum. Á þessum árum er mikilvægt að búa nemendur markvisst undir að taka sjálfstæða ákvörðun við val á íþróttum og heilsurækt utan skólatíma. Þjóða skal nemendum að æfa sérstaklega þá þætti sem þeir hafa áhuga á og vilja ná meiri getu eða leikni í.

Hæfni er meira en þekking og leikni, hún felur einnig í sér viðhorf og siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt, félagsfærni og frumkvæði. Þessa þætti er erfitt að meta nema með huglægu mati. Hlutverk íþróttakennara er því að hjálpa börnum og ungmennum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir viðmiðum námsins og hvernig miðar í átt að þeim.

Megintilgangur námsmats er að afla upplýsinga sem hjálpa nemandanum við námið, örva hann og hvetja til að leggja sig fram. Námsmatið á einnig að vera leiðarljós við frekari skipulagningu náms. Mikilvægt er að kennarar nýti sér fjölbreyttar aðferðir við námsmatið enda þjónar matið mismunandi tilgangi. Í meginatriðum er hlutverk námsmats skilgreint á eftirfarandi hátt:

Greinandi mat er fyrst og fremst leið til að greina námsvanda. Sem dæmi má nefna hreyfifærniþróf. Þessi þróf eru notuð á fyrstu árum grunnskólans til að greina þarfir nemenda fyrir sérstaka aðstoð eða viðbótar hreyfiþjálfun.

Stöðumat er leið til að kanna stöðu nemandans við upphaf náms. Nota má fjölbreyttar aðferðir svo sem gátlista eða matskvarða fyrir sjálfsmat nemanda, mat foreldra eða kennara. Niðurstöður matsins geta sýnt hvaða færni nemandi hefur á valdi sínu og hvað hann á eftir að tileinka sér. Það gefur kennara tækifæri til að mæta þörfum nemandans í hans námi.

Leiðsagnarmat miðar að því fylgjast með og sjá stöðuna meðan á námi stendur. Það er ferli við að afla upplýsinga um hvar nemandinn er staddur í námi sínu og túlka þær. Leiðsagnarmat þjónar þeim tilgangi að nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu. Mikilvægt er að nýta fjölbreyttar matsaðferðir og matsgögn

við leiðsagnarmat, s.s. kannanir, vettvangsathuganir, samræður, spurningar, sjálfsmat, jafningjamat, leiðarbækur o.fl. Í raun flest allt sem leiðir til þess að nemandinn ígrundi þátttöku sína í náminu. Í leiðsagnarmati er lögð áhersla á að matið sé hluti af náminu, fari reglulega fram á námstímanum, skýr viðmið séu um árangur og endurgjöf sé nákvæm og lýsandi fyrir hvern nemanda.

Lokamat er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma. Hér getur verið um leikniþróf að ræða, afkastagetuþróf eða sýningu eða hverskonar lokaafurð á því sem nemandinn hefur verið að fást við.

## 23.4 Matsviðmið í skólaíþróttum við lok grunnskóla

Í aðalnámskrá eru matsviðmið við lok grunnskóla sett fram bæði fyrir námsgreinar, námssvið og lykilhæfni. Matsviðmið eru lýsing á, hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni, á valdi sínu. Matsviðmiðin eiga einungis við um 10. bekk, til að styðja við námsmat, við lok grunnskóla. Gert er ráð fyrir að skólar setji matsviðmið fyrir aðra árganga og geri grein fyrir þeim í skólanámskrá. Matsviðmiðin við lok 10. bekkjar lýsa hæfni á kvarða sem birtur er í aðalnámskrá: Notaður er kvarðinn A, B, C, D, þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C.

Matsviðmið í flokki B eru byggð á hæfniviðmiðum fyrir 10. bekk og framsetning þeirra er með þeim hætti, að gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem þar er tilgreind. A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C fá þeir sem ekki standast fullilega þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D, því sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda. Hvert matsviðmið er almenn lýsing á hæfni nemanda.

Við lokamat skiptir mestu að kennarar meti það sem til var ætlast samkvæmt hæfniviðmiðum, fullvissi sig um að matsniðurstöður séu byggðar á traustum gögnum og noti fjölbreyttar aðferðir við söfnun gagna til þess að veita nemendum, foreldrum þeirra og skólanum sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra. Kennarar geta þannig fengið betri innsýn í nám hvers nemanda. Til að fá nákvæma niðurstöðu, svo sem úr samræðum eða vettvangsathugun, getur skipt máli að kennarar vinni saman við að skoða matsgögn nemenda og hafi til þess skýr viðmið.

Þennan matskvarða er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk. Skólar ákveða, að öðru leyti, hvernig þeir haga námsmati og einkunnagjöf eða vitnisburði nemenda í öðrum árgöngum. Vitnisburður við lok 10. bekkjar er hafður til hliðsjónar við innritun nemenda í framhaldsskóla og val á námsbrautum.

Eftirfarandi atriði geta komið að góðum notum til að auka áreiðanleika og réttmæti í mati.

- Setja skýr viðmið eða gera grein fyrir því hvað á að meta.
- Velja matsþætti sem hæfa vel hæfniviðmiðum, námsefni og kennsluaðferðum.
- Undirbúa lýsingu á því sem á að meta eða sýna dæmi um vel unnin verkefni.
- Huga vel að því að verkefni séu í samræmi við viðmið.
- Vera vakandi yfir atriðum sem geta skekkt niðurstöður.
- Hafa skýrar leiðbeiningar um matsaðferðir, úrvinnslu og túlkun gagna.

## Matsviðmið

### A

Nemandi getur framkvæmt **mjög vel** allar sunaðferðir og hefur **mjög gott** þol í sundi og hlaupi. Sýnt **mjög góðan** styrk og stöðugleika í mismunandi vöðvahópum og mjög góða samhæfingu liðleika, leikni og úthald í æfingum. Skýrt **af öryggi** og **góðum skilningi** leikreglur í hópíþrótt og einstaklingsíþrótt og fylgt þeim. Gert á **skýran hátt góða** grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans. Skýrt og metið mjög vel hugtök þjálfunar grunnþátta, útskýrt mismunandi þjálfunaraðferðir og sýnt æfingar við hæfi. Nefnt helstu vöðvahópa líkamans og útskýrt **mjög vel** og á **skýran** hátt hvaða hlutverk þeir hafa. Skýrt og tileinkað sér **mjög vel** öryggis- og skipulagsreglur sundstaða. Framkvæmt, útskýrt og beitt flestum atriðum skyndihjálpar; endurlífgun og björgun úr vatni og notað **af öryggi** björgunaráhöld. Synt **af öryggi** 25 m björgunarsund með jafningja.

### B

Nemandi getur framkvæmt **vel** allar sunaðferðir og hefur **gott** þol í sundi og hlaupi. Sýnt **góðan** styrk og stöðugleika í mismunandi vöðvahópum og **góða** samhæfingu liðleika, leikni og úthald í æfingum. Skýrt af **góðum skilningi** leikreglur í hópíþrótt og einstaklingsíþrótt og fylgt þeim. Gert **vel** grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans. Skýrt og metið **vel** hugtök þjálfunar grunnþátta, útskýrt mismunandi þjálfunaraðferðir og sýnt æfingar við hæfi. Nefnt helstu vöðvahópa líkamans og útskýrt **vel** hvaða hlutverk þeir hafa. Skýrt og tileinkað sér öryggis- og skipulagsreglur sundstaða. Framkvæmt, útskýrt og beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og björgun úr vatni og notað björgunaráhöld. Synt 25 m björgunarsund með jafningja.

Nemandi getur framkvæmt **nokkuð vel** allar sundaðferðir og hefur **nokkuð gott** þol í sundi og hlaupi. Sýnt **sæmilegan** styrk og stöðugleika í mismunandi vöðvahópum og **nokkuð góða** samhæfingu, liðleika, leikni og úthald í æfingum. Skýrt helstu leikreglur í hópíþrótt og einstaklingsíþrótt og **að mestu** farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik. Gert **grein** fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans. Skýrt og metið hugtök þjálfunar grunnþátta **nokkuð vel** og lýst mismunandi þjálfunaraðferðum og sýnt æfingar við hæfi. Nefnt vöðvahópa líkamans á **viðunandi hátt** og hvaða hlutverk þeir hafa. Skýrt og tileinkað sér **nokkuð vel** öryggis- og skipulagsreglur sundstaða. Framkvæmt og útskýrt **nokkuð vel** helstu atriði skyndihjálpar og björgun úr vatni og notað björgunaráhöld. Synt 15-25 m björgunarsund með jafningja.



## SAMFÉLAGSGREINAR

# 24

Gerð er grein fyrir menntagildi og megintilgangi samfélagsgreina í þessum kafla. Tekið er mið af þeim sex grunnþáttum sem fjallað er um í 2. kafla, áhersluþáttum í námi sem fjallað er um í 6. kafla og lykilhæfni sem skilgreind er í kafla 9.4 og 18. kafla. Sett eru fram hæfniviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Í framhaldi er fjallað um kennsluhætti og námsmat, tekur sú umfjöllun mið af þeim áherslum sem birtast í hæfniviðmiðunum. Á grundvelli hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla. Í lok kaflans eru sett fram matsviðmið sem nýtt skulu, eftir því sem við á, til að lýsa hæfni nemanda við lok grunnskóla.

### 24.1 Menntagildi og megintilgangur samfélagsgreina

Samfélagsgreinar í þessari aðalnámskrá fela í sér víðara svið, fleiri námsgreinar og efnisþætti en verið hefur áður. Undir samfélagsgreinar heyra nú meðal annars námsgreinar sem kenndar hafa verið í íslenskum skólum undir samheiti samfélagsgreina, samfélagsfræði, sem afmarkaðir námsþættir eða námssvið. Þar er einkum um að ræða sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimspeki ásamt siðfræði. Þær byggja einnig á þekkingu og stefjum úr öðrum fræðigreinum félags-, mann- og hugvísinda. Þessar greinar og námsþættir eru ekki aðgreind í aðalnámskránni en skólunum látið eftir að haga greinaskiptingu eftir því sem skynsamlegast, hentugast og árangursríkast er við hverjar aðstæður. Við skipulagningu samfélagsgreina skulu öll hæfniviðmið höfð í huga og sá rammi sem námssviðinu er markaður í viðmiðunarstundaskrá í almennum hluta aðalnámskrár.

Samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Þær eiga sér grundvöll í þeirri skyldu hvers samfélags að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf. Slíka menntun öðlast ungt fólk vissulega einnig á öðrum námssviðum og annars staðar en í skólakerfinu, enda eru fyrirmyndir barna margar. Samfélagsgreinum er ætlað að hjálpa nemendum að bregðast við áskorunum úr umhverfinu og nærsamfélaginu í krafti skynsemi sinnar og gera þeim grein fyrir eigin ábyrgð á þeim leiðum, sem hver og einn velur sér, til þess að fóta sig í félagi við annað fólk og umhverfi. Samfélagsgreinum er ætlað að efla skilning nemenda á ákveðnum grundvallargæðum mannlegs lífs og skiptingu þeirra, með því að útskýra hvernig þessi gæði leiða til margvíslegra skyldna, réttinda og gilda, sem órofa hluti af félagslegum og siðferðilegum veruleika okkar. Dæmi um slík gæði eru réttlæti, þekking, frelsi, vinátta, virðing og ábyrgð.

Menntagildi samfélagsgreina felst í því að þroska hæfni nemenda til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra. Þessi hæfni á sér þrjár rætur: 1) í tengslum við aðra sem þegar eru mótuð, svo sem innan fjölskyldunnar; 2) í tengslum við sjálfa(n) sig; 3) í myndun nýrra tengsla við aðra við breytilegar aðstæður hvers kyns félagslífs. Þessar rætur og menntagildi samfélagsgreina má útskýra nánar á eftirfarandi hátt:

- 1) Hæfni nemanda til að skilja veruleikann (umhverfið, samfélagið, söguna og menninguna), sem hann hefur fæðst inn í, byggist á þeirri reynslu sem hann hefur orðið fyrir. *Samfélagsgreinar eiga að efla þessa hæfni með því að víkka út og dýpka reynsluheim nemandans.*
- 2) Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér byggist á því hvaða mynd hann gerir sér af sjálfum sér (og öðrum) í eigin huga. *Samfélagsgreinar eiga að efla þessa hæfni með því að víkka út og dýpka hugarheim nemandans.*
- 3) Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra byggist á þeim félagsskap sem hann hefur tekið þátt í. *Samfélagsgreinar eiga að efla þessa hæfni með því að virkja nemandann til þátttöku í félagsheimi sínum, þeim gildum og reglum sem þar ríkja.*

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum. Kennsla í samfélagsgreinum á að miða að því að nemendur geti leyst hlutverk sitt sem þátttakendur í flóknu samspili mótandi sviða tilverunnar á skapandi hátt. Nemendur skulu fá leiðsögn í lýðræðislegum vinnubrögðum eins og þau geta komið fyrir á öllum þessum sviðum, hvort sem um er að ræða fjölskylduna, vinahópinn, skólann, nærsamfélagið eða samfélagið í víðara samhengi. Markmið samfélagsgreina er að nemendur tileinki sér

réttsýni, gildismat og ábyrgð, sem meðal annars byggir á hæfni til þess að setja sig í spor annarra og hæfni til þess að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir eigin hag, umhverfið og þjóðfélagið í heild. Sem dæmi má nefna er mikilvægt að nemendur verði ábyrgir fyrir eigin fjármálum og verði jafnframt gagnrýnir neytendur og læsir á þau tilboð sem sett eru fram með ýmsum hætti.

Samfélagsgreinar deila viðfangsefnum sínum, gildum og markmiðum með ýmsum öðrum námsgreinum og námssviðum. Sérstaða þeirra felst í því hvernig þær ljá nemendum mikilvæg verkfæri til þess að þróa skilning sinn á sjálfum sér, öðru fólki og því umhverfi og samfélagi sem þeir hrærast í. Nemendur þjálfast í að greina margs konar gögn, túlka margvíslegar heimildir og meta frásagnir um fjölbreytileg lífsskilyrði fólks, sem og þróun samfélags og menningar. Nemendur fræðast um réttindi sín og skyldur, um ábyrgð og læra um stofnanir samfélagsins. Samfélagsgreinar örva bæði skapandi og gagnrýna hugsun, hvetja nemendur til þess að færa rök fyrir máli sínu og meta samkvæmni í skoðunum. Með því að nýta sér agaðar samræður og vönduð kennslugögn er nemendum gefinn kostur á að takast á við mikilvægar en umdeildar spurningar um möguleg lífskjör, farsæld einstaklinga og samfélaga í fortíð, nútíð og framtíð.

Hver fræðigrein innan samfélagsgreinanna gegnir ákveðnu hlutverki, til þess að gildi og markmið greinanna náist í heild. Í sögukennslu er byggt á heildstæðri og fjölbreyttri skoðun heimilda um samfélög og einstaklinga frá fortíð til samtíma. Landfræðin fjallar um breytileg lífsskilyrði fólks í heiminum með hliðsjón af víxlverkun manns og náttúru. Trúarbragðafræði er ætlað að auka skilning á ríkjandi trúarbrögðum og ólíkum trúarhefðum með umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi. Siðfræði kennir hvernig mögulegt er að rannsaka siðræn gildi, efla siðvit og ræða saman um siðferðileg álitamál. Við rökræðu um helstu úrlausnarefni samtímans er vísað til þekkingar sem miðlað er í kennslu ofangreindra greina og stuðst við þær hefðir og aðferðir sem þær þjálfar nemendur í. Námsgreinar eins og lífsleikni og þjóðfélagsfræði gegna einnig mikilvægu hlutverki við að styrkja á skapandi hátt áræði, frumkvæði, hlutverk, ábyrgð og sjálfsmynd nemenda þegar þeir standa frammi fyrir stórum spurningum sem varða reynsluheim, hugarheim og félagsheim þeirra.

## 24.2 Hæfniviðmið fyrir samfélagsgreinar

Hæfniviðmið samfélagsgreina tengjast grunnþáttum menntunar og er skipt í þrjá flokka, þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim. Enn fremur leitast þau við að mæta áhersluþáttum grunnskólalaga og aðalnámskrár. Hvert hæfniviðmið byggist á að minnsta kosti einum efnisþætti og koma sumir þeirra ítrekað fyrir. Efnisþættir hæfniviðmiðanna skiptast þannig:

**REYNSLUHEIMUR**

Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann

- Mannlíf
- Sjálfbærni
- Siðferði
- Staða Íslands og saga
- Heimabyggð
- Jörðin
- Heimssaga
- Trúarbrögð
- Náttúruskilyrði
- Auðlindir
- Gildi
- Náttúruferlar
- Lýðræði
- Orsakasamhengi
- Fjölmennig
- Túlkun
- Fjölskyldugerðir
- Stjórnkerfi
- Velferðarsamfélagið
- Stjórnmal
- Upplýsingalæsi
- Gagnrýnin hugsun
- Kortalæsi
- Miðlalæsi
- Heimildarýni
- Sögulæsi
- Kynjafræði
- Merkingarleit
- Menningarlæsi
- Fjármálalæsi

**HUGARHEIMUR**

Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Sjálfsvitund
- Persónumótun
- Gildismat
- Siðgæðisvitund
- Menntun
- Heilbrigði og velferð
- Staðalmyndir
- Réttisýni
- Ábyrgð
- Frelsi
- Manngildi
- Samhygð
- Jafnrétti
- Lífsviðhorf
- Gagnrýnin hugsun
- Fyrirmyndir
- Tilfinninganæmi
- Sköpun
- Tjáning
- Framsýni
- Ígrundun

**FÉLAGSHEIMUR**

Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Félagsvitund
- Borgaravitund
- Umburðarlyndi
- Samfélagsreglur
- Borgaralegar skyldur
- Frelsi og ábyrgð
- Félagsfærni
- Kynheilbrigði
- Jafnrétti
- Réttlæti
- Virðing
- Mannréttindi
- Umhyggja og velferð
- Sáttfýsi
- Vinátta
- Lýðræði
- Ofbeldi
- Samræða
- Gagnrýnin hugsun
- Tjáning
- Miðlun
- Sköpun
- Leikur



## REYNSLUHEIMUR

Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi,</li> <li>• bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu,</li> <li>• lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga,</li> <li>• nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar,</li> <li>• sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi,</li> <li>• aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum.</li> <li>• rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi,</li> <li>• gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúruferlar breytist vegna ytri áhrifa,</li> <li>• sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi,</li> <li>• skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú,</li> <li>• fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta,</li> <li>• gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa,</li> <li>• greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf,</li> <li>• aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.</li> <li>• notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni,</li> <li>• lýst náttúruferlum. sem hafa áhrif á land og gróður,</li> <li>• áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs,</li> <li>• ígrundað víxlverkun samfélags, stjórn mála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar,</li> <li>• sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf,</li> <li>• fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnarfars,</li> <li>• sýnt fram á skilning á heimabyggð sinni og útskýrt samhengi hennar við umhverfi, sögu, menningu, listir, félagsstarf og atvinnulíf,</li> <li>• aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi,</li> <li>• rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni,</li> <li>• fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður,</li> <li>• útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði,</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>• bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi,</li> <li>• gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni,</li> <li>• áttað sig á hlutverki landa-korta og notagildi þeirra,</li> <li>• sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu,</li> <li>• velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika,</li> <li>• komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga,</li> <li>• sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrir og nú,</li> <li>• sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar,</li> <li>• bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum,</li> <li>• áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum,</li> <li>• velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breyttni,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lýst með dæmum áhrifum tækni og mannglegra athafna á samfélag og umhverfi,</li> <li>• gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar,</li> <li>• notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga,</li> <li>• rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu,</li> <li>• metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð,</li> <li>• velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagsshreyfingum,</li> <li>• lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti,</li> <li>• dregið upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar,</li> <li>• greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum,</li> <li>• lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks,</li> <li>• rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• greint mynstur mannglegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum,</li> <li>• gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun,</li> <li>• greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum,</li> <li>• sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu,</li> <li>• gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum,</li> <li>• séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfisþáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagsshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum,</li> <li>• gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta,</li> <li>• greint afmarkaða efnisþætti stórrar eða smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar,</li> <li>• útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum,</li> <li>• útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga,</li> <li>• fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins,</li> </ul>
---	---	---

<ul style="list-style-type: none"> <li>• sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu,</li> <li>• áttað sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa,</li> <li>• komið auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið,</li> <li>• nefnt dæmi um trúarlegar vísanir í listum og bókmenntum,</li> <li>• áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna,</li> <li>• bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu,</li> <li>• bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins,</li> <li>• áttað sig á gildi samhjalpar í samfélaginu,</li> <li>• áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi,</li> <li>• lýst kostnaði vegna eigin neyslu og átti sig á ýmsum tilboðum sem hvetja til útgjalda og neyslu,</li> <li>• varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims,</li> <li>• borið saman valin trúar- og lífsviðhorf,</li> <li>• nefnt dæmi um áhrif helgiritanna helstu trúarbragða á menningu og samfélög,</li> <li>• borið kennsl á trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum,</li> <li>• gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra,</li> <li>• lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta,</li> <li>• gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins,</li> <li>• gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu,</li> <li>• lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga,</li> <li>• sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa á eigin neyslu og á samfélagið,</li> <li>• séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt fram á læsi á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákni kristni og annarra helstu trúarbragða heims,</li> <li>• rætt og borið saman ólík trúar- og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt,</li> <li>• greint áhrif Biblíunnar og helgiritanna annarra helstu trúarbragða á menningu og samfélög,</li> <li>• útskýrt trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum,</li> <li>• gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum,</li> <li>• útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis,</li> <li>• útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn,</li> <li>• útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórnmal, atvinnulíf og hugmynda-stefnur,</li> <li>• greint hvernig stjórnmal og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga,</li> <li>• tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði,</li> <li>• bent á, fyrirbyggt og brugðist rétt við ýmsum hættum og slysaáhrifum í umhverfinu og náttúrunni.</li> </ul>
---	--	---

## HUGARHEIMUR

### Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum,</li> <li>• bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig,</li> <li>• bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim,</li> <li>• gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur,</li> <li>• bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann,</li> <li>• áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði,</li> <li>• gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti,</li> <li>• gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans,</li> <li>• gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu,</li> <li>• lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund,</li> <li>• áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast,</li> <li>• gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum,</li> <li>• vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megir með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt,</li> <li>• lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun,</li> <li>• tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti,</li> <li>• metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra,</li> <li>• gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnámum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum,</li> <li>• rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund,</li> <li>• beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd,</li> <li>• gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfspækkingar,</li> <li>• vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmynda og hefur áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt,</li> <li>• lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta,</li> <li>• sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði,</li> <li>• greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða,</li> <li>• gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess,</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>• sett sig í spor annarra jafnaldra,</li> <li>• sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum,</li> <li>• sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum,</li> <li>• sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga.</li> </ul>
--	---	--

## FÉLAGSHEIMUR

Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi,</li> <li>• áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum,</li> <li>• hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir,</li> <li>• rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni,</li> <li>• rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna,</li> <li>• tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti,</li> <li>• áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu,</li> <li>• borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta,</li> <li>• metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausn hátt,</li> <li>• rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga,</li> <li>• tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum,</li> <li>• tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra,</li> <li>• nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu,</li> <li>• útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta,</li> <li>• vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausn og réttisýnan hátt,</li> <li>• fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum,</li> <li>• rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum,</li> <li>• komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra,</li> <li>• rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi,</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt tilitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,</li> <li>• áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna,</li> <li>• sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur,</li> <li>• sett sig inn í málefni nærsamfélagsins,</li> <li>• sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,</li> <li>• rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra,</li> <li>• rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum,</li> <li>• tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt,</li> <li>• sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt sjálfsga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga,</li> <li>• ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleyfis,</li> <li>• útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur,</li> <li>• tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og beitt sér í málefnum sem varða almannaheill,</li> <li>• sinnt velferð og hag samferðafólks síns.</li> </ul>
--	--	---

## 24.3 Kennsluhættir og námsmat í samfélagsgreinum

Hlutverk kennara í samfélagsgreinum er að gefa nemendum tækifæri til að þroska hæfni sína, til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra, veita þeim leiðsögn í lýðræðislegum vinnubrögðum og ljá þeim verkfæri, til þess að þróa skilning sinn á sjálfum sér, öðru fólki og því umhverfi og samfélagi sem þeir hrærast í. Kennarinn á að hjálpa nemendum að skilja hugmyndir og hugsjónir, sem liggja til grundvallar viðhorfum til umhverfis, auðlinda og sögu. Gera þeim kleift að átta sig á samfélagslegum og siðferðilegum álitamálum. Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að byggja upp orðaforða sinn, þjálfist í notkun hans og að beita honum við ólíkar aðstæður.

Kennsluaðferðir sem geta stuðlað að aukinni hæfni í samfélagsgreinum eru meðal annars umræðu- og spurnaraðferðir sem þjálfar samræðu og gagnrýna hugsun. Efling gagnrýnnar hugsunar á sér stað í samræðu. Hún er vettvangur þar sem nemendum gefst tækifæri til að fjalla um, hugleiða og ræða sín á milli, við kennarann, um ákveðna þætti námsefnisins á markvissan, krefjandi og skapandi hátt. Hópvinnu getur alið af sér samkennd, samræður, tjáningu og dýpri skilning, ásamt því að auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra. Hún styrkir sjálfsmýnd og eykur sjálfstraust og samábyrgð nemenda. Markmiðið getur til dæmis verið að vekja nemendur til umhugsunar, fá þá til að skiptast á skoðunum eða rökræða, velta fyrir sér mismunandi hliðum tiltekins máls, kenna þeim að tjá sig og taka tillit til annarra. Mælst er til að nemendur fái ávallt

tækifæri til að ræða um efnið sem unnið er með og að þeir vinni sem mest saman í litlum hópum eða þörum að lausn verkefna. Einnig má skipuleggja samanburð, til dæmis á atburðum, tímabilum, hugmyndum eða aðferðum. Við slík vinnubrögð hentar samþætting námsgreina og námssviða vel. Til eru ýmsar útfærslur af hópvinnu og má þar nefna söguaðferðina, þemanám og landnámsaðferðina.

Leitaraðferðir henta vel til að kynna nemendum vísindaleg vinnubrögð og veita þeim þjálfun í að afla upplýsinga og vinna úr þeim með skipulögðum hætti. Dæmi um slíkar aðferðir eru heimildavinna, vettvangsferðir og viðtöl. Vinna með heimildir er því stór hluti af kennslu samfélagsgreina og leggja þarf áherslu á upplýsingalæsi nemenda. Upplýsingalæsi er skilgreint þannig að einstaklingurinn geti fundið, staðsett, metið, skipulagt og notað upplýsingar á skilvirkan hátt við að fjalla um þau málefni og viðfangsefni sem fyrir liggja hverju sinni. Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að læra að nota skólasafnið og Netið við heimildaleit. Nauðsynlegt er að þjálfarar nemendur í að meta á gagnrýninn hátt gildi og áreiðanleika ólíkra heimilda og hvaða aðferðum er best að beita við upplýsingaleitina og meðferð heimilda. Viðtöl gefa nemendum tækifæri til að vinna með munnlegar heimildir. Þeir finna viðmælendur innan fjölskyldunnar eða nánasta umhverfis sem tengist því efni sem þeir eru að rannsaka, útbúa spurningar og vinna síðan úr þeim heimildum sem þeir hafa aflað. Nemendur fá tækifæri til að tengja nærsamfélag sitt við þau viðfangsefni sem þeir eru að fást við hverju sinni. Undir vettvangsferðir flokkast ýmsar kennsluaðferðir sem byggjast á því að fara með nemendur á vettvang og þannig leitast við að tengja námið við veruleikann utan skólastofunnar. Til dæmis er mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að taka þátt í því sem er að gerast í samfélaginu og sýna í verki að þeir láti sig varða samferðafólk sitt og umhverfi, meðal annars með sjálfboðaliðastarfi og ávinning þess fyrir samfélagið. Mikilvægt er að nýta möguleika sem viðfangsefni samfélagsfræðinnar gefa til að nemendur verði ábyrgir og gagnrýnir borgarar og neytendur í samfélaginu sem átti sig á staðalmyndum og tilboðum sem sett eru fram með ýmsum hætti um neyslu og lífsstíl.

Sem dæmi um aðferð sem reynir á lýðræðislegt skipulag, umburðarlyndi og gagnkvæma virðingu fyrir skoðunum annarra má nefna bekkjarfundir. Á slíkum fundum þurfa allir að fá tækifæri til að tjá sig og læra að taka tillit til annarra eftir fyrirfram ákveðnum reglum. Þar er hægt að ræða málefni líðandi stundar, álitamál eða atvik úr skólanum eða lífinu og reyna að finna flöt sem samstaða er um. Leikræn tjáning og hlutverkaleikir eru einnig kennsluaðferðir sem æfa nemendur í að setja sig í spor annarra og takast á við ímyndaðar aðstæður, samfélagsleg málefni og álitamál.

Kennsla, nám og námsmat mynda eina heild. Námsmatið er hluti af náms- og kennsluferlinu og skipulagt sem mest í samræmi við námskrá, hæfniviðmið og viðfangsefni nemenda. Mikilvægt er að námsmatið sé fjölbreytt og gefi heildstæða mynd af hæfni nemandans. Það þarf að vera sanngjarnt og gefa nemandanum tækifæri til að sýna þekkingu, leikni og hæfileika. Megintilgangur námsmats er að kanna stöðu nemenda, nota niðurstöður

til að leiðbeina þeim um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Mat á hæfni og framförum nemenda á að vera reglubundinn þáttur í skólastarfi og vera með þeim hætti að niðurstöður nýtist sem best nemendum, kennurum, foreldrum og skólastjórn.

Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið og ákveða hvert skal stefna. Með slíku mati fá bæði kennarar og nemendur reglulega upplýsingar um framvindu náms og hvort kennslan hafi skilað árangri. Mikilvægt er að nemendur fái vitneskju um forsendur námsmats, til hvers sé ætlast af þeim, hvernig verði metið og veita þeim lýsandi endurgjöf um það sem þarf að bæta. Í samfélagsfræðigreinum er m.a. lögð áhersla á þemanám, heimildavinnu og vettvangsferðir sem geri þá kröfu að mat kennarans á viðfangsefnum nemenda sé unnið í nánú samstarfi við aðra kennara.

Í samfélagsfræðigreinum er mikilvægt að kennarar nýti fjölbreyttar matsaðferðir og matsgögn, hvort sem er einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Munnlegt, verklegt og skriflegt mat, s.s. frammistöðumat, skrifleg próf, mat á skriflegum úrlausnum nemenda, mat á samræðum nemenda, matskvarðar o.s.frv. Enn fremur er mikilvægt að nemendur séu virkir þátttakendur í námsmati. Sjálfsmat og jafningjamat veitir kennurum og nemendum upplýsingar sem ekki væri aflað með öðrum hætti en krefst ábyrgðar afstöðu og skilnings nemandans á sjálfum sér og öðrum. Nemendur ættu að fá tækifæri til að halda til haga fjölbreyttum verkefnum sem sýna þekkingu, leikni og hæfni þeirra, en slíkt má gera í námsmöppum, hvort heldur sem er áþreifanlegum eða rafrænum hætti.

Nám í samfélagsgreinum þarf að tengja við fyrri reynslu nemenda, gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á hvað þeir læra og hvernig. Val á viðfangsefnum gerir nemendum kleift að sinna því sem þeir hafa áhuga á eða eru forvitnir um og að ígrunda eigin reynslu. Mikilvægt er því að nýta nánasta reynsluheim og umhverfi nemenda og tengja viðfangsefni við daglegt líf þeirra og samfélag. Í námi samfélagsgreina eru fjölmörg tækifæri sem mikilvægt er að skólar nýti sér til að styrkja samstarf heimila og skóla. Eðlilegt er að virkja foreldra til þátttöku í menntun barna sinna með ýmsum hætti.

## 24.4 Matsviðmið fyrir samfélagsgreinar við lok grunnskóla

Í aðalnámskrá eru matsviðmið við lok grunnskóla sett fram bæði fyrir námsgreinar, námssvið og lykilhæfni. Matsviðmið eru lýsing á, hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni, á valdi sínu. Matsviðmiðin eiga einungis við um 10. bekk, til að styðja við námsmat, við lok grunnskóla. Gert er ráð fyrir að skólar setji matsviðmið fyrir aðra árganga og geri grein fyrir þeim í skólanámskrá. Matsviðmiðin við lok 10. bekkjar lýsa hæfni á kvarða sem birtur er í aðalnámskrá: Notaður er kvarðinn A, B, C, D, þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C.



Matsviðmið í flokki B eru byggð á hæfniviðmiðum fyrir 10. bekk og framsetning þeirra er með þeim hætti, að gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem þar er tilgreind. A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C fá þeir sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D, því sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda. Hvert matsviðmið er almenn lýsing á hæfni nemanda.

Við lokamat skiptir mestu að kennarar meti það sem til var ætlast samkvæmt hæfniviðmiðum, fullvissi sig um að matsniðurstöður séu byggðar á traustum gögnum og noti fjölbreyttar aðferðir við söfnun gagna til þess að veita nemendum, foreldrum þeirra og skólanum sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra. Kennarar geta þannig fengið betri innsýn í nám hvers nemanda. Til að fá nákvæma niðurstöðu, svo sem úr samræðum eða vettvangsathugun, getur skipt máli að kennarar vinni saman við að skoða matsgögn nemenda og hafi til þess skýr viðmið.

Þennan matskvarða er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk. Skólar ákveða, að öðru leyti, hvernig þeir haga námsmati og einkunnagjöf eða vitnisburði nemenda í öðrum árgöngum. Vitnisburður við lok 10. bekkjar er hafður til hliðsjónar við innritun nemenda í framhaldsskóla og val á námsbrautum.

Eftirfarandi atriði geta komið að góðum notum til að auka áreiðanleika og réttmæti í mati.

- Setja skýr viðmið eða gera grein fyrir því hvað á að meta.
- Velja matsþætti sem hæfa vel hæfniviðmiðum, námsefni og kennsluaðferðum.
- Undirbúa lýsingu á því sem á að meta eða sýna dæmi um vel unnin verkefni.
- Huga vel að því að verkefni séu í samræmi við viðmið.
- Vera vakandi yfir atriðum sem geta skekkt niðurstöður.
- Hafa skýrar leiðbeiningar um matsaðferðir, úrvinnslu og túlkun gagna.

## Matsviðmið

Nemandi getur sýnt fram á **mjög góðan** skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf. Á **skipulegan, sjálfstæðan** og **gagnrýninn** hátt aflað sér, hagnýtt og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og mismunandi miðlum. **Greint** og á **skýran** hátt útskýrt mismunandi hugmyndir um lýðræði, **rökstutt** á sjálfstæðan og gagnrýninn hátt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir heilbrigða sjálfsvitund og ábyrgð sem borgari og neytandi. Greint og af **nákvæmni** fjallað um áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmýndar á **sjálfstæðan** og **gagnrýninn** hátt og á **skipulegan** og **gagnrýninn** hátt fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum. Að lokum **rökrætt** og **greint** á **gagnrýninn** og **skipulegan** hátt stöðu sína, sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat.

A

Nemandi getur sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf. Á **skipulegan** og **sjálfstæðan** hátt aflað sér, **hagnýtt** og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og mismunandi miðlum. Útskýrt mismunandi hugmyndir um lýðræði, **rökstutt** gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir heilbrigða sjálfsvitund og ábyrgð sem borgari og neytandi. **Greint** og fjallað um áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmýndar á **sjálfstæðan** hátt. Á **skipulegan** hátt fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum. Að lokum **rökrætt** og **greint** stöðu sína, sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat

B

Nemandi getur sýnt fram á **sæmilegan** skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf. Að **vissu marki** aflað sér, **greint** og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og mismunandi miðlum. **Lýst** mismunandi hugmyndum um lýðræði, **að nokkru leyti rökstutt** gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir heilbrigða sjálfsvitund og ábyrgð sem borgari og neytandi. **Fjallað** um áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmýnda. Fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum. Að lokum **greint** stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat.

C

## STÆRÐFRÆÐI

# 25

Gerð er grein fyrir menntagildi og megintilgangi stærðfræðinnar í þessum kafla. Tekið er mið af þeim sex grunnþáttum sem fjallað er um í 2. kafla, áhersluþáttum í námi sem fjallað er um í 6. kafla og lykilhæfni sem skilgreind er í kafla 9.4 og 18. kafla. Sett eru fram hæfniviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Í framhaldi er fjallað um kennsluhætti og námsmat, tekur sú umfjöllun mið af þeim áherslum sem birtast í hæfniviðmiðunum. Á grundvelli hæfniviðmiða eru kennsluáðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla. Í lok kaflans eru sett fram matsviðmið sem nýtt skulu, eftir því sem við á, til að lýsa hæfni nemanda við lok grunnskóla.

### 25.1 Menntagildi og megintilgangur stærðfræði

Stærðfræðin hefur frá því sögur hófust verið mikilvægur hluti menningarinnar. Verkefni stærðfræðinnar eru að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur. Hún er þannig ein af mikilvægum leiðum mannsins til að skapa merkingu og skilja náttúru og samfélag. Hún er jafnframt tæki til að hafa áhrif á hvoru tveggja. Í aldanna rás hafa hugtök og tákni um stærðir, rými og reglur þróast í stöðugri viðleitni mannsins til að ná meiri stjórn á aðstæðum sínum og auka getu sína til aðgerða. Við notum til dæmis tölur og reikniáðgerðir til að eiga í samskiptum, skipuleggja, draga ályktanir og taka skynsamlegar ákvarðanir um framleiðslu og neyslu. Við getum þannig reynt að stuðla að sjálfbærni. Einnig rannsökum við í stærðfræði eðli talna, reikniáðgerða, forma, breytinga og lögmála, án tilvísunar í efnisheiminn. Við skipulagningu stærðfræði skulu öll hæfniviðmið höfð í huga og sá rammi sem námssviðinu er markaður í viðmiðunarstundaskrá í almennum hluta aðalnámskrár.

Stærðfræði hjálpar okkur að lýsa aðstæðum af nákvæmni og útskýra orsakasamhengi innan þeirra. Túlka gögn, og segja fyrir um og hafa áhrif á framvindu. Samfélag okkar og nýsköpun innan þess einkennist af kerfum, sem byggjast á nýtingu stærðfræðinnar. Þar má nefna kosningakerfi, kóðun upplýsinga á Netinu, staðsetningarkerfi, farsíma, veðurspár, tölvuleiki, teiknimyndir, gagnagrunna og hvers kyns tölfræðilega úrvinnslu upplýsinga. Raunvísindi og margar aðrar fræðigreinar nýta sér í ríkum mæli hugtök, niðurstöður og aðferðir stærðfræðinnar. Hæfni í stærðfræði er þannig forsenda læsis og sköpunar á flestum sviðum tækni, fræða og verkmenningar. Auk þess styður hún fólk til að taka ígrundaðar ákvarðanir í daglegu lífi, sem hafa áhrif á heilbrigði og velferð og að taka virkan þátt í lýðræðissamfélagi, í stöðugri þróun.

Stærðfræði er óhlutbundin fræðigrein þar sem allar niðurstöður eru staðfestar með röksemdafærslum. Hún hefur við aldalanga iðkun, orðið að alþjóðlegu tungumáli og verkfæri til að miðla upplýsingum og hugmyndum og vinna úr þeim. Stærðfræðin hefur líka sína eigin fagurfræði, sem nemendur þurfa að fá tækifæri til að kynna, með því að fást við stærðfræðileg mynstur, form, tengsl og röksemdafærslur frá ólíkum sjónarhornum.

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

Stærðfræðikennsla í grunnskóla þarf að stuðla að því að nemendur:

- tileinki sér það viðhorf að það sé gagnlegt að hafa stærðfræði á valdi sínu og með ástundun geti þeir náð tökum á henni,
- öðlist hæfni í að setja fram og leysa þrautir með hjálp stærðfræðinnar og leggja mat á eigin lausnaleyðir og annarra,
- öðlist hæfni í að nota stærðfræðileg hugtök og greina tengsl þeirra,
- öðlist hæfni í að nota tungumál stærðfræðinnar til að ræða um, færa rök fyrir og útskýra eigin tilgátur og annarra, útreikninga og niðurstöður,
- öðlist hæfni í að nýta stærðfræði sem tæki til að leysa viðfangsefni og greina hvaða aðferðir henta best hverju sinni.

Hæfni í stærðfræði felst í að hafa ljósan skilning á stærðfræði, geta spurt og svarað með henni og notað tungumál og verkfæri hennar. Til þess að öðlast þessa hæfni þurfa nemendur að þróa með sér jákvætt viðhorf til stærðfræði, trú á eigin getu og rækta með sér það viðhorf að stærðfræði sé skynsamleg og nytsamleg. Í því felst að geta leitað lausna og sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt, með því

að beita skapandi hugsun, ígrundun og röksemdum og setja fram stærðfræðileg líkön. Einnig þurfa nemendur að öðlast skilning á stærðfræðilegum hugtökum, aðgerðum og venslum. Ráða yfir sveigjanlegum, áhrifaríkum, nákvæmum og viðeigandi aðferðum til lausna á hvers kyns viðfangsefnum. Þeir þurfa hæfni til að setja fram, tákna og leysa stærðfræðileg vandamál og nýta hjálpartæki til stærðfræðilegra verka, þar með talin tölvutækni. Hæfni í stærðfræði felur í sér að geta tjáð sig með stærðfræði, útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum, rökrætt um lausnaleyðir og sannreynt lausnir sínar og annarra.

Í lýðræðissamfélagi byggist upplýst opinber umræða um álitamál á því að fólk geti rökrætt um og vísað til tölfræðilegra gagna og fræðilegra lögmála sem iðulega eru á máli stærðfræðinnar. Námið á að leiða til þess að nemendur þrói með sér hæfni til að rökstyðja og leggja mat á rökstuðning annarra með hjálp stærðfræðinnar.

Stærðfræðikennsla, sem byggir á menningarlegum margbreytileika, tekur tillit til þess að stærðfræði hefur mótast af þörf fólks fyrir að leysa þau verkefni sem upp koma í ólíkum samfélögum. Nemendur þurfa að kynnast sögu stærðfræðinnar, hvernig hugtök og aðferðir, sem mikilvægt er að hafa á valdi sínu, hafa þróast í aldanna rás. Þeir þurfa að fá tækifæri til að hugleiða mikilvægi, notagildi og takmörk stærðfræðinnar í daglegu lífi, öðrum námsgreinum og í sögulegu samhengi til að skilja gildi hennar og áhrif á menningu okkar, tækni og samfélagsskipan. Kennslunni þarf að hafa þannig að nemendur fái áhuga á stærðfræði, að þeim áhuga sé viðhaldið og að nemendur öðlist tiltrú á eigin hæfni til að beita henni við margvíslegar aðstæður og leysa fjölbreytt viðfangsefni. Kennslan þarf að byggjast á virðingu fyrir hugsun nemenda, margbreytileika þeirra og miða að því að stærðfræðin verði þeim öllum uppspretta merkingar. Þannig getur stærðfræði orðið þeim tæki til að skoða eigin aðstæður og samfélagið með gagnrýnum hætti og stuðlað að jafnrétti. Einnig getur stærðfræði stuðlað að gagnrýnni hugsun og aukinni ábyrgð nemenda í daglegu lífi, m.a. hvað varðar ákvarðanir um eigin fjármál og neyslu.

## 25.2 Hæfniviðmið fyrir stærðfræði

Hæfniviðmiðin eru sett fram í sjö flokkum. Fyrstu þrjú flokkarnir eru almenn viðmið um stærðfræðilega hæfni og fjórir flokkar snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar. Þó viðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu viðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfelld ferli og skapandi athöfn, fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

## Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<p><i>tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum, leitað lausna og sett þær fram á fjölbreyttan hátt með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og rökstuðningi og fylgt rökstuðningi jafningja.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði,</li> <li>• leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir,</li> <li>• sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi,</li> <li>• rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleiðum og fylgt röksemdafærslu annarra.</li> </ul>	<p><i>tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum, leitað lausna og sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt með því að beita skapandi hugsun, ígrundun, óformlegri og einfaldri, formlegri röksemdafærslu, fylgt og metið rökstuðning annarra.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innsýn í hvers konar svara má vænta,</li> <li>• leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu,</li> <li>• sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi,</li> <li>• sett fram óformleg og einföld, formleg stærðfræðileg rök, skilið og metið munnlegar og skriflegar röksemdir sem settar eru fram af öðrum.</li> </ul>	<p><i>tjáð sig um stærðfræðileg efni og um veruleikann með tungumáli stærðfræðinnar, útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum, leitað lausna og sett viðfangsefni fram á fjölbreyttan stærðfræðilegan hátt með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og röksemdafærslu, sett fram, greint, túlkað og metið stærðfræðileg líkön.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• greint á milli skilgreininga og setninga, milli einstakra tilvika og alhæfinga. Getur nýtt þá þekkingu til að kanna og ræða um stærðfræðileg hugtök, um tilgang og takmörk þeirra,</li> <li>• fundið, sett fram og afmarkað stærðfræðiþrautir bæði í tengslum við daglegt líf og viðfangsefni stærðfræðinnar, lagt mat á lausnirnar, m.a. með það að markmiði að alhæfa út frá þeim,</li> <li>• sett upp, túlkað og gagnrýnt stærðfræðilegt líkan af raunverulegum aðstæðum. Það getur m.a. falið í sér reikning, teikningar, myndrit, jöfnur og föll,</li> <li>• fundið rök fyrir og rætt um fullyrðingar um stærðfræði, skilið og metið röksemdir sem settar eru fram af öðrum og unnið með einfaldar sannanir.</li> </ul>

## Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<p><i>notað hugtök og táknmál úr stærðfræði og hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur til rannsókna og samræðu um stærðfræðileg viðfangsefni,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra,</li> <li>• túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál,</li> <li>• tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni,</li> <li>• notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.</li> </ul>	<p><i>notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar og hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum og tjáð sig bæði munnlega og skriflega um lausnir stærðfræðiverkefna,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað óformlega framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra,</li> <li>• túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli tákna máls, daglegs máls,</li> <li>• sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna,</li> <li>• valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.</li> </ul>	<p><i>notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg vandamál, rætt um lausnir og nýtt margvísleg hjálpartæki til stærðfræðilegra verka, þar með talin tölvutækni,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sett fram og notað mismunandi framsetningu sama fyrirbæris, hvort sem um er að ræða hlutbundna, myndræna, munnlega eða algebrulega framsetningu eða með töflu og grafi,</li> <li>• lesið úr táknmáli stærðfræðinnar, notað það á merkingarbæran hátt, t.d. þýtt af daglegu máli yfir á táknmál stærðfræðinnar og skilið þær leikreglur sem gilda um meðferð þess,</li> <li>• tjáð sig um stærðfræðileg efni munnlega, skriflega og myndrænt, af nákvæmni og túlkað framsetningu annarra á stærðfræðilegu efni,</li> <li>• valið og notað margvísleg verkfæri, þar með talin tölvutækni, gert sér grein fyrir möguleikum þeirra og takmörkunum, notað þau markvisst til að rannsaka stærðfræðileg efni og setja fram niðurstöður sínar.</li> </ul>

## Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<p><i>unnið einn og í samvinnu við aðra að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur og finna lausnir á viðfangsefnum, sem tengjast daglegu lífi með fjölbreyttum aðferðum og kynnt niðurstöður sínar, lesið og lagt mat á einfaldan stærðfræðitexta,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar,</li> <li>• kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum,</li> <li>• lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð,</li> <li>• undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði,</li> <li>• unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda,</li> <li>• notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga,</li> <li>• borið skynbragð á hvaða möguleikar og takmörk stærðfræðinnar eru til að lýsa veruleikanum.</li> </ul>	<p><i>unnið einn og í samvinnu við aðra að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur og finna lausnir á viðfangsefnum, sem tengjast samfélagi og umhverfi með fjölbreyttum aðferðum og kynnt niðurstöður sínar, lesið og lagt mat á stærðfræðitexta,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum,</li> <li>• rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni,</li> <li>• lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir,</li> <li>• undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði,</li> <li>• unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda,</li> <li>• þekki helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn,</li> <li>• áttað sig á möguleikum og takmörkum stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum.</li> </ul>	<p><i>unnið skipulega einn og í samvinnu við aðra að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur og finna lausnir, alhæfa um hvers kyns viðfangsefni með hjálp stærðfræðinnar, lesið og lagt mat á stærðfræðitexta, notað viðeigandi verkfæri s.s. tölvur og kynnt niðurstöður sínar,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í að þróa skipulega fjölbreyttar lausnaleiðir, m.a. með notkun upplýsingatækni,</li> <li>• rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt með það að markmiði að alhæfa um stærðfræðileg efni,</li> <li>• undirbúið og flutt munnlegar kynningar og skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði, m.a. með því að nota upplýsingatækni,</li> <li>• unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra stærðfræðiverkefna og gefið öðrum viðbrögð, m.a. með því að spyrja markvisst,</li> <li>• tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga og meta þær, finna lausnir, m.a. í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum, neyslu og þróun samfélagsins,</li> <li>• nýtt möguleika stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum og líkt eftir raunverulegum fyrirbrigðum, m.a. með notkun tölvutækni og gert sér grein fyrir hvenær slíkt er gagnlegt og við hæfi,</li> <li>• lesið stærðfræðilegan texta, skilið og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á táknmáli stærðfræðinnar.</li> </ul>



## Tölur og reikningur

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<p><i>skráð fjölda og reiknað með náttúrlegum tölum, tekið þátt í að þróa lausnaleyðir við útreikninga og skráð svör sín með tugakerfisrithætti,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman,</li> <li>• notað tugakerfisrithátt,</li> <li>• reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt,</li> <li>• tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi,</li> <li>• leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum,</li> <li>• gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi.</li> </ul>	<p><i>tjáð stærðir og hlutföll, reiknað með ræðum tölum, tekið þátt í að þróa lausnaleyðir við útreikninga, skráð svör sín með tugakerfisrithætti, nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman,</li> <li>• notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi,</li> <li>• skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu,</li> <li>• reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum,</li> <li>• tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi,</li> <li>• leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum,</li> <li>• notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum,</li> <li>• nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu.</li> </ul>	<p><i>notað rauntölur og reiknað með ræðum tölum, greint samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum, tekið þátt í að þróa lausnaleyðir, nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað rauntölur og greint samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum,</li> <li>• notað sætiskerfisrithátt og sýnt að hann skilur þær reglur sem gilda um hann,</li> <li>• gefið dæmi um mismunandi framsetningu hlutfalla og brota, skýrt sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu,</li> <li>• leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum,</li> <li>• tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi, nýtt vasareikni og tölvur í þeim tilgangi,</li> <li>• reiknað með ræðum tölum, m.a. við lausnir á jöfnum og öðrum viðfangsefnum algebru,</li> <li>• notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum,</li> <li>• nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim.</li> </ul>

## Algebra

### Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

kannað, búið til og tjáð sig um reglur í mynstrum á fjölbreyttan hátt og leyst einfaldar jöfnur,

- kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti,
- notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð,
- fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. með því að nota ápreifanlega hluti.

### Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

rannsakað mynstur, notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir, fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og notað reglur algebrunnar við reikning,

- rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á táknmáli algebrunnar,
- notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum,
- fundið lausnir á jöfnum og ójöfnum með óformlegum aðferðum, þ.e. notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu við reikning, bæði í huga og á blaði.

### Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

rannsakað mynstur og alhæft um þau, leyst jöfnur, notað breytistærðir og lýst sambandi þeirra með stæðum og föllum,

- unnið með talnarunur og rúmfræðimynstur til að rannsaka, koma skipulagi á og alhæfa um það á táknmáli algebrunnar og sett fram stæður með breytistærðum,
- leyst jöfnur og einfaldar ójöfnur, leyst saman jöfnur með fleiri en einni óþekktri stærð,
- ákvarðað lausnir á jöfnum og jöfnuhneppum með myndritum og lýst sambandi breytistærða með föllum.

## Rúmfræði og mælingar

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<p><i>notað og rannsakað hugtök úr rúmfræði, unnið með rúmfræðilegar færslur, búið til líkön og teiknað skýringarmyndir, áætlað og mælt ólíka mælieiginleika með stöðluðum og óstöðluðum mælieiningum,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu,</li> <li>• gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu,</li> <li>• unnið með mælikvarða og lögun,</li> <li>• áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða,</li> <li>• rannsakað og gert tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt með því að nota tölvur og hlutbundin gögn,</li> </ul>	<p><i>notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar og unnið með rúmfræðilegar færslur, einslögun og mælikvarða, búið til líkön og teiknað skýringarmyndir, áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða, áætlað og mælt lengd, flöt og rými og nýtt hnitakerfi, hlutbundin gögn og tölvur til þessara hluta,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði</li> <li>• rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn</li> <li>• notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það,</li> <li>• áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum,</li> <li>• rannsakað og gert tilraunir í rúmfræði með því að nota tölvur og hlutbundin gögn,</li> </ul>	<p><i>notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar, nýtt einslögun, hornareglur og hnitakerfi til að teikna og greina rúmfræðilega hluti, sett fram einföld rúmfræðileg rök, mælt og reiknað lengd, flöt og rými og nýtt tölvur til þessara hluta,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar þar með talin hugtök um stærðarhlutföll, innbyrðis afstöðu lína, færslur og fræðilega eiginleika tví- og þrívíðra forma,</li> <li>• teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, rannsakað, lýst og metið samband milli hlutar og teikningar af honum,</li> <li>• notað mælikvarða og unnið með einslaga form, útskýrt setningu Pýþagórasar og reglu um hornasummu í marghyrningi og beitt henni í margvíslegu samhengi. Einnig gert rannsóknir á réttthyrdum þríhyrningum og reiknað hliðarlengdir og horn út frá þekktum eiginleikum,</li> <li>• mælt ummál, flöt og rými, reiknað stærð þeirra og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu,</li> <li>• nýtt tölvur til að teikna, rannsaka og setja fram rök um rúmfræðilegar teikningar,</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>• speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn,</li> <li>• borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni,</li> <li>• tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sett fram einföld rúmfræðileg rök og sannanir og túlkað táknmál algebru með rúmfræði,</li> <li>• túlkað jöfnur í hnitakerfi og notað teikningar í hnitakerfi til að leysa þær.</li> </ul>
---	---	--

## Tölfræði og líkindi

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<p><i>gert rannsóknir á umhverfi sínu, unnið og lesið úr niðurstöðum sínum, sett upp í einföld myndrit, tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun, tilviljanir og líkur og gert einfaldar tilraunir með líkur,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið,</li> <li>• talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit,</li> <li>• tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra,</li> <li>• tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð,</li> <li>• gert einfaldar tilraunir með líkur og borið skynbragð á áhrif þeirra í spilum.</li> </ul>	<p><i>framkvæmt einfaldar tölfræðirannsóknir, unnið og lesið úr niðurstöðum sínum, sett upp í einföld myndrit, tekið þátt í umræðum um gögn og upplýsingar, dregið ályktanir um líkur og reiknað út líkur í einföldum tilvikum,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum,</li> <li>• gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim,</li> <li>• sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum,</li> <li>• dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur,</li> <li>• reiknað út líkur í einföldum tilvikum.</li> </ul>	<p><i>notað tölfræðihugtök til að skipuleggja, framkvæma og túlka tölfræðirannsóknir, framkvæmt og dregið ályktanir af tilraunum, þar sem líkur og tilviljun koma við sögu, notað einföld líkindahugtök og talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn,</li> <li>• skipulagt og framkvæmt einfaldar tölfræðikannanir og dregið ályktanir af þeim,</li> <li>• lesið, skilið og lagt mat á upplýsingar um líkindi sem birtar eru á formi tölfræði, t.d. í fjölmiðlum,</li> <li>• framkvæmt tilraunir þar sem líkur og tilviljun koma við sögu og túlkað niðurstöður sínar,</li> <li>• notað hugtök eins og skilyrtar líkur og óháðir atburðir, notað einfaldar talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum.</li> </ul>

## 25.3 Kennsluhættir og námsmat í stærðfræði

Hlutverk stærðfræðikennarans er að stuðla að því að nemendur öðlist hæfni í stærðfræði og skapa þeim aðstæður til merkingarbærs stærðfræðináms, þar sem nemendur eru virkir þátttakendur í að rannsaka, setja fram og sannreyna tilgátur. Stærðfræðikennarinn þarf að taka ríkan þátt í vinnu nemenda, skiptast á skoðunum við þá um verkefnin og vera þeim fyrirmynd í notkun stærðfræðilegs tungumáls og röksemda.

Kennarinn þarf að velja viðfangsefni sem eru þannig að nemendur geti notað þá þekkingu sem þeir búa yfir til að þróa aðferðir við að leysa þau. Verkefnin þurfa vera verðug og áhugaverð fyrir nemendur. Þau ættu þannig að skapa þörf til að smíða, þróa eða kynnast stærðfræði sem mikilvægt er að hafa vald á og hefur merkingu og gildi fyrir þá þegar þeir leysa þau. Nemendur þurfa að fá tækifæri til ihugunar og samskipta með því að bregðast við hugmyndum skólasystkina sinna og kennara um verkefnin. Einnig er mikilvægt að kennarinn stuðli að því, að lausnir nemenda uppfylli kröfur stærðfræðinnar um skýrleika og nákvæmni í hugtakanotkun og rökstuðningi.

Það er á ábyrgð stærðfræðikennarans að skapa aðstæður sem hvetja til náms, þar sem hugmyndir allra nemenda eru metnar að verðleikum. Í skólastofu, þar sem markmiðið er að nemendur öðlist skilning á stærðfræði, vinna þeir saman og greina, meta og byggja á framlagi hvers annars. Viðbrögð kennarans við hugmyndum nemenda og ólíkum lausnaleyðum þeirra hafa afgerandi áhrif á menninguna í skólastofunni og virðingu nemenda fyrir framlagi allra til að skapa öflugt námssamfélag. Mistök skapa nemendum tækifæri til að læra af þeim, greina hvað fór úrskeiðis og styrkja þannig skilning sinn á stærðfræði.

Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að fá að nota fjölbreytt verkfæri sem hjálpa þeim til að öðlast skilning á vinnubrögðum, hugtökum og reglum stærðfræðinnar. Áþreifanleg verkfæri og hvers kyns líkön auðvelda nemendum að skilja stærðfræðina ef þeir fá að handleika þau og nota til að leysa verkefni. Lestur stærðfræðitexta og frásagnir nemenda, bæði munnlegar og skriflegar, eru verkfæri þeirra til að skerpa skilning sinn og öðlast hæfni í að nýta stærðfræði sem tæki til lausna.

Í skólastofu, þar sem komnir eru saman nemendur með ólíkar forsendur til náms, gefur kennarinn til kynna að virða beri alla með því að hlusta vandlega á þær hugmyndir sem hver og einn hefur fram að færa. Það er öflug leið til að stuðla að jafnrétti. Kennarar og nemendur fá þá tækifæri til að kynnast hugmyndum ólíkra einstaklinga og þær ber að meta að verðleikum.

Erfitt er að sjá fyrir hvers konar þekkingu verður mikilvægt að hafa vald á þegar börn, sem eru að byrja í skóla, verða fullorðin. Við vitum þó að þeir sem hafa stærðfræði á valdi sínu geta beitt henni til athafna, áhrifa og nýsköpunar við fjölbreytilegar aðstæður og nýtt hana til hagnýtingar í daglegu lífi, t.d. til að taka ábyrgð á eigin fjármálum og

neyslu. Nemendur í grunnskóla þurfa að læra stærðfræði sér til skilnings og að hún hafi merkingu í huga þeirra. Kennsluhættir skulu taka mið af því að stærðfræði er skapandi grein og öflugt tæki til röksemdafærslu og gagnrýnnar hugsunar. Nemendur þurfa að vera virkir þátttakendur í merkingarsköpun, deila hugmyndum sínum með öðrum og læra á uppbyggjandi hátt af eigin framlagi og annarra.

Megintilgangur námsmats í stærðfræði er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð settum markmiðum. Fylgst er með hvernig nemendum tekst að ná þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram fyrir stærðfræði og nemendur eru örvaðir til framfara. Mat á hæfni og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi og órjúfanlegur frá námi og kennslu. Námsmat veitir upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir og gefur kennurum mikilvægar upplýsingar við skipulag kennslu og mótun náms.

Við mat á námi skal leitast við að finna hvað nemandinn getur og matsverkefni þarf að setja þannig fram að hann geti sýnt þekkingu sína. Kennarar þurfa að hjálpa nemendum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum stærðfræðináms og hvernig miðar í átt að þeim. Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat, sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum, til að nálgast eigin markmið og ákveða hvert skal stefna. Leiðsagnarmat miðar ekki að því að fella dóm um frammistöðu, heldur að hjálpa nemanda að bæta sig, með uppbyggjandi endurgjöf og leiðsögn. Leiðsagnarmat aðstoðar kennara við að fylgjast með þroska nemanda og námsframvindu.

Nemendum þurfa að vera ljósar forsendur fyrir matinu, það þarf að vera samræmi milli þess og hæfniviðmiða og áherslu í kennslu. Skilgreina þarf námsmarkmið og vægi námsþátta í upphafi námstímabils, svo að nemendum sé fullljóst að hverju beri að stefna, hvað eigi að mæla og hvernig verði metið.

Meta þarf fjölbreytta hæfni nemenda og sérstaklega ber að gæta þess að einstakir námsþættir fái ekki óeðlilega mikið vægi. Form námsmatsverkefna þarf að vera fjölbreytt og í samræmi við kennslutilhögun. Þannig séu metin munnleg, verkleg og skrifleg verkefni, stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir, einstaklingsverkefni og hópverkefni. Jafnframt verkefni sem unnin eru heima og í skóla. Í heimaverkefnum er æskilegt að nýta fjölbreytta möguleika á heimili nemenda til að leysa ýmis verkefni í samráði við heimilin, t.d. hvað varðar þætti sem snerta fjámál og neyslu.

Til að sýna hæfni í stærðfræði ættu nemendur að fást við heildstæð verkefni, þar sem þeir leita upplýsinga, rannsaka, vinna úr gögnum og túlka niðurstöður sínar. Verkefnum geta nemendur skilað með kynningum og sýningum á niðurstöðum sínum, fyrirlestrum og greinargerðum, þar sem tölvu- og upplýsingatækni nýtist sem miðill. Verkefnin þarf að meta á eigin forsendum og gefa eðlilegt vægi í heildarmati.

Sjálfsmat, bæði einstaklinga og hópa, og jafningjamat er eðlilegur hluti af námsmati. Viðtöl kennara við nemendur eru gagnleg leið til að fá upplýsingar um þekkingu þeirra og skilning á stærðfræði. Mappa, t.d. rafræn, eða vinnubók, þar sem nemandi safnar saman verkefnum og úrlausnum, getur hentað vel til að fá yfirsýn yfir framfarir hans. Námsmat þarf að taka tillit til sérparfa nemenda og sértækra námsörðugleika þeirra, m.a. með lengri tíma til að leysa verkefni, notkun sérstakra hjálpargagna, aðstoð og munnlegu námsmati.

Viðhorf nemenda má kanna með viðtölum og spurningalistum um stærðfræðilega hæfni, einstaka námsþætti, vinnuaðferðir og til námsins í heild. Enn fremur getur skipuleg athugun með gátlistum gefið vísbendingu um viðhorf nemenda og framfarir. Mappa, þar sem nemandi safnar bestu verkefnum sínum, gæti stuðlað að jákvæðu sjálfsmati, auknu sjálfstrausti og verið vitnisburður um viðhorf nemandans. Mikilvægt er að virkja foreldra til þátttöku í stærðfræðináminu, að þeir styðji sem best við námið og fái reglulega upplýsingar um kennsluna og námsmat.

## **25.4 Matsviðmið fyrir stærðfræði við lok grunnskóla**

Í aðalnámskrá eru matsviðmið við lok grunnskóla sett fram bæði fyrir námsgreinar, námssvið og lykilhæfni. Matsviðmið eru lýsing á, hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni, á valdi sínu. Matsviðmiðin eiga einungis við um 10. bekk, til að styðja við námsmat, við lok grunnskóla. Gert er ráð fyrir að skólar setji matsviðmið fyrir aðra árganga og geri grein fyrir þeim í skólanámskrá. Matsviðmiðin við lok 10. bekkjar lýsa hæfni á kvarða sem birtur er í aðalnámskrá: Notaður er kvarðinn A, B, C, D, þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C.

Matsviðmið í flokki B eru byggð á hæfniviðmiðum fyrir 10. bekk og framsetning þeirra er með þeim hætti, að gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem þar er tilgreind. A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C fá þeir sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D, því sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda. Hvert matsviðmið er almenn lýsing á hæfni nemanda.

Við lokamat skiptir mestu að kennarar meti það sem til var ætlast samkvæmt hæfniviðmiðum, fullvissi sig um að matsniðurstöður séu byggðar á traustum gögnum og noti fjölbreyttar aðferðir við söfnun gagna til þess að veita nemendum, foreldrum þeirra og skólanum sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra. Kennarar geta þannig fengið betri innsýn í nám hvers nemanda. Til að fá nákvæma niðurstöðu, svo sem úr samræðum eða vettvangsathugun, getur skipt máli að kennarar vinni saman við að skoða matsgögn nemenda og hafi til þess skýr viðmið.

Þennan matskvarða er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk. Skólar ákveða, að öðru leyti, hvernig þeir haga námsmati og einkunnagjöf eða vitnisburði nemenda í öðrum árgöngum. Vitnisburður við lok 10. bekkjar er hafður til hliðsjónar við innritun nemenda í framhaldsskóla og val á námsbrautum.

Eftirfarandi atriði geta komið að góðum notum til að auka áreiðanleika og réttmæti í mati.

- Setja skýr viðmið eða gera grein fyrir því hvað á að meta.
- Velja matsþætti sem hæfa vel hæfniviðmiðum, námsefni og kennsluaðferðum.
- Undirbúa lýsingu á því sem á að meta eða sýna dæmi um vel unnin verkefni.
- Huga vel að því að verkefni séu í samræmi við viðmið.
- Vera vakandi yfir atriðum sem geta skekkt niðurstöður.
- Hafa skýrar leiðbeiningar um matsaðferðir, úrvinnslu og túlkun gagna.

## Matsviðmið

Nemandi getur tjáð sig á **skýran** og **fjölbreyttan** hátt um stærðfræðileg efni og um veruleikann með tungumáli stærðfræðinnar. Útskýrt hugsun sína fyrir öðrum á **greinagóðan** hátt, leitað lausna og sett viðfangsefni fram á **fjölbreyttan** og **nákvæman** stærðfræðilegan hátt með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og röksemdafærslu. Sett fram, greint, túlkað og metið stærðfræðileg líkön af öryggi á **gagnrýninn** og **skýran** hátt.



Notað af **öryggi** hugtök og táknafræðingur til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg verkefni og rætt **gagnrýnið** um lausnir, valið og nýtt ólík hjálpatæki til stærðfræðilegra verka, þar með talin tölvutækni.

Unnið **sjálfstætt** og **skipulega** við að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur, finna lausnir og alhæfa um hvers kyns viðfangsefni með hjálp stærðfræðinnar. Lesið og lagt **gagnrýnið** mat á stærðfræðitexta. Valið og notað viðeigandi verkfæri, s.s. tölvur og kynnt niðurstöður sínar á **skýran** og **greinagóðan** hátt.

Notað rauntölur og reiknað af **öryggi** með ræðum tölum, greint af öryggi samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum. Verið **leiðandi** í að þróa lausnaleyðir, nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu af **sveigjanleika** við útreikninga og mat á þeim.

Rannsakað **skipulega** mynstur og **alhæft** um þau, leyst jöfnur af **öryggi**, notað breytistærðir á **sveigjanlegan** hátt og lýst sambandi þeirra með stæðum og föllum.



Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar af **öryggi** og á **fjölbreyttan** hátt. Nýtt einslögun, hornareglur og hnitakerfi til að teikna, greina og skapa rúmfræðilega hluti. Sett fram **nákvæm** rúmfræðileg rök, mælt og reiknað lengd, flöt og rými af **öryggi** og nýtt tölvur til þessara hluta.

Notað tölfræðihugtök af **öryggi** við að skipuleggja, framkvæma og túlka tölfræðirannsóknir. Framkvæmt og dregið ályktanir á **sjálfstæðan** og **gagnrýninn** hátt af tilraunum, þar sem líkur og tilviljun koma við sögu. Notað líkindahugtök og talningar **af öryggi** til að reikna og túlka líkur á atburðum.

## B

Nemandi getur tjáð sig á **skýran** hátt um stærðfræðileg efni og um veruleikann með tungumáli stærðfræðinnar. Útskýrt hugsun sína fyrir öðrum, leitað lausna og sett viðfangsefni fram á **fjölbreyttan** stærðfræðilegan hátt, með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og röksemdafærslu. Sett fram, greint, túlkað og metið stærðfræðileg líkön á **skýran** hátt.

Notað hugtök og táknumál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg verkefni og rætt um lausnir og nýtt ólík hjálpatæki til stærðfræðilegra verka, þ.m.t. tölvutækni.

Unnið **skipulega** að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur, finna lausnir og alhæfa um hvers kyns viðfangsefni með hjálp stærðfræðinnar. Lesið og lagt mat á stærðfræðitexta, notað viðeigandi verkfæri s.s. tölvur og kynnt niðurstöður sínar á **skýran** hátt.

Notað rauntölur og reiknað með ræðum tölum, **greint** samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum. Tekið þátt í að þróa eigin lausnaleyðir, nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim.

Rannsakað mynstur og alhæft um þau, leyst jöfnur, notað breytistærðir og lýst sambandi þeirra með stæðum og föllum.

Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar á **fjölbreyttan** hátt. Nýtt einslögun, hornareglur og hnitakerfi til að teikna, greina og skapa rúmfræðilega hluti. Sett fram **einföld** rúmfræðileg rök, mælt og reiknað lengd, flöt og rými og nýtt tölvur til þessara hluta.

Notað tölfræðihugtök til að skipuleggja, framkvæma og túlka tölfræðirannsóknir. Framkvæmt og dregið ályktanir af tilraunum, þar sem líkur og tilviljun koma við sögu. Notað líkindahugtök og talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum.



Nemandi getur tjáð sig að **nokkuð vel** um stærðfræðileg efni og um veruleikann með tungumáli stærðfræðinnar. Útskýrt hugsun sína fyrir öðrum, leitað lausna og sett stærðfræðileg viðfangsefni fram, með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og einfaldri röksemdafærslu. Fylgt og sett fram, greint, túlkað og metið stærðfræðileg líkön á einfaldan hátt.

Notað að **vissu marki** hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa einföld hversdagsleg verkefni og rætt um lausnir og nýtt ólík hjálpatæki til stærðfræðilegra verka, þ.m.t. tölvutækni.

Getur að vissu marki unnið að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur og finna lausnir með hjálp stærðfræðinnar. Lesið og lagt að **vissu marki** mat á stærðfræðitexta, notað verkfæri s.s. tölvur og kynnt niðurstöður sínar á **viðeigandi hátt**.

Notað rauntölur og reiknað með ræðum tölum, skráð svör sín með tugakerfisrithætti og tekið þátt í að þróa eigin lausnaleiðir. Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur.

Rannsakað mynstur, leyst **einfaldar** jöfnur, reiknað með breytistærðum og notað reglur algebrunnar við reikning.

Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar á **að vissu marki**. Nýtt einslögun, hornareglur og hnitakerfi til að teikna, greina og skapa rúmfræðilega hluti. Sett fram **einföld** rúmfræðileg rök **undir leiðsögn**, mælt og reiknað lengd, flöt og rými og nýtt tölvur til þessara hluta.

Notað tölfræðihugtök við að skipuleggja, framkvæma og túlka tölfræðirannsóknir undir **leiðsögn**. Framkvæmt og dregið ályktanir af tilraunum, þar sem líkur og tilviljun koma við sögu. Notað **einföld** líkindahugtök og talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum.

## UPPLÝSINGA- OG TÆKNIMENNT

# 26

Gerð er grein fyrir menntagildi og megintilgangi námssviðsins upplýsinga- og tæknimenntar í þessum kafla. Tekið er mið af þeim sex grunnþáttum, sem fjallað er um í 2. kafla, áhersluþáttum í námi sem fjallað er um í 6. kafla og lykilhæfni sem skilgreind er í kafla 9.4 og í 18. kafla. Sett eru fram hæfniviðmið fyrir nemendur við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Í framhaldi er fjallað um kennsluhætti og námsmat í greininni. Tekur sú umfjöllun mið af þeim áherslum sem birtast í hæfniviðmiðunum. Á grundvelli hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar. Skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla. Í lok kaflans eru sett fram matsviðmið, sem nýtt skulu eftir því sem við á, til að lýsa hæfni nemanda í upplýsinga- og tæknimennt við lok grunnskóla.

### 26.1 Menntagildi og megintilgangur upplýsinga- og tæknimenntar

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér; miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Hugtakið upplýsinga- og miðlalæsi má skilgreina, sem getuna til að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim, leggja á þær gagnrýnið mat, og auka þannig þekkingu sína og nýta með ýmsum miðlum til að ná tilteknu markmiði. Einnig felst í upplýsinga- og miðlalæsi geta til að nálgast og nota upplýsingar í samræmi við siðferðileg viðmið um höfundarétt. Þannig getur nemandi öðlast hæfni í að tileinka sér, umskrifa og skapa þekkingu, miðla henni á fjölbreyttan hátt í samræmi við eðli tækninnar og stafrænt umhverfi. Mikilvægt er að taka tillit til grunnþátta menntunar, sem settir eru fram í almennum hluta aðalnámskrár og tengsl þeirra við upplýsinga- og tæknimennt. Við skipulagningu námsins skulu öll hæfniviðmið

höfð í huga og sá rammi, sem námssviðinu er markaður í viðmiðunarstundaskrá í almennum hluta aðalnámskrár. Mikilvægt er að nemendur skilji, að upplýsinga- og miðlalæsi er ferli, sem þeir efla alla ævi, bæði í námi og starfi.

Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin felur m.a. í sér getu til að nýta ýmis tæki, tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir, tæknilæsi að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni, upplýsingalæsi felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýnninn og skapandi hátt og miðlalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð. Nemendur verða þannig læsir á texta, myndir og töluleg gögn, ná góðri tæknifærni, fingrasetningu og hæfni á sviði upplýsinga- og miðlalæsis. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi öðlast víðtæka hæfni á sviði upplýsinga- og miðlalæsis við lok grunnskóla. Þeir eiga að vera ábyrgir fyrir eigin námsframvindu og sýna hæfni í vinnubrögðum, bæði í sjálfstæðri vinnu og samvinnu. Upplýsingamennt er mikilvæg fyrir virkan þjóðfélagsþegn í lýðræðisþjóðfélagi og aðstoðar hann við að standa vörð um hvers konar mannréttindi og að koma sjónarmiðum sínum þar að lútandi á framfæri á fjölbreyttan hátt. Upplýsingatækni stuðlar að sveigjanleika, jafnrétti í námi og gefur rými til sköpunar á mörgum sviðum.

Þjálfar þarf hvern nemanda markvisst í upplýsinga- og miðlalæsi alla skólagönguna. Samhliða nýtingu upplýsinga- og samskiptatækni á Netinu er nauðsynlegt að þeir þekki helstu reglur um örugg samskipti á stafrænum miðlum og höfundarétt. Þeir eiga jafnframt að virða siðferði í meðferð upplýsinga og heimilda og sýna víðtæka hæfni í notkun tækni og miðlunar.

Nemandi þarf að búa sig undir virka þátttöku í nærsamfélagi jafnt sem alþjóðasamfélagi, þar sem samskipti, samvinna og alþjóðatengsl gegna mikilvægu hlutverki. Nemandi þarf að þekkja helstu leiðir að öruggum netsamskiptum og standa vörð um gott siðferði í öllu námi. Með því að veita hverjum nemanda heildstæða sýn og þjálfun í vinnubrögðum, í tengslum við flest svið samfélagsins, s.s. vísindi, listir og fræði, eykst hæfni hans til að bregðast við síbreytilegu umhverfi.

Í lögum um grunnskóla er fjallað um skólasafnið sem upplýsingamiðstöð, sem á að vinna að bættri menntun allra nemenda í nánnum tengslum við skólasamfélagið. Á skólasafni, sem einnig gengur undir nöfnunum upplýsingamiðstöð eða upplýsingaver, er gert ráð fyrir samvinnu milli námsgreina og námssviða, þar sem nemendur geta nýtt fjölbreytt tæki og gögn í ýmsu formi í námi sínu. Skapast þar vettvangur til að efla læsi nemenda í víðum skilningi og þjálfar þá í að beita upplýsingatækni. Lögð er jafnframt áhersla á að nýta fjölbreytt gögn, s.s. bækur, búnað, tölur og margvíslegan hugbúnað til þekkingaröflunar, sköpunar og miðlunar.

## 26.2 Hæfniviðmið í upplýsinga- og tæknimennt

Hæfniviðmiðin eru sett fram í fimm flokkum. Þó að viðmiðin séu flokkuð á þennan hátt, er mikilvægt að líta á þau sem heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu viðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfelld ferli og skapandi athöfn, fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni. Skilgreining hæfniviðmiðanna er þannig:

### Vinnulag og vinnubrögð

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms,</li> <li>• nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag,</li> <li>• sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn,</li> <li>• gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði,</li> <li>• beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum,</li> <li>• nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám,</li> <li>• sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum,</li> <li>• nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt,</li> <li>• beitt réttri fingrasetningu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar,</li> <li>• unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu,</li> <li>• unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum,</li> <li>• nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt,</li> <li>• beitt réttri fingrasetningu.</li> </ul>

## Upplýsingaöflun og úrvinnsla

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu,</li> <li>nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni,</li> <li>unnið með heimildir,</li> <li>nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna,</li> <li>nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélur við markvissa öflun upplýsinga við hæfi,</li> <li>nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt,</li> <li>verið gagnrýnninn á gæði ýmissa upplýsinga,</li> <li>unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá,</li> <li>nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða,</li> <li>nýtt hugbúnað/forrit við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit,</li> <li>nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni,</li> <li>beitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra,</li> <li>unnið með heimildir, virt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum,</li> <li>nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang,</li> <li>nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum.</li> </ul>

## Tækni og búnaður

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna,</li> <li>notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu,</li> <li>nýtt hugbúnað við einfalda vefsmíð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna,</li> <li>nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu,</li> <li>nýtt hugbúnað/forrit við vefsmíðar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna,</li> <li>nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda,</li> <li>nýtt hugbúnað/forrit við fjölbreyttar vefsmíðar</li> </ul>

## Sköpun og miðlun

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>lýst á einfaldan hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi,</li> <li>notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>rætt og útskýrt á gagnrýnn hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi,</li> <li>nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>útskýrt einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu,</li> <li>nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.</li> </ul>

## Siðferði og öryggismál

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> <li>sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga,</li> <li>farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu,</li> <li>farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu,</li> <li>nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð</li> </ul>

## 26.3 Kennsluhættir og námsmat í upplýsinga- og tæknimennt

Í upplýsinga- og tæknimennt er unnið með upplýsinga- og miðlalæsi, sem þverfaglegt námssvið. Unnin eru raunhæf verkefni sem samþættast sem flestum námsgreinum og námssviðum. Áhersla er lögð á að kynna nemendum tækni og aðferðir við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga í tengslum við annað nám.

Upplýsingaver styður þessa þætti og gegnir þannig lykilhlutverki við að efla upplýsinga- og tæknilæsi, stuðla að fjölbreytni í kennsluháttum og bæta aðgengi allra að námi við hæfi. Þar fá nemendur þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum, læra að afla sér þekkingar, vega hana og meta, skapa nýja, umbreyta og miðla henni á fjölbreyttan hátt. Hugtakið upplýsingaver er þekkt í skólakerfinu en einnig undir öðrum heitum, svo sem þekkingar-eða gagnasmiðja, skólasafn og fleira. Í upplýsingaveri er gert ráð fyrir samvinnu kennara og annars fagfólks á sviði upplýsinga- og samskiptatækni og læsis. Til að nemendur

öðlist hæfni í upplýsinga- og miðlalæsi er mikilvægt að þeir eigi möguleika á þverfaglegri samvinnu kennara og fagfólks á sviði upplýsinga- og tæknimenntar.

Nemendur þurfa að læra að nýta tæknina, átta sig á eðli hennar og uppbyggingu, auka skilning sinn á henni, t.d. með hönnun og þróun hugbúnaðar. Þannig styrkja þeir og hagnýta þekkingu sína á þessu sviði. Nemendur þurfa þjálfun í að afla upplýsinga á ýmsu formi og vera læsir á margs konar gögn, m.a. töflur og myndrit. Þeir þurfa að læra að nýta sér upplýsingatækni við uppbyggingu og frágang ritsmíðar og búa yfir færni í fingrasetningu. Nemendur þurfa að læra á ýmis konar framsetningar- og miðlunarhugbúnað, sem gerir þeim kleift að miðla þekkingu á fjölbreyttan hátt, s.s. með framsögn, ritsmíð eða stafrænni miðlun með hljóði og mynd.

Með þverfaglegri samvinnu upplýsingavers við ýmsar námsgreinar og námssvið, notkun fjölbreyttra námsgagna og tækni má koma til móts við þarfir nemenda með hliðsjón af áhugasviði þeirra og getu. Þessa samvinnu þarf að hefja fyrstu árin á skólagöngunni, til að efla jafnt og þétt upplýsinga- og miðlalæsi nemenda. Þegar nemendur vinna að viðfangsefnum sem krefjast sköpunar, hugvits og útsjónarsemi er mikilvægt að eiga kost á samvinnu við upplýsingaver skólans. Sú samvinna getur verið með stuðningi við öflun gagna fyrir leitarnám, með tengingu við þverfaglegt verkefni, þar sem unnið er að tækniatriðum á sviði læsis og tæknikunnáttu, eða öðrum þörfum nemenda sinnt. Þjóða þarf nemendum margvíslegar úrvinnsluleiðir við verkefnavinnu, aðgengi að fjölbreyttum námsgögnum með því að nýta Netið og vefmiðla, stuðla að samskiptum nemenda við aðila utan skólans í samræmi við markmið hverju sinni.

Samvinna í upplýsingaveri milli námsgreina og námssviða, stuðlar að sköpun nýrrar þekkingar. Með samvinnunni ætti hver nemandi að fá betri kennslu og eiga möguleika á að tileinka sér hæfni á fjölbreyttari hátt miðað við eigin þarfir og áhugasvið. Ör þróun á sviði stafrænnar miðlunar, upplýsinga- og samskiptatækni og gagnvirkra samskipta eykur þörfina á að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda.

Misjafnt er hvernig eða hvar vinna í upplýsingaveri fer fram. Hún getur ýmist verið á skólasafni, í samvinnu við tölvuver eða með notkun tækja og búnaðar í stofu bekkjarins, í rými sem notað er til sjálfstæðrar eða stýrðrar vinnu. Vinnan getur einnig farið fram á mismunandi svæðum. Með upplýsingaverinu skapast jafnframt tækifæri til frekari samvinnu, s.s. við almenningssöfn, önnur upplýsingaver og í gegnum verkefni á sviði upplýsingatækni og miðlunar, sem unnin eru í skólanum. Upplýsingaver veitir nemendum möguleika á að vinna á fjölbreytilegan hátt, bæði sjálfstætt og í hópi undir leiðsögn kennara og annars fagfólks. Þar gefast tækifæri til að bjóða fram flókin verkefni, einstaklingsmiðun, möguleika fyrir nemendur til að vinna í takt við eigið áhugasvið og þarfir.

Efla má upplýsinga- og miðlalæsi nemenda með samþættingu náms- sviðsins við ýmsar námsgreinar og námssvið og tengja raunhæfum verkefnum. Til dæmis má



auðveldlega tengja vinnu með nýjustu upplýsingar, tölur og heimildir innan samfélags- og náttúrugreina við upplýsinga- og tæknimennt. Það er ekki nóg að nemendur kunni að leita upplýsinga, ef þeir kunna ekki að veða þær og meta. Miðla þeim í samræmi við lög og reglur um höfundarétt og siðferði í heimildavinnu. Samstarfið getur leitt til nýsköpunar og hagnýtrar þekkingar, veitt tækifæri til þróunar á búnaði og forritunar.

Í upplýsinga- og tæknimennt er lögð áhersla á þverfaglega samvinnu við önnur námssvið. Þegar um samþætt nám er að ræða er mikilvægt að allir, sem koma að kennslunni, sinni námsmáti en umsjónar- eða faggreinakennari tekur þó meginábyrgð á því. Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem kennsluhættir og námsmat byggjast á. Mikilvægt er að námsmat sé alhliða, nái til allra færniþátta, endurspegli hæfniviðmiðin og viðfangsefni námsins. Í námsferlinu sé metin hæfni nemandans til að afla upplýsinga, ígrundunar, sjálfstæðis í vinnubrögðum og ábyrgðar á eigin námsframvindu. Mikilvægt er að námsmat sé fjölbreytt, það byggji á virkni nemandans og þeirri afurð sem unnið er með, hvort sem er í formi ritunar, hljóðvinnslu, tónvinnslu og myndvinnslu eða annars konar miðlunar. Þannig séu metin margvísleg verkefni nemandans, svo sem framsögn, fyrirlestrar, kynningar, ritmið, stafræn miðlun með hljóð og mynd eða öðrum hætti. Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat, sem gefur upplýsingar um hver staða nemandans er, hvort hann þurfi aðstoð og hvernig megi örva hann til frekari framfara. Fylgjast þarf vel með framvindu námsins og að nemandi njóti leiðsagnar alls þess fagfólks, sem að kennslunni kemur. Þeir sem að kennslu hans koma gefi umsögn um stöðu hans við að ná markmiðum sínum innan námsgreinarinnar og hæfni á sviði upplýsinga- og tæknimenntar.

## 26.4 Matsviðmið fyrir upplýsinga- og tæknimennt við lok grunnskóla

Í aðalnámskrá eru matsviðmið við lok grunnskóla sett fram bæði fyrir námsgreinar, námssvið og lykilhæfni. Matsviðmið eru lýsing á, hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni, á valdi sínu. Matsviðmiðin eiga einungis við um 10. bekk, til að styðja við námsmat, við lok grunnskóla. Gert er ráð fyrir að skólar setji matsviðmið fyrir aðra árganga og geri grein fyrir þeim í skólanámskrá. Matsviðmiðin við lok 10. bekkjar lýsa hæfni á kvarða sem birtur er í aðalnámskrá: Notaður er kvarðinn A, B, C, D, þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C.

Matsviðmið í flokki B eru byggð á hæfniviðmiðum fyrir 10. bekk og framsetning þeirra er með þeim hætti, að gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem þar er tilgreind. A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C fá þeir sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D, því sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemandans. Hvert matsviðmið er almenn lýsing á hæfni nemandans.

Við lokamat skiptir mestu að kennarar meti það sem til var ætlast samkvæmt hæfniviðmiðum, fullvissi sig um að matsniðurstöður séu byggðar á traustum gögnum og noti fjölbreyttar aðferðir við söfnun gagna til þess að veita nemendum, foreldrum þeirra og skólanum sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra. Kennarar geta þannig fengið betri innsýn í nám hvers nemanda. Til að fá nákvæma niðurstöðu, svo sem úr samræðum eða vettvangsathugun, getur skipt máli að kennarar vinni saman við að skoða matsgögn nemenda og hafi til þess skýr viðmið.

Þennan matskvarða er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk. Skólar ákveða, að öðru leyti, hvernig þeir haga námsmati og einkunnagjöf eða vitnisburði nemenda í öðrum árgöngum. Vitnisburður við lok 10. bekkjar er hafður til hliðsjónar við innritun nemenda í framhaldsskóla og val á námsbrautum.

Eftirfarandi atriði geta komið að góðum notum til að auka áreiðanleika og réttmæti í mati.

- Setja skýr viðmið eða gera grein fyrir því hvað á að meta.
- Velja matsþætti sem hæfa vel hæfniviðmiðum, námsefni og kennsluaðferðum.
- Undirbúa lýsingu á því sem á að meta eða sýna dæmi um vel unnin verkefni.
- Huga vel að því að verkefni séu í samræmi við viðmið.
- Vera vakandi yfir atriðum sem geta skekkt niðurstöður.
- Hafa skýrar leiðbeiningar um matsaðferðir, úrvinnslu og túlkun gagna.

## Matsviðmið

# A

Nemandi getur nýtt sér **af öryggi** margskonar tæknibúnað, hugbúnað, forrit og gögn á ábyrgan og skapandi hátt. Nýtt **mjög vel** hugbúnað og forrit við uppsetningu ritsmíða og tölulegra gagna. Á **ábyrgan og gagnrýninn hátt** vegið og metið gæði upplýsinga til þekkingarmiðlunar, virt siðferði í heimildarvinnu og unnið með heimildir eftir viðukenndum aðferðum. Nýtt sér **mjög vel** möguleika rafræns stuðnings- og námsefnis á ýmsu formi.

# B

Nemandi getur nýtt sér margskonar tæknibúnað, hugbúnað, forrit og gögn á **ábyrgan og skapandi hátt**. Nýtt **vel** hugbúnað og forrit við uppsetningu ritsmíða og tölulegra gagna. Á **ábyrgan** hátt vegið og metið gæði upplýsinga til þekkingarmiðlunar, virt siðferði í heimildarvinnu og unnið með heimildir eftir viðukenndum aðferðum. Nýtt sér **vel** möguleika rafræns stuðnings- og námsefnis á ýmsu formi.

# C

Nemandi getur nýtt sér að **nokkru leyti** margskonar tæknibúnað, hugbúnað, forrit og gögn á ábyrgan og skapandi hátt. Nýtt sér **sæmilega** hugbúnað og forrit við uppsetningu ritsmíða og tölulegra gagna. **Að vissu marki** vegið og metið gæði upplýsinga til þekkingarmiðlunar, virt siðferði í heimildarvinnu og unnið með heimildir eftir viðukenndum aðferðum. Nýtt sér nokkuð vel möguleika rafræns stuðnings- og námsefnis á ýmsu formi.

### 27.1 Matsviðmið við lok yngsta stigs

Í aðalnámskrá eru matsviðmið við lok yngsta stigs sett fram fyrir námsgreinar, námssvið og lykilhæfni. Matsviðmið eru lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu. Matsviðmiðin eiga einungis við um 4. bekk til að styðja við námsmat við lok yngsta stigs. Gert er ráð fyrir að skólar setji matsviðmið fyrir aðra árganga og geri grein fyrir þeim í skólanámskrá. Matsviðmiðin við lok yngsta stigs lýsa hæfni á kvarða sem birtur er í aðalnámskrá. Notaður er kvarðinn A, B, C, D, þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C.

Matsviðmið í flokki B eru byggð á hæfniviðmiðum fyrir 4. bekk og framsetning þeirra er með þeim hætti að gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem þar er tilgreind. A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C fá þeir sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B-viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D því sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C-viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda. Hvert matsviðmið er almenn lýsing á hæfni nemanda.

Við lokamat skiptir mestu að kennarar meti það sem til var ætlast samkvæmt hæfniviðmiðum, fullvissi sig um að matsniðurstöður séu byggðar á traustum gögnum og noti fjölbreyttar aðferðir við söfnun gagna til þess að veita nemendum, foreldrum þeirra og skólanum sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra. Kennarar geta þannig fengið betri innsýn í nám hvers nemanda. Til að fá nákvæma niðurstöðu, svo sem úr samræðum eða vettvangsathugun, getur skipt máli að kennarar vinni saman við að skoða matsgögn nemenda og hafi til þess skýr viðmið.

Þessum matsviðmiðum er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skóla við mat á námi nemenda á yngsta stigi. Eftirfarandi atriði geta komið að góðum notum til að auka áreiðanleika og réttmæti í mati.

- Setja skýr viðmið eða gera grein fyrir því hvað á að meta.
- Velja matsþætti sem hæfa vel hæfniviðmiðum, námsefni og kennsluaðferðum.
- Undirbúa lýsingu á því sem á að meta eða sýna dæmi um vel unnin verkefni.
- Huga vel að því að verkefni séu í samræmi við viðmið.
- Vera vakandi yfir atriðum sem geta skekkt niðurstöður.
- Hafa skýrar leiðbeiningar um matsaðferðir, úrvinnslu og túlkun gagna.

## 27.2 Matsviðmið við lok miðstigs

Í aðalnámskrá eru matsviðmið við lok miðstigs sett fram fyrir námsgreinar, námssvið og lykilhæfni. Matsviðmið eru lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu. Matsviðmiðin eiga einungis við um 7. bekk til að styðja við námsmat við lok miðstigs. Gert er ráð fyrir að skólar setji matsviðmið fyrir aðra árganga og geri grein fyrir þeim í skólanámskrá. Matsviðmiðin við lok miðstigs lýsa hæfni á kvarða sem birtur er í aðalnámskrá: Notaður er kvarðinn A, B, C, D, þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C.

Matsviðmið í flokki B eru byggð á hæfniviðmiðum fyrir 7. bekk og framsetning þeirra er með þeim hætti að gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem þar er tilgreind. A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C fá þeir sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B-viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D því sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C-viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda. Hvert matsviðmið er almenn lýsing á hæfni nemanda.

Við lokamat skiptir mestu að kennarar meti það sem til var ætlast samkvæmt hæfniviðmiðum, fullvissi sig um að matsniðurstöður séu byggðar á traustum gögnum og noti fjölbreyttar aðferðir við söfnun gagna til þess að veita nemendum, foreldrum þeirra og skólanum sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra. Kennarar geta þannig fengið betri innsýn í nám hvers nemanda. Til að fá nákvæma niðurstöðu, svo sem úr samræðum eða vettvangsathugun, getur skipt máli að kennarar vinni saman við að skoða matsgögn nemenda og hafi til þess skýr viðmið.

Þessum matsviðmiðum er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skóla við mat á námi nemenda á miðstigi. Eftirfarandi atriði geta komið að góðum notum til að auka áreiðanleika og réttmæti í mati.

- Setja skýr viðmið eða gera grein fyrir því hvað á að meta.
- Velja matsþætti sem hæfa vel hæfniviðmiðum, námsefni og kennsluaðferðum.
- Undirbúa lýsingu á því sem á að meta eða sýna dæmi um vel unnin verkefni.
- Huga vel að því að verkefni séu í samræmi við viðmið.
- Vera vakandi yfir atriðum sem geta skekkt niðurstöður.
- Hafa skýrar leiðbeiningar um matsaðferðir, úrvinnslu og túlkun gagna.

## 27.3 Matsviðmið í íslensku

### 4. bekkur

C	B	A
<b>Talað mál, hlustun og áhorf</b> <b>Nemandi getur:</b>		
Beitt nokkuð áheyrilegum framburði. Hann getur tjáð sig um upplifun sína af hlustun og áhorfi. Tjáð sig að nokkru marki með leikrænni tjáningu frammi fyrir hópi og rætt um skoðanir sínar. Getur nýtt efni á rafrænu formi undir leiðsögn.	Beitt skýrum og áheyrilegum framburði, tjáð sig áheyrilega og hlustað af athygli og greint frá upplifun sinni. Tjáð sig með leikrænni tjáningu frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu. Nýtt sér efni á rafrænu formi.	Beitt mjög skýrum og áheyrilegum framburði. Sýnt mjög góða færni í framsögn, hlustun og áhorfi. Tjáð sig af öryggi með leikrænni tjáningu frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu. Nýtt sér efni á rafrænu formi.
<b>Lestur og bókmenntir</b> <b>Nemandi getur:</b>		
Lesið almennan texta, náð merkingu hans og með aðstoð valið lesefni tengt áhuga sem hæfir lestrargetu og þekkingu. Að vissu marki nýtt sér almennan orðaforða við að skilja texta og ráðið í orð út frá samhengi. Þekkt að einhverju leyti nokkur form bókmenntatexta.	Lesið nokkuð skýrt og af skilningi almennan texta og valið lesefni tengt áhuga sem hæfir lestrargetu og þekkingu. Nýtt sér eigin orðaforða til að skilja texta út frá samhengi. Þekkt nokkur form bókmenntatexta.	Lesið lipurt og skýrt og af skilningi almennan texta og valið lesefni tengt áhuga sem hæfir lestrargetu og þekkingu. Nýtt sér eigin orðaforða af öryggi og á sjálfstæðan hátt til að skilja texta út frá samhengi. Þekkt vel nokkur frásagnarform bókmennta.
<b>Ritun</b> <b>Nemandi getur:</b>		
Beitt að nokkru marki grunnþáttum í byggingu texta í ritun, s.s. upphafi, meginmáli og niðurlagi ritunar. Beitt með leiðsögn einföldum stafsetningarreglum í ritun.	Beitt grunnþáttum í byggingu texta í ritun, s.s. upphafi, meginmáli og niðurlagi. Beitt einföldum stafsetningarreglum í ritun.	Beitt af nokkru öryggi grunnþáttum í byggingu texta í ritun, s.s. upphafi, meginmáli og niðurlagi. Beitt mjög vel einföldum stafsetningarreglum í allri ritun.
<b>Málfræði</b> <b>Nemandi getur:</b>		
Gert sér nokkra grein fyrir hlutverki málfræði í tungumálinu og þekkir nokkur málfræðihugtök.	Gert sér grein fyrir hlutverki málfræði í tungumálinu og þekkir nokkur málfræðihugtök.	Gert sér mjög vel grein fyrir hlutverki málfræði í tungumálinu og þekkir nokkur málfræðihugtök.

## 7. bekkur

C	B	A
<b>Talað mál, hlustun og áhorf</b> <b>Nemandi getur:</b>		
Tjáð sig með nokkuð áheyrilegri framsögn. Hlustað og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er. Tjáð sig með leikrænni tjáningu frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu. Nýtt sér að einhverju leyti myndefni og rafrænt efni á skapandi hátt.	Tjáð sig áheyrilega með góðri framsögn. Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er. Tjáð sig með leikrænni tjáningu og rökstutt skoðanir sínar frammi fyrir hópi. Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á skapandi hátt.	Tjáð sig skýrt og áheyrilega og með mjög góðri framsögn. Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu á sjálfstæðan hátt til að skilja það sem sagt er. Tjáð sig af öryggi með leikrænni tjáningu frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu. Tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær. Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á skapandi og gagnrýnninn hátt.
<b>Lestur og bókmenntir</b> <b>Nemandi getur:</b>		
Lesið ólíka texta við hæfi af nokkrum skilningi. Kannast við nokkur frásagnarform bókmennta og algeng ljóða- og bókmenntahugtök.	Lesið ólíka texta við hæfi og lagt mat á textann. Lesið sér til ánægju og fróðleiks, greint aðalatriði og helstu efnisorð í texta. Greint vel nokkur frásagnarform bókmennta og beitt algengum ljóða- og bókmenntahugtökum.	Lesið af öryggi og með skilningi ólíka texta við hæfi, greint aðal- og efnisatriði texta, lagt mat á hann og túlkað. Greint mjög vel nokkur frásagnarform bókmennta og beitt algengum ljóða- og bókmenntahugtökum.
<b>Ritun</b> <b>Nemandi getur:</b>		
Ritað læsilegan texta og tjáð hugsanir sínar í málsgreinum með hliðsjón af tilefni.	Ritað ólíkar tegundir texta í samhengi með mismunandi framsetningu.	Ritað ólíkar tegundir texta í góðu samhengi með mismunandi framsetningu.
<b>Málfræði</b> <b>Nemandi getur:</b>		
Beitt að einhverju leyti einföldum atriðum stafsetningar og greinarkerkjasetningar. Beitt almennum orðaforða og nýtt sér að einhverju leyti málfræðikunnáttu sína í ræðu og riti. Þekkt helstu orðflokka og nefnt dæmi um þá.	Beitt helstu reglum um uppbyggingu texta, réttitun og greinarkerkjasetningu. Notað góðan orðaforða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við málnotkun í ræðu og riti. Greint helstu einkenni og hlutverk nokkurra orðflokka.	Beitt af öryggi helstu reglum um uppbyggingu texta, réttitun og greinarkerkjasetningu. Notað ríkulegan orðaforða og nýtt sér mjög vel reglur um málnotkun í ræðu og riti. Greint á sjálfstæðan hátt helstu einkenni og hlutverk orðflokka.

## 27.4 Matsviðmið í stærðfræði

### 4. bekkur

C	B	A
<b>Að geta spurt og svarað með stærðfræði</b>		
<b>Nemandi getur:</b>		
Með stuðningi tjáð sig um stærðfræði, útskýrt og leitað lausna.	Með einhverri aðstoð tjáð sig um stærðfræði, útskýrt og leitað lausna. Sett fram, rökstutt, túlkað og notað skýringarmyndir í stærðfræði.	Tjáð sig um stærðfræði, útskýrt og leitað lausna. Miðlað, sett fram og rökstutt á fjölbreyttan og fumlautan hátt viðfangsefni sín í stærðfræði.
<b>Kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar</b>		
<b>Nemandi getur:</b>		
Með stuðningi leyst stærðfræðileg viðfangsefni og rætt um þau og notað viðeigandi skýringarmyndir.	Leyst stærðfræðileg viðfangsefni, beitt stærðfræðitáknum, hlutbundnum gögnum, og hugtökum. Rætt um þau, skráð og notað viðeigandi skýringarmyndir.	Fumlaust og á sjálfstæðan hátt leyst stærðfræðileg viðfangsefni, beitt stærðfræðitáknum, hlutbundnum gögnum og hugtökum. Rætt um þau, miðlað þeim, skráð og notað viðeigandi skýringarmyndir.
<b>Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar</b>		
<b>Nemandi getur:</b>		
Undir leiðsögn og í samvinnu við aðra unnið að því að rannsaka, greina og finna lausnir á viðfangsefnum.	Fylgt leiðbeiningum einn og í samvinnu við aðra við að rannsaka, greina og finna lausnir á viðfangsefnum sem tengjast daglegu lífi með fjölbreyttum aðferðum.	Sjálfstætt og í samvinnu við aðra unnið að því að rannsaka, greina og finna lausnir á viðfangsefnum sem tengjast daglegu lífi með fjölbreyttum aðferðum.
<b>Tölur og reikningur</b>		
<b>Nemandi getur:</b>		
Reiknað og beitt náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.	Reiknað og beitt náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt. Þekkir tugakerfið og getur sett lausnir fram á réttan hátt.	Aflað viðeigandi upplýsinga á sjálfstæðan hátt. Getur fumlaust reiknað og beitt náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt. Kann að nota tugakerfið og setur lausnir fram á réttan hátt.
<b>Algebra</b>		
<b>Nemandi getur:</b>		
Greint einföld mynstur í talnaröðum, myndum og leyst einfaldar jöfnur.	Greint mynstur í talnaröðum, myndum og tjáð sig um reglur þeirra. Leyst einfaldar jöfnur.	Greint fumlaust mynstur í talnaröðum, myndum og tjáð sig um reglur þeirra. Leyst einfaldar jöfnur.
<b>Rúmfræði og mælingar</b>		
<b>Nemandi getur:</b>		
Með aðstoð unnið með rúmfræðileg hugtök, mælt, teiknað, greint og skapað rúmfræðilega hluti.	Unnið með rúmfræðileg hugtök, mælt, teiknað, greint og skapað rúmfræðilega hluti. Beitt að nokkru marki ólíkum reikniaðgerðum og mælieiningum.	Unnið fumlaust og á sjálfstæðan hátt með rúmfræðileg hugtök, mælt, teiknað, greint og skapað rúmfræðilega hluti. Beitt að nokkru leyti ólíkum reikniaðgerðum og mælieiningum og nýtt sér samhengi og tengsl þeirra við útreikninga og mat á þeim.
<b>Tölfræði og mælingar</b>		
<b>Nemandi getur:</b>		
Gert einfaldar rannsóknir undir leiðsögn og/eða í samvinnu við aðra, safnað upplýsingum og skráð þær. Tekið þátt í að gera tilraunir með líkur.	Framkvæmt rannsóknir úr daglegu lífi í samvinnu við aðra og lesið úr þeim, safnað upplýsingum og miðlað þeim. Gert einfaldar tilraunir með líkur og skráð niðurstöður þeirra.	Framkvæmt rannsóknir úr daglegu lífi í samvinnu við aðra og lesið úr þeim. Safnað upplýsingum, miðlað þeim og dregið ályktanir. Gert einfaldar tilraunir með líkur og tjáð sig um niðurstöður þeirra.



## 7. bekkur

C	B	A
<b>Að geta spurt og svarað með stærðfræði</b>		
<b>Nemandi getur:</b>		
Með stuðningi beitt og tjáð sig um hugtök sem eru einkennandi fyrir stærðfræðina í daglegu lífi og rætt lausnir sínar.	Beitt hugtökum sem eru einkennandi fyrir stærðfræðina í daglegu lífi, rætt lausnir sínar og tjáð sig um þær. Sett fram, greint og túlkað einföld reiknilíkön og formúlur.	Beitt á fumláusan hátt hugtökum sem eru einkennandi fyrir stærðfræðina í daglegu lífi, rætt lausnir sínar og tjáð sig um þær. Á sjálfstæðan hátt sett fram, greint og túlkað einföld reiknilíkön og formúlur.
<b>Kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar</b>		
<b>Nemandi getur:</b>		
Unnið skipulega að stærðfræðilegum verkefnum með leiðsögn, einn eða í samvinnu við aðra.	Beitt hlutbundnum gögnum við lausnir verkefna. Fylgt leiðbeiningum og unnið í samvinnu við aðra að stærðfræðilegum verkefnum og tjáð sig um niðurstöður sínar.	Beitt af öryggi og sjálfstæði hlutbundnum gögnum við lausnir verkefna. Fylgt leiðbeiningum og unnið sjálfstætt eða í samvinnu við aðra skipulega að fjölbreyttum stærðfræðilegum verkefnum og gert grein fyrir niðurstöðum sínum.
<b>Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar</b>		
<b>Nemandi getur:</b>		
Undir leiðsögn skipulagt og kynnt eigin vinnu í stærðfræði.	Tekið þátt í að finna fjölbreyttar lausnaleyðir. Skipulagt og kynnt eigin vinnu í stærðfræði.	Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir. Skipulagt og kynnt á skýran og fjölbreyttan hátt eigin vinnu í stærðfræði.
<b>Tölur og reikningur</b>		
<b>Nemandi getur:</b>		
Beitt einföldum aðferðum og nýtt sér hlutbundin gögn við lausnir verkefna.	Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við lausnir verkefna. Beitt ólíkum reikniaðgerðum og nýtt sér tengsl þeirra við útreikninga og mat á þeim.	Beitt fumláust og á sjálfstæðan hátt ólíkum reikniaðgerðum og nýtt sér samhengi og tengsl þeirra við útreikninga og mat á þeim.
<b>Algebra</b>		
<b>Nemandi getur:</b>		
Unnið með mynstur og leyst jöfnur með aðstoð eða leiðbeiningum.	Unnið með mynstur og leyst jöfnur og ójöfnur. Notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir og nýtt sér reglur algebrunnar við reikning.	Unnið með, rannsakað og lýst mynstrum, leyst jöfnur og ójöfnur. Notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir og nýtt sér af öryggi reglur algebrunnar við reikning.
<b>Rúmfræði og mælingar</b>		
<b>Nemandi getur:</b>		
Unnið með rúmfræðileg hugtök, teiknað, greint og skapað rúmfræðilega hluti með aðstoð. Getur nýtt sér viðeigandi mælitæki við mælingar.	Beitt á fjölbreyttan hátt undirstöðuhugtökum rúmfræðinnar. Getur teiknað, greint og skapað rúmfræðilega hluti. Nemandi hefur náð tókum á mælingum og mælieiningum.	Beitt af öryggi og á fjölbreyttan hátt undirstöðuhugtökum rúmfræðinnar. Teiknað, greint og skapað rúmfræðilega hluti fumláust. Nemandi hefur góð tók á mælingum og mælieiningum.
<b>Tölfræði og mælingar</b>		
<b>Nemandi getur:</b>		
Safnað upplýsingum úr daglegu lífi og framkvæmt tölfræðirannsóknir með aðstoð og í samvinnu við aðra, lesið úr þeim og sett fram á myndrænan hátt.	Safnað upplýsingum og framkvæmt tölfræðirannsóknir einn og í samvinnu við aðra, sett þær fram á myndrænan hátt og útskýrt niðurstöður sínar.	Safnað upplýsingum og framkvæmt tölfræðirannsóknir einn og í samvinnu við aðra, lesið úr þeim, miðlað og dregið af þeim ályktanir.

## 27.5 Matsviðmið í erlendum tungumálum

### 1. stig

C	B	A
<b>Hlustun</b> <b>Við lok 1. stigs getur nemandi:</b>		
Sýnt fram á að hann skilur að nokkru leyti einfalt mál og fylgir einföldum frásögnum um kunnugleg efni sem studd eru af máli og myndmiðlum er varða hann og hans nánasta umhverfi. Að einhverju leyti nýtt sér þær upplýsingar í verkefnavinnu.	Sýnt fram á að hann skilur einfalt mál og fylgir einföldum frásögnum um kunnugleg efni sem studd eru af máli og myndmiðlum er varða hann og hans nánasta umhverfi. Nýtt sér þær upplýsingar í eigin verkefni og greint frá því helsta.	Sýnt fram á að hann skilur vel einfalt mál og fylgir einföldum frásögnum um kunnugleg efni sem studd eru af máli og myndmiðlum er varða hann og hans nánasta umhverfi. Nýtt sér þær upplýsingar í eigin verkefni og til að geta rökrætt efnið.
<b>Lesskilningur</b> <b>Við lok 1. stigs getur nemandi:</b>		
Lesið og skilið einfalda og stutta texta af fjölbreyttum miðlum með grunnorðaförða daglegs lífs og nýtt sér þá með stuðningi við lausn verkefna.	Lesið og skilið stutta texta af fjölbreyttum miðlum með grunnorðaförða daglegs lífs og nýtt sér þá við lausn verkefna.	Lesið og skilið mjög vel stutta texta af fjölbreyttum miðlum með grunnorðaförða daglegs lífs og nýtt sér þá við lausn verkefna.
<b>Samskipti</b> <b>Við lok 1. stigs getur nemandi:</b>		
Tekið þátt í einföldum samræðum með stuðningi þar sem framburður er skiljanlegur og lykilorðaförði kemur fram, s.s. kurteisvenjur. Auk þess getur hann með stuðningi spurt og svarað, skipst á upplýsingum og tekið þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir.	Haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi þar sem framburður er eðlilegur og lykilorðaförði til staðar, s.s. kurteisvenjur. Auk þess getur hann spurt og svarað, skipst á upplýsingum og tekið þátt í samræðum á einfaldan hátt um efni sem hann þekkir.	Haldið uppi einföldum samræðum þar sem framburður er eðlilegur og lykilorðaförði til staðar, s.s. kurteisvenjur. Auk þess getur hann spurt og svarað, skipst á upplýsingum og tekið þátt í samræðum um efni sem hann þekkir.
<b>Frásögn</b> <b>Við lok 1. stigs getur nemandi:</b>		
Sagt á einfaldan hátt frá sjálfum sér og því sem verið er að fást við í náminu í einföldu máli og með skiljanlegum framburði og notað til þess að einhverju leyti lykilorðaförða sem unnið hefur verið með. Með stuðningi endursagt eða lesið upp texta sem hann hefur æft.	Sagt frá sjálfum sér og því sem verið er að fást við í náminu í einföldu máli og með eðlilegum framburði og notað til þess lykilorðaförða sem unnið hefur verið með. Endursagt og lýst atburðum, flutt atriði og lesið upp texta sem hann hefur æft.	Sagt á greinargóðan hátt frá sjálfum sér og því sem verið er að fást við í náminu á einfaldan hátt og notað til þess lykilorðaförða sem unnið hefur verið með. Endursagt og lýst atburðum, flutt atriði og lesið upp texta sem hann hefur æft.
<b>Ritun</b> <b>Við lok 1. stigs getur nemandi:</b>		
Samið og skrifað með stuðningi stuttan einfaldan texta um efni sem tengist honum persónulega og beitt að einhverju leyti grunnreglum sem unnið hefur verið með.	Samið og skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega og beitt grunnreglum sem unnið hefur verið með.	Samið sjálfstætt og skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega og beitt grunnreglum sem unnið hefur verið með.
<b>Menningarlæsi</b> <b>Við lok 1. stigs getur nemandi:</b>		
Sýnt fram á að hann kunni skil á einhverjum þáttum sem snúa að daglegu lífi og gert grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu.	Sýnt fram á að hann kunni skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, staðháttum og barna- og unglíngamenningu viðkomandi málsvæðis og gert grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu.	Sýnt fram á að hann kunni vel skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, staðháttum og barna- og unglíngamenningu viðkomandi málsvæðis og gert grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu.
<b>Námshæfni</b> <b>Við lok 1. stigs getur nemandi:</b>		
Sett sér einföld markmið með stuðningi og beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið. Tekið þátt í hópvinnu og nýtt sér hjálpartæki að einhverju leyti.	Lagt mat á námsframvindu með stuðningi, sett sér einföld markmið og beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið. Tekið þátt í hópvinnu og nýtt sér hjálpartæki.	Lagt mat á námsframvindu með stuðningi, sett sér markmið og beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið. Tekið þátt í hópvinnu og nýtt sér hjálpartæki.

## 2. stig

C	B	A
<b>Hlustun</b> <b>Við lok 2. stigs getur nemandi:</b>		
Skilið að nokkru leyti þegar talað er skýrt um málefni sem snúa að honum sjálfum, viðfangsefnum námsins og áhugamálum og nýtt sér þær upplýsingar í verkefnavinnu.	Skilið þegar talað er skýrt um málefni sem snúa að honum sjálfum, viðfangsefnum námsins og áhugamálum og nýtt sér þær upplýsingar í ræðu og riti.	Skilið vel þegar talað er um málefni sem snúa að honum sjálfum, viðfangsefnum námsins og áhugamálum og nýtt sér þær upplýsingar á sjálfstæðan hátt í ræðu og riti.
<b>Lesskilningur</b> <b>Við lok 2. stigs getur nemandi:</b>		
Lesið sér til gagns ýmsa auðlesna texta sem innihalda einfaldan orðaforða daglegs lífs og nýtt sér þá með stuðningi við lausn verkefna.	Lesið sér til gagns og ánægju ýmsa auðlesna texta af fjölbreyttum miðlum sem innihalda algengan orðaforða daglegs lífs og nýtt sér þá við lausn verkefna.	Lesið sér til gagns og ánægju ýmsa texta af fjölbreyttum miðlum sem innihalda orðaforða daglegs lífs og nýtt sér þá á sjálfstæðan hátt við lausn verkefna.
<b>Samskipti</b> <b>Við lok 2. stigs getur nemandi:</b>		
Haldið uppi einföldum samræðum um efni sem hann þekkir vel. Beitt máli, framburði, áherslum og hrynjandi að einhverju leyti. Notað að einhverju leyti orðasambönd daglegs máls og kurteisisvenjur til að gera sig skiljanlegan.	Haldið nokkuð vel uppi samræðum um efni sem hann þekkir vel. Beitt máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi. Notað algengustu orðasambönd daglegs máls og kurteisisvenjur til að gera sig skiljanlegan.	Haldið af öryggi uppi samræðum um efni sem hann þekkir vel. Beitt á sjálfstæðan hátt máli, framburði, áherslum og hrynjandi. Notað orðasambönd daglegs máls og kurteisisvenjur til að gera sig skiljanlegan.
<b>Frásögn</b> <b>Við lok 2. stigs getur nemandi:</b>		
Tjáð sig um daglegt líf á skiljanlegu máli og sagt að einhverju marki frá reynslu sinni. Flutt með stuðningi einfalda og undirbúna kynningu á efni sem hann þekkir.	Tjáð sig um daglegt líf á vel skiljanlegu máli og sagt hnökralítið frá reynslu sinni. Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem hann þekkir.	Tjáð sig skilmerkilega um daglegt líf og sagt frá reynslu sinni. Flutt undirbúna kynningu á efni sem hann þekkir.
<b>Ritun</b> <b>Við lok 2. stigs getur nemandi:</b>		
Skrifað texta um efni sem hann þekkir vel. Sýnt fram á einhver tók á orðaforða og beitt að einhverju marki þeim reglum sem unnið hefur verið með.	Skrifað lipran samfelldan texta um efni sem hann þekkir. Sýnt fram á allgóð tók á orðaforða og beitt hnökralítið þeim reglum sem unnið hefur verið með.	Skrifað lipran samfelldan texta um margvísleg efni. Sýnt fram á góð tók á orðaforða og beitt þeim reglum sem unnið hefur verið með.
<b>Menningarläsi</b> <b>Við lok 2. stigs getur nemandi:</b>		
Sýnt fram á að hann þekkir til og skilur að einhverju leyti ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi málsvæðis sem snúa að daglegu lífi ungs fólks og getur borið saman við eigin menningu. Áttað sig á skyldleika erlenda málsins við önnur tungumál sem hann er að læra undir leiðsögn.	Sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi málsvæðis sem snúa að daglegu lífi ungs fólks og getur borið saman við eigin menningu. Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við önnur tungumál sem hann er að læra.	Sýnt fram á að hann þekkir til og skilur mjög vel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi málsvæðis sem snúa að daglegu lífi ungs fólks og getur borið saman við eigin menningu. Sýnt fram á að hann áttar sig vel á skyldleika erlenda málsins við önnur tungumál sem hann er að læra.
<b>Námshæfni</b> <b>Við lok 2. stigs getur nemandi:</b>		
Gert sér að einhverju leyti grein fyrir hvar hann stendur í náminu og sett sér nokkuð raunhæf markmið með stuðningi. Beitt aðferðum til að skipuleggja sig, unnið í samvinnu við aðra að ýmsum verkefnum með aðstoð ólíkra miðla.	Gert sér grein fyrir hvar hann stendur í náminu og sett sér nokkuð raunhæf markmið. Beitt aðferðum til að skipuleggja sig, unnið sjálfstætt og í samvinnu við aðra að fjölbreyttum verkefnum og beitt til þess ólíkum miðlum.	Gert sér vel grein fyrir hvar hann stendur í náminu og sett sér raunhæf markmið. Beitt ýmsum aðferðum til að skipuleggja sig, unnið sjálfstætt og í samvinnu við aðra að fjölbreyttum verkefnum og beitt til þess miðlum við hæfi.

## VIÐAUKI YFIRLIT YFIR REGLUGERÐIR 2013 SEM BYGGJA Á LÖGUM UM GRUNNSKÓLA, NR. 91/2008, MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM

Reglugerð:

- nr. 1111/2007 um námsgagnasjóð,
- nr. 1150/2008 um innritun nemenda í framhaldsskóla,
- nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla,
- nr. 242/2009 um Sprotasjóð leik-, grunn- og framhaldsskóla,
- nr. 435/2009 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla,
- nr. 531/2009 um heimakennslu á grunnskólastigi,
- regur nr. 656/2009 um skólaakstur í grunnskóla,
- nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnaðis og skólalóða,
- nr. 658/2009 um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald,
- nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla,
- nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín,
- nr. 440/2010 um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla,
- nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum,
- nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla,
- nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum,
- nr. 547/2012 um skólagöngu fósturbarna í grunnskólum,
- nr. 699/2012 um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og skólahald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan.







MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ